

Flóra Íslands / Stefán Stefánsson ; gefin út Hinu íslenzka bókmenntafjelagi.

Contributors

Stefán Stefánsson, 1863-1921.

Publication/Creation

Kaupmannahöfn : Prentað hjá S. L. Möller, 1901.

Persistent URL

<https://wellcomecollection.org/works/dtr3c4sb>


License and attribution

Conditions of use: it is possible this item is protected by copyright and/or related rights. You are free to use this item in any way that is permitted by the copyright and related rights legislation that applies to your use. For other uses you need to obtain permission from the rights-holder(s).



Wellcome Collection
183 Euston Road
London NW1 2BE UK
T +44 (0)20 7611 8722
E library@wellcomecollection.org
<https://wellcomecollection.org>

676
8






22102056591

26

Med
K5364



23.8.1901
Gehlhardt.

STEFÁN STEFÁNSSON

FLÓRA ÍSLANDS

GEFIN ÚT


AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI

KAUPMANNAHÖFN

PRENTAD HJÁ S. L. MÖLLER

1901
Nist mat. 16



Handwritten signature or name at the top of the page.

Handwritten text, possibly a title or heading.

Handwritten text, possibly a date or reference.

Handwritten text, possibly a date or reference.

Main body of handwritten text, appearing as a list or series of entries.

200

FLÓRA ÍSLANDS

Heim mat. 16

FLORA ISLANDS

79567.


STEFÁN STEFÁNSSON

FLÓRA ÍSLANDS

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENNTAFJELAGI



KAUPMANNAHÖFN

PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER

1901

19158

6315071

WELLCOME INSTITUTE LIBRARY	
Coll.	welMOmec
Call No.	
	QK

Hinum fræga grasfræðingi

og ágæta kennara

PRÓFESSOR DR. EUG. WARMING

er bók þessi helguð

með djúpri virðingu

og einlægu þakklæti

af


HÖFUNDINUM

1834

THE NEW YORK PUBLIC LIBRARY

ASTOR LENOX TILDEN FOUNDATION

500 FIFTH AVENUE NEW YORK



EFNISYFIRLIT.

	Bls.
Formáli	I
Inngangur:	
I. Nafngreining, söfnun, ferging og geymsla plantn- anna	X
II Gróðurathuganir	XVIII
III. Skipulag plönturíkisins	XXI
IV. Greining ættanna og nokkurra frábrugðinna kynja	XXIV
Lýsingar:	
Byrkningar	1
Berfrævingar	15
Dulfrævingar	16
Fræðiorðaskýringar	208
Skýringar skammstafana og merkja:	
1. Ýmsar skammstafanir og merki	240
2. Nöfn finnenda og skýrsla um söfn þeirra og ferðir	241
Registur yfir latínsku plöntunöfnin	244
Registur yfir íslenzku plöntunöfnin	254
Leiðrjettingar og viðaukar	259

FORMÁLI.

Það er langt síðan mjer kom til hugar að rita bók um íslenzkar plöntur líka þeirri, er hjer birtist. En það hefur dregizt ár frá ári, mest fyrir þá sök, að jeg vildi ekki leggja hönd að þessu verki, fyr en jeg hefði aflað mjer sem víðtækastrar þekkingar á gróðurríki landsins. En þó þessari þekkingu minni sje enn mjög ábótavant, og landið sje enn lítið kannað í gróðurfræðislegu tilliti í samanburði við önnur siðuð lönd, þá er þó mikill munur á þessu hvorutveggja nú og fyrir 10—12 árum. Öll þessi ár hef jeg að miklu leyti varið sumarfríum mínum og tómstundum að vetrinum til gróðurrannsókna víðsvegar um land og grasfræðisiðkana. Á þessum athugunum mínum er bók þessi aðallega byggð. Jeg sá ekki ástæðu til að draga lengur birtingu hennar, þó mörgu sje enn við að bæta. Þótti mjer hlýða, að hún kæmi út nú um aldamótin, þar sem hún hafði að geyma árangurinn af grasfræðisrannsóknum gömlu aldarinnar, og átti að verða grundvöllur almennari og fullkomnari gróðurfræðisþekkingar í landinu á nýju öldinni. Nú við lok 19. aldar, náttúruvísindaalдарinnar miklu, má heita svo, að grasfræðisþekking sú, sem eflaust var talsverð meðal fróðra alþýðumanna framan af öldinni, sje með öllu útkulnuð. Að undanteknum örfáum mönnum, er komið hafa frá skólunum hin síðari árin, er varla nokkur sá maður á landi hjer, er þekki nokkuð af plöntum eða gjöri sjer far um það. Og hvað er eðlilegra en að svona sje komið? Í latínuskólanum hefur

grasafræði aldrei verið kennd nema að nafninu til, fyr en ef til vill nú á hinum síðustu árum, svo ekki hafa lærðu mennirnir orðið til þess, að efla grasfræðispekkingu almennings. Í nálega 3 aldarfjórðunga hefur engin bók, ekki einn einasti ritlingur komið út um íslenzka grasafræði, er teljandi sje. Og þetta er á 19. öld hjá bókmenntaþjóð, sem lifir mestmegnis og á að lifa á grasrækt! — 1830 gaf Bókmenntafjelagið út bók, er nefnist »*Íslenzk grasafræði*«, og Oddur læknir Hjaltalín hafði tekið saman, mestmegnis eftir útlendum ritum, að því er hann segir í formálanum. Einkum segist hann hafa fylgt »allstaðar hvar mögulegt var« hinni dönsku grasafræði eptir Hornemann¹⁾. Lýsingarnar í bókinni eru líka víðasthvar orðrjettar útleggingar af lýsingum Hornemanns. Hvergi vottar fyrir því í bókinni, að hún sje að nokkru leyti byggð á eigin rannsóknum eða athugunum, enda tekur Oddur það beinlínis fram í formálanum, að svo sje ekki. Hún hafði því ekkert gróðurfræðislegt sjergildi, en mörgum varð hún til leiðbeiningar í plöntuþekkingu, og gjörði að því leyti mikið gagn. Sá var og líka aðaltilgangur hennar, en nú er hún fyrir löngu uppseld og að öllu leyti úrelt. Önnur bók hefur ekki komið út á voru máli, þar sem íslenzkum plöntum sje lýst. Fyrir 20 árum, 1881, kom út í Kaupmannahöfn bók með lýsingum á íslenzkum blómplöntum og byrkningum á dönsku eptir Chr. Grönlund adjunkt²⁾, sem ferðast hafði hjer á landi (sbr. finnenda-skýrsluna), en lítið hefur hún orðið til þess að auka grasaþekkingu íslenzkrar alþýðu, sjerstaklega málsins vegna, og svo vegna þess, að hún var miður handhæg byrjendum og lýsingar víða ónákvæmar.

Þessi bók mín, sem jeg hef kallað *Flóru Íslands*, er því hin fyrsta þess konar bók um íslenzkar plöntur, er frumsamin geti talizt á íslenzku, og sem byggð er á sjálfstæðum innlendum

¹⁾ J. W. Hornemann: Forsög til en dansk oeconomisk Plantelære.

²⁾ Chr. Grönlund, Adjunkt: Islands Flora etc. Kbh. 1881.

rannsóknnum. Jeg get búizt við, að sumir finni að nafninu, þyki það útlent, en þar sem samskonar rit eru svo nefnd á öllum heimsins málum, get jeg ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að íslenzkan noti það einnig. Á útlendum málum táknar orðið »flóra«, sem upprunalega er nafn blómgyðjunnar hjá Rómverjum, bæði plönturríki einhvers lands eða landshluta og bók eða rit, sem skýrir frá plöntunum og lýsir þeim. Jeg tel sjálfsagt að taka upp í málið alheimsleg fræðiorð, ekki sízt, þegar ekkert þarf að breyta þeim. Málið auðgast við það, en spillist að engu leyti. — Jeg hef aðeins talið hjer þær plöntur, sem jeg þykist geta sagt með áreiðanlegri vissu, að hafi fundizt hjer á landi. Öllum þeim tegundum, sem nokkur vafi leikur á, er sleppt. Margar slíkar tegundir eru nefndar í útlendum ritum um Ísland og eins í grasafræði Odds. Hjer og hvar í söfnum erlendis eru og plöntur, sem talið er, að fundizt hafi hjer á landi, en ekki eru taldar hjer vegna þess, að mig skorti fulla vissu fyrir því, að þær sjeu rjett nafngreindar, eða þær sje hjeðan komnar. Veturinn 1898—99 dvaldi jeg í Höfn og gafst mjer þá færi á að kynna mjer nákvæmlega hin miklu söfn, sem þar eru af íslenzkum plöntum. Frá Stokkhólmi fjekk jeg og nokkuð af plöntum til athugunar, og það litla, sem til er hjer á landi af þess konar, og mjer er kunnugt um, hef jeg athugað. Við þessar rannsóknir hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki beri að telja fleiri íslenzkar háplöntur, en hjer er gjört. Ýmsar nýjar skýringar hafa og komið fram um þetta efni, sem hafa verið mjer til stuðnings, sjerstaklega í ritgjörð um íslenzkar plöntur eptir tvo danska grasfræðinga Gelert og Ostenfeld¹⁾. Í flóru Grönlunds eru taldar ýmsar plöntur, sem hjer er sleppt af ástæðum þeim, sem getið hefir verið um, en aptur er hjer margt talið, sem þar er

¹⁾ O. Gelert og C. Ostenfeld: Nogle Bidrag til Islands Flora. Bot. Tidskr. Kbh. 1898.

ekki, og fundizt hefur hjer, síðan bók hans kom út. Hefur sumt af því hvergi verið talið hjeðan áður í riti, og nokkrar tegundir eru nýjar fyrir vísindin. Auðvitað er enginn efi á því, að fleiri plöntur eru hjer til, en betra er að telja of fátt en of margt. — Auk aðaltegundanna eru taldar nokkrar deil-tegundir og mörg afbrigði og tilbrigði. Ekki er öðrum plöntum lýst greinilega en þeim, sem vaxið hafa hjer frá alda öðli og slæðingum þeim, sem hafa ílenzt hjer, eða vaxið hjer að staðaldri um nokkurt árabíl. Í greiningatöflunum er auk þess getið annara útlendra slæðinga, sem fundizt hafa hjer og hvar, en horfið jafnharðan. Þar er og getið nokkurra helztu yrki-plantna. Þótti mjer rjettast að láta einkis með öllu ógetið, sem víska var fyrir, að fyndist hjer, svo menn fengju fullkomið yfirlit yfir hina æðri flóru landsins, svo langt sem þekkingin nær við lok 19. aldar.

Jeg hef að mestu leyti haft sama skipulag á ættunum og prófessor Warming¹⁾ í hinni ágætu grasafræði sinni. Í innganginum er stutt yfirlit yfir aðalfylkingaskipun plönturíkisins yfirleitt. Þar á eftir fer nafngreiningatafla, eða greining ætta þeirra allra, sem í bókinni eru, og nokkurra frábrugðinna kynja. Á eftir hverri ættarlýsing er stuttur greining kynja þeirra, er teljast til ættarinnar og tegundagreining við hvert kyn á undan lýsingunum. Þegar aðeins eitt kyn er til af ættinni og ein tegund af kyninu, falla þessar greiningar í burt að sjálfsögðu. Allar þessar greiningatöflur eru tvíliðaðar, svo aldrei þarf að líta á nema tvo liði í senn; planta sú, er nafngreina á, hlýtur að teljast til annarshvors liðsins. Liðirnir eru táknaðir með tölum, stöfum og merkjum. Frumliðir hverrar greiningar eru merktir með I og II, þeim svo aptur skipt í A og B, þeim í a og b, svo o og oo, o. s. frv. Í innganginum hef jeg bent á, hvernig nota skuli greiningatöflurnar. Í greiningunum eru

¹⁾ Eug. Warming: Den systematiske Botanik, 3dje Udg. Kbh. 1891.

þau einkenni helzt tilfærð, sem auðsæjust eru með berum augum, en ekki verður því ætíð við komið. Er mjög örðugt að gjöra þessar greiningar svo úr garði, að fullnægjandi sjeu og gallalausar. Í tegundalýsingunum er þeim einkennum venjulega sleppt, sem tekin hafa verið fram í greiningunum, en reynt að taka fram hið sjerkennelega við tegundina að byggingu og útliti í sem fæstum orðum. Sumum hinum allra algengustu plöntum er lýst allnákvæmlega. Er það gjört til þess, að æfa sem mest eptirtekt byrjenda, er rekast fyrst á þessar plöntur að sjálfsögðu, og temja þeim þegar í byrjun sem flest fræðiorðin. Í lýsingunum er venjulegast skýrt frá hæð plöntunnar í sentímetrum, því jeg býst við, að metramálið komist á innan skamms. En ekki get jeg fullyrt að það, sem sagt er um hæð plantnanna, sje alstaðar fyllilega rjett, einkum þar, sem um sjaldgjæfar plöntur er að ræða. Hjer gat jeg ekki farið eptir öðru en plöntum þeim, er jeg hafði fyrir mjer og athugunum mínum, svo langt sem þær náðu, því ekkert er um þetta áður ritað. Sama er að segja um blómgunartímann, sem víðasthvar er getið síðast í hverri lýsingu. Þar hef jeg nálega eingöngu orðið að fara eptir athugunum mínum, en þær ná skammt, eins og geta má nærri, þar sem jeg hef lengst af dvalið að vorinu til í sama landsfjórðungi. Að því, er hinar algengari plöntur snertir, hef jeg ákveðið blómgunartímann eptir 10 ára athugun hjer á Norðurlandi, en enginn efi er á því, að hann er nokkuð mismunandi eptir því, hvar plantan vex á landinu. Sjerstaklega er sjálfsagt allmikill munur á þessu á Norðurlandi og Suðurlandi. Væri æskilegt, að sem flestir veittu þessu eptirtekt, og gæfu mjer skýrslu um athuganir sínar. Á eptir flestum lýsingunum er þess getið, í hverskonar lendi plantan vaxi, í hvaða landshluta og hve víða. Hafi hún aðeins fundizt á einum eða tveim stöðum, er fundarstaður nefndur, og nafn finnandans sett við í svigum. Við þær plöntur, sem notaðar eru að nokkrum mun til fódurs eða beitar, er fódur-

gildis þeirra getið, að svo miklu leyti, sem mjer var kunnugt um það.

Að því er snertir latínsku nöfnin, hef jeg farið eptir því, sem jeg vissi rjettast, og jafnan notað þau nöfn, sem jeg vissi elzt, því þau tel jeg rjettmætust. Áherzluna á þeim hef jeg táknað með ' , en þar sem engin ' er eptir orðinu, er áherzlan á fyrsta atkvæðinu¹). Þar sem Grönlund hefur annað nafn en jeg á sömu tegund, get jeg þess í svigum við nafnið. Annara samnefna læt jeg ógetið. Mjer þótti fara betur á því og spara rúm, að geta ekki nafnhöfunda við hvert nafn inni í bókinni, en í registrinu standa nöfn þeirra skámmstöfuð aptan við hvert plöntunafn, eins og venja er til. Ekki er víst, að öll nöfnin sjeu sem rjettast feðruð, því talsverður ruglingur er á þessu í grasafræðisritum og ekki annara meðfæri en sjerfræðinga í þeirri grein að greiða úr þeim flækjum til fulls. Jeg varð auðvitað að fara eptir þeim bókum, er jeg átti beztar og áreiðanlegastar. — Ekki voru íslenzku nöfnin betri viðureignar. Bæði meðal alþýðu og eins í íslenzkum grasaritum er hinn mesti ruglingur á plöntunöfnunum, sama plantan nefnd mörgum nöfnum, og sama nafnið haft á mörgum, opt fjarskyldum tegundum, nöfnin allavega afbökuð o. s. frv. Jeg hef reynt að greiða úr öllu þessu eptir beztu föngum. Opt hefur mjer tekizt það, en stundum hef jeg orðið að smella á plöntuna

¹) Að því er framburð nafnanna snertir skal þess getið, að c er framborið eins og s á undan ae eða æ, e, i, oe og y; annars eins og k; ae eða æ er borið fram eins og e og oe eins og ö, en þar sem á að bera hvorn stafinn fram fyrir sig er það táknað með »·« yfir e-inu. Í tveggjaatkvæða nöfnum er áherzlan á fyrra atkvæðinu, en í öðrum nöfnum er áherzlan táknuð með »'« yfir áherzluhljóðstafnum t. d. Ophioglóssum vulgátum. Verða menn vel að gæta þess, að þessi merki eru áherzlu-táknanir en ekki hljóð-táknanir, o og a má því ekki bera fram sem ó og á þó »'« sje yfir þeim. — Því miður hafa nokkrar misfellar orðið á áherzlutáknunum í prentuninni. En af því þetta er ekki svo mikilsvert atriði, hefur ekki þótt taka að leiðrjetta það.

einhverju vissu nafni, nokkurnveginn af handahófi. Hef jeg þá einkum farið eptir því, hvert nafnið var algengast eða víðast haft í riti, og mjer þótti fegurst og bezt við eiga. Annað var þó verra viðfangs. Allur fjöldinn af íslenskum plöntum er nafnlaus á voru máli. Var þá annaðhvort að láta sjer nægja latínska nafnið eitt á öllum slíkum plöntum eða nefna þær allar einhverju íslenzku nafni, og þann kost tók jeg, þó sú væri þrautin þyngri. Tegundanöfn hef jeg víða gjört að kynsnöfnum. Þar sem kynsnöfnin eru samsett, hef jeg sumstaðar myndað tegundarnafnið með því að skeyta orð, er einkenni tegundina, framan við seinni hluta kynnafnsins. Hið langörðugasta við samningu bókarinnar var þó hin algjörða vöntun á íslenskum fræðiorðum í þessari grein, eins og nálega í öllum náttúrufræðum. Útleggingarnar í Odds grasafræði á fræðiorðum Hornemanns gat jeg svo sem ekkert notast við, og var þá ekki annað fyrir hendi en að smíða alveg nýtt fræðiorðakerfi. Jeg geng að því vísu, að margt muni þykja athugavert við nýnefni mín á plöntunum og fræðinýrði, en jeg vil benda mönnum á, hve örðugt er að byrja og brjóta ísinn í hverju sem er, og mun jeg taka bendingum um hvað eina, sem betur má fara í þessu efni með þakklæti. Það yrði of langt mál að minnast á einstök atriði í fræðiorðakerfi mínu, þó þess væri full þörf, og sleppi því þess vegna. Jeg hef reynt að skýra orðin sem bezt, og gjört skýringarnar nokkuð fyllri en nauðsynlegt var, til þess að skilja orðin, vegna þess, að engin almenn grasafræði er enn til á íslenzku, er frætt geti menn í þessu efni.

Af bókum þeim, sem jeg hef stuðst við, hef jeg langmest notað grasafræði Warmings, þá sem áður er nefnd, litla danska flóru eptir Raunkiær¹⁾, að því er greiningarnar snertir, Norðurlandaflóru Hartmans²⁾, Lágþýzkaland-

¹⁾ C. Raunkiær: Dansk Excursins-Flora etc. Köbenhavn 1890.

²⁾ C. J. Hartman: Handbok i Skandinaviens Flora etc. 11. Upplag. Stockholm 1879.

flóru eptir Ascherson og Graebner¹⁾). Hef jeg sumstaðar farið eptir lýsingum þessara bóka mjer til hægri verka, þar sem þær áttu að öllu leyti við plöntur þær, sem jeg hafði fyrir mjer, eða þegar mig vantaði eintak af tegundinni, sem sjaldan kom fyrir. Danmerkurflóru Langes²⁾ og Noregsflóru Blytts³⁾ hef jeg notað við og við, en þó lítið, einkum hina síðari. Þá ber að geta þess, að jeg fjekk cand. mag. C. Ostenfeld, þann sem fyr er nefndur, til þess að semja lýsingar á misextu störunum (*carices heterostachyæ*), af því hann hafði nýlega fengizt mikið við þessa deild norrænna stara, og var þess vegna miklu færari en jeg til þess, að gjöra lýsingar þessar vel úr garði. Hann hefur og gefið mjer ýmsar fleiri bendingar. Lýsingarnar á undafíflunum samdi herra amanuensis H. Dahlstedt, undafíflafræðingur í Stokkhólmi, fyrir mig. Bók mín hefur unnið mikið við hlutdeild þá, sem þessir tveir vísindamenn eiga í henni, og kann jeg þeim báðum hina beztu þökk fyrir starf sitt. Mjer ber og að þakka ýmsum fleirum, er stutt hafa að samningu og framkomu þessarar bókar, beinlínis eða óbeinlínis. Fyrst og fremst stjórn Carlsbergs-sjóðsins, er fyrst veitti mjer styrk um 4 ár til rannsókna hjer heima og svo til þess að athuga söfnin í Höfn, en þó sjerstaklega prófessor Warming. Honum á jeg fremur öllum öðrum að þakka hið litla, sem mjer hefur orðið ágengt í því, að efla þekkingu mína og annara á gróðurríki landsins, því hann hefur frá fyrstu látið sjer mjög umhugað um mig og alla viðleitni mína í þessa átt og stutt mig með ráðum og dáð, ekki aðeins meðan jeg naut hinnar ágætu kennslu hans

¹⁾ P. Ascherson u. P. Graebner: Flora des Nordostdeutschen Flachlandes. Berlin 1898.

²⁾ Joh. Lange: Haandbog i den danske Flora. 4. Udg. København 1886—88.

³⁾ M. N. Blytt og Axel Blytt: Norges Flora etc. Christiania 1861—76.

og leiðsagnar, heldur líka og engu miður, síðan jeg kom hingað heim aptur. Mun jeg jafnan minnst hans með innilegri þakklátssemi. — Stjórn Bókmenntafjelagsins í Höfn á og miklar þakkir skilið fyrir það, að hún hefur ekki horft í neinn kostnað til þess að gjöra bókina sem bezt úr garði. Einkum hafa myndirnar, sem prýða bókina og auka gildi hennar að miklum mun, orðið fjelaginu dýrar. Margar af þeim eru alveg nýjar og teiknaðar eptir íslenskum plöntum af frú Ingeborg Raunkiær. Hafa flestar af þeim tekizt mætavel, og á hún mikla þökk skilið fyrir starf sitt. — Dr. Valtýr Guðmundsson hefur lesið yfir handritið, áður en það var prentað, og fært ýmislegt til betri vegar, hvað stafsetningu snertir. Þá hefur kollega minn Helgi Jónsson annast að mestu um prentun bókarinnar og prófarkalestur ásamt dr. Valtý, og lagt við þetta hvorttveggja hina mestu alúð. Hann hefur og lagfært ýmislegt, og gefið mjer ýmsar bendingar. Hefði jeg verið illa farinn, ef jeg hefði ekki notið hans við, þar sem mjer var varnað að leggja síðustu hönd á verkið. Síðastan en ekki síztan tel jeg Ólaf Davíðsson. Á jeg honum mikið að þakka. Hann hefur að mestu leyti samið registrin, hreinskrifað sumt af handritinu, þegar jeg lá sjúkur, lesið það allt nákvæmlega yfir og bent mjer á mýmargt, sem betur mátti fara. Lýk jeg svo máli mínu með innilegu þakklæti til þessara þriggja vina minna. Má geta nærri, að bókin beri þess miklar menjar, að hafa gengið í gegnum þennan þrefalda hreinsunareld, áður en hún birtist almenningi, enda vona jeg og óska af heilum hug, að hún geti orðið til þess, að opna augu landa minna fyrir fegurð blómanna og efla þekkingu þeirra á gróðurríki landsins okkar. Takist það, er tilgangi mínum náð, og fyrirhöfn mín öll fulllaunuð.

Möðruvöllum í Hörgárdal 28. desember 1900.

Stefán Stefánsson.

INNGANGUR.

I.

Nafngreining, söfnun, ferging og geymsla plantnanna.

Nafngreining. — Hver maður, sem vill afla sér nokkurrar þekkingar á gróðurríki landsins, verður að þekkja til hlítar hinar einstöku plöntutegundir, sem hjer vaxa. Hann verður að vita nöfn þeirra, og vera leikinn í að nafngreina þær, hvar sem hann hittir þær og á hvaða þroskastigi, sem þær eru. Þessi bók á fyrst og fremst að vera mönnum til leiðbeiningar í þessu efni. Eptir henni ætti að mega þekkja og nafngreina hverja einustu æðri plöntu á landi voru. Þó jeg hafi reynt til að gjöra bókina svo ljósa og auðveldu, sem mjer var framast auðið, mun full þörf á að gefa viðvaningum og byrjendum nokkrar bendingar um notkun hennar. Jeg býst við að þeim, sem enga tilsögn hafa fengið í grasafræði, þyki bókin torveld fyrir þá sök, að þeir skilja ekki fræðiorðin. En þetta verður aðeins fyrst í stað. Ef menn fletta stöðugt upp fræðiorðunum í skýringunum aptan til í bókinni, jafnótt og þau koma fyrir í plöntulýsingunum, og hafa plönturnar fyrir sjer, þá lærist merking allra hinna algengari orða á skömmum tíma. — Jeg skal nú í fáum orðum skýra frá, hvernig ætlazt er til, að menn fari að því, að finna nafn eða nafngreina plöntu, sem þeir þekkja ekki. Setjum svo, að við göngum einn góðan veðurdag út á tún, til þess að vita, hverjar plöntur vaxa á því. Í hlaðvarpanum verður þegar fyrir okkur nokkuð stór jurt með gulum blómum. Við höfum, ef til vill, heyrt þessa jurt nefnda sóley, en við vitum annars ekkert um hana, getum ekki lýst henni, af því við kunnum ekki að nefna eða gjöra neina grein fyrir

hinum einstöku hlutum hennar og því síður, að við vitum, hvar hún á heima í plönturíkinu. Til þess að komast að raun um það og vita með vissu nafn jurtarinnar, flettum við upp. Greining ætta og kynja bls. XXIV. Við sjáum fljótt á þessum greininga bálki, að plöntunum er þar skipað í tvær stórar deildir: I blómlausar plöntur og II blómplöntur. Nú er jurt sú, er við fundum, með blómi, hlýtur því að teljast til II. En nú vitum við eigi full skil á því, hvað blóm er, og getum ekki greint hina einstöku hluta þess. Flettum því upp í fræðiorðaskýringunum, þar sem gjörð er glögg grein fyrir því öllu. Að því búnu höldum við áfram greiningunni. Við sjáum, að deildinni II er aptur skipt í tvo liði: A. plöntur með allaga og nályddum blöðum og B. plöntur, sem aldrei hafa nálydd blöð. Við flettum upp í skýringunum: blað, allaga og nályddur og með því að athuga blöðin á jurtinni, sjáum við, að hún hlýtur að teljast til B. En nú er B. enn skipt í *a.*, jurtir með beintauga eða bogtauga, heilum blöðum og 3-deildum blómum og *b.* jurtir eða trjekenndar plöntur með fjaðurtauga, handtauga eða stjörntauga og 5-eða 4-deildum blómum. Við finnum skýringar á orðunum jurt og trjekenndur, beintauga, bogtauga, fjaðurtauga, handtauga, stjörntauga og heill, ennfremur á 3-, 4- og 5-deildur, og sjáum, að plantan, sem við höfum fyrir okkur, er fyrst og fremst jurt með handtauga blöðum, sem ekki eru heil og 5-deildu blómi; hlýtur hún því að teljast til *b.* En nú er *b.* enn skipt í tvennt, *o.* vatnajurtir og *oo.* þurlendisplöntur o. s. frv. Þessi jurt vex á þurlendi, telst því til *oo.* *oo.* er skipt í * trjekenndar plöntur og hálfrunna og ** jurtir. Plantan, sem við erum með, hlýtur því að teljast til **, úr því hún er jurtkennd. ** skiptist í † jurtir með einfaldri blómhlíf eða blómhlífalausar og †† með tvöfaldri blómhlíf. Þegar við höfum aðgætt merkingu þessara orða, finnum við, að jurtin okkar telst til ††, því hún hefur tvöfalda blómhlíf. Loks er þessari deild enn skipt í tvennt, 1. jurtir með lauskryndum blómum og 2. með heilkrýndum blómum. Samkvæmt skýringunum eru blómin á þessari jurt lauskrynd, og telst hún því til 1. En það er svo sem ekki allt búíð enn. Við verðum að fletta upp VI. greiningartöflunni á bls. XXXI. Sjáum við þá, að öllum þessum jurtum með lauskryndum blómum og tvöfaldri blómhlíf er skipt í tvennt, eptir því hvort blómin eru undirsætin, kringsætin eða yfirsætin. Við kynnum okkur merkingu þessara orða, og komumst að

raun um, að blómið eða blómin á jurtinni eru undirsætin, og hún telst því til I. Við höldum svo áfram, og verður þá fyrst fyrir okkur deildin A með reglulegum blómum, og til hennar hlýtur jurtin að teljast og til *a.*, úr því fræflarnir eru margir, til *oo.*, úr því þeir eru ósamvaxnir og **, þar sem frævurnar eru margar og loks, þar sem blómin eru undirsætin, ytribikarlaus og engin axlablöð eru á jurtinni, þá hlýtur hún að teljast til ættarinnar *Ranunculaceæ* eða Sóleyjarættarinnar. Við erum nú búin að finna, hverrar ættar jurtin er, og höfum jafnframt lært fjölda fræðiorða, merkingar þeirra standa lifandi fyrir okkur, af því við lærðum þær á lifandi jurtinni, en ekki sem dauða orðapulu, og sú mun verða reyndin á, að þær gleymast ekki svo fljótt. — Til þess að vita, til hvaða kyns og tegundar jurtin telst, flettum við upp bls. þeirri, sem vísað er til við *Ranunculaceæ*. Við lesum lýsingu ættarinnar, og finnum, að allt stendur heima. Á eftir ættarlýsingunni kemur greining kynja þeirra, er til ættarinnar teljast, og er þar fylgt sömu reglum eins og áður, að skipta jafnan í tvo liði eftir einhverjum vissum einkennum. Á greiningatöflu þessari sjáum við, að jurtin hlýtur að teljast til A., þar sem hún hefur tvöfalda blómhlíf, og til kynsins *Ranunculus*, úr því hún er með gulum blómum. Svo lítum við á tegundagreining *Ranunculuskynsins*, og finnum, að hún hlýtur að teljast til I, því blómin eru gul, til A., því stönglarnir eru upprjettir og eigi rótskeytir, og getur því ekki verið önnur tegund en *Ranunculus acer* eða Brennisóley, úr því krónublöðin eru miklu lengri en bikarblöðin og blómin stór. Við lesum svo tegundalýsinguna, gætum að, hvort hún á ekki við plöntu þá, sem við höfum fyrir okkur. Sjé svo, er engin efi á því, að jurtin er rjett nafngreind. En sje það ekki, hlýtur okkur að hafa yfirsjezt einhverstaðar; við höfum þá ekki rakið rétt hinn tvíþætta einkunnaþráð í greiningabálkum þeim, er við fórum í gegnum, og verðum þá að byrja á nýjan leik. Þessari sömu aðferð verðum við að beita við hverja einustu plöntu, sem við finnum fyrst framan af. En ekki verður þess lengi að bíða, að við lærum að þekkja eina eða fleiri tegundir af flestum þeim plöntuættum, sem hjer eru til. Ættaeinkennin lærast okkur furðu fljótt, og hvenær sem nýjar plöntur ber fyrir okkur, sjáum við þegar, til hverrar ættar þær eiga að teljast. Við þurfum því ekki annað en fletta upp ættinni eftir registrinu, og er þá auðvelt að finna, hvaða tegundir við höf-

um fyrir okkur, eptir kynja og tegunda greiningatöflunum. En hafi okkur skjátlazt í nafngreining ættarinnar, rekum við okkur fljótt á það, og verðum þá að reyna að finna rjettu ættina, með því að rekja ættgreiningabálkana, eins og þegar hefur verið lýst.

Söfnun. — Hingað til hef jeg gjört ráð fyrir því, að við hefðum bókina með okkur á grasagöngu okkar, og flettum upp í henni í hvert skipti, sem við finnum óþekkta plöntu. En þessu verður ekki ætíð við komið, veður og ýmsar ástæður geta hamlað því. Við verðum því að safna plöntunum saman og hafa þær heim með okkur. Til þess að verja þær skemmdum er nauðsynlegt að hafa með sjer eitthvert hylki, til þess að láta þær í. Hentugastar eru grasatínur, sem svo eru nefndar (bótaniserkassar). Það eru aflöng, sívöl eða lítið eitt flöt blikkhylki með kengjum á göflunum. Í þá eru festar ólarspennur, svo menn geti spennt tínurnar um öxl sjer. Tínum þessum er lokið upp á hliðinni. Gott er að hafa með sjer talsvert af brjefum, til þess að leggja utan um plönturnar og milli þeirra, einkum ef þær eru veikbyggðar, og mega ekki við hnjaski. Geta brjefin legið í tínunni. Þegar veður er þurt og heitt, verður að stökkva dálitlu af vatni á plönturnar við og við, svo þær visni síður, einkum ef þær eiga að liggja í tínunni svo nokkrum tíma nemi, t. d. heilan dag eða sólarhring. Allar jurtkenndar plöntur verður að taka upp með rótum, nema þær sjeu því stórvaxnari og velja helst þau eintök, sem eru fegurst og fullkomnust að allri byggingu og þroska. Æskilegt er að hafa eintök af plöntunni bæði með blómi og aldini. Til þess að ná rótinni vel upp og skemma hana sem minnst, verður að hafa sterkan hníf og skera upp með honum umhverfis rótina, stærri eða minni hnaus eptir því hve greinótt rótin er (eða jarðstöngullinn víðskriðull). Þegar hnausinn er laus orðinn, verður að hreinsa moldina sem bezt af rótunum, og fara varlega að því, svo rótargreinarnar slitni sem minnst. Þegar mest öll moldin er farin af rótinni, er gott að skola hana í vatni, sem venjulegast er við höndina, áður en plantan er lögð niður í grasatínuna, svo plönturnar óhreinkist sem minnst. Þessu verður þó ekki ætíð við komið, og má þá vefja brjefi utanum rótina, svo óhreinindin fari ekki til muna út í tínuna. Jafnan skal leggja plönturnar svo niður, að ræturnar liggi allar við sama gaflinn og bera tínuna svo, að

sá endinn viti niður. Sumar jurtir eru svo stórar, að þær verða ekki teknar í heilu lagi. Verður þá að láta sjer nægja, að taka af þeim greinar eða parta, en þó svo, að sjá megi hið einkennilega við alla helztu hluta plöntunnar. Fæstar trjekenndar plöntur er hægt að taka í heilu lagi, enda er það sjaldnast nauðsynlegt, til þess að geta þekkt þær og nafngreint. En þegar ekki er hægt að taka plönturnar eins og þær eru, er sjálfsagt að setja nákvæmlega á sig vaxtarlag þeirra, stærð og allt útlit. Það er og nauðsynlegt við hvaða plöntu sem er, að setja á sig staðhætti alla, þar sem hún vex, hvort jarðvegurinn er rakur eða þur, sendinn, grýttur eða leirkenndur, myldinn eða tyrfinn, hvort hún vex á bersvæði og móti sól eða í skjóli, t. d. í djúpum lögðum, urðargjótum, hraunglufum og klettaskorum eða í höllum undan sól, hvort hún vex í mýrlendi, vallendi, mólendi eða skóglendi o. s. frv. Allt þetta getur verið til mikils stuðnings við nafngreiningu plöntunnar, og þekking vor á lífsháttum hennar og öllu eðli verður að miklum mun fyllri við allar slíkar athuganir, og er það mest um vert.

Ferging. — Þegar heim er komið með grasafenginn, er best að reyna að nafngreina plönturnar sem fyrst. Að því búnu eru plönturnar settar undir farg og þurkaðar, því nauðsynlegt er að koma sjer upp dálitlu plöntusafni (*herbarium*), ef menn ætla að ná nokkurri verulegri þekkingu á gróðurríki landsins, svo jafnan sje hægt að hafa plöntur við hendina til samanburðar við það, sem menn kunna að finna nýtt, og nafngreina þarf. Ef ekki er hægt að nafngreina plönturnar, áður en þær eru fergðar, má gjöra það síðar, þegar þær eru orðnar þurar, þó það sje miklum mun örðugra. Plönturnar er hægast að fergja milli tveggja fjala, er sjeu 20 þml. á lengd og 12 þml. á breidd. Þerripappírsblöð (plöntupappír) eru lögð á milli plantnanna. Ættu þau helzt ekki að vera minni en 16 þml. á lengd og 10 á breidd. Pappír þennan ætti að mega panta í öllum verzlunum. Á neðri fergifjölinu eru lögð 3—4 blöð, á þau er svo plantan lögð, og skal þess gætt, að hún haldi sem best hinni eðlilegu lögun sinni, úr blöðum og blómum er breitt svo vel, sem unnt er, og svo lögð 2—3 pappírsblöð, því fleiri, sem hún er safameiri og þurkvandari. Ofan á þessi blöð er svo lögð ný planta eða plöntur, þá pappírsblöð eins og fyr, og svo lag á lag ofan, plöntur og pappír á víxl, unz

plöntum þeim er lokið, sem fergja á í það skiptið. Ofan á efsta plöntulagið, undir efri fergifjölinu, eru látin 3—4 blöð og svo lagður flatur steinn eða einhver annar þungi ofan á allt saman. Ekki er hægt að gefa neinar ákveðnar reglur um það, hve fargið skuli vera mikið, það fer allt eftir því, hvernig plönturnar eru, hvort þær eru fíngerðar og safamiklar eða grófar og þyrkingslegar. Þetta kennir reynslan best. Auðvitað má hafa plöntufergi með ýmsu öðru móti, en hjer er lýst. En það hefur þann kost, að allir geta veitt sér það með hægu móti, því steinn og tvær fjalarspækjur munu víðast vera fyrir hendi. Hið langhentugasta og bezta plöntufergi, sem jeg þekki, er svo tilbúið. Í ferhyrnda járngrind, nokkru stærri en fergiblöðin, er riðið vírnet. Tvær slíkar grindur eru spenntar saman með vírreinum, og má hafa mikið eða lítið milli þeirra af plöntum eftir því sem þörf gjörist. Á annari grindinni er handfang, svo hægt er að halda á ferginu með sjer á grasagöngum og leggja plönturnar í það, jafnótt og þær eru teknar. Fergi þessi kosta í Höfn 3—4 kr.

Sumum plöntum eða plöntuhlutum er gott að bregða snöggvast, nokkrar mínútur, í sjóðandi vatn, áður en þær eru fergðar, t. d. brönugrösum, burnirót, helluhnóðra og fleiri safamiklum jurtum og róthnúðum, annars halda þær í sjer rakanum tímunum saman og verða ónýtar að lokum. Blóm-unum skal þó ekki dýft niður í vatnið. Margar vatnajurtir eru svo smágjörvar, að þær þola ekki sömu meðferð og aðrar plöntur, t. d. vatnsbrúða, blöðrujurt o. fl. Best er að láta þær í vatn, og verður að vera svo rúmt um þær, að þær geti breitt vel úr sjer. Stinnu en þunnu pappírslaði er svo smeygt undir þær, og þeim svo lypt varlega upp úr vatninu. Verður að gæta þess, að plantan breiði sem best og snoturlegast úr sjer á pappírnum um leið og hún kemur upp yfir yfirborð vatnsins, því úr því heldur hún sjer. Hún er svo fergð á blaðinu, og ekki tekin af því fyr en hún er þur. Þá eru enn nokkrar jurtir, sem linast svo við þurkinn fyrst í stað, að illt er við þær að fást, þegar skipta þarf á þeim pappír. Er best að leggja um þær þunnan pappír, áður en þær eru látnar inn á milli fergiblaðanna, og láta þær liggja í honum, meðan þær eru að fergjast og þorna. Ef plönturnar eru lengri en fergiblöðin, má brjóta þær varlega saman, einbrjóta eða tvíbrjóta þær eftir þörfum, en ekki má beygja þær eða sveigja,

Því við það missa þær hið eðlilega vaxtarlag sitt. Sje plantan mikil fyrirferðar, verður þessu ekki við komið, og er þá ekki annað fyrir hendi, en bíta hana í sundur í tvo eða fleiri hluta og fergja bútana hvern fyrir sig. Við hverja plöntutegund skal lagður miði og ritað á hann nafn staðarins, þar sem plantan var tekin, mánaðardagur og ár og nafn finnanda. Fróðlegt er og að geta þess, hvernig staðhættir hafi verið, þar sem plantan óx, eins og bent er á hér að framan. Efst á miðanum skal standa nafn plöntunnar, hafi hún orðið nafngreind, annars skal höfð eyða fyrir því, í þeirri von, að seinna verði hægt að hafa uppi á nafninu, annaðhvort af eigin rammleik eða með annars tilstyrk. Gott er og að setja áframhaldandi nr. á nafnamiðana. Á nafnmiða fyrstu plöntunnar, sem fergð er 1901, er t. d. sett nr. $\frac{1}{1901}$ eða $\frac{1}{01}$ og svo $\frac{2}{01}$ á þann næsta, $\frac{3}{01}$ o. s. frv.

Næsta dag eptir að plönturnar era lagðar í fergið eða fyr, ef þær eru mjög safamiklar eða votar, verður að skipta á þeim, taka deiga pappírinn burt og láta þuran í staðinn. Þetta verður að gjöra með hinni mestu vandvirkni og dag eptir dag eða annanhvorn og þriðja hvern dag, þegar frá líður, unz plönturnar eru fullpurar. Má alltaf nota sama pappírinn, ef hann er vel þurkaður, milli þess sem skipt er. Þá er plantan þur, þegar hún er ekki köld átöku með heitri hendi, og er orðin stinn og þyrrin, svo framarlega að hún sje ekki því fíngerðari. Annars getur reynslan ein kennt mönnum að segja með vissu, hvenær plöntur eru fullpurar eða eigi. Bezt er, að plantan þorni á sem skemmstum tíma, því þá heldur hún bezt lit og öllu útli. Jafnótt. og plönturnar verða fullpurar, eru þær teknar úr ferginu, og lagðar til geymslu á þurum og alveg rakalausum stað. Sje nokkur raki þar, sem þær eru geymdar, eða hafi þær ekki verið fullpurar, myglar þær von bráðar, og ónýtast með öllu.

Geymsla—plöntusöfn. — Þær plöntur, sem menn ætla að eiga og geyma í safni sínu til langframa, ætti að líma niður á hvít, stinn pappírsblöð, álíka stór og fergiblöðin. Er það gjört á þann hátt, að mjóar, límbornar brjefræmur eru lagðar yfir plöntuna hér og hvar, og endarnir límdir niður, en aldrei skyldi líma sjálfa plöntuna við blaðið, því þá er ekki hægt að ná henni af því aptur óskemmdri. Á neðra blaðhornið til hægri handar er svo nafnmiðinn festur. Vel má nota venju-

legar, stórar skrifpappírshálfarkir, en betra er að hafa til þess herbaríums- eða plöntusafnspappír. Ef plönturnar eru litlar, má opt hafa fleiri en eitt eintak á sama blaði, en aldrei skal líma nema eina tegund, afbrigði eða tilbrigði á sama blað og aðeins öðrum megin. Sjeu mörg eintök saman á blaði, er bezt, að þau sjeu frá ýmsum fundarstöðum. Er þá sett tala við hvert eintak, og fundarstaðurinn ritaður við þá tölu á nafnmiðanum, finnandi og fundartími. Allar tegundir sama kyns eru svo lagðar innan í heila umbúðapappírsörk og kynsnafnið skrifað utaná, helzt aptan á örkina neðst til hægri. Svo eru öll kyn sömu ættar lögð innan í eina sameiginlega örk, og ættarnafnið ritað á neðra arkarhornið til vinstri. Þegar kynarkirnar eru lagðar inn í ættarrörkina, er þeim hvolfst við, svo að kjölbrotið snúi til hægri, og standa þá kynnöfn neðst til hægri, þegar flett er í bunkanum. Bezt er svo að raða ættunum eptir stafrófsröð og geyma safnið í skápum eða kössum. Með þessu móti verður sú planta fljótfundin, er ná þarf til athugunar eða samanburðar. Þær plöntur, er menn ætla sjer að farga eða láta í skiptum fyrir aðrar plöntur, er bezt að geyma lausar í umbúðapappír eða prentpappír, t. d. gömlum blöðum. Fyrir möl og öðrum smádyrum, er á þær sækja, má verja þær með því, að strá dálitlu af naftalíni milli blaðanna. Naftalín fæst í lyfjabúðum. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg er fús til þess að veita mönnum allar þær leiðbeiningar og alla þá aðstoð, sem í mínu valdi stendur í hverju einu, er lýtur að plöntusöfnun og nafngreining. Þeir, sem vilja, geta sent mjer plöntur þær, er þeir safna, til athugunar, og mun jeg þá bæði leiðrjetta rangar nafngreiningar og nafngreina það, sem ónafngreint er. Jafnan ætti að taka fleiri en eitt eintak af hverri tegund í hvert sinn og mörg, ef plantan er smávaxin. Mætti þá senda mjer eitt eða fleiri eintök til athugunar, en hafa hin eptir, skrifa tvo nafnmiða við hverja tegund, sem tekin er á sama stað og tíma, hafa sama númer á báðum og senda mjer annan með eintökum þeim, sem jeg fæ. Þarf jeg þá ekki annað, en rita nöfn mín og nafnleiðrjettningar við númerin og senda eigandanum aptur. Við það sparast plöntusendingar fram og aptur, sem hlyti að hafa nokkurn kostnað í för með sjer. Vandlega verður að gæta þess, að plöntur frá ýmsum fundarstöðum ruglist ekki saman.

II.

Gróðurathuganir.

Sá, sem leggur nokkra alúð við það að safna plöntum, reynir að nafngreina þær sjálfur og koma sjer upp plöntusafni, mun brátt komast að raun um, að þetta er enginn stórgaldur, þó honum máske finnist það nokkuð erfitt fyrst í stað. Það mun varla líða á löngu, að hann þekki flestar hinar algengari og auðþekktari plöntur í grendinni. Þær verða smátt og smátt beztu kunningar hans, sem hann hefur hina mestu ánægju af að umgangast daglega, athuga og virða fyrir sjer. Hann verður himinglaður í hvert skipti er hann finnur nýja plöntu, sem hann hefir ekki sjeð áður. Það er eins og nýr vinur hafi bæzt í kunningjahópinn. Þegar vorar, bíður hann með óþreyju eptir fyrstu vorblómunum. Hann bregður sjer daglega í frístundum sínum út í móinn fyrir utan túnið, og upp á melinn upp undan bænum, og hefur vakandi auga á því, hve blómknapparnir á krækilynginu tútna út með degi hverjum, og hversu vetrarblómknapparnir þokast út úr blaðreifum sínum betur og betur. Svo einn morgun, þegar hann finnur fyrsta vorylinn í golunni, sem þýtur ljett yfir mel og mó, og snertir þýðlega hvern blómknapp og brum, veit hann, að þau muni ekki þola morgunkoss dagmálasólarinnar. Honum verður reikað út fyrir túnið. Þar sjer hann litlu dumbrauðu krækilyngsblómin opnast hvert af öðru og teygja frjóknappana fagurrauða út í ljósið og blæinn. Á sumum vetrarblómunum bólar aðeins á rósrauðu krónunni samanlagðri upp úr bikarnum, en nokkur af þeim eru opnuð, og eru að rjetta út krónublöðin, en breiða svo úr þeim betur og betur eptir því, sem sólin hækkar á lopti. Hann finnur, að nú er vorið komið »með sól í fangi og blóm við barm«. Golupyturinn verður að dularfullum fagnaðaróm í eyrum hans, þessi morgunsöngur lífsins, sem er að vakna af vetrardvalanum, gagntekur hann, og fyllir hann fögnuði og unaði. »Syngjandi vorið« hefur stillt hvern einasta streng í sálu hans, svo þeir titra í fullu samræmi við lofsöngva lífsins og vorsins. Að stundarkorni liðnu sjer hann hvar dálítið mel-fiðrildi kemur flögrandi ofan úr brekkunni og sezt á eitt vetrarblómið, sem býður það velkomið í einum hunangsbikar. Fiðrildið teigar hann til botns í snatri, og fer leiðar sinnar út í sólskinið. Hann horfir um stund á blómin, gengur svo heim-

leiðis, og ritar í dagbókina sína, hvaða dag hann hafi fundið fyrstu blómin og fyrsta fiðrildið, og hvaða blóm það voru, því nú er hann farinn að halda dagbók, þar sem hann skrifar í grasaathuganir sínar, og þessu heldur hann áfram árum saman. Hann getur þess, hvaða mánaðardag hann hafi fundið þessa og þessa plöntu í blómi hvert vor, með því að bera þetta saman um nokkurt árabíl, finnur hann meðalblómgunartíma hverrar tegundar. Hann ritar líka hjá sjer, hvenær plantan er í fullum blóma, hvenær blómin falli, og aldinið sje fullþroska, ennfremur, hvenær byrjar að gróa, og hvenær trjekenndu plönturnar laufgast. Hann veitir því nána eptirtekt, hvernig blómin frævast, hvernig skordýrin bera frjóid úr einu blómi í annað, og hverskonar skordýr vitji helzt hverrar tegundar. Hann skygnist með öðrum orðum inn í hið dulda samlíf blómanna, og þar birtast honum fleiri og fleiri undur, sem áður voru honum hulin. En það er margt fleira en þetta í lífi jurtanna, sem hann veitir eptirtekt, þegar hann fer að umgangast þær daglega. Hann mun brátt taka eptir því, að þær hafa fjelög með sjer, og skiptast í ýmsar stjettir með mismunandi líf skjörum.

Allir, sem hafa opin augun, munu hafa tekið eptir því, að gróðri er ekki alstaðar eins varið. Fólki talar um ýmskonar lendi og gróðurlag eða graslag, svo sem valllendi, mýrlendi, skóglendi o. s. frv. Flestir munu hafa veitt því eptirtekt, að annað graslag er á láglendi en hátt til fjalla, og að stargresi vex einkum í mýrum og á votlendi, en töðugresi á túnnum og á harðvelli. En hjá flestum nær þekkingin skammt í þessum efnum. Sá, sem hefur lært að þekkja hinar ýmsu plöntutegundir, mun brátt verða þess áskynja, að allar tegundir vaxa ekki jafnt alstaðar og í einlægum hrærigraut, heldur skipa vissar tegundir sjer saman, fleiri eða færri, og mynda nokkurskonar fjelög. Fer þetta mest eptir eðli jarðvegsins og þá einkum eptir rakastigi hans; nokkuð fer það og eptir birtu og veðurlagi. Þær plöntur skipa sjer eðlilega saman og vaxa í fjelagi, sem þrífast best í samskonar jarðvegi og birtu. Flest túngrösin þurfa myldinn, frjóvan og nokkurnveginn þuran jarðveg, því vaxa þau á túnunum. Stargresin mörg, fífa, engjarós, horblaðka o. fl. geta ekki þrífzt nema í vætu, og því vaxa þessar plöntur í mýrum og á votlendi. Beiti-lyng, holtasóley, blóðberg o. fl. þrífast best í þurri

óræktarjörð, og því eru þau ásamt mörgum öðrum fjelögum sama eðlis og aðalplönturnar í mólendunum okkar. Flestir burknar forðast birtuna, og vaxa því helst í hraungjótum og urðarholum eða innan um þjetta skógarunna. Holurt, lambagrás, vetrarblóm o. fl. kunna bezta við sig í smágrýttum jarðvegi á bersvæði, þar sem sólar nýtur vel, og því skreyta þessar plöntur melana okkar og fjallaauðnirnar. Mörg fleiri dæmi mætti nefna. Hjer á landi eru þessi lendi eða gróðurlög helst: Melar og fjallaauðnir með plöntustrjálingi, en engum samfelldum gróðurbreiðum; mólendi venjulega þýft með gróðurlausum rofum utan í þúfunum, en að öðru leyti gróið fremur smávöxnum runnkenndum plöntum, helst lyngi og hrísi með talsverðu af jurtum innan um; skóglendi með birkiskógi eða stórvöxnum birki- eða víðirunnum; valllendi með þjettum samfelldum grasgróðurbreiðum; blómlendi með ýmsum fjölærum blómjurtum; mýrlendi og votlendi eða flóar, þar sem hálfgrös eru aðalplönturnar; vatnagróður, nykra, mari, lófótur og fleiri vatnajurtir; strand- og fjörugróður, berjaarfi, blálilja, strandkál, hrímblaðka o. fl. og loks sægróður, marhálmur og margskonar þarar og þang. Eins og nærri má geta verða sjaldnast dregin skýr takmörk milli þessara ýmsu gróðurlenda eða plöntufjelaga, því skilyrðin eru mjög breytileg, svo fjelögin blandast opt saman, og ýmsir milliliðir myndast milli aðalgróðurlendanna og margvísleg afbrigði af þeim. Þau keppa líka sífellt um völdin, herja hvort á annað, ef svo má segja, og í þessu stríði ræður það úrslitum, hvorum megin hinar ytri ástæður eru. Móplönturnar reyna t. d. sífellt að færa sig inn á túnin, en ná þar engri rótfestu, meðan jarðvegurinn er nógu frjór, túngrösin verja ríki sitt, og mega betur, meðan bóndinn birgir þau að vistum; en þegar hætt er að bera á túnið, lúta túngrösin í lægra haldi, og verða smátt og smátt að þoka fyrir móaplöntunum, túnið verður að mólendi. Túngrösin reyna líka að fíkra sig út í mýrarfitina við túnfótinn, en starungurinn og mosinn veita viðnám, og bera hærra hlut, því þeir þrífast vel í vætunni, en hún er túngrösunum óholl. En sje mýrin rist fram, svo vatnið fái framrás og efstu jarðlögin þorni, halda túngrösin liði sínu inn yfir landið, og reka starunginn og mosann á flótta, eða eyða þeim með öllu. Ótal fleiri dæmi mætti nefna, en þetta læt jeg nægja.

Jeg tel víst, að allir þeir, sem nokkuð hafa fengizt til

muna við grasasöfnun og gróðurathuganir, sjeu mjer sammála um það, að fátt veiti hreinni ánægju og jafnsaklausa skemmtun, og það eitt útaf fyrir sig ætti að vera mönnum næg hvöt til þess, að leggja stund á þessa fræði. En það er ekki eingöngu ánægjunnar vegna, sem menn ættu að kynna sjer gróður landsins og athuga lífseðli og alla lífshætti plantnanna, eins og bent er á hjer að framan, heldur vegna þess, að allar slíkar athuganir hafa mjög mikið vísindalegt og praktískt gildi, auk þess sem þær hljóta að hafa mikil menntandi áhrif á þá, sem við þær fást. Líf okkar Íslendinga og velgengni byggist að miklu leyti á grösunum, en ekki er að búast við því, að við getum ræktað þau af skynsamlegu viti, fyr en við höfum fengið glögga þekkingu á þeim kröfum, sem þau gjöra til lífsins, en athuganir þær, sem hjer er um að ræða, miða einmitt til þess, að efla slíka þekkingu. Vildi jeg óska, að sem flestir landar mínir, konur sem karlar, legðu stund á grasafræði að svo miklu leyti, sem hentugleikar leyfa. Sjerstaklega vil jeg beina þeirri ósk til hinna mörgu lækna og presta víðsvegar um land og annara menntamanna. Gætu þeir aukið þekkingu manna á gróðurríki landsins að miklum mun, með því að safna plöntum og athuga gróðurinn hver í sínu byggðarlagi, án þess að vanrækja í nokkru skyldustörf sín. Í öðrum löndum stunda margir sveitaprestar grasafræði, og hafa opt getið sjer með því mikinn orðstír. Hjer er slíkt fáheyrt. Jeg á bággt með að trúa því, að kirkjurnar yrðu ekki fullt svo þjettskipaðar á messudögum vor og sumar, ef prestar gerðu sjer að reglu, hvenær sem því yrði við komið, að fara með söfnuðinn eða þá, sem þess óskuðu, á dálitla grasagöngu eftir messu. Þykist jeg þess fullviss, að útskýringar á völdum köflum úr hinni miklu bók náttúrunnar, t. d. bygging og eðli blómsins, er fullt eins vel fallið, ef laglega er áhaldið, til þess að vekja lotningu fólksins fyrir speki og forsjón skaparans, eins og hinar vanalegu útlekkingar af hinum lögboðnu textum úr hinni stóru bókinni.

III.

Skipulag plönturíkisins.

Til þess að hægra sje að fá glögggt yfirlit yfir allan hinn ótölulega aragrúa af plöntum, sem til eru í náttúrunni og nefn-

ist **plönturíki** einu nafni, hefur þeim verið skipað í stærri og minni deildir og flokka, eptir útliti þeirra byggingu og öllu lífs-eðli. Allir einstaklingar, sem í öllum aðalatriðum eru gagnlíkir hver öðrum, teljast til sömu tegundar (*species*). Líkum tegundum er skipað saman í kyn (*genus*), kynjunum í ættir (*familia*), ættunum í hópa (*ordo*), hópunum í flokka (*classis*) og flokkunum í fylkingar (*series*). Þessum aðalskipulagsdeildum má svo aptur skipta í fleiri eða færri deildir.

Öllu plönturíkinu er skipt í 5 fylkingar:

- I. **Thallophyta**, þelingar, plöntur, sem ekki hafa neina eiginlega rót, stöngul eða blöð, en allur plöntulíkaminn, hið svo nefnda þal (*thallus*) er allt aðallega eins að byggingu, myndað af samskonar eða líkum sellum. Plöntur þessar eru engu síður mjög breytilegar að útliti og öllu eðli. Æxlunin fer fram með ýmsu móti, er sumpart kynlaus, sumpart kynjuð. Fylking þessi skiptist í tvær aðaldeildir:

1. Ölgur (*algæ*) með grænuhornum, þó þær sje mismunandi að lit, brúnar, rauðar eða grænar, og teljast til þeirra þang allt og sæþarar, alls konar slý í vötnum, ám og lækjum og bakteríur (grænulausar).
2. Sveppir (*Fungi*) grænulausir. Það eru gorkúlur allar, myglur og margskonar sníkjusveppir, er valda sjúkdómum á plöntum og dýrum.

Til þessarar fylkingar teljast enn fremur hinar svo nefndu skófir (*Lichenes*), það eru sveppir og ölgur, sem gróin eru saman, og mynda í sameiningu sjálfstæðar lífheildir, mjög breytilegar að útliti. Til þeirra teljast fjalla-grös, hreindýramosi, geitnaskóf, tröllagrös, litunarmosi, kræða og allar hinar marglitu skófir á steinum og fornum þiljum og trjeverki.

- II. **Bryophyta**, mosar. Grænar jurtir með stönglum og blöðum að þeim lægstu undanskildum, en rötalausar og leggstrengjalausar. Mosarnir æxlast bæði kynlaust með gróum og kynslega með frjó og eggsellu, þó þessu sje nokkuð öðruvísi hátt að en hjá blómplöntunum. Gróin myndast í dálitlum bauklaga hylkjum (gróhirzlum), er standa á dálitlum legg á stöngulendunum (freyjuhár). Þegar gróin eru fullþroska, opnast hirzlurnar, og þau falla til jarðar. Á sínum tíma, þegar hentug skilyrði eru fyrir hendi, vaxa

svo út úr þeim greinóttir þræðir í jörðunni, hið svonefnda forkím, og upp af því spretta mosastönglarnir. Efst á þeim eru æxlunarfærin. Eptir að eggseilan, hin kvennlega æxlisella, hefur frjóvgast, eða samlagað sig frjóinu, hinni karllegu æxlisellu, myndast frjóhirzlan úr hinni frjóvguðu eggsellu. Til mosanna teljast allskonar mýra- og móamosar, t. d. dýjamosi, gamburmosi, barnamosi, freyjuhár o. fl.

Plöntum þeim, er teljast til þessara tveggja fylkinga, er ekki lýst í þessari bók, en óhætt er að fullyrða, að hjer á landi og við strendur þess sjeu þrefalt fleiri þelingar og mosar, en allar æðri plönturnar samtals, en svo eru þær plöntur opt nefndar einu nafni, er teljast til hinna þriggja fylkinga, sem hjer fara á eptir. Hafa þær allar rót og leggstrengi, sem hinar hafa engar, stöngul og blöð.

- III. **Pteridophyta**, byrkningar. Plöntur með rótum, stöngli og blöðum og leggstrengjum, sem liggja eptir stönglinum endilöngum, greinist út í blöðin og kvíslast þar í margar taugagreinar eða æðar. Strengir þessir eru myndaðir úr löngum sellum og pípum eða leggjum, og eru sumpart til þess að leiða næringarefnin um plöntuna (nokkurskonar æðar), sumpart til þess að gjöra plöntuna stinnari og sterkari, og svara að því leyti til beinanna í dýrunum. Slíkir leggstrengir eru í öllum æðri plöntum, en allmismunandi að byggingu og fyrirkomulagi. Byrkningar æxlast á líkan hátt og mosarnir. Gróhirzlurnar standa á blöðunum.

Þær þrjár fylkingar, sem þegar eru taldar, nefnast opt einu nafni blómleysingar eða gróplöntur (*sporophyta*) til aðgreiningar frá þeim tveim fylkingum, sem eptir eru, og nefnast blómplöntur (*anthophyta*).

- IV. **Gymnospermæ**, berfrævingar. Venjulegast trjekenndar plöntur með rót, stöngli og blöðum, er bera ófullkomin blóm. Fræblöðin mynda ekki lokað eggleg, lykjust ekki saman um eggið, en standa í þjettum skipunum, er nefnast könglar. Eggin eru fest á efra borð fræblaðanna, er liggja eins og hreisturflögur hvert yfir öðru, og berst frjóid til þeirra með vindinum. Blómhlíf engin. Ein tegund íslenzk.
- V. **Angiospermæ**, dulfrævingar. Jurtir eða trjekenndar plöntur með fullkominni rót, stöngli, blöðum og blómi. Fræblöðin

- mynda lokað eggleg. Til þessarar fylkingar telst allur þorri íslenzkra hájurta, og er þeim skipað í 2 aðalflokka:
1. *Monocotyledones*, einkímablaðplöntur (einkímblöðungar).
 2. *Dicotyledones*, tvíkímablaðplöntur (tvíkímblöðungar).

IV.

Greining ættanna og nokkurra frábrugðinna kynja.

- I. Blómlausar plöntur. Gróttimgun. Gróhirzlurnar á blöðunum.
Byrkningar I. bls. XXV.
- II. Blómplöntur. Frææxlun.
 - A. Blöðin allaga og nálydd, stinn, sígræn (barr).
Berfrævingar 15.
 - B. Blöðin aldrei nálydd, þó þau sje allaga, og venjulegast öðruvísi að lögun. (Dulfrævingar).
 - a. Jurtir með beintauga eða bogtauga, heilum og venjulegast misstæðum blöðum. Blómin venjulegast 3-deild. Leggstrengirnir á víð og dreif í stönglinum. Trefjarót. Kímið með 1 blaði (sbr. vatnajurtir III).
Einkímablaðaplöntur II. bls. XXV.
 - b. Jurtir eða trjekenndar plöntur með fjaðurtauga, handtauga eða stjörnutauga blöðum, mjög sjaldan með beintauga eða bogtauga blöðum (sbr. *Plantaginaceæ* bls. 173). Blómin 4—5-deild. Leggstrengirnir hver við annars hlið í einföldum hring innan- undir berkinum utan um merginn eða miðhol stöngulsins. Venjulegast stólparót. Kímið með 2 kímblöðum. (Tvíkímablaðaplöntur).
 - c. Vatnajurtir með kaf- eða flotblöðum bæði einkímblaða og tvíkímblaða (sbr. *Montia* bls. 94).
III bls. XXVI.
 - oo. Þurlendisplöntur og votlendisjurtir með öllum, eða að minnsta kosti nokkrum, blöðunum ofanvatns.
 - * Trjekenndar plöntur, runnar, hálfrunnar og trje.
IV. bls. XXVIII.
 - ** Jurtir.
 - † Með einfaldri blómhlíf eða blómhlífarlausar.
V. bls. XXX.

- †† Með tvöfaldri blómhlíf, bikar og krónu.
 1. Blómin lauskrynd VI. bls. XXXI.
 2. Blómin heilkrynd VII. bls. XXXIV.

I. Byrkningar.

- I. Enginn ofanjarðar stöngull, blöðin standa á jarðstönglinum.
 A. Þurlendisjurtir. Blöðin stilkud, venjulegast skipt, aldrei striklaga. Gróhirzlurnar á blaðblöðkunum.
 a. Gróbæru og grólausu blöðin eins, öll með blaðholdi. **Polypodiaceæ** 2.
 b. Gróbæru blöðin öðruvísi en þau grólausu, blaðholdlaus eða því sem nær.
 1. Gróbæru og grólausu blöðin á sameiginlegum stilk. **Ophioglossaceæ** 1.
 2. Gróbæru og grólausu blöðin kambskipt, ekki á sameiginlegum stilk, heldur standa hver út af fyrir sig á jarðstönglinum. **Blechnum** 7.
 B. Vatnajurtir mjög smávaxnar með stilklausum, striklaga, óskiptum blöðum. Gróhirzlurnar við blaðfætturna. **Isoëtaceæ** 14.

II. Blaðbær ofanjarðarstöngull.

- A. Blöðin smá, kransstæð, samvaxin á röndunum, og mynda tennt slíður um stöngulinn. Gróbæru blöðin skjaldlaga, og standa í axi efst á stönglinum. **Equisetaceæ** 8.
 B. Blöðin smá, hreisturkennd, misstæð og þjettstæð. Gróhirzlurnar í blaðöxlunum, og standa gróblöðin venjulegast í axi á stöngul- eða greinendunum.
 1. Blöðin heilrend eða lítið eitt tennt. Stönglarnir stinnir, trjenaðir. **Lycopodiaceæ** 11.
 2. Blöðin þorntennt. Stönglarnir fingerðir. (Mosa- kennd smájurt). **Selaginellaceæ** 13.

II. Einkimblaðaplöntur.

(að vatnajurtum fráskildum).

- I. Blómin nakin eða með burstkenndri blómhlíf í axi með hreisturkenndum háblöðum. Blöðin striklaga, slíðurfætt.
 A. Stöngullinn holur. Blaðslíðrin opin. Öxin standa í axi eða greinóttum klasa, punti. Blómin ♀. **Gramineæ** 44.

- B. Stöngullinn óholur, Blaðslíðrin heil. Blómskipunin einstæð eða samsett (*Cyperaceæ*).
- a. Blómin einkynja, nakin.
1. Öxin venjulega blómmörg. Stráin þrístrend.
Carex 28 og 31.
 2. Öxin tvíblóma. Stráin sívöl. **Elyna** 28 og 30.
- b. Blómin $\bar{\phi}$, með burstkenndri blómhlíf.
1. Blómhlífarburstirnar margar. **Eriophorum** 27 og 28.
 2. Blómhlífarburstirnar fáar. **Scirpus** 27 og 29.
- II. Blómin með bikarkenndri eða krónukenndri blómhlíf.
- A. Blómhlífin regluleg.
- a. Blómhlífin græn eða móleit.
- o. Blómhlífin móleit, þur, himnukennd. Hýðisaldin.
Juncaceæ 20.
 - oo. Blómhlífin græn, jurtkennd.
 1. Blómin í axleitum klasa 3-deild. Blöðin striklaga eða þráðlaga, stofnstæð. **Juncaginaceæ** 16.
 2. Blómið einstakt á stöngulendanum 4-deilt. 4 kransstæð, stór, bogtauga blöð efst á stönglinum við blómlegsfótinn. Beraldin.
Convallariaceæ 64.
- b. Blómhlífin krónblaðkennd, gulhvítleit. Blöðin stofnstæð, sverðlaga. **Colchicaceæ** 64.
- B. Blómhlífin óregluleg, ýmislega lit. Einn frævill, sem vaxinn er við stílinn. Blómin í axleitum klasa.
Orchidaceæ 65.
- III. Einkimblaða og tvikimblaða vatnajurtir.
- I. Rótlausar, smágjörvar vatnajurtir, sem mara í kafi. Blöðin margskipt í hárfína flipa og með smáblöðrum.
Utricularia 173.
- II. Rótgrónar vatnajurtir.
- A. Blöðin misstæð, stundum í stofnhvirfing.
- a. Blöðin í stofnhvirfing, allaga. Ofurlítill smájurt með hvítum blómum í blómfáum klasa. Skálpur.
Subularia 107.
 - b. Blöðin ekki í stofnhvirfing.
 - o. Blöðin heil, öll eða þau efstu flotblöð, sporbaugótt, strik- eða bandlaga.

- * Blómhlífin lítilfjörleg, hreisturkennd eða alls engin.

1. Blómin einkynja; ♂ og ♀-blómin mynda hvor um sig hnöttótta blómkolla, er standa á sameiginlegum legg upp úr vatninu. Blöðin bandlaga. **Typhaceæ** 62.

2. Blómin ♀ í endastæðum öxum (sjaldan einstök og einkynja, en þá kaflæg, *Zannichellia*). **Potamogetonaceæ** 17.

- ** Blómhlífin greinileg, 5-deild, rauðleit. Blöðin skinnkennd, langeggla.

Polygonum amphibium 80.

oo. Blöðin öll skipt í hármjóa flipa. Kafblöð. Blómin einstök, nokkuð stór, flotlæg. Krónublöðin hvít, með gulum nöglum. **Batrachium** 97.

B. Blöðin mótstæð eða kransstæð.

a. Blöðin mótstæð.

o. Blómin í axi, samaldin með 4 smáaldinum. Sumar teg. af **Potamogetonaceæ** 17.

oo. Blómin einstök í blaðöxlunum eða í blómfáum skúfum.

- * Blómin einkynja, nakin. ♂-blómið aðeins 1 frævill. Efstu blöðin opt saman í flotlægri topphvirfing. **Callitrichaceæ** 117.

- ** Blómin ♀, engar flothvirfingar.

1. Blöðin oddbaugótt eða öfugeggla, smá (og standa opt upp úr vatninu). Blómin hvít, örsmá. Fræflar 3. Einaldin.

Montia 94.

2. Blöðin striklaga. Samaldin, 4 smáaldin, 4 fræflar. Mjög smágjör. **Bulliarda** 121.

b. Blöðin kransstæð.

o. 8—12 (stundum 4—6) striklaga blöð í hverjum kransi. **Hippuris** 150.

oo. 3—6 blöð í hverjum kransi.

1. Blöðin kambskipt, með þráðmjóum flipum.

Myriophyllum 148.

2. Blöðin heil, heilrend, þráðlaga. Samaldin.

Zannichellia 17 og 20.

IV. Trjekenndar plöntur.

I. Blöðin heil, heilrend eða tennt.

A. Blöðin misstæð.

a. Blöðin sumargræn, falla að haustinu.

o. Blómin einkynja, nakin, í reklum með smástoðblöðum, rekilhlífum.

1. Einbýli, ♂ og ♀-reklar á sömu plöntu. Aldinið flöt, vængjuð smáhneta. Blöðin tennt, axlablaðlaus. Runnar eða smátrje.

Betulaceæ 73.

2. Tvíbýli, ♂ og ♀-reklar sitt á hvorum plöntueinstaklingi. Hýðisaldin, sem rifnar upp eptir endilöngu. Fræin með fræull. Blöðin tennt eða heilrend með axlablöðum, sem opt eru skammæ. Runnar allmismunandi að stærð, opt mjög smávaxnir.

Salicaceæ 69.

oo. Blómin ♀, heilkrynd, fremur smá, einstök eða fá saman. Smávaxnir runnar.

1. Blöðin tennt. Greinarnar tenntar.

Vaccinium Myrtillus 161.

2. Blöðin heilrend. Greinarnar sívalar.

Vaccinium uliginosum 161.

b. Blöðin sígræn, öll eða aðeins þau yngstu.

o. Elztu blöðin visna að haustinu. Jarðlægur hálf-runni með eggлага, gróftenntum blöðum, silfurhvítum á neðra borði (rjúpnalauf) og stórum, hvítum, lauskryndum blómum.

Dryas 136.

oo. Öll blöðin sígræn.

- * Blöðin flöt, nokkuð breið, eggлага eða öfugeggлага. Stöngullinn jarðlægur eða skriðull. Aldinið rautt ber eða steinber.

† blöðin eggлага, blágrá á neðra borði. Stönglarnir þráðmjóir, skriðulir. Ber.

Vaccinium Oxycoccus 162.

- †† Blöðin öfugeggлага. Stönglarnir ekki þráðmjóir.

1. Blöðin með niðurorpnum röndum og deplótt á neðra borði.

Vaccinium vitis Idæa 162.

2. Blöðin með flötum röndum, deplalaus á neðra borði, gljáandi. Steinber.

Arctostaphylus 158.

** Blöðin smá, striklaga, barrkennd.

† Blöðin örsmá, sívöl, allaga, rákarlaus á neðra borði, mjög þjettstæð, hylja greinarnar. Örsmár mosaleitur, jarðlægur runni, með bjöllulaga blómum. *Cassiope* 157.

†† Blöðin með ljósri rák á miðju neðra borði endilöngu, allþjett, útstæð.

1. Blöðin fíntennt á jöðrunum. Blómin heilkrýnd með rauðblárri, egglega krónu, legglöng á greinendunum. Hýðisaldin. *Phyllodoce* 159.

2. Blöðin sljett á jöðrunum. Blómin lauskrýnd, örsmá, legglaus, í blaðöxlunum. Svartgljáandi steinber. *Empetraceæ* 118.

B. Blöðin mótstæð.

a. Blöðin flöt, sporbaugótt eða öfugeggлага. Smávaxnir, jarðlægir hálfrunnar með meira eða minna hærðum stönglum.

1. Blöðin öfugeggлага, hárlaus. Blómin fagurblá, með fjórskiptri, fallgjarnri krónu, í blómfáum klösum. 2 fræflar með hvítum knöppum.

Veronica saxatilis 170.

2. Blöðin sporbaugótt, randhærð. Blómin rauðblá, með varakrónu, í kollum. *Thymus* 178.

b. Blöðin barrkend, þjettstæð. Jarðlægir eða meira og minna uppsveigðir runnar.

1. Blöðin með niðurorpnum röndum, lík krækilyngsblöðum. Blómin rauð, 5-deild, fá saman á greinendunum. *Loiseleuria* 159.

2. Blöðin örsmá, mjög þjettstæð, opt sköruð. Blómin rauðblá, 4-deild, langæ, í klösum, blómlausum efst. *Calluna* 156.

II. Blöðin samsett eða skert.

A. Blöðin fjaðurtauga, stakfjöðruð.

1. Stöngullinn upprjettur, með þjettum, hvössum þyrnum. Hjúpaldin. Dálítill runni. *Rosa* 130 og 137.

2. Stöngullinn þyrnalaus. Blómin mörg saman í grein-
ótttri skipan. Ber. Venjulegast allstórt trje.

Sorbus 138.

- B. Blöðin handtauga, skert.

Ribes 128.

V. Jurtir með einfaldri blómhlíf eða blómhlífalausar¹⁾.

- I. Blómhlífin grænleit eða rauðlaut, bikarkennd eða alls engin.

- A. Blöðin misstæð, þau neðstu stundum móttæð.

- a. Blöðin heil eða með dálitlum útstæðum sepum neðst.

1. Með himnukenndum axlablöðum, sem vaxin eru
saman, og mynda slíður um stöngulinn.

Polygonaceæ 76.

2. Axlablaðalausar safamiklar jurtir, með meira eða
minna hrímhærðum blöðum (eins og smágjört
hrím liggi á þeim).

Chenopodiaceæ 92.

- b. Blöðin meira eða minna skert eða samsett.

- o. Blöðin handtauga, skert eða fingruð. Blómið
4-deilt.

Alchemilla 130 og 134.

- oo. Blöðin fjaðurtauga, stakfjöðruð.

1. Blöðin tví fjöðruð. Smáblöðin lítil, kringluleit.
Blómin smá, í klasa, og drúpa.

Thalictrum 94 og 98.

2. Blöðin fjöðruð. Blómin í blómpjettu axi
eða koll.

Poterium 130 og 136.

- B. Blöðin móttæð, heil.

1. Blöðin stórtent, með brennihárum. **Urticaceæ** 75.

2. Blöðin heilrend (stöku sinnum krónalaus).

Sagina 82 og 88.

II. Blómhlífin ekki græn, krónblaðkennd.

- A. Blómskipunin karfa. 5 fræflar með samvöxnum frjó-
knöppum.

Compositæ 191.

- B. Blómin ekki í körfu.

- a. Blöðin misstæð.

- o. Blómin undirsætin.

1. Fræflarnir margir. Blómin stór, gul. Margar
frævur. Belghýði.

Caltha 94 og 98.

¹⁾ Hjer eru taldar ýmsar jurtir, þó þær í raun rjettri hafi tvöfalda blóm-
hlíf, ef bikarinn er ógreinilegur eða ummyndaður í hár- eða himnukraga.

2. Fræflarnir ekki fleiri en 9. Blómin smá, hvít eða rauðlaut. Einfraeva. Hneta.

Polygonaceæ 76.

oo. Blómin yfirsætin, smá.

1. Blöðin hálfjöðruð, stór. Blómskipunin samsettur sveipur. **Umbelliferæ 151.**

2. Blöðin stjörnutauga. **Hydrocotyle 152 og 153.**

b. Blöðin mótstæð eða kransstæð.

- o. Blöðin kransstæð. Blómin 4-deild.

Rubiaceæ 185.

oo. Blöðin mótstæð.

- * Blöðin heil og heilrend. Blómin hvít.

1. Blómin fá saman í blaðöxlunum, og lykja tvö forblöð um hvert blóm. Fræin svört, gljáandi. Stöngullinn marggreindur. Ofurlítill safamikil vatna- eða vætujurt. **Montia 94.**

2. Blómin í sveip á stöngulendanum, og lykja um þau 4 stór, hvít, krónukennd reifa-blöð, svo sveipurinn lítur í fljótu bragði út eins og eitt blóm. Rautt steinaldin.

Cornaceæ 150.

- ** Blöðin fjaðurskipt. Blómin hvít eða rauðleit, í þjettum kvíslskúfum. **Valerianaceæ 187.**

VI. Jurtir með lauskrýndum blómum. eða því sem nær.

I. Blómin undirsætin, kringisætin eða hálfyfirsætin.

A. Blómin regluleg.

a. Margir fræflar, fleiri en 12.

- o. Fræflarnir vaxnir saman í pípu um stílinn. Margkleyft klofaaldin. **Malvaceæ 117.**

oo. Fræflarnir ósamvaxnir.

- * Ein fræva í hverju blómi. Krónublöðin 4, gul (stundum hvít eða rauðleit). 2 bikarblöð. Hýðisaldin. Mjólkursafi. **Papaveraceæ 99.**

** Margar frævur í blóminu.

1. Blómin undirsætin, auka- eða ytrabikarlaus. Axlablöð engin. **Ranunculaceæ 94.**

2. Blómin kringsætin, opt með ytrabíkar.
Axlablöð. **Rosaceæ** 129.

b. Fræflarnir ekki fleiri en 12.

o. Frævan stíllaus, blá, með tveim frænisrákum eptir
endilöngu. Blöðin heil, mótstæð. Blómin 4-deild.
Pleurogyne 181 og 184.

oo. Frævan með 1 eða fleiri stílum. Frævurnar
stundum fleiri en ein.

* Einn stíll með heilu fræni eða því sem nær.

† Blómin 4-deild.

1. Blómin í kvíslskúf eða hnoða. 4 fræflar.
Samvaxin axlablöð.

Alchemilla 130 og 134.

2. Blómin í klasa. 2 stuttir og 4 langir
fræflar. Skálpur. Engin axlablöð.

Cruciferae 100.

†† Blómin 5-deild, leggstutt, í klasa, og drúpa.
Blöðin misstæð, venjulega í stofnhvirfing.

Pirolaceæ 154.

** Fleiri en einn stíll, eða einn stíll með skiptu
fræni, stundum fleiri en ein fræva.

† Blöðin heil. 1 fræva.

Δ. Blöðin misstæð, opt í stofnhvirfing.

β. Blómin í blómmörgum kollum eða
blómfáum, klasaleitum hálkvíslum.

1. Blöðin rauðleit, kringlótt, með
löngum, þjettum kirtilhárum. Klasa-
leit hálkvísl. (Ofurlítil mýrajurit).

Droseraceæ 112.

2. Blöðin striklaga, kirtilháralaus.
Hnöttóttir blómkollar með rós-
rauðum eða blárauðum blómum.

Plumbaginaceæ 164.

ββ. Blómin einstök eða fleiri eða færri
saman, stundum í margsamsettum,
blómmörgum skipunum, 5-deild.

1. Blómin einstök á stöngulendanum,
stór, hvít. 5 fræflar.

Parnassia 121 og 128.

- 2 Blómin fleiri eða færri saman (stundum einstök). Krónublöðin gul eða hvít og þá stundum rauð-dröfnött eða með 2 gulum blettum ofan við nöglina. Fræflar 10. 2 stílar. **Saxifragaceæ** 122.

ΔΔ. Blöðin mótstæð.

- β. Blómin einstök á greinendunum, blá-rauð, hálfyfirsætin, með 2 stílum. Blöðin smá, mjög þjettstæð, sígræn. **Saxifraga oppositifolia** 122 og 125.

- ββ. Blómin í kvíslskúfum, undirsætin.
+ Einrýmt hýðisaldin með lausmiðstæðu fræsæti. Stundum þroskast aðeins blómið á aðalstöngulend-
anum.

1. Krónublöðin nagllöng, hvít, rauð eða blárauð.

Silenaceæ 90.

2. Krónublöðin naglstutt, hvít.

Alsinnaceæ 81.

- ++ 4—5-rýmt hýði og hvert rými að nokkru leyti skipt í tvennt. Krónublöðin hvít með gulum nöglum.

Linaceæ 115.

- †† Blöðin skipt eða heil, en þá eru frævurnar fleiri en ein í blóminu.

- Δ. Blöðin heil, kjötkennd. Frævurnar 4—5.

Crassulaceæ 119.

ΔΔ. Blöðin skert

1. Einn stíll með 5-greindu fræni. Blöðin stór, handtauga, skipt og flípótt. Blómin stór, blá í kvíslskúf.

Geraniaceæ 116.

2. 2 stílar. Blöðin sepótt eða flípótt að framan. Blómin hvít.

Saxifragaceæ 122.

B Blómin óregluleg.

1. 5 fræflar með stuttum, ósamvöxnum þráðum, en

samlöðandi knöppum. Blómin einstök, blá. Fremsta krónublaðið með spora. Blöðin heil eða skert.

Violaceæ 113.

2. 10 fræflar með löngum þráðum, sem annaðhvort eru allir samvaxnir, en knapparnir alveg lausir, eða einn frævillinn er alveg laus. Blöðin samsett.

Papilionaceæ 138.

II. Blómin yfirsætin.

A. Blómin 5-deild.

1. Blómin einstök eða í blómfáum sveipum, rauðleit. Stöngullinn þráðmjór. Rautt ber.

Vaccinium Oxycoccus 161 og 162.

2. Blómin í samsettum sveipum, hvít. Tvíkleyst klofaaldin.

Umbelliferæ 151.

B. Blómin 4-deild.

- a. Stöngullinn jarðlægur, opt skriðull, þráðmjór.

Vacc. Oxycoccus 161 og 162.

- b. Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður, ekki þráðmjór.

1. Blómin í sveip, með 4 hvítum, krónukenndum reifablöðum.

Cornaceæ 150.

2. Blómin í klasa, blá, eða rauðblá, sjaldan hvít. Egglegið langt. Fræ með ull.

Oenotheraceæ 143.

VII. Jurtir með tvöfaldri blómhlif og heilkryndum blöðum.

1. Blómin undirsætin.

A. Blómin regluleg.

- a Blómið með 5-skiptum bikar og krónu og 5 fræflum.

- o. Fræflarnir standa inn undan krónuflipunum.

1. Einn stíll. Sveipur.

Primula 163.

2. Fimm stílar. Kollur.

Plumbaginaceæ 164.

- oo. Fræflarnir standa inn undan krónuskerðingunum.

- * Blöðin sígræn, mjög þjettstæð, striklaga, sveigð aptur á bak, með niðurörpnum röndum. Blómin hvít, leggjuð. (Myndar þjettar, opt nærri hnöttóttar smáþúfur til fjalla).

Diapensiaceæ 160.

- ** Blöðin sumargræn.

† Blöðin misstæð.

Δ. Aldinið 4-kleyft klofaaldin. Blómin blá.
Blöðin heil. **Boraginaceæ 175.**

ΔΔ. Aldinið hýði eða ber.

1. Blöðin fjöðruð. Ber. **Solanum 165.**

2. Blöðin 3-fingruð. Blómin í klasa.
Krónan hvít, dálítið rauðmengað,
kögruð. Hýði.

Menyanthes 181 og 184.

†† Blöðin mótstæð. Blómin blá eða rauð-
blá. Háblöðin opt meira eða minna blá-
kögruð. **Gentianaceæ 180.**

Ø. Blómin ekki 5-deild eða aðeins einn blaðkransinn
5-deildur.

ø. Blöðin í hvirfingum annaðhvort efst eða neðst
á stönglinum.

1. Blöðin í topphvirfing og upp úr hvirfingunni
vex eitt leggjað, hvítt blóm venjulega með 7
fræflum. **Trientalis 163 og 164.**

2. Blöðin í stofnhvirfing, beintauga eða bogtauga.
Blómin í axi á stöngulendanum. Fræflarnir 4.
Plantaginaceæ 173.

øø. Blöðin mótstæð. Bikar og króna 4-skipt og 4
fræflar. Tegundir af **Gentianaceæ 180.**

B. Blómin óregluleg.

a. Blöðin 3-fingruð. Blómin í kalli.

Trifolium 140 og 143.

Ø. Blöðin ósamsett.

ø. Egglegið heilt. Stíllinn toppstæður (ø: stendur
efst á eggleginu). 1—2-rýmt hýðisaldin.

1. Blöðin mótstæð. 2 langir og 2 stuttir fræflar
eða aðeins 2 og þá er blómið nærri reglu-
legt (*Veronica*). Hýðið 2-rýmt.

Scrophulariaceæ 166.

2. Blöðin í stofnhvirfing, gulgræn, slímug. Blómin
einstök, legglöng. Krónan blá með spora.
2 fræflar. Hýðið einrýmt.

Pinguicula 172 og 173.

øø. Egglegið 4-skipt. Stíllinn grunnstæður (stendur

milli legrýmanna). 2 langir og 2 stuttir fræflar.
Blöðin mótstæð. **Labiatae** 178.

II. Blómin yfirsætin.

A. Blómskipunin hvorki karfa nje kollur.

a. Blöðin misstæð, stundum í hvirfingu. Blómin regluleg, blá. Einn stíll með 2—3 frænum.

Campanulaceae 189.

b. Blöðin mótstæð eða kransstæð.

1. Blöðin mótstæð, fjaðurskipt. Blómin í stórum, blómmörgum skipunum. Fræflarnir 3.

Valerianaceae 187.

2. Blöðin kransstæð, heil. Blómin 4-deild.

Rubiaceae 185.

B. Blómskipunin karfa eða kollur.

1. Frjóknapparnir ósamvaxnir. 4 fræflar. Blómmargur kollur.

Dipsaceae 188.

2. Frjóknapparnir samvaxnir. 5 fræflar. Karfa.

Compositae 191.



Pteridophýta. Byrkningar.

I. Filícinae. Burkna.

1. Ophioglossáceæ. Naðurtunguættin.

Fjölærar, fremur smáar jurtir, með stuttum upprjettum jarðstöngli, og einu eða fáeinum blöðum, er standa á jarðstönglinum, því loptstöngul hafa þær engan. Blaðið eða blöðin eru klofin í tvennt að ofan og er annar blaðhlutinn laufblaðkenndur, en hinn er breyttur í gróhirzluskipun, sem ýmist er klasaleit eða axleit. Gróhirzlurnar eru hnöttóttar. Blöðin upprjett í brumlegunni eða því sem nær. Öll gróin eins.


A. Blaðhlutarnir heilir. Gróhirzlurnar í axi. Ophioglossum.

B. Blaðhlutarnir fjaðurskiptir. Gróhirzlurnar í klasa.

Botrychium.

1. Ophioglóssum. Naðurtunga.

1. *O. vulgátum* var. *polyphyllum*. Naðurtunga. Ofurlítill, 3—8 cm. há smájurt. — Aðalteg, sem er nokkru stærri og ekki nema með einu blaði, hefur ekki fundizt hjer á landi, en afbrigði (*varietas*) þetta er með fleiri en einu blaði, og vantar stundum gróbæra blaðhlutann á sum þeirra, eða hann er óþroskaður. Grólausí blaðhlutinn er egg-laga eða oddbaugóttur; gróhirzluaxið er gulgrænt, með tveim gróhirzluuröðum, sem ekki ná alveg upp í gegn, svo axið endar



1. *O. vulgatum* v. *polyphyllum* (I. R.)

vanalega í dálitlum, grænum, blaðkenndum broddi. — Gróbær í júlí.

Vex í volgum leirflögum í nánd við leirhveru og brennisteins námur á Reykjanesi og við Mývatn.


2. Botrychium. Tungljurt.

A. Grólausu blaðflíparnir hálfmánalaga eða nýrlaga.

B. lunaria.

B. Grólausu blaðflíparnir lensulaga.

B. lanceolatum.



2. B. lunaria.

2. B. lunaria. Tungljurt. — Grólausu blaðflíparnir opt svo þjettstæðir, að rendurnar ganga á misvíxl. Venjulegast eru þeir heilrendir, stöku sinnum tenntir eða smásepóttir og þá gisnari og breytilegir að lögun. Stundum eru blaðhlutarnir, annarhvor eða báðir, klofnir í tvennt, og stöku planta er með tveim blöðum. Stundum eru nokkrar gróhirzlur á grólausa blaðhlutanum. 5—10 cm. á hæð. — Gróbær í júní—júlí.

Vex einkum í grasivöxnum móbörðum. Alg.

3. B. lanceolatum. Lensutungljurt. — Grólausu blaðflíparnir með misdjúpum skerðingum. Blaðið klofnar rjett neðan við gróhirzluskipunina, grólausi blaðhlutinn stilklaus, breiðari en hann er langur, þríhyrnulaga eða breiðeggslaga. Lítil jurt, gróbær í júlí—ágúst.

F. á 1 st. á N., Hofsfjall í Hörgárdal (Ó.D.).

2. Polypodiaceæ. Tóugrasættin.

Fjölærar jurtir með lárjettum eða skástæðum jarðstöngli, sem blöðin standa á. Blöðin eru ávallt skipt eða hálfjöðruð og opt margskipt, uppvaðin í brumlegunni, eða meðan þau eru óþroskuð. Gróhirzlurnar standa í smáþyrpingum á neðra borði blaðanna; líta þær út eins og móleitir, upphleyptir blettir,

er nefnast gróblettir. Þeir eru nokkuð mismunandi að lögun. Yfir gróblettunum liggur oft ofurlítill himnukenndur leppur, er nefnist gróhula. Öll gróin eru eins. — Fagarar plöntur, sem helzt vaxa í klettaskorum, hraungjótum og urðum.

I. Gróbæru og grólausu blöðin eins.

A. Hulan velþroskuð.

a. Gróblettirnir kringlóttir. Blaðtaug sú, sem þeir eru tengdir við, liggur undir þeim hjer um bil miðjum.

o. Hulan undirstæð, þ. e. fest á gróstæðisfótinn undir gróblettunum, egglega eða kögurskipt.

1. Blaðstilkurinn liðlaus, stökkur. Hulan heil, frammjó. *Cystopteris*.

2. Blaðstilkurinn liðaður neðan til við miðju. — Hulan sem kögur eða hákrans umhverfis gróblettinn. *Woodsia*.

oo. Hulan yfirstæð, þ. e. fest á gróstæðið ofan á gróblettunum, skjaldlaga eða nýrlaga.

* Blaðkan tví—fjórhálfjöðruð. Hulan nýrlaga, fest í nýrkrikanum.

1. Blaðleggurinn margfalt styttri en blaðkan. *Aspidium filix mas*.

2. Blaðleggurinn helmingi eða nokkru styttri en blaðkan. *A. spinulosum* var.

** Blaðkan einhálfjöðruð. Hulan kringlótt, skjaldlaga, fest í miðjunni. *A. lonchitis*.

b. Gróblettirnir dálítið aflangir, til hliðar, eða hliðstæðir við blaðtaug þá, sem að þeim liggur, en sveigjast stundum lítið eitt yfir hana.

Athyrium filix femina.

B. Hulan engin eða óþroskuð. Gróblettirnir kringlóttir.

a. Blaðstilkurinn liðaður á stöngulinn, flosulaus. Blaðkan fjaðurskipt. *Polypodium*.

b. Blaðstilkurinn óliðaður. Blaðkan tví- eða fleirskipt, hálfjöðruð.

o. Blaðkan breiðust neðst, talsvert styttri en blaðstilkurinn.

1. Blaðkan þríhálfjöðruð.

Aspidium dryopteris.

2. Blaðkan tvíhálfjöðruð.

A. phegopteris.

oo. Blaðkan mjórri niður, margfalt lengri en blaðstilkurinn. *Athyrium alpestre*.

II. Gróbæru blöðin greinilega frábrugðin grólausu blöðunum. Blaðkan fjaðurskipt. Gróblettirnir striklaga. *Blechnum*.

3. *Cystópteris*. Tóugras.



3. *C. fragilis*.

4. *C. fragilis*. Tóugras.

— Blaðkan egg- eða lensulaga, oddmjó, tví—þríhálfjöðruð, með tenntum smáflipum, vanalega lengri en blaðstilkurinn, sem stundum er lítið eitt flosugur, en venjulegast flosulaus. Hulan liggur fyrst yfir gróblettunum, en skreppur brátt saman, og fellur burt — Optast fremur smávaxin planta, 4—36 cm. á h.

Algengasti burkni hjer á landi, vex nálega alstaðar í urðum og klettasprungum.

4. *Woodsia*. Liðfætla.

5. *W. ilvénsis*. Liðfætla. — Blaðkan ein—tvíhálfjöðruð, langeggulaga eða lensulaga, stutt og breiðydd eða snubbótt, vanalega miklu lengri en stilkurinn. Öll

plantan meira og minna hærð og flosug. Smávaxin, 4—14 cm. — Nokkuð breytileg

var. rufidula. Þjetthærð og flosug.

var. alpina (*W. i. var. hyperborea*. Grl. Isl. Fl.). Gishærð og lítið flosug eða því sem nær nakin.

Vex í hraunum og klettum; allvíða, f. í öllum lhl.

5. *Aspidium*. Burkni.

6. *A. filix mas*. Stóriburkni. (*Lastræa f. m.* Presl. Grl. Isl. Fl.). Blaðkan ein—tvíhálfjöðruð, oddbaugótt, oddmjó, með hjer um bil jafnbreiðum, snubbóttum, bog-

sagtenntum flípum. Stilkurinn og blaðtaugarnar móflosug, einkum neðantil. Hulan langæ. — Stórvaxnasti burkni á landinu; verður stundum um $2\frac{1}{2}$ fet (75 cm.) á hæð. Á tilbrigðinu

f. *subintegrum*, sem er smávaxnara, eru flíparnir smátenntir eða nærri heilrendir á hliðunum.

Vex helzt í hraungjám. — F. á nokkrum st. á NV. og SV. Tilbrigðið í runnum á NV.


7. *A. spinulósum*. **dilatátum*. Dílaburkni. — (*Lastræa* s. *Presl*. Grl. Isl. Fl.). — Blöðin þrí—fjórhálfjöðruð, egg-laga; bleðlarnir broddtenntir. Neðsta aðalsmáblaðið hvoru megin venjulega breiðara en hin, skakkþríhyrnt. Stilkur og taugar flosug, opt þjett og stórflosug, einkum neðan til, og alsett smá-kirtildílum. Öll blaðkan gróbær. (Á aðalteg. eru neðstu aðalsmáblöðin, eitt eða fleiri, grólaus). Mjög fagur burkni og vanalega allstórvaxinn, 30—60 cm.; stundum á stærð við hinn síðasttalda.

Vex í hraungjám og urðum. — Hjer og hvar á NV., SV. og N

8. *A. lonchitis*. Uxatunga eða Skjaldburkni. — Blöðin löng, lensulaga með hálfmánalaga, þorntenntum smáblöðum, sígræn, skinnkennd, mjög stilkstutt og þjettstæð. Neðstu og stytztu smáblöðin eru öllu fremur skakkþríhyrnd en hálfmánalaga. Stilkur og miðtaug þjett og stórflosug. — Verður allt að 40 cm. á h., en vanalega minni (c. 20 cm.).

Vex í hraunum, urðum og grýttum hliðum. — Má heita alg. um l. a. nema á S.

9. *A. dryópteris*. Þrílaufungur. — (*Polypodium* d. *L.* Grl. Isl. Fl.). — Blöðin skakktíglótt, hárlaus, samsett af 3 stíklöngum, þríhyrndum eða egg-laga, tvíhálfjöðruðum smáblöðum, ljósgræn, fíngerð, mjög stíklöng og gisstæð



4. *A. filix mas*.

á jarðstönglinum, sem er renglulegur og meira eða minna greindur. Stilkurinn lítið flosugur og aðeins neðst. — Mjög snotur burkni, 15—40 cm. á h. Blaðkan 6—16 cm. á lengd, en venjulega breiðari.

Vex í birkikjarri, blómlendi og hraungjám. — Alst. á NV., alg. á SV., víða á N., sjld. á Au, og óf. á S.


10. **A. phegóptervis.** Þríhyrnuburkni. — (*Polypodium ph. L.* Grl. Isl. Fl.). — Blöðin þríhyrnd, oddmjó, hærð, dökkgræn. Smáblöðin stilklaus, lensulaga, fjaðurskipt með nærri heilrendum snubbóttum bleðlum. Stilkurinn vanalega miklu lengri en blaðkan, meira og minna móflosugur og eins blaðtaugarnar. Jarðstöngullinn grannur og greinóttur, með gisstæðum blöðum; 15—40 cm. á h. Blaðkan nálega ætíð lengri en hún er breið.

Vex einkum í hraungjótum. — Víða á SV., við Mývatn og á 1 st. á NV.

6. **Athýrium.** Fjöllaufungur.

11. **A. filix fémína.** Fjöllaufungur. — (*Asplenium f. f. Bernh.* Grl. Isl. Fl.). — Blöðin tvíhálfjöðruð, sjaldan þríhálfjöðruð, löng, oddbaugótt, hvassýdd með oddmjóum, lensulaga smáblöðum og allstórtentnum bleðlum. Stilkurinn miklu styttri en blaðkan, vanalega gisflosugur; flosurnar lensulaga. — Gróin ljósgulbrún. — 20—75 cm. á h.

Vex í hraunum og runnum. — Allvíða á SV. og NV.



5. *A. filix femina.* [5]

12. **A. alpestre.** Þúsundblaðarós. — (*Polypodium rhaeticum L.* Grl. Isl. Fl.). — Mjög lík uf. teg. Blöðin oddbaugótt eða breiðlensulaga. Smæstu bleðlarnir snubbóttir, stutt- og smátenntir. Stilkurinn mjög stuttur, stórflosugur; flosurnar flestar

breiðar, egglaga og þjettstæðar neðan til á stilknum. Gróblettirnir kringlóttir, litlir, gróin dökkbrún; að öðru leyti eins. — 20—60 cm. á h.

Vex einkum fram með lækjum, í gilskorningum og lautadrögum til fjalla á útkjálkum landsins, opt í stórum, þjettvöxnum, fögrum, ljósgrænum brúskum. — Alg. á andnesjunum beggja megin Eyjafj. og víða á NV.

7. Polypódium. Sæturót.

13. **P. vulgare.** Köldugras. — Blöðin mjög mismunandi að lögun, aflöng, lensulaga eða nærri þríhyrnd, flosulaus, ljósgrænni á neðra en efra borði, skinnkennd, sígræn. Bleðlarnir misstæðir, aflangir, snubbóttir, smátenntir eða nærri heilrendir; neðstu bleðlarnir lengstir. Stilkurinn vanalega nokkru styttri en blaðkan. Gróblettirnir stórir, í tveim röðum eptir bleðlunum endilöngum; renna stundum saman við þroskunina. — 4—16 cm. á h.

Vex í klettum, hraunum og innan um grjót. Allvíða á SV. og f. í öllum lhl. nema Au.

Aths. *f. brevis* kallar Lange eintök af þessari plöntu, sem Þ. Th. hefur safnað í Þurárhrauni SV. og á Rauðasandi NV; en jeg get engan verulegan mun sjeð á þeim og öðrum eintökum, sem talin eru aðalteg.



6. *P. vulgare.*

8. Blechnum. Skollakambur.

14. **B. spicant.** Skollakambur. — Grólausu blöðin mjó, lensulaga, kambskipt með þjettum mótstæðum eða lítið eitt misstæðum, mjóum, aflöngum, heilrendum bleðlum með niðurorpnum röndum. Stilkurinn örstuttur, flosugur. Gróbæru blöðin stilklöng með gisstæðum, striklaga bleðlum, og liggja 2 gróblettir eptir hverjum bleðli endilöngum. — Grólausu blöðin skinnkennd, sígræn. — 10—25 cm. á h. — Á

var. fallax, sem er smávaxnari, eru hvortveggju blöðin nálega eins, stilkstutt, gróblaðableðlarnir aðeins lítið eitt mjórri.

Mjög sjaldgæf. Aðalteg.: Siglufjörður N. (St.), Kaldbaksvík NV. (Þ. Th.), *var. Tunguhver* SV. (Gr.).

II. Equisétinæ. Elftingar.


3. Equisetáceæ. Elftingaættin.

Fjölærar jurtir með löngum, djúplægum, víðskriðulum, greindum jarðstöngli, sem stundum er með dökkum smáknollum (Gvendarber, Sultarepli eða Surtarepli). Loptstönglarnir liðaðir, holir með þverskilrúmi um hver liðamót, gáróttir með kransstæðum greinum eða ógreindir. Stöngulblöðin jafnmörg og gárurnar á stöngulliðnum, lítil, samvaxin á röndunum, og mynda tennt slíður um stöngulinn. Gróblöðin skjaldlaga, í axi efst á stönglinum, og standa gróhirzlurnar innan á þeim. Öll gróin eins.

9. Equisétum. Elfting.

- I. Stöngullinn sumargrænn, linur, venjulegast mjúkur átöku, upprjettur eða uppsveigður. Gróblaðaxið snubbótt.
 - A. Gróbæru og grólausu stönglarnir mismunandi, að minnsta kosti í byrjun. Gróbæru stönglarnir móleitir, grænulausir. Greinarnar óholar. Axíð ljósbrúnt eða dökkbrúnt.
 1. Gróbæru stönglarnir spretta í fyrstu gróindum, alllöngu á undan þeim grólausu (Skollafætur), og eru ljósmóleitir, hálfagnsæir, sljettir og visna eptir grófallið. — Neðsti liður greinanna talsvert lengri en stöngulslíðrin, sem greinin sprettur út úr. E. arvense.
 2. Gróbæru stönglarnir spretta hjer um bil samtímis hinum; eru móleitir og greinlausir í fyrstu, en grænka eptir grófallið, og greinast einkum ofantil. Neðsti greinliðurinn styttri en stöngulslíðrin. E. pratense.
 - B. Hvorirtveggju stönglarnir eins frá byrjun, grænir jafnsnemmbroska, vanal. upprjettir. Greinar holar. Axíð dökkt. Axhelman hól.
 1. Stöngullinn greinmargur, stórgáróttur. Blaðslíðrin 5—10-tennt. E. palustre.
 2. Stöngullinn greinlaus eða greinfár, smágáróttur eða aðeins rákóttur. Blaðslíðrin 10—20-tennt. E. limosum.
- II. Stöngullinn sígrænn, harður, meira og minna snarpur, kransgreinalaus. Axíð hvassytt. Hvorirtveggju stönglarnir eins. (Eski).
 1. Stönglarnir 4—8-gáróttir, mjóir, lítið snarpir, stinnir, jarðlægir eða meira og minna uppsveigðir. E. variegatum.
 2. Stönglarnir 10—20-gáróttir, gildir, mjög snarpir, harðir, hjer um bil eða alveg upprjettir. E. hiemale.

15. **E. arvense.** Klóelfting. — Gróstöngulslíðrin bjöllulaga, ljósleit; slíðurtennurnar 8—12, mósvarar og loða opt saman 2 og 2. Grólausu stönglarnir þröngslíðraðir, upprjettir eða jarðlægir, greinmargir. Greinarnar 4—5-strendar (sjaldan 3-strendar), út- og upprjettar eða uppsveigðar, neðstu greinarnar vanalega lengstar. Greinshlíðurtennurnar þríhyrndar, oddlangar og oddmjóar, greinhlífarnar ljósgrænmóleitar. Axið rauðmóleitt. Gróstönglarnir 3—15 cm. og grólausu stöngl. 6—36 cm. á h. — Mjög breytileg. Helztu afbrigðin hjer á landi eru:

7. *E. arvense.*

- a. *boreale*. Grólausu stönglarnir upprjettir, greinlausir neðan til. Greinarnar ógreindar, þrístrendar með þrítenntum slíðrum. — Allstórvaxin.
- b. *erectum*. Grólausu stönglarnir upprjettir; greinarnar greindar, fjórstrendar með fjórtenntum slíðrum.
- c. *decumbens*. Stönglarnir jarðlægir, greinmargir neðantil með greinóttum, einhliða, uppsveigðum greinum. — Optast smávaxin (f. *alpestre*).
- d. *riparium*. Gróbæru stönglarnir meira og minna grænir og greinóttir, varanlegir, og vaxa opt samtímis grólausu stönglunum.
- e. *nanum*. Gróbæru stönglarnir með 5-tenntum slíðrum. Hvorirtveggju stönglarnir grennlúlegir.

Vex í óræktarjörð, graslendi, móum og nýgrónum sand- og leirflögum. Aðalteg. alg., að minnsta kosti á NAu. og SV. — *a.* hefur fundist á n. st. í runnum og urðum á N. og Au., en er sjálfsagt víðar. — *b.* Eyjólfstaðir N. í klettaholu (St.). — *c.* og *d.* á n. st. á N. og SV. og *e.* í rökum leirbörðum fram með laugalæk við Laugafell N. (St.).

Talin góð fóðurjurt, einkum handa hestum, en óvíða svo mikið af henni, að um muni eða til heyfanga sje.

16. **E. pratense.** Vallelfting. — (*E. umbrosum* Willd. Grl. Isl. Fl.). — Gróstönglaslíðrin trektlaga, blá- eða grá-græn. Slíðurtennurnar 12—20, með dökkri eða móleitri mið-

rák og breiðum himnufaldi. Grólausu stönglarnir upprjettir, með nokkuð uppvíðum slíðrum, greinmargir. Greinarnar þrístrendar, með þrítenntum slíðrum, útrjettar eða slapandi, sjaldan út- og upprjettar; hjer um bil jafnlangar, stundum heldur lengri ofan til á stönglinum; optast nær ógreindar. Greinslíðurtennurnar egglega eða þríhyrndar, oddstuttar. Axið gulmóleitt. — Gróstönglarnir 6—10 cm., grólausu stönglarnir 6—35 cm. á h. Nokkuð breytileg; stöku sinnum með 4-tenntum greinslíðrum og stundum eru greinarnar í neðstu krönsunum með smágreinum.

Vex opt mikið af þessari elfting í þurrum valllendismóum og á óræktartúnum, og rýrir töðufallið. — Alg. um allt land nema á S.?

Fóðurgildi hennar líkt og undanfarandi tegundar.

17. **E. palústre.** Mýrelfting. — Stöngullinn grasgrænn eða gráleitur með mjóu miðholi. Slíðrin græn, löng, uppvíð. Tennur þríhyrndar eða lensulaga, grænar, mósvartar í oddinn, með breiðum, hvítum himnufaldi. Greinarnar optast nær 5-strendar, upprjettar, greinhlífin svört, gljáandi. Neðsti greinliðurinn styttri en stöngulslíðrin. Greinslíðurtennurnar þríhyrndar, með löngum skammæjum oddi. Axið leggmjótt og opt legglengt. — 5—50 cm. á h.

Vex í rökum, ekki mjög votum mýrum, nema þá á rindum og þúfnakollum; líka á flötum, sendnum engjum fram með ám. Er opt aðalgrasið á stórum flákum, og vex víða mjög þjett. — Alg. um l. a.

Góð fóðurjurt, einkum handa hestum og sauðfje, sje hún snemmslegin og vel verkuð, enda er mikið heyjað af henni víða um land. Frostþolin er hún ekki, og fellur fljótt, einkum í mýrum, ef næturfrost gjörir að áliðnu sumri. Á þurengjum og bökkum er hún nokkuð þolnari.

18. **E. limósum.** Fergin eða Tjarnelfting. Stöngullinn allgildur, hjer um bil sljettur, en verður djúpgáróttur við þurkun, með víðu miðholi, svo hann verður pípulaga. Slíður græn eða móleitt, stutt, jafnvíð eða því sem nær. Tennur mjóar, sýllaga bæði á aðalstönglinum og greinunum (sjeu þær nokkrar), svartar með mjög mjóum himnujaðri, sem opt gætir alls ekki. Greinarnar 4—7-strendar, strjalar og vanalstuttar. Axleggurinn gildur og stuttur; stundum er axið legglaust. — 2—12 dm. á hæð og jafnvel hærri.

Vex víða í tjörnum, síkjum og vatnavikum, sem oft eru alvaxin þessari stórvöxnu elftingartegund (Ferginstjarnir); í votum flóum, mýrum

og keldudrögum vex hún einnig, en ætíð strjált, og þá smávaxin. Alg. um l. a., nema á NV. hefur hún ekki fundizt enn.

Ágæt fóðurjurt handa mjólkurkúm og þykir einnig gott lambafóður. Viða heyjuð til stórmuna.

19. **E. variegátum.** Beitieski eða móeski. Stöngullinn grænn eða gráleitur, greindur frá stofni, en optast ógreindur ofan til. Slíðrin uppvíð, dökk að ofan. Tennurnar eggлага eða lensulaga, með löngum, örmjóum broddi, sem fellur burt með aldrinum, og móleitri eða svartri miðrák. — 6—20 cm. á h.

Vex í mómum og á þuru, sendnu graslendi og þursaskeggflesjum. — Mjög alg. á N., og víst alg. um l. a.

Talin ágæt vetrararbeitarjurt fyrir sauðfje.

20. **E. hiemále.** Eski eða Eskigras. — Stöngullinn grágrænn, greinfár eða greinlaus. Slíðrin jafnvíð og aðfelld, svartleit eða gráhvít, með dökkum hring ofan og neðan. Tennurnar örmjóar, og falla fljótt, en eptir verða snubbóttir nabbaangar á slíðurbarminum. — 15—40 cm. á h. — Á *var. moorei* eru slíðrin uppvíð, aldökk eða græn með svartri þverrák efst og neðst. Slíðurtennurnar varanlegri. Stöngullinn mjórri.

Vex í sendinni og grýtttri jörð, opt innan um lyng og hrís. Aðalteg. víða um l. a., *var. f.* á n. st.

Höfð til fágunar. — Varla æt fjenaði, nema þá meðan hún er kornung.


III. Lycopodinæ. Jafnar.

4. Lycopodiaceæ. Jafnaættin.

Fjölærar, sígrænar jurtir. Stöngullinn marg-tvíkvíslóttur, trjenaður, stinnur. Blöðin smá, misstæð og þjettstæð, stilklaus, heil og ydd. Gróhirzlurnar stakstæðar í blaðöxlunum. Öll gröin eins.

10. *Lycopodium*. Vargslappi.

- A. Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður. Gróblöðin eins og grólausu blöðin, ekki endastæð. *L. selago*.
 B. Stöngullinn jarðlægur. Gróblöðin frábrugðin grólausu blöðunum, í axi á endunum.
 1. Blöðin á greinunum í 8 röðum. *L. annotinum*.
 2. Blöðin á greinunum í 4 röðum. *L. alpinum*.

8. *L. selago*.

21. *L. selago*. Skollafingur. — Stöngullinn margkvíslóttur með hjer um bil jafn háum, þjettstæðum greinum. Blöðin lensulaga, um 6—8 mm. á l., dökkgræn, stundum gulleit, lárjett eða upprjett og sköruð (f. *adpressum*), og þá vanalega styttri og breiðari. Gróhirzlurnar nýrlaga í miðblaðöxlum ársprotanna. 3—25 cm. á h.

Vex einkum í rökum klettaskorum, urðaholum og hraungjótum. — Alg.


22. *L. annotinum*. Jafna-bróðir eða Lyngjafni. — Blöðin lensulaga, mjóydd, heilrend eða smátennt. Á aðalstönglinum eru þau í 5 röðum,

gisstæð og nokkuð hliðundin; á greinunum þjettari, alhliða, útrjett og lengri, svo greinarnar sýnast gildari. Öxin mjórri en greinarnar, legglaus, einstök, gulgræn, en dökkna, og verða móleit. Gróblöðin eggulaga, stuttydd. — Stöngullinn getur orðið 1 m. á l. eða meir, greinarnar 4—20 cm. á h. — Á afbrigðinu

var. pungens (*var. alpestre Hartm.* Gr. Isl. Fl.) eru greinblöðin styttri, uppbyggð og meira eða minna aðfelld.

Vex í skógrunnum og innan um lyng á SV. og á NV. og 1 st. á N., Kelduhverfi (G. Hj.). Afbr. alg. á NV. og Snæfellsnesi; aðalteg. sjaldgæfari.

23. **L. alpinum.** Jafni eða Litunarjafni. — Blöðin mjög smá, lensulaga, heilrend, þjettstæð á greinunum, en mjög gisstæð á aðalstönglinum, og stundum er hann nærri blaðlaus. Greinarnar mjóar, margkvíslóttar, hjer um bil jafnháar, og standa í þjettum skúfum. Öxin gildari en greinarnar, einstæð, gulleit. Gróblöðin egglega, langydd. — Sjaldan gróbær. — Stöngullinn getur orðið 70 cm. á l. eða meir. Greinarnar 5—8 cm. á h.

9. *L. alpinum.*

Vex í grýttum jarðvegi innan um lyng og hrís, einkum til fjalla. — Alg. á N. og víða í öðrum lhl., óf. á S.

5. Selaginellaceæ. Mosajafnaættin.

Fjölærar smájurtir. Gróin tvennskonar, smærri og stærri. Gróblöðin í axi á stöngulendanum.

11. Selaginélla.

Mosajafni.

24. **S. selaginoides.** Mosajafni. — (*S. spinulosa* R. Br. Grl.. Isl. Fl.). Lítil, fingerð planta, mjög lík mosa, fljótt á litið, með kvíslóttum stöngli og þjettstæðum, lensulaga eða egglega, oddmjóum, þorntenntum blöðum. Greinarnar nærri upprjettar eða uppsveigðar, mislangar.


10. *S. selaginoides.* (I. R.).

Axbæru greinarnar lengstar. Öxin gildust ofan til (kylfulaga), græn í byrjun, en gulna með þroskuninni. — 4—8 cm. á h.

Vex helst í móbörðum og á miður ræktuðum túnum innan um gras og mosa. — Mjög alg. um l. a.

6. Isoëtaceæ. Álptalauksættin.

Fjölærar, smávaxnar vatnajurtir með stuttum hnöllóttum jarðstöngli. Blöðin þjettstæð á jarðstönglinum, striklaga, oddlöng með breiðum fæti, er lykur um gróhirzlurnar. Gróin tvennskonar, smá og stór.



11. *I. echinospora*.

12. Isoëtes. Álptalaukur.

25. *I. echinospora*. Álptalaukur. — Blöðin ljósgræn eða gulgræn, lin, vanalega útsveigð, dálítið brett upp í oddinn. Stórgróin göddótt.

Vex í kafi í vatni — F. á l st. á SV., í Laugavatni (Stp.), annarsstaðar ekki, en vex líklega víðar, sje þessi fundarstaður viss.

Gymnospérmæ. Berfrævingar.

I. -Coniferæ. Barrviðir.

7. Juniperáceæ. Einisættin.

Sígrænir runnar (eða smátrje) með kransstæðum, smáum, allaga blöðum (barri). Tvíbylí. Karlblómskipanirnar eggлага með mörgum kransstæðum, skjaldlaga frjóblöðum. Kvennblómkönglarnir líkir laufbruminu að útliti, með fáeinum fræblöðum, er vaxa nærri alveg saman eptir frjóvgunina, lykjast utan um fræin, og mynda berkennt aldin (berköngul). — Undir ætt þessa telst aðeins ein teg. hjer á l., og aðrir barrviðir vaxa hjer ekki.

13. Juníperus. Einir.

26. *J. communis*. Einir. — Blöðin þjett, lárjett eða skástæð, oddhvöss, nálydd. Frjóblöðin 12 eða 15 með 3 — 6 frjóhirzlum. Fræblöðin ekki nema 3, með 1 eggi hvert. Aldinið (einiberið) nærri hnöttótt, dökkt, bládöggvað, verður fullproskað á 2 árum. — Hjer á landi er einirinn kræklóttur smárunni, sem vex innan um fjalldrapa og birkirunna eða sjer í klettum, urðum og hraunum. Aðalteg. er sjaldgæf, en aptur vex afbrigðið

var. nana (*J. alpina* Clus. Grl. Isl. Fl.) með upprjettum, opt aðfelldum, þjettstæðari, styttri og breiðari blöðum, víða um l. a.



12. *J. communis* v. *nana*.

Angiospérmæ. Dulfrævingar.


I. Monocotylédones. Einkímblaðaplöntur.

8. Juncaginaceæ. Sauðlauksættin.

Fjölærar votlendisjurtir með uppsveigðum og stofnstæðum, strik- eða þráðlaga, slíðurfættum blöðum. Blómin í klasa á stöngulendanum, leggstutt, smá, tvíkynja, regluleg, undirsætin. Blómhlífin 6-blaða, græn; fræflarnir 6 og frævan 3- eða 6-blaða. Klofaaldin, deilaldinin hnetur. Fræin fræhvítulaus.

14. Triglóchin. Sauðlaukur.

- | | |
|---|----------------------|
| A. Klasinn gisblóma. Aldinleggirnir upprjettir. | <i>T. palustris.</i> |
| B. Klasinn þjettblóma. Aldinleggirnir útsveigðir. | <i>T. maritima.</i> |



13. *T. palustris.*

27. *T. palustris.* Mýrasauðlaukur. — Stöngullinn þráðmjór. Blöðin þráðstriklaga, hálfsvöl. Frænin 3. Aldinið 3-klofið, aflangt, niðurmjótt, og liggur upp að stönglinum. — 10—40 cm. á h. Blmg í júní.

Alg. á mýrlendi, að minnsta kosti á N., Au. og SV.

28. *T. maritima.* Strand-sauðlaukur. — Stöngullinn og blöðin grófari en á uf. teg., en lík að öðru leyti. — Frænin 6. Aldinið 6-klofið, egglega, niðurgilt. — Álíka á hæð og uf. teg. Blmg. í júní.

Vex einkum á sjóflæðum og rökum, sendnum flæðiengjum skammt frá sjó. — Alg við Eyjafjörð, og f. á n. st. á SV., S. og l st. á Au.

9. Potamogetonaceæ. Nykruættin.

Fjölærar vatnajurtir, sem annaðhvort eru alveg í kafi eða að nokkru leyti. Blöðin tvíhliðstæð, opt með axlablöðum, mjög mismunandi að lögun. Þau blöðin, er fljóta á vatninu, flotböðin, nálega ætíð frábrugðin þeim, sem í kafi eru, kafblöðunum, vanalega oddbaugótt og bogtauga. Blómin smá, optast í axi og nakin. Aldinið venjulegast samaldin, sjaldan einaldin; smáaldinin hnotkennd. Fræin fræhvítulaus. — Vindfrævun eða vatnfrævun.

I. Blómskipunin ax. Blómin tvíkynja, nakin.

A. Axkólfurinn sívalur, blómskipunin alhliða. 4 fræflar og dálítill blaðka á hverjum þeirra; líta þær út sem væru þær 4 blómhlífblöð. Optast 4 frævur og því samaldin.
Potamogeton.

B. Axkólfurinn flatvaxinn, blómskipunin einhliða og innilukt í efsta blaðslíðrinu um blómgunartímann. 1 frævill og 1 fræva. Einaldin. Zostera.

II. Blómskipun engin. Blómin einkynja á víð og dreif tvö og tvö saman, karlblóm og kvennbóm. Blómhlíf aðeins á kvennbómunum. Zannichellia.

15. Potamogeton. Nykra.

I. Blöðin striklaga, öll eins. Blómin opt kaflæg.

A. Axlablöðin vaxin við neðsta hluta blaðsins, og mynda tvíeyrt slíður um stöngulinn. Blöðin eintauga. P. filiformis.

B. Axlablöðin laus, ekki vaxin við blaðið. Blöðin stutt, broddydd (1—) 3-tauga. P. pusillus

II. Blöðin oddbaugótt, lensulaga eða egglega, að minnsta kosti flotblöðin.

A. Flotblöðin frábrugðin kafblöðunum og meira og minna skinnkennd og ógagnsæ.

a. Öll blöðin stilkud og stíklöng. Axleggurinn allur jafngildur. P. natans.

b. Kafblöðin stílklaus, flotblöðin stílkud, stundum engin.

o. Axleggurinn allur jafngildur, blöðin niðurmjó, himnukennd, mjúkrend. P. alpinus.

oo. Axleggurinn uppgildur, kafblöðin snarprend.


1. Kafblöðin niðurmjó, mjófætt. P. gramineus.

2. Kafblöðin nokkuð breiðfætt og stundum greipfætt.

P. gramineus × perfoliatus.

B. Blöðin öll eins, kaflæg, legglaus, greipfætt, hjartлага eða egglega. P. perfoliatus.

29. *P. filiformis*. Þráðnykra. — (*P. marinus* L. Grl. Isl. Fl.). Blöðin örmjó, ekki 1 mm. á breidd. Öxin



14. *P. filiformis*.

mjög legglöng, með 2—5 aðskildum blómkrönsum; er opt langt bil á milli kransanna og fá blóm í hverjum, stundum aðeins 2. Axleggirnir þráðmjóir og eins stöngullinn. Aldinið trjónulaust, mógrænt. — Stöngullinn 10—30 cm. á lengd. Blmg. í júní-júlí.

var. alpinus er að öllu leyti stærri og grófgerðari en aðaltegundin. Stöngullinn greinóttari og blaðfleiri, og blöðin 1 mm. á breidd; verður allt að því 1 m. á lengd.

Alg. í stöðuvötnum og lygnum straumvötnum um l. a., bæði aðaltegundin og afbrigðið.

30. *P. pusillus*. Smánykra. — Blöðin um 1 mm. á breidd og $1\frac{1}{2}$ — $2\frac{1}{2}$ cm. á lengd, ljósgræn. Stöngullinn vanalega mjög greindur, hármjór, stundum allt að 50 cm. á lengd, og öll plantan mjög fíngerð. Axið stutt, blómfátt. — Blmg. í júní-júlí.

Vex helst í smátjarnapollum. — F. á einum st. á N., SV. og NV.

31. *P. natans* f. *prolixus*. Blöðkunykra. — Kafblöðin lensulaga, blaðstilkurinn grópaður, neðstu blöðin optast blöðkulaus. Flotblöðin oddbaugótt eða aflöng, opt móleit. Aldinið allstórt, gljáandi, gulleitt. — Getur orðið yfir 1 m. á lengd. — Blmg. í júlí—ágúst.

Í tjörnum. — F. á allmörgum stöðum á N. og SV. og 2 st. á Au.

32. *P. alpinus*. Fjallnykra. — (*P. rufescens* Schrad. Grl. Isl. Fl.). Kafblöðin snubbótt, lensulaga, himnukennnd, með breiðri ljósri miðtaug, stundum með bugðóttum

röndum; flotblöðin nokkuð skinnkennd, opt rauðleit, öfug-egglaða eða spaðalaga, og mjókkar blaðkan jafnt niður að stilknum, sem nálega ætíð er styttri en blaðkan. Aldinið allstórt (3 mm.), rauðleitt, með hvössum kili og dálítili trjónu. — 20—70 cm. á l. — Blmg. í júlí.

var. minor. Stöngulliðirnir langir. Blöðin mjó, nærri striklaga, 4—10 mm. á breidd og stundum mjórri.

Vex í tjörnum og síkjum. — Alg. á N. og SV., f. á n. st. á Au. og S.; óf. á NV.; *var. Miðá SV. (Fd.)!*

33. *P. gramineus.* Grasnykra: — Kafblöðin y d d. Flotblöðin legglöng, skinnkennd, oddbaugótt eða sporbaugótt. Efstu stöngulliðirnir stuttir, og því verða öxin náin, opt 3 og 4 saman. Frænið langt. — Aldinið fremur smátt með sljóum kili eða öllu fremur kjöllaust, dökkgrænt. Stundum eru öll blöðin kaflæg og eins í lögun (f. *graminifolius*). — 20—50 cm. á l. og meira. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex í tjörnum, síkjum og laugum. — Alg.



15. *P. gramineus.*

≡ ***P. gramineus* × *perfoliatus*.** — (*P. nitens* Web. Grl. Isl. Fl.). Kafblöðin stundum löng og bein, stundum stutt og bogin. Efstu blöðin sjaldan flotlæg. Axleggurinn stendur opt þverbeint út frá stönglinum. Aldinið með sljóum, en þó hvassari kili, en 33. — Annars mjög breytileg, og líkist ýmist 33 eða 34. — Verður allt að því 1 m. á l. — Blmg. í júlí—ágúst.

Óviða. — F. á 3 st. á SV., 2 á N. og 1 á Au.


34. *P. perfoliatus.* Hjartanykra. — Blöðin venjulega stutt, snubbótt, mjög fíntennt og opt rykkirend. Axið fremur stutt. Aldinið ljósmógrænt með sljóum kili. — Verður allt að 1 m. á l. — Blmg. í júlí—ágúst.

F. í öllum lhl., en á fáum st.

16. *Zostéra*. Marhálmur.

35. *Z. marina* var. *stenophylla*. Marhálmur. — Blöðin mjög löng, bandlaga, snubbótt fyrir oddinn, hjerumbil 3 mm. á br., ein-þrítauga; hliðartaugarnar mitt á milli blaðrandarinnar og miðtaugarinnar. Hulsturblaðið styttra en laufblöðin. Laufblaða slíðrin lokuð. Aldinið aflangt, trýnt, langgárótt. — (Á aðalteg., sem ekki hefur enn fundizt hjer á landi eru blöðin breiðari 5—7-tauga).

Alg. á SV., óvíða f. í öðrum lhl.: NV., N?, Au.

17. *Zannichéllia*. Hnotsörvi.

16. *Z. palustris*.

36. *Z. palustris*. Hnotsörvi. — Blöðin þráðlaga, 3—7 cm. á l., með gagnsæju slíðri, og gengur blaðið út frá því neðst. Samaldin; smáaldinin 2—6 (venjul. 3) dálítið bognar, hálfmáanalaga hnetur, sem eru meira en helmingi lengri en stíllinn. — Fíngerð vatnsplanta, 20—40 cm. á l. eða meir.

Sjaldg. — F. á 2 st. Mývatn N. og Laug hjá Torfastöðum SV. (Fd.).

10. *Juncáceæ*. Sefættin.

Graskenndar, venjulegast fjölærar jurtir með lárjettum eða upprjettum jarðstöngli og strákenndum, mergjuðum loptstöngli. Blöðin strik- eða þráðlaga, flöt eða sívöl, slíðurfætt. Blómin smá, tvískynja, í meira og minna samsettum skipunum. Blómhlíf 6-blaða, venjulegast móleit, himnukennd. Fræflarnir 6 (sjaldan 3); 1 fræva með 1 stíl og 3-skiptu fræni. Aldinið 1-

eða 3-rýmt, rúmkleift hýði. Fræin með fræhvítu. — Vindfrævun. Vaxa bæði á raklendi og þurlendi.

I. Blöðin sívöl eða hálsívöl og þá meira og minna grópuð, hárlaus með opnum slíðrum. Hýðið 3-rýmt, fræmargt.

Juncus.

II. Blöðin flöt, randhærð, að minsta kosti niður við slíður-opið. Slíðrin lokuð. Hýðið 1-rýmt, 3-fræva. Luzula.

18. Juncus. Sef.

- I. Blómskipunin sýnist hliðstæð, því stoðblað hennar er strákennt, og stendur upprjett í beinu áframhaldi af stráinu, og víkur blómskipuninni til hliðar. Stráið að öðru leyti blaðlaust með slíðrum neðantil.
 - A. Stoðblaðið optast álíka langt og stráið, svo blómskipunin virðist standa hjerumbil á stráinu miðju. Blómin ljósleit. J. filiformis.
 - B. Stoðblaðið miklu styttra en stráið.
 - a. Blómin mörg, vanalega legglöng. Stoðblaðið nokkuð langt, opt bogið.
 1. Stoðblaðið miklu meira en helmingi styttra en stráið. Stráið stinnt og gróft. J. balticus.
 2. Stoðblaðið hjerumbil helmingi styttra en stráið. Stráið linara og grennra. J. balticus × filiformis.
 - b. Blómin fá, vanalega leggstutt, svo blómskipunin verður hnoðalaga. Stoðblaðið stutt, sjaldan yfir 6 cm. J. arcticus.
- II. Blómskipunin auðsjáanlega endastæð (sbr. nr. 43). Stráið blöðótt.
 - A. Blómin 2 eða fleiri saman, og mynda eitt eða vanalega fleiri blómhnoðu.
 - a. Blöðin öll ofantil á stráinu, 2—3 að tölu (stundum 1 stofnstætt). J. trifidus.
 - b. Blöðin öll stofnstæð eða neðantil á stráinu.
 - o. Blómhnoðun fá, vanalega 1 eða 2. Hýðið lengra en blómhlífin með stuttri trjónu.
 - * Hýðið odddregið. Blómhnoðun 1—2 (sjaldan 3), blómmörg. J. castaneus.
 - ** Hýðið snubbótt. Blómhnoða aðeins 1, blómfátt.
 1. Hýðið bogstýft. Blómhnoðað 3(—5)-blóma. Blómhlífin hvítleit. J. triglumis.
 2. Hýðið þverstýft, oddnumið. Blómhnoðað ein-tvíblóma (stundum 3-blóma). Blómhlífin dökkleit. J. biglumis.
 - oo. Blómhnoðun mörg, og mynda samsettan skúf. Blöðin með meira og minna greinilegum þverveggjum, og eru þeir að finna eins og smáhnúskar, þegar blöðin eru strokin milli fingranna.

* Hýðið oddregið.


1. Blómgreinarnar upprjettar að lokinni blómguninni. Hnoðun blómfá. Blómin upprjett, einstaka blóm opt legglengt. J. alpinus.

2. Blómgreinarnar útstæðar. Hnoðun blómmörg. Blómin legglaus, útrjett. J. lamprocarpus.

** Hýðið snubbótt. Stráið hnöllótt neðst. J. bulbosus.

B. Blómin einstök, en optast mjög mörg, og mynda margsamsettan skúf. Enginn jarðstöngull. Hýðið styttra en blómhlífin.

J. bufonius.



17. J. filiformis.

37. **J. filiformis.** Þráðsef. — Stráin mörg saman, þráðmjó, ekki mjög stinn, optast ljósgræn, sljett, en verða greinilega langgárótt við þurkinn. Efstu slíðrin á stráinu opt broddydd. Blómhlífblöðin ljósgræn eða ljósmóleit, lensulaga. Stíllinn naumast sýnilegur. Hýðið grænt eða gulleitt (hálmgult), nærri hnöttótt með örstuttri trjónu eða trjónulaust. — 6—30 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Á f. pusilla eru efstu slíðrin með fullproskuðum grópuðum »blöðkum«, er ná upp yfir stoðblaðið, sem vanalega er styttra en stráið. Minni en aðaltegundin.

Vex í deigum mýrum og mýrafitjum, þar sem vallendi og mýrlendi mætist, og er þá stundum aðalgrasið. — Aðalteg. alg. á N. og víða í öðrum landslutum, óf. á S. — Afbrigðið Neslönd við Mývatn (St.). Góð fóðurjurt.

38. **J. balticus.** Hrossanál. — Stráin mörg saman, þjettstæð, gróf, stinn, dökkgræn eða móleit, verða ekki gárótt eða aðeins mjög smágárótt við þurkinn. — Blómhlífblöðin mórauð, eggulaga—lensulaga, innri blöðin snubbótt, broddydd. — Stíllinn greinilegur. — Hýðið gljáandi, kaffibrúnt, oddbaugótt eða öfugeggulaga, stutttrýnt. — 5—45 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í sendnum jarðvegi; á grónum lækjarskriðum, árbökkum og deigum sandflesjum er opt mikið af henni. — Mjög alg.

Á Möðrudalsfjöllum og sjálfsgat víðar er hún slegin, og þykir hollt og kjarngott fóður, en nauðsynlegt mun vera að slá hana snemma, því stráin verða svo trjenuð og hörð, er á liður.

≍ **J. balticus** × **filifórmis**. Stráin lík og á *J. filif.*, en styttri. Blómhlífin dekkri. Stíllinn greinilegur. Hýðið lengra og odddregnara en á aðaltegundunum, með óþroskuðu fræi.

F. á örfáum st.

39. **J. areticus**. Tryppanál. Stráin eins og á *J. balt.* með gljáandi, ljósmóleitum slíðrum. Blómhlífblöðin mósvoört. Hýðið oddbaugótt, mjög snubbótt, vanalega stutttrýnt og mósvalt á lit. Að öðru leyti mjög lík *J. balt.*, en vanalega heldur lægri, 6—30 cm. — Blmg. í júní—júlí.

Vex á samskonar lendi og *J. balt.* — F. víða, að líkindum alg.

40. **J. trifidus**. Móasef. — Stráin mörg saman í þjettum toppum, opt bogin, fingerð með móleitum slíðrum að neðan. Blöðin löng, ná langt upp yfir blómskipunina, þráðmjó, móleit, slíðurlöng; slíðurbarmarnir bæði á blaðslíðrunum og blaðlausu slíðrunum tirjóttir. Blómin optast aðeins 2—3 (stundum aðeins 1), og standa í einu eða tvennu lagi í blaðöxlunum; — er því líkast, að stráíð væri ein- eða tvíkvíslgreint, og blómin stæðu í kvíslgreipunum. — Blómhlífblöðin móggljáandi. Hýðið dökkmóggljáandi, trýnt, styttra en blómhlífin. 3—24 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í þuru mólendi, helst á þúfnakollunum, opt með þursaskeggi (*Elyna Bellardi*), og varpar móleitum blæ á stóra fláka.

Góð beitijurt bæði sumar og vetur fyrir hesta og sauðfje.

41. **J. castaneus**. Dökksef. Stráin einstök eða fleiri, á löngum renzlóttum jarðstöngli, upprjett, allgróf með slíðurháum stofnblöðum; stundum er eitt blað á stráinu ofan við stofninn. Um blómhnoðun lykja allstór, móleit stoðblöð. Blómhlífin mósvoört, lensulaga. Hýðið stórt, aflangt eða eggulaga, mósvalt, gljáandi, allt að því helmingi lengra en blómhlífin. — 10—30 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Aðeins f. á Au. og NV., en á allmörgum st.

42. **J. triglúmis**. Blómsef. Stráin vanalega mörg saman upprjett. Stofnblöðin allslíðurlöng, miklu styttri en stráíð, þegar plantan er fullvaxin. Blómhnoðað vanalega lengra en lengsta stoðblaðið. Blómhlífin gulhvít eða stundum lítið eitt rauðleit. — Hýðið rauðleitt sljóþrístrent, stutttrýnt,

nærri helmingi lengra en blómhlífin. — Heldur smávaxin planta 3—23 cm. á h. Blmg. í júní.

Vex í deigum, leirblöndnum jarðvegi. — Alg.; óf. á S.

43. **J. biglúmis.** Flagasef. Stoðblaðið vanalega lengra en blómhnoðað, beygir sig yfir blómin og víkur þeim til hliðar, svo þau sýnast í fljótu bragði hliðstæð. Blómhlífin móleit. Hýðið gult neðan til, en dökkbrúnt efst og á röðunum, hvassþrístrent ofan til og með dálítilli trjónu í sýlingunni. Að öðru leyti gagnlíkt *J. trigl.*, nema vanalega heldur minna, blöðin nokkru gildari með greinilegri þverveggjum. Blmg. í júní.

Vex í rökum leirflögum. — Alg. að minnsta kosti á N. og Au.; óf. á S.

44. **J. alpinus.** Mýrasef. Stráin upprjett, mörg saman og þjettstæð, 1—3-blaða, en venjulegast með 2 blöðum. Blöðin sívöl eða lítið eitt hliðflöt, vanalega ógreinilega liðuð, meðan plantan er lifandi, en við þurkinn koma liðirnir meira og minna í ljós, eða rjettara sagt, þá mótar glöggt fyrir þverveggjunum. — Blómin 2 mm. á lengd. Blómhlífblöðin mógræn eða rauðbrún. Hýðið þrístrent, egglega gult eða svartbrúnt, nokkuð odddregið með stuttri trjónu, lengra en blómhlífin. — 5—35 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Annars talsvert breytileg planta. Stundum eru mörg af blómunum legglöng (f. *prolifera*) Stundum er blómhnoðað aðeins eitt og plantan smávaxin (f. *uniceps*), og á

var. insignis eru hnoðun fá, greinarnar langar, blómin ljósleitari og plantan í smærra lagi. — Reykjavík (W. og H.).

Vex helst við lindir bæði kaldar og heitar og svo í mýrum. Mjög alg.

45. **J. lamprocárpus.** Laugasef. — Stráin vanalega uppsveigð, 2—5-blaða. Blöðin greinilega liðuð, hliðflöt. Blómin um 3 mm. á lengd. Blómhlífblöðin græn í fyrstu, en verða rauðbrún með aldrinum. Hýðið dökkbrúnt, oddmjórara en á *J. alp.* Að öðru leyti mjög lík því að útliti og stærð, og örðugt að aðgreina þau. — Blmg. í júlí.

Vex helst við laugar. F. allvíða við laugar á N. og SV.


46. **J. bulbósus.** Knollsef. — (*J. supinus Moench.* Grl. Isl. Fl.). — Stráin þjettstæð, örmjó. Jarðstöngullinn stuttur, stundum nærri enginn. Blöðin ógreinilega liðuð, opt nærri hármjó, grópuð neðan til. Stoðblöðin opt rauðleit. Blóm-

hnoðun 2—7-blóma, stundum blaðgróin. Blómhlífin hvít-leit eða ljósbrún. Fræflarnir opt ekki nema 3. Hýðið aflangt, gul- eða rauðbrúnt, lengra en blómhlífin. Afar-breytileg planta bæði að stærð og útliti, eptir því, hvar hún vex. — Í blautri efju eru stönglarnir skriðulir, í vatni eru þeir marandi, blöðin hárfín, blómleggir langir og blaðkrans umhverfis blómið (f. *fluitans*). Stundum er plantan örsmá og fingerð (2—3 cm.) með upprjettum stöngli og fáum eða jafn-vel aðeins einu blómhnoða (f. *pygmæa*) o. s. frv. — Blmg. í júlí.

Viða á SV., en óviða f. annarst. og óf. á S.

47. **J. bufónius.** Lindasef. — Einær. Stráin mörg saman í þjettum toppum, þráð-mjó, ljósgræn eða móleit. Blöðin mjó. Auk stofnblaðanna eru 1 eða 2 blöð á stráinu neðan við blómskipunina. Blómskipunin vanalega meira en helmingur af hæð plöntunnar og optast marggreind, nema á mjög smáum plöntum. Stoðblöðin hvít, meira og minna himnukennnd. Blómhlífblöðin lensulaga, hvít, himnukennnd, með græn-leitri miðrák; ytri hlífblöðin talsvert lengri en þau innri. — Hýðið aflangt, snubbótt, ljósgult, en roðnar opt við þroskunina. — 3—20 cm. á h. — Blmg. í júní—ágúst. Stundum örsmá (f. *pygmæa*).

Við lindir og laugar. Alg. á N. og SV.; f. á 1 st. á Au. og NV.; óf. á S.



18. *J. bufonius*.

18. **Luzula.** Hæra.

I. Blöðin mjó með uppsveigðum röndum.

1. Blómhnoðun legglaus, og mynda þjetta axleita, lotna blómskipun á stráendanum. Blöðin talsvert randhærð, einkum neðantil.

L. spicata.

2. Neðstu blómhnoðun leggjúð og leggirnir opt bognir. (Á stöku

plöntu er aðeins 1 blómhnoða á stöngulendanum). Blaðrendurnar lítið eða ekkert hærðar. *L. arcuata*.

- II. Blöðin nokkuð breið, alveg flöt. Slíðurbarmarnir langhærðir. Blómhnoðun leggjuð, leggirnir beinir. *L. multiflora*.

48. *L. spicata*. Axhæra. — Stráin einstök eða fleiri saman, vanalega með 2 blöðum. Við hvert hnoða í blómskipuninni er dálítið móleitt stoðblað. Hýðið eggлага, oddstutt, móleitt eða nærri svart, styttra eða á lengd við blómhlífina. — 4—44 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Vex helst í mólendi og óræktartúnum. — Mjög alg. um allt land.

49. *L. arcuata*. Fjallhæra. — Stráin fíngerð, vanalega mörg saman, blaðlaus eða ein-tvíblaða. Blaðslíðrin opt rauðleit, einkum þau neðstu. Blómhnoðun smá og blómfá, hnoðaleggirnir hármjóir, optast meira og minna bogsveigðir. Stoðblöðin hárkögruð. Hýðið nærri hnöttótt með örstuttri trjónu, styttra en blómhlífin. — 3—20 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Á

var. confusa (*L. confusa* Lindeb. — Grl. Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

var. confusa (*L. confusa* Lindeb. — Grl. Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.

Isl. Fl.) eru blómhnoðun miklu stærri en á aðalteg. og blómfleiri, stundum aðeins eitt; hnoðaleggirnir upprjettir eða lítið eitt bognir og opt stuttir. Hýðið á lengd við blómhlífina.



19. *L. multiflora*.

50. *L. multiflora*. Vallhæra. — (*L. m. Lej. og L. campestris* D. C. Grl. Isl. Fl.). Stráin vanalega mörg, og mynda þjetta toppa. 1—3 stráblöð. Blómhnoðun mörg á upprjettum eða skástæðum, nokkuð mislöngum leggjum með hálsveipleitri skipan (stundum eru hnoðun fá og leggstutt, svo blómskipunin verður kollótt). Neðsta stoðblaðið er vanalega stórt og líkt stráblöðunum að bygging og útliti (laufblaðkennt). Hýðið öfugeggлага,

þrístrent, snubbótt, optast stutttrýnt, rauðbrúnt eða dökkbrúnt, einkum ofantil, og vanal. styttra en blómhlífin. — 5—54 cm. á h. — Blmg. í júní.


Vex í ýmsu jarðlagi, valllendi, móum, skóglendi o. s. frv. Alg. um l. a.

11. Cyperaceæ. Hálfgrasaættin.


Fjölærar, graskenndar jurtir. Stráið þrístrent, sjaldnar sívalt eða ferstrent, mergjað. Blöðin striklaga, slíðurfætt með ógreinilegri slíðurhimnu eða slíðurhimnulaus. Blaðslíðrin lokuð. Blómin einkynja eða tvíkynja. Blómskipunin ax, sem annaðhvort er einstakt á stráendanum, eða þau eru fleiri saman, og mynda samsetta blómskipun. Við hvert blóm í axinu er ofurlítið hreisturkennt stoðblað; eru háblöð þessi þjett sköruð, meðan axið er óútsprungið, og kallast axhlífar. Blómin nakin eða með burstkransi í blómhlífar stað. Fræflarnir 3; ein fræva með einhólfa egglegi og einum stíl, sem ofantil er klofinn í 2 eða 3 þráðlaga fræni. Aldinið hneta. Fræin með fræhvítu. Vindfrævun.

I. Blómin tvíkynja með burstkransi. Stráin sívöl eða ferstrend.

1. Burstkransinn hármargur; hárin hvít, lengjast við aldinþroskunina, og verða að langri ull (fífu). Eriophorum.
2. Burstkransinn myndaður af 2—6, vanalega snörpum burstum, sem ekki eru lengri en axhlífarnar, og lengjast ekki við aldinþroskunina. — Axið einstakt, endastætt. Scirpus.



20 a. A, blóm af Scirpus; B, blóm af Eriophorum.




20 b. Carex (A, B, C, D). Elyna (E). A, karlblóm; B, kvennbóm (3 fræni); C, kvennbóm (2 fræni); D, kvennbóm; E, kvenn- og karlblóm af Elyna; utr., forblað.

II. Blómin einkynja, nakin.

1. Öxin tvíblóma, kvennblóm og karlblóm, er standa í striklaga samaxi á stráendanum. Kvennblómið með hreisturkenndu forblaði, sem ekki myndar lokað hulstur um aldinið. Elyna.
2. Öxin vanalega blómmörg, annaðhvort einstök eða fleiri saman. Forblaðið myndar flöskulaga hulstur um aldinið, og er opt með löngum hálsi eða trjónu. Stráin þrístrend. Carex.

20. **Erióphorum.** Fífa.

- I. Axið einstakt, endastætt. Stráið með stuttum blöðum, efsta blaðið opt blöðkulaust. E. Scheuchzeri.
- II. Öxin fleiri en eitt. Stráið neðantil með löngum blöðum. E. polystachium.

21. *E. polystachium.*

51. **E. Scheuchzeri.** Einhneppa eða Hrafnafífa. — Stráin alveg sívöl, nokkuð gild, uppsveigð eða nærri alveg upprjett. Blöðin rennulaga, flöt í oddinn, sljett. Axið fyrst hnöttótt—egg-laga, en verður seinna, þegar »fífan« vex, hnöttótt eða jafnvel meira á þvervegin en á lengdina. »Fífan« hvít eða dálítið gulleit. Axhlífarnar egg—lensulaga, svartbrúnar með mjóum hálf-gagnsæjum faldi. Hnetan flatvaxin, þrístrend, öfugegg-laga, stutttrýnd. — 6—30 cm. á h. — Blmg. í maí—júní. Vex í mýrum. — Alg. um l. a.

52. **E. polystachium.** Klófífa eða Marghneppa. — (*E. angustifolium* Roth. Grl. Isl. Fl.). Stráin dálítið flatvaxin. Blöðin (»brokið») kjöluð eða rennulaga, stundum snarprend, þrístrend

framantil og opt mógljáandi, hringbeygjast opt aptur á bak, af því er dregið nafnið »rauðbreyskingur« og »hringabrok«. Öxin eggлага, vanalega 3—5 (sjald. aðeins 1, f. *monostachium*) á mislöngum leggjum, er bogna með aldrinum. »Fífu«hárin mislöng, hvít. Axhlífarnar eggлага, himnukendar, mógráar. Hnetan lík og á uf. teg. — 18—40 cm. á h. — Blmg. maí og júní. — Á

f. congestum eru axleggirnir stuttir og upprjettir. — F. á Au.

Vex á votlendi. — Alg. um allt land og opt aðalgrasið á stórum flákum t. d. á nýuppgrónum vatns- eða tjarnstæðum og árflæðum, og eins til fjalla og inn á hálendinu (»brokflár«).

Viða slegin að miklum mun til fódurs, og sumstaðar er brok eða fífu-hey aðalútheyskapurinn. Þykir lystugt og hollt fóður, ef það verkast, og kjarngott, sje það snemmslegið.

21. Scirpus. Skúfgras.

I. Stráið sívalt. — Burstkransinn með 6 langæjum burstum. Aldinið ógárað.

A. Stíllinn greindur frá eggleginu með þverskoru, gildari að neðan en ofantil, og er gildi parturinn langær og áfastur við aldinið. Frænin 2; stráslíðrin blöðkulaus. *S. palustris*.

B. Stíllinn þráðlaga, og fellur að mestu burt við aldinþroskunina. Frænin 3; aldinið 3-strent, öfugeggлага, broddytt.

1. Stöngulslíðrin með ofurlitilli broddlaga blöðku. Tvær neðstu axhlífarnar jafnlangar axinu eða lengri, með sívölum, grænum broddi. *S. caespitosus*.

2. Slíðrin blöðkulaus. Neðstu axhlífarnar styttri en axið, broddlausar. *S. pauciflorus*.

II. Stráið ferstrent. Burstkransinn með 2—4 skammæjum burstum. Aldinið langgárótt, lengra en blómburstirnar. Örsmá og fingerð jurt.

S. acicularis.

53. *S. palustris*. Vatnsnál. — (*Helocharis palustris* R. Br. Grl. Isl. Fl.). Stráið sljett, allgilt, en mjódd á því neðan við axið. Slíðrin neðst á stráinu rauðbrún eða móleit, gljáandi, en þau efstu græn, aðeins móleit í opið. Axið eggлага eða lensulaga vanalega blómmargt. Axhlífarnar eggлага, brúnar með ljósri himnurönd og opt með grænleitri miðrák. 2 neðstu axhlífarnar stuttar og breiðar, og greipa hvor um hálft axið neðanvert. — Aldinið öfugeggлага. Stílpaturinn, sem eptir stendur, egg- eða keilulaga. — 14—85 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Á deilteguninni

* *S. uniglumis* (*Helocharis uniglumis* Link. Grl. Isl. Fl.) greipar neðsta axhlífin alveg um axið neðanvert. Axið er blómfærra og plantan minni en aðalteg.; að öðru leyti eins.

Vaxa hvorartveggju á votlendi og eru stundum aðalgrasið í grunnum tjörnum og vatnavíkjum, flóadældum og síkjadrögum, sem hálfþorna á sumrin; bera þessar vatnsnálagræður rauðmóleitan blæ, og eru því auðþekktar. Aðaltegundin alg. um l. a., reyndar ekki getið á NV. — Deilteg. sjaldgæfari.

Góð fóðurjurt, en óviða svo mikið af henni að muni til heyfanga.



54. *S. caespitosus*. Mýrafinnungur.

Stráin mörg saman í þjettum, stórum toppum, gárótt, vanalega bogin. Neðstu slíðrin gulhvít eða ljósmóleit. Axið lítið, blómfátt, móleitt. Blómburstirnar sljettar, lengri en hnotin, sem er gljáandi. — 10—25 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Vex í votum mýrum. Alg. um allt land; sumstaðar aðalgrasið á stórum flákum t. d. í Fljótum N. o. v.

Talin góð fóður- og beitijurt.

55. *S. pauciflorus*. Fitjafinnungur.

Stráin sjaldan einstæð, heldur í smátoppum, sljett, vanalega bein. Neðstu slíðrin rauðbrún eða móleit, en þau efstu græn, móleit í opið. Axið eggлага, 3—7-blóma; axhlífarnar móleitar, eggлага með kili, og greipar sú neðsta af þeim alveg um axið. Blómburstirnar jafnlangar eða lítið eitt styttri en hnotin, sem er gljálaus. — 5—20 cm. á h. Blmg. í maí—júní.

Vex helzt í deigum jarðvegi. — Alg. um l. a.

56. *S. acicularis*. Vatnsnæli. — (*Heleocharis acicularis* R. Br. Grl. Isl. Fl.).

Stráin mjög fíngerð, mörg saman. Axið eggлага, ytt. Axhlífarnar brúnar, himnurendar. 3 fræflar og 3 fræni. Neðri hluti stílsins gildari en efri hlutinn, langær og greindur með þverskoru frá hnetunni, sem er öflug-eggлага, gulleit. — 2—4 cm. á h., stundum jafnvel stærri. — Blmg. í ágúst.

Vex í leirefju fram með tjörnum og síkjum. — Möðruvellir N. (St.).

22. *Elyna*. Þursaskegg.

57. *E. Bellardi*. Þursaskegg eða Þursi. — (*Kobresia scirpina* Willd. Grl. Isl. Fl.). — Stráin mörg saman, stinn

og bein, standa í þjettum toppum. Blöðin aðeins neðan til á stráinu, nærri þráðmjó, stinn, grópuð, með mögljáandi slíðrum, sem vara ár frá ári, og dökkna með aldrinum. Axið ljósmóleitt. 3 fræflar og 3 fræni. Hnetan þrístrend, broddydd. — 6—40 cm. á h. Blmg. í maí—júní.

Vex í óræktarmóum, helst á þúfnakollum og á þurrum harðbalaflæsjum; er þá stundum aðalgrasið, og varpar móleitum blæ á móa og bala. Mjög alg. um l. a.

Góð beitijurt bæði sumar og vetur fyrir sauðfje og hesta.

23. Carex. Stör.

- I. Eitt ósamsett ax á stráendanum. **Monostachyæ.**
- II. Fleiri en eitt ax.
 - A. Öxin öll eins, legglaus; öll eða flest bæði með karl- og kvennblómum, og mynda samsett ax á stráendanum. 2 fræni. **Homostachyæ.**
 - B. Öxin mismunandi, sum eða öll leggjuð, og annaðhvort með tómum karlblómum eða eingöngu með kvennblómum; í sumum öxunum eru þó bæði karl- og kvennblóm. **Heterostachyæ.**
 - 1. Frænin 3. **Heterostachyæ-Tristigmaticæ.**
 - 2. Frænin 2. **Heterostachyæ-Distigmaticæ.**


I. Monostáchyæ.

- I. Tvíbýli (þ. e. kvenn- og karlöx, sitt á hvorum einstaklingi). Frænin 2. Hulstrið hárlaust. **C. dioica.**
- II. Einbýli. Karlblómin efst í axinu.
 - A. Frænin 2.
 - 1. Axið nærri hnöttótt, þegar aldinin hafa náð þroska. Stráið vanalega beint. **C. capitata.**
 - 2. Axið eggлага—aflangt, blómfátt. Stráið opt bogsveigt. **C. nardina.**
 - B. Frænin 3.
 - 1. Hulstrin miklu lengri en axhlífarnar, og beinast út og niður við aldinþroskunina. **C. microglochin.**
 - 2. Hulstrin styttri en axhlífarnar, upprjett. **C. rupestris.**

58. **C. dioica.** Tvíbýlisstör. — Stráið vanalega uppveigt, sljóstrent og optast sljett. Blöðin aðeins neðan til á stráinu, þráðmjó, rennulaga neðan til, sljett. Karlaxið mjótt með ljósmóleitum, himnurendum axhlífum. Kvennaxið gildara, eggлага eða jafnsívalt, með eggлага, brúnum axhlífum, sem

eru styttri en hulstrið. Hulstrið þrístrent, eggлага, dökkbrúnt, taugabert, stutttrýnt, og beinist út við aldinþroskunina. — 8—15 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex á deiglendi og í mýrum. Viða á N. og SV., og f. í öllum lhl, nema S.



23. *C. capitata*.

59. *C. capitata*. Hnappstör. — Stráin vanalega fleiri en eitt, þjettstæð, þrístrend og snörp ofantil. Blöðin aðeins neðantil á stráinu, og talsvert styttri en stráíð, þráðmjó, grópuð, snarprend, þyrkingsleg, grágræn. Axið grænleitt eða móleitt. Axhlífar karlblómanna mógular, himnurendar, eggлага. Hulstrin útstæð, eggлага, flatvaxin, taugalaus, hárlaus, sljett, ljósgræn eða gulmóleit, stutttrýnd, lengri og breiðari en axhlífarnar. — 11—27 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex á þuru graslendi. Alg. á N. og sjálfsagt víðar, f. í öllum lhl.

60. *C. nardina*. Finnungsstör. — Vex í þjettum, hörðum þúfum eða toppum, sem opt eru nokkuð stórir um sig og meir myndaðir af lifandi og dauðum blaðsprotum en axbærum stráum. Stráin nærri sívöl, sljett. Blöðin þráðmjó, grópuð neðantil og álíka löng og stráin eða lengri og opt meira og minna bogin. Hulstrin upprjett, eggлага, sljóþrístrend, gistauga og dálítið snörp á röðunum, lengri og miklu mjórri en axhlífarnar. — 3—7 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex á melum til háfjalla. Hefur aðeins fundizt á tveim st. hjer á landi, Kjalfelli hjá Möðrudal (St.) og Hofsfjalli N. (Ó. D.).

61. *C. microglóchin*. Broddastör. — Stráin upprjett, bein, nærri sívöl, sljett. Blöðin aðeins neðst á stráinu og miklu styttri en stráíð, þráðmjó, sljett, hárlaus. Axið mjótt, lensulaga, áður en aldinin taka að þroskast. Axhlífar kvennblómanna eggлага, móleitar, skammæjar. Hulstrin lensulaga eða öllu fremur allaga, og hylja stílinn, en við aldinþroskunina vex langur, grænn broddur út úr hulsturopinu, sem er áfastur við

aldinið neðanvert, og sýnist hulstrið því margfalt trjónulengra en það er í raun og veru. — 8—22 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í deiglendi og mýrum og stundum allþjett á stórum flákum. — Viða um l. a.

62. **C. rupestris.** Móastör. — Stráin upprjett eða uppveigð, hvassþrístrend, snörp, blöðótt neðst. Blöðin flöt með þrístrendum oddi, snarprend og opt bogin. Axið mjótt, aflangt, nærri striklaga. Karlblómin vanalega fleiri en kvennblómin. Axhlífar kvennblómanna öfugeggslaga, dökkbrúnar, með ljósari himnufaldi, lengri og breiðari en hulstrin, og lykja um þau. Hulstrin öfugeggslaga, sljóþrístrend, með stuttri trjónu. — Ofurlítill, óásjáleg startegund 3—8 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex í óræktarmóum og holtabörðum. F. á n. st. á N. og Au.

II. Homostáchyæ.

- I. Karlblómin efst í hverju smáaxi. Smáöxin þjettstæð. Stráið sljóstrent.
 1. Stráið nokkurnvegin beinvaxið, lengra en blöðin. Hulstrið taugabert. *C. chordorrhiza.*
 2. Stráið nálega ætíð bogsveigt, jafnlangt blöðunum eða styttra. Hulstrið ekki taugabert. *C. incurva.*
- II. Karlblómin neðst í smáöxunum.
 - A. Smáöxin nærri hnöttótt. Hulstrin langtrýnd, útstæð, þegar aldinin taka að þroskast. Plantan blágræn. *C. echinata.*
 - B. Smáöxin eggslaga—aflöng eða öfugeggslaga.
 - a. Hulstrið með breiðum, snarprendum, himnukennendum væng. Smáöxin þjettstæð. Samaxið kolllaga, dökkt. *C. festiva.*
 - b. Hulstrið vænglaust. Smáöxin aðskilin, með mislöngum millibilum.
 - o Hulstrið snarprent ofantil. Stráin hvassþrístrend.
 - * Öll smáöxin bæði með karl- og kvennblómum.
 1. Utan á hulsturtrjónunni er ljós eða móleit langrák. Öxin smá, móleit. *C. brunnescens.*
 2. Hulsturtrjónan ráklau. Öxin stærri, hvítleit eða ljósgræn. *C. canescens.*
 - ** Neðstu smáöxin með tónum kvennblómum. Efsta smáaxið lengst og stærst. *C. canescens* × *lagopina.*
 - oo Hulstrið mjúkrent, stutttrýnt.
 - * Stráið hvassþrístrent. Toppaxið stærst, öfugeggslaga eða öllu heldur kylfulaga. Hulsturtrjónan með langrák.
 1. Hulstrið ekki taugabert. Stráið stinnt. *C. lagopina.*
 2. Hulstrið taugabert. Stráið læpulegt. *C. glareosa.*
 - ** Stráið sljóstrent. Smáöxin optast lík að stærð, en mjög misþjettstæð. *C. norvegica.*

63. *C. chordorrhiza*. Vetrarkvíðastör eða Snjó nál.—24. *C. chordorrhiza*.

Jarðstöngullinn langskriðull, með löngum, jarðlægum renglum («vetrarkvíði»). Stráið uppsveigt, skástætt eða upprjett, sljett. Blöðin kjöluð, grópuð, langydd, oddmjó, ljósgræn. Samaxið fyrst aflangt eða lensulaga, en verður skakkeggla með aldrinum. Smáöxin blómfá. Axhlífarnar eggla, rauðbrúnar með ljósari faldi. Hulstrin eins lit, að minnsta kosti ofantil, eggla með stuttri, sléttri trjónu. — 10—25 cm. — Blmg. í júní.

Vex í votum mýrum og flóum, stundum aðalgrasið. — Alg. á N., Au. og SV., en óviða fundin á NV. og óf. á S.

Dágóð fóðurjurt.

64. *C. ineúrva*. Bjúgstör. — Jarðstöngullinn langskriðull, marggreindur. Stráin nærri sívöl, sljett (stöku sinnum hjer um bil bein). Blöðin venjulega uppvaðin, snarprend, græn eða blágræn. Samaxið eggla—hnöttótt og stórt í samiburði við stærð plöntunnar. Axhlífarnar breiðeggla, rauðeða grámóleitar, með ljósari faldi, talsvert styttri en hulstrin, sem eru dregin fram í stutta, snarpa trjónu, eggla og samlit axhlífum, að minnsta kosti ofantil og á röðunum. — 2—16 cm. — Blmg. í júní. — Á

f. argyrolepis eru smáöxin hvít, silfurgljáandi. Látravík NV. (Ostf.).

Þessi einkennilega smástör vex í sendinni jörð, helzt þar sem deigla er. Á deigum roksandsflákum á Möðrudalsfjöllum vex hún sumstaðar einvörðungu. — Alg. um l. a.

65. *C. echináta*. Ígulstör. (*C. stellulata* Good. Grl. Isl. Fl.). — Stráið sljóþrístrent, snarpt uppi við axið, sljett að öðru leyti. Neðstu blaðslóðin ljósmóleit. Blöðin kjöluð, snarp-

rend með mjóum, þrístrendum oddi. Smáöxin 3(—5), vanalega með stuttum millibilum, flest karlblómin í toppaxinu. Axhlífarnar eggлага, móleitar með grænni miðrák og ljósum himnufaldi. Hulstrin eggлага, miklu lengri en axhlífarnar, og dragast fram í langa trjónu, sem er smásagtennt á röðunum. — 10—37 cm. — Blmg. í júlí.

Fremur óviða. F. á n. st. á NV., SV. og N., einum st. á Au. en óf. á S.

66. **C. festiva.** Kollstör. — Stráin gróf, upprjett eða lítið eitt sveigð neðst, sljóstrend, snörp ofantil. Blöðin miklu styttri en stráíð og aðeins neðantil á því, flöt, kjöluð, snarprend, grá- eða blágræn að lit. Axið stutt, en gilt, eggлага, venjulegast dökkmóleitt. Axhlífarnar eggлага, brúnar með ljósum himnufaldi, á lengd við hulstrin eða nokkru styttri. Hulstrin móleit, nokkuð taugaber, flatvaxin, og dragast fram í alllanga trjónu. — 10—16 cm. — Blmg. í júlí.

Vex í þuru vallendi. Aðeins fundin á n. st. á N. og Au.

67. **C. brunnescens.** Línstör. — Stráin upprjett, mjó en nokkuð stinn, snörp ofantil, blöðótt neðantil. Blöðin styttri en stráíð, flöt, kjöluð, langydd og oddmjó, snarprend, blágræn. Smáöxin lítil, stutt, hnatt—eggлага. Axhlífarnar eggлага, móleitar með ljósum himnufaldi, álíka langar eða lítið eitt styttri en hulstrin. Hulstrin einnig eggлага, stutttrýnd, nokkuð útstæð, móleit eða dökkbrún ofantil og á röðunum. — 30—46 cm.

Vex í mýrum. Þorgeirsfjörður N. (St.).

68. **C. canescens.** Blátoppastör. — Stráin vanalega mörg saman, og mynda ásamt mörgum blaðsprotum, stóra, blágræna toppa eða þúfur. Smáöxin venjulegast stærri en á uf. teg., aflöng—eggлага með ljósum eða nærri hvítum axhlífum. Hulstrin ljósgræn, upprjett, mjög stutttrýnd. Toppaxið með mörgum karlblómum. Annars mjög lík uf. teg. — 12—60 cm. — Blmg. í júní og júlí.

f. **tenuis** er með fíngerðum stráum og örsmáum smáöxum. Þóróddsstaðir í Ólafsfirði N. (St.).

Vex í mýrum. Alg. um l. a., að minnsta kosti á N., SV. og NV.

Ágæt fóðurjurt, en óviða vex svo mikið af henni, að hennar gæti til muna í heynu.

× **C. canescens** × **lagopina.** — Toppaxið með örfáum karlblómum. Smáöxin fremur þjettstæð, allmisstór; efsta og

neðsta axið stærri en miðöxin. Axhlífar og hulstur gulleit. Ætið ófrjó. Að öðru leyti mjög lík uf. teg. (c. 30 cm.).

Fróðárheiði SV. (H. J.)!

69. **C. lagopina.** Rjúpustör. — Stráin mörg saman í þjettum toppum, uppsveigð eða upprjett, vanalega snörp ofan til. Blöðin flöt, snarprend, opt dálítið gulleit, lengri eða jafnlöng stráinu í fyrstu, en með aldrinum lengist stráíð, og verður opt helmingi lengra en blöðin. Stundum er aðeins toppaxið með karlblómum. Axhlífarnar dökkbrúnar með ljósari röndum og miðrák, álíka breiðar og hulstrin en vanalega styttri. Hulstrið mógulleitt, stutttrýnt. — 10—32 cm. — Blmg. í júní og júlí.

Fjalllendisplanta, sem vex helzt í rökum melhöllum og daladrögum hátt til fjalla. Alg. í öllum lhl. nema S., þar er hún enn óf.

70. **C. glareósa.** Heigulstör. — Stráin vanalega fá saman, fingerð, venjulegast upprjett eða uppsveigð í fyrstu, en verða álút, og leggjast stundum hálfgjört útaf, þegar þau lengjast, og aldinin þroskast og þyngjast. Blöðin mjó, opt uppvaðin eða samlögd, með löngum, örmjóum oddi, grá- eða blágræn. Axhlífarnar dökkmóleitar (sjald. ljósgular) með ljósleitum eða hvítum himnufaldi, breiðari en hulstrin, en álíka langar og þau, eða lítið eitt styttri. Að öðru leyti mjög svipuð uf. teg., nema hvað axið er vanalega heldur minna. — 15—33 cm. — Blmg. í júní og júlí.

Vex í sendinni jörð, helzt nálægt sjó. Víða á N. og á n. st. í öðrum lhl. nema NV.

71. **C. norvégica.** Skriðstör. — Langskriðull jarðstöngull með strjálum eða nokkuð þjettstæðum blóm- og blaðsprotum. Stráin upprjett, sljett. Blöðin, einkum blaðsprotablöðin, nærri eins löng eða lengri en stráin, flöt, snarprend, lin og vanalega meira og minna gulleit. Axhlífarnar mógular með ljósum röndum og grænleitri miðrák, snubbóttar, breiðar, á lengd við hulstrin eða lítið eitt styttri. Hulstrin grængul, breið, nærri kringlótt, tvíkúpt, með mjög stuttri trjónu. — 7—23 cm. — Blmg. í júní.

Vex helzt á sjóflæðum. — Sjaldg. N., Au. og NV. á örfáum stöðum.

III. *Heterostachyæ*.

- I. Toppaxið með karl- og kvennbómum, karlbómum neðst.
- A. 2 fræni; hulstrið hvítt, smánöbbótt, trjónulaust. *C. bicolor.*
- B. 3 fræni; hulstrin stutttrýnd.
1. Hliðstæðu öxin legglaus eða leggstutt, þjettstæð og upprjett. *C. alpina.*
2. Hliðstæðu öxin leggjúð, og hanga vanalega niður að lokum. *C. atrata.*
- II. Toppaxið með tómum karlbómum (sjaldan með kvennbómum neðst).
- A. 3 fræni.
- a. Hulstrið hært. *C. pilulifera.*
- b. Hulstrið hárlaust.
- o Stoðblöðin slíðurlaus eða með mjög stuttum slíðurfæti.
- * Fleiri en eitt karlax; hulstrið uppblásið með langri, tvítenntri trjónu. *C. rostrata.*
- ** Eitt (sjaldan 2) karlör.
- † Jarðstöngullinn með þjettstæðum stráum (þýfinn).
1. Kvennöxin gisblóma; stoðblöðin hlífblaðkennd. Axhlífarnar dökkbrúnar, snubbóttar. *C. pedata.*
2. Kvennöxin þjettblóma; stoðblöðin laufblaðkennd. Axhlífarnar gulbrúnar, yddar. *C. Oederi.*
- †† Jarðstöngullinn með renglum.
1. Blöðin með niðurorpnum röðum, blágráleit á neðra borði. Hulstrið nöbbótt. *C. flacca.*
2. Blöðin með upporpnum röðum, fagurgræn. Hulstrið gljáandi. (Frænin optast 2). *C. saxatilis.*
- oo Stoðblöðin með slíðrum.
- * Hulsturtrjónan löng, himnukennd í oddinn. Kvennöxin gisblóma og blómfá. *C. capillaris.*
- ** Hulstrið trjónulaust eða stutttrýnt.
- † Kvennöxin upprjett, trjónan stutt; stoðblöðin slíðurlöng.
1. Blágræn; hulstrið finnöbbótt, uppblásið. Axhlífarnar dökkar. *C. panicea.*
2. Fagurgræn; hulstrið sljett, lítið uppblásið. Axhlífarnar optast grænleitar eða gulumóleitar. *C. sparsiflora.*
- †† Kvennöxin hangandi; hulstrið nærri trjónulaust. Stoðblöðin slíðurstutt.
1. Blágræn; blöðin uppvaðin. Kvennöxin allblómþjett, axhlífarnar brúnar. *C. limosa.*
2. Fagurgræn; blöðin flöt. Kvennöxin gisblóma og blómfá. Axhlífarnar svartbrúnar eða svartar. *C. rariflora.*
- B. 2 fræni.
- a. Hulstrið stutttrýnt, gljáandi. *C. saxatilis.*
- b. Hulstrið trjónulaust og gljálaust.
- o Blágræn; blaðraðirnar upporpnar. *C. Goodenoughii.*
- oo Blöðin flöt, með alveg flötum eða niðurorpnum röðum.

* Blöðin alveg flöt. Axhlífarnar 3-tauga, venjulegast yddar, ljós- eða dökkbrúnar. Kvennöxin leggjuð, upprjett, opt blómfá. *C. salina*.

** Blöðin flöt með niðurorpnum röðum.

1. Kvennöxin legglöng, blómmörg og hangandi að lokum. Axhlífarnar yddar, móleitar, 3-tauga.

C. cryptocarpa.

2. Kvennöxin legglaus, upprjett. Axhlífarnar snubbóttar, svartar eða svartbrúnar; eintauga. *C. rigida*.

Heterostáchyæ-Tristigmaticæ.

72. *C. alpina*, Fjallastör. — Stráin mörg saman í toppum, upprjett, beinvaxin, stinn. Blöðin flöt. Smáöxin 3—4, þjettstæð, legglaus eða leggstutt, upprjett; neðst í toppaxinu eru fáein karlblóm. Axhlífar kvennblómanna svartbrúnar, eggлага, styttri en hulstrið, sem er ljóst eða svartbrúnt, öflug-eggлага, snarprent ofantil með stuttri, tvítenntri trjónu. — 13—40 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex einkum í móm og óræktarvallendi. Alg. á NV., N. og Au. Á 2 st. í Dalas., en óf. annarst. á SV og S.

73. *C. atráta*. Svarthöfðastör. — Strá og blaðsprotar í mógrænum toppum; stráin venjulegast 1 eða 2 saman. Blöðin flöt og breið, langydd og oddmjó. Öxin 3—6, aðskilin, leggjuð, toppaxið með örfáum karlblómum, leggstutt, hin öxin nokkuð legglöng og venjulegast hangandi, þegar aldinin eru fullþroska. Axhlífar kvennblómanna svartar eða sót-rauðar, yddar, álíka langar og hulstrið, sem er gulgrænt eða gráleitt, oddbaugótt með mjög stuttri trjónu. — 15—45 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í samskonar lendi og uf. teg. — Alg. á N. Viða á Au., SV. og NV.; óf. á S.

74. *C. flacca*. Blástör. (*C. glauca* Scop. Grl. Isl. Fl.). — Með renglum. Blöðin flöt með niðurorpnum röðum, ljós-gráblá á neðra borði. 1 (eða fleiri) karlax, 2—4 kvennöx, og eru þau neðstu af þeim leggjuð og opt hangandi. Kvenn-axhlífarnar svartar eða svartbrúnar; hulstrið nöbbótt, taugalaust með mjög stuttri trjónu eða trjónulaust.

Njarðvík Au (H. J.)! Höfðabrekka S. (St.); óf. annarst.

75. *C. pilulifera*. Hnoðastör. — Strá og blaðsprotar í þjettum toppum (þýfin); stráið venjulegast grannt, og svignar

niður með aldrinum, þegar aldinin taka að þroskast. 1 karlax og 2—3 stutt, nærri hnöttótt kvennöx með stuttu, grænu stoðblaði. Kvennaxhlífarnar móleitar með grænleitri miðtaug. Hulstrið dúnhært með stuttri, tvítenntri trjónu og tveim taugum eða rifjum. — Blmg. í júlí.

Fróðárheiði, Hellnar SV. (H. J.)!

76. **C. pedáta.** Dvergstör. — Strá og blaðsprotar í þjettum smátoppum (þýfin) með rauðbrúnum gljáandi slíðrum að neðan. Stráið stínt, beint, skástætt eða upprjett, sljett, nærri sívalt. Blöðin mjó, flöt. 1 karlax og 2—3 leggstutt, gisblóma og blómfá kvennöx. Kvennaxhlífarnar snubbóttar, móleitar, miklu styttri en hulstrin, sem eru nærri hnöttótt með 2 óglöggum rifjum og nokkuð langri, oddbugaðri trjónu. — 4—5 cm. á h. að meðalt.

Ofurlitil háfjallaplanta, sem einkum vex á melum á háfjöllum. — Mývatn N. (Lndgr. og Grönl.). Hofsfjall N. (Ó. D.)!

77. **C. capilláris.** Hárleggjastör. — Stráin mörg saman í þjettum toppum (þýfin), upprjett, grönn; blöðin flöt, ljósgræn, öll stofnstæð. Eitt karlax, 2—4 blómfá, gisblóma kvennöx á hárfínum leggjum, sem opt svigna við aldinþroskunina, svo öxin drúpa eða hanga. Stoðblöðin með velþroskuðum slíðrum og þau neðri að minnsta kosti með mistórum blöðkum. Kvennaxhlífarnar snubbóttar, himnukenndar, móleitar í miðjunni, styttri en hulstrið, sem er eggлага, móleitt eða móbrúnt með 3 upphleyptum rifjum, eða sljóþrístrent með langri trjónu, himnukenndri í oddinn. — Örsmá fyrst, en verður allt að 35 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í móum og graslendi, bæði þuru og deigu. Alg. um l. a.

78. **C. panicea.** Belgjastör. — Jarðstöngullinn með renglum. Stráið grannt. Blöðin flöt, blágræn. Eitt karlax; 2—3 upprjett, leggjuð, sívöl, allblómþjett kvennöx. Stoðblaðið með löngu slíðri, sem er þó styttra en blaðkan. Kvennaxhlífarnar snubbóttar eða stuttyddar, mósvartar; hulstrið uppblásið, oddbaugótt eða nærri hnöttótt, mjög smánöbbótt, með fáeinum óglöggum rifjum, og gengur fram í stutta, dálítið bogna, sívala trjónu með heilrendum eða dálítið buguðum munna. — 16—33 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex einkum í mýrum eða þar, sem deigla er í jörð. Víða um l. a. nema óf. á S.

79. **C. sparsiflora.** Slíðrastör. — (*C. vaginata* Tausch. Grl. Isl. Fl.). Lík uf. teg., með renglum, flötum blöðum og grönnum stráum. — Eitt karlax; 2—3 upprjett, leggjúð, fremur gisblóma kvennöx. Stoðblaðið með löngu slíðri, sem er lengra en blaðkan. Axhlífarnar ljósmóleitar. Hulstrið lítið uppblásið, öfugeggla, rifjalaust, sljett, og gengur fram í stutta, bogna, sívala trjónu með buguðum eða sniðskornum munna. — 12—30 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex í móum og vallendisbörðum. — Alg. um l. a. nema óf. á S.

80. **C. limósa.** Flóastör. — Með renglum; stráið hvassstrent, snarpt ofantil. Blöðin mjó, optast með upporpnum röðum, blágræn. Eitt karlax og 1—3, en venjulegast 2, leggjúð, hangandi, eggla allblómþjett kvennöx. Stoðblaðið ekki lengra en stráið, mjög slíðurstutt, slíðrin dökkbrún. Kvennaxhlífarnar móleitar með ljósleitum miðtaugum, eggla, yddar. Hulstrið þrístrent, en flatvaxið, með stuttri, heilli trjónu. — 13—30 cm. — Blmg. í júní.

Vex í blautum mýrum og flóum. F. á allmörgum st. á N. og SV. og 1 st. á NV., en óf. á Au. og S.

81. **C. rariflora.** Hengistör. — Með renglum; stráið sljóstrent, mjúkt. Blöðin flöt, mjó, fagurgræn eða grágræn. Eitt karlax og 2—3 gisblóma og blómfá, hangandi kvennöx. Stoðblöðin styttri en stráið, sýllaga með stuttum mósörtum slíðrum. Kvennaxhlífarnar mósvartrar með ljósleitari miðtaug, snubbóttar og stundum broddyddar. Hulstrið líkt í lögun og á uf. teg., lítið eitt rifjað með mjög stuttri, heilli trjónu. — 16—26 cm. — Blmg. í maí—júní.

Vex í mýrum, sumstaðar til mikilla muna. Alg. um l. a.

82. **C. Oederi.** Gullstör. — Stráin saman í toppum, stinn, sljóstrend, mjúk. Eitt karlax og 2—3 eggla eða nærri hnöttótt, þjettstæð kvennöx; stundum er neðsta axið langt fyrir neðan hin öxin og leggjáð. Stoðblaðið tekur hátt yfir blómskipunina, og er blaðkennt, útsperrt og nærri slíðurlaust. Kvennaxhlífarnar eggla, yddar, gulmóleitar með grænni miðtaug. Hulstrið rifjað, uppblásið, öfugeggla, útsperrt, grængult, dregst snögg að sjer, og gengur fram í langa, greinilega, tvítennta trjónu. — 4—12 cm. á h.

Vex einkum í mýrum nálægt sjó. F. á örfáum st. á N. og SV.

83. **C. rostrata.** Tjarnastör eða Ljósastör. — (*C. ampullacea* Good. Grl. Isl. Fl.). — Jarðstöngullinn með renglum. Stráíð hátt (allt að 125 cm. á h.), sljóstrent, mjúkt. Blöðin blágræn með upporpnum röðum. Stoðblöðin blaðkennd, nærri slíðurlaus. Karlöxin 2 eða fleiri og 2—3, sívöl, upprjett eða dálítið lotin, leggjúð kvennöx. Kvennaxhlífarnar yddar, móleitar. Hulstrin gulgljáandi, útsperrt, uppblásin, hnöttótt, en dragast allsnöggð að sjer, og ganga fram í langa, tvítennta trjónu. — Blmg. í júlí. — Langstórvöxnust af öllum starategundum, sem hér vaxa, þegar hún vex í djúpum tjörnum en smávaxnari, þegar hún vex í mýrum og þá optast ófrjó. (Ljósastör eða ljósalykkja).

Vex víða í tjörnum og síkjum (starartjarnir) og mýrum til fjalla og heiða (ljósastararflár). — Alg. um l. a. nema NV.

Slegin til fóðurs að miklum mun í ýmsum sveitum, og talin gott fóður, einkum handa mjólkurkúm. Sje hún slegin snemma, áður en hún blómgast, má óhikað telja hana eina hina beztu fóðurjurt hjer á landi.

84. **C. saxatilis.** Hrafnastör. (*C. pulla* Good. Grl. Isl. Fl.). — Jarðstöngullinn lárjettur, skriðull, allgrófgerður og sterkur. Upp af honum spretta margir blaðsprotar og gild, allhá strá, snörp ofantil, er standa venjulega með dálitlum millibilum. Blöðin fagurgræn eða dálítið bláleit, flöt eða lítið eitt uppvaðin, bein, upprjett. Stoðblaðið venjulegast ekki eins hátt og blómskipunin, nærri slíðurlaust. Eitt karlax og 1—2 (sjaldan 3) stutt, sívöl eða nærri hnöttótt kvennöx, sem venjulegast eru legglaus eða því sem nær og upprjett, en stundum er neðsta axið á mjóum legg, og drúpir meira eða minna. Kvennaxhlífarnar breiðegglaða, mósvartar. Hulstrið mósvart eða nærri hrafnsvart, dálítið uppblásið, gljáandi, rifjalaust með stuttri sívalri trjónu. Frænin venjulega 2 eða 3. — 20—30 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í mýrum, opt mikið af henni í brokflám til fjalla og heiða. — Alg. um l. a.

Heterostáchyæ-Distigmáticæ.

1. Vulgaris-rigida-salina-deildin.

85. **C. Goodenoughii.** Mýrastör. — (*C. vulgaris* Fr. Gr. Isl. Fl.). — Lausþýfin, með renglum, blágræn. Blöðin mjó með upporpnum röðum (að minsta kosti við þurkinn). Eitt karlax og 2—3 legglaus eða leggstutt kvennöx, neðsta stoð-

blaðið nær upp að karlaxinu. Kvennaxhlífarnar venjulegast alsvartar eða svartar með grænni miðtaug, snubbóttar, eintauga. Hulstrið með veigalitlum, en þó greinilegum rifjum. Mjög breytileg að stærð og útliti. — 15—40 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Víðast hvar aðalgrasið á hálfdeigum mýrum; er það venjulegast þessi teg., sem kölluð er starungur, og er víða meginhluti útheyskaparins. — Góð fóður- og beitijurt; bæði hross og sauðfje eru sólgin í hana á sumrum, einkum þar, sem hún vex í hálfþurum fitjum og umvörpum.

86. **C. salina.** Marstör. — Lausþýfin, með renglum, fagurgræn. Blöðin breið og flöt. Eitt eða fleiri karlöx, 2—3 eða jafnvel fleiri upprjett kvennöx á skemmri eða lengri legg. Stoðblaðið nær upp yfir karlaxið. Kvennaxhlífarnar 3-tauga, venjulegast móleitar og yddar. Hulstrið rifjalaust eða ekki með neinum greinilegum rifjum. Mjög breytileg að stærð og öllu útliti. Þessi afbrigði hafa fundizt hjer á landi:

- a. *kattégaténsis*, há og þroskaleg planta; axhlífarnar mósvartar með ljósleitari miðtaug.
- b. *boreális*, lág, (c. 12 cm.) þrýstin planta með ljósbrúnum axhlífum.
- c. *subspathacea*, lágur, örsmár, 1—2 cm. hár plöntuangi, sem rjett að eins nær upp úr efjunni, sem hann vex í; kvennöxin nærri legglaus og blómfá; axhlífarnar hvítmóleitar, snubbóttar.

Vex í mýrum og á votlendi einkum nærri sjó. — Hjer og hvar. — a. hefur fundizt á Au. og SV.; b. á N. og NV. við Húnaflóa; c. Vopnafjörður Au., í forarefju við botninn á Lóninu (St.). Hörgárósar N. (Ó. D.).

87. **C. cryptocarpa.** Gulstör eða Bleikja. (*C. cryptoc.* og *C. capillipes* Drej. Grl. Isl. Fl.). — Lausþýfin með renglum, þrekin, græn eða meira og minna gulgræn og vanalega allstórvaxin. Blöðin breið og flöt með niðurorpnum röðum. Eitt eða fleiri karlöx og 2—3 eða jafnvel fleiri kvennöx á löngum leggjum, og hanga að lokum. Stoðblaðið nær að minnsta kosti upp að toppaxinu. Kvennaxhlífarnar móleitar, oddmjóar, 3-tauga og lengri en hulstrið. — Mjög breytileg að stærð, 20—80 cm. eða meira; verður stærst í vatni. — Blmg. í juní.

Vex í votum mýrum og flóum, kilum, tjarnapollum og utan með á grynningunum í stórum tjörnum og vötnum; er opt aðalteg. á slíkum stöðum, og víða eru heilir flákar nálega alvaxnir þessari teg. (starengi). — Alg. um l. a.

Ágæt fóðurjurt og ein hin allramerkasta af fóðurjurtum þessa lands, því hún er aðalgrasið á öllum mestu og beztu starengjum landsins.

88. *C. rigida*. Heiðastör. — Fremur lág, en þrýstin og þrekleg, venjulega dökkgræn planta. Jarðstöngullinn með mörgum bog-sveigðum, sterkum renglum með mögljáandi slíðrum eða lágblöðum og strjálum grófgerðum hjárótum. — Stráið beinvaxið, stínt og hart. Blöðin breið, sveigð aptur á bak og flöt með niðurörpnum röðum. Eitt karlax og 2—3 legglaus eða leggstutt kvennöx. Stoðblaðið nær tæpast upp að karlaxinu. Kvennaxhlífarnar svartar eða mósvartar, stundum með ljósleitari miðrák, eintauga, snubbóttar. Hulstrið ekki með neinum greinilegum taugum. — 10—18 cm. á h. — Blmg. í júní. *f. Bigelowii* (= *C. hyperborea* Drej. að nokkru leyti) er hærri (allt að 40 cm.) og grannvaxnari með upprjettum blöðum, lengra stoðblaði og blómgisnari kvennöxum.

Aðalteg. vex á þurlendi, í óræktarmóum, mosapembum og hrjóstugum skriðugeirum, einkum til fjalla og inn til heiða, en tilbrigðið í rökum og frjórri jarðvegi. — Alg. um l. a.

Þessar 4 síðasttöldu teg. eru mjög náskyldar, og mynda iðulega bastarða sín á milli; eru þeir mjög breytilegir, eins og bastörðum er títt; einkenni foreldranna koma fram á þeim ýmislega samblönduð, svo þeim verður naumast lýst í fáum orðum. — Þessir bastarðar hafa fundizt hjer á landi.

≈ *C. Goodenoughii* × *rigida*. (*C. hyperborea* Drejer. Grl. Isl. Fl. að nokkru leyti).

Hjer og hvar um l. a. nema á S.



25. *C. cryptocarpa*.

≡ **C. cryptocarpa** × **Goodenoughii**.

F. á SV., S. og Au. á þó n. st.

≡ **C. cryptocarpa** × **rigida**.

Hvalsárdalur NV. (G. G.)! — Líklega víðar.

2. Bicolor-deildin.


89. **C. bicolor**. Hvítstör. — Vex í smátoppum. Blöðin flöt, blágræn. Toppaxið að mestu leyti með kvennbómum og fáeinum karlbómum neðst. 2 öx eða fleiri með tónum kvennbómum, eitt þeirra er opt stofnstætt á löngum grönnum legg. Axhlífar kvennbómanna dökkbrúnar með ljósri, grænleitri miðtaug. Hulstrið lengra en axhlífarnar, eggлага, hvítt, nöbbótt, rifjalaust og trjónulaust. Frænin 2.

F. aðeins á 2 st. Fnjóskadalsskógur N. (St.). Vallanes Au (H. J.)!


12. Gramineæ. Grasættin.

Plöntur þær, sem teljast til þessarar stóru og merku ættar eru sjerstaklega kallaðar grös eða gras, — en svo eru og allar plöntur nefndar yfirleitt. Grösin eru að því leyti frá-

brugðin hálfgrösunum og öllum öðrum graskenndum plöntum, að stráið er holt, sívalt með óholu knje við hvern blaðfót. Blöðin eru tvíhliðstæð, beintauga, strik-



26. Smáax.



27. Blóm.

nY, ytri axögn; *øY*, efri axögn; *nI* og *ni*, neðri blómögn; *øI* og *øi*, efri blómögn; *l*, næragnir; *st*, fræflar.

laga eða bandлага með löngum, vanalega alveg opnum slíðrum og víxllögðum slíðurröndum; á stöku tegund eru slíðurrend-

urnar vaxnar saman neðantil. Knjen

eru venjulega meira eður minna upphleypt af dálitlu þykkylði í blaðfætinum, og bera opt annan lit en stráið. Á

innanverðu blaðinu, þar sem blaðkan og slíðrin mætast, er hin svonefnda slíðurhimna þvert yfir blaðið. Blóm-in eru optast tvíkynja, og standa í smáöxum með tvíhliðstæðum, hreisturkenndum hlífblöðum, er kallast agnir. Smáöxin eru aldrei einstök heldur fleiri saman á stráendanum — helmunni — og mynda samsettar blómskipanir. Eru þau þá ýmist legglaus, og mynda samax — axgrös —, eða þau eru leggjúð, og kallast blómskipunin þá puntur — puntgrös —. Þegar smáöxin eru leggstutt, og leggjanna gætir ekki, af því þeir eru vaxnir við punthelmuna og blómskipunin líkist fremur axi en punti, kallast hún axpuntur — axpuntgrös —. Tvö neðstu eða yztu hlífblöðin í hverju smáaxi kallast axagnir. Um hvert blóm í smáaxinu lykja svo aptur tvö hlífblöð eða agnir. Ytri-ögnin, sem í raun rjettri er stoðblað blómsins, heitir neðri blómögn, og er opt með burstkenndum broddi út úr oddinum eða bakinu, sem nefnist týta, en hitt, sem er innan við blómið, og er forblað þess, heitir efri blómögn; er hún jafnan tvítauga eða tvíkjöluð og týtulaus. Blómhlíf er engin, en rjett innan við efri blómögnina eru stundum örsmáar hreisturagnir, er heita næragnir. Fræflarnir eru venjulegast 3 með löngum, örfínnum þráðum og löngum frjóknöppum, sýldum í báða enda, sem bifast við hvað lítinn vindblæ, sem er, enda ljettir það hreyfinguna, að þráðarendinn er festur í knappinn miðjan. Frjókornin eru mörg, örsmá og fisljett, og geta því borizt langar leiðir með vindinum. Frævan er ein, með tveim stílum og löngum fjaðurhærðum eða þráðlaga frænum. Miðar þetta allt til þess að gjöra vindfrævunina sem auðveldasta. Aldinið er hneta, og er hún flöt þeim megin, er veit að efri blómögninni og með langskoru, en kúpt hinu megin. Fræið er með mikilli fræhvítu eða mjölva, og er fræskurnið samvaxið fræleginu, og stundum eru blósmagnirnar vaxnar utan um hnetuna — grasaldin, korn. — Öll þau grös, er vaxa hjer á landi, eru jurtkennd, flest fjölær og mörg með meira og minna veturgrænum blöðum. Vindfrævan.

I. Axgrös.

- A. Samaxið einhliða, örmjótt. Smáöxin einblóma. 1 fræni.
Blöðin þráðmjó. Nardus.
- B. Samaxið tvíhliða. Blöðin breið.
a. 2—3 smáöx við hvern lið á samaxhelmunni.

- [1. Smáöxin 1(—2)-blóma. Axagnirnar sýllaga, smáar Neðri blómagnirnar með afarlöngum týtum. Ýmsar teg. vaxa h. og h. við bæi, einkum *H. distichum*.
§ *Hordeum*. Bygg].
2. Smáöxin með fleiri en einu blómi. Týtan engin.
Elymus.
- b. Eitt smáax við hvern axhelmulið.
1. Smáöxin með 3 eða fleiri blómum. Fjölær grös.
Agropyrum.
- [2. Smáöxin 2-blóma, opt með ófrjóu blómi í miðið. Axagnir sýllaga, styttri en smáaxið, týtur langar. Ein- eða tvíær. — Vex opt við bæi.
§ *Secale cereale*. Rúgur].

24. *Nardus*. Finnungur.



28. *N. stricta*.

90. *N. stricta*. Finnungur.
— Gras þetta vex í þjettum þúfum, sem myndaðar eru af blaðfáum eða blaðlausum, stinum, beinvöxnum, upprjettum eða skástæðum stráum og mörgum blaðsprotum. Blaðsprotarnir eru upprjettir neðantil með ljósum, sljettum slíðrum, en blöðkurnar eru meira eða minna útstæðar, mynda stundum rjett horn við slíðrin, stinnar, þráðlaga, gráleitar eða blágrænar. Smáöxin mjó, bláleit. — 10—35 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Mjög þyrkingslegt gras, sem vex helzt í graslautum og brekkuvöngum til fjalla. — Alg. á N. og fundið í öðrum lhl. nema S.

Víða slegið, og þykir allgott kindafóður, en er illt afsláttar, og lítt bitur fjenaður það á sumrum. — Þolir ekki áburð.

25. *Elymus*. Melur.

91. *E. arenarius*. Melur eða Melgras. — Stráin gild, stinn, beinvaxin, sljett og hárlaus, stórvaxnir blaðsprotar. Jarðstönglar afarlangir og marggreindir (meljur) með löngum fín-um rótaröngum (sumtag). Blöðin breið og löng, snörp á efra borði, flöt, en vefjast upp við þurkinn. Samaxið langt og

gilt. Smáöxin optast 3-blóma, efsta blómið karlblóm. Stórvaxið, blágrænt eða gráleitt gras, 40 cm. á hæð og hærra. — Blmg. í júní.

Vex í sandi, en nær aðeins fullum þroska í roksandi, og myndar þá opt háa sandgíga. Algengur við sjó umhverfis land allt og víða uppi í landi, en mest er þó af honum í Skaptafellssýslu og inni á hálendinu í Þingeyjarssýslu.

Í báðum þessum hjeruðum er melgrasið slegið, og þykir kjarngott fóður. Í Skaptafellssýslu hefur melurinn verið skorinn til þreskingar frá ómunatið, og kornið (tininn) haft til manneldis. Meljurnar hafa og verið rifnar víða um land úr hinum hálfblásnu melgígum, og gjörðir úr þeim reiðingar; — hafa menn flýtt fyrir eyðingu heilla sveita með því athæfi (Selvogur), og ætti því að harðbanna slíkt.

26. *Agrópyrum*. Villihveiti.

I. Jarðstöngullinn skriðull, liðalangur, marggreindur. — Blöðin snörp á efra borði og röndunum, en mjúk á neðra borði nema aðeins fremst.

A. repens.

II. Jarðstöngullinn stuttur, lítt þroskaður. Blöðin snörp beggja megin, optast þó minna neðantil á neðra borði.

1. Axagnirnar oddbaugóttar 5—7-tauga.

A. violaceum.

2. Axagnirnar lensulaga 3(—4)-tauga

A. caninum.

92. *A. repens*. Húsapuntur.

— Stráið upprjett eða uppsveigt. Blöðin vanalega flöt, breið og nokkuð stinn. Axagnirnar og neðri blómagnirnar lensulaga, oddmjóar, týtulausar eða með stuttri týtu. — 30—83 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí

Vex helzt við bæi og myndar stundum stórar græður, t. d. utan í gömlum sorp- og öskuhaugum. — Víða um l. a.

93. *A. violáceum*. Bláhveiti.

— Stráið stinnt, upprjett. Blöðin fremur stutt. — Axagnirnar með himnujaðri, vanalega broddyddar, þriðjungi styttri en neðri blómagnirnar, sem eru líkar þeim að gerð og með stuttri týtu. Smáöxin ekki reglulega tvíhliðstæð og liggja upp að axhelmunni. Samaxið upprjett, nokkurnvegin sívált, og nálega ætíð rauðbláleitt. — 28 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Sjaldg. — Vitazgjafi í Eyjafirði (St.) og á 2 öðrum stöðum á N.



29. *A. repens*.

94. *A. caninum*. Kjarrhveiti. — Stráið upprjett. Blöðin löng. Axagnirnar oddmjóar með týtu. Neðri blómagnirnar odddregnar með týtu, sem er allt að því helmingi lengri en ögnin sjálf. Samaxið vanalega lotið. Öll plantan ljósgræn. — 50—88 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex innan um hrís og birkirunna í Fnjóskadal og Bárðardal innanverðum (St.), annarstaðar óþekkt.

II. Axpuntgrös.

A. [Axagnirnar með breiðum himnuvæng á bakinu. Smáöxin hliðflöt. Engar týtur. — Sauðárkrókur (G. M.) og Húsvík (Ó. D.)! § *Phalaris canariensis*].

B. Axagnirnar bakvængslausar.

a. 2 fræflar. Neðri axögnin helmingi styttri en sú efri. Smáöxin 3-blóma, 1 tvíkynja, 2 kynlaus. *Anthoxanthum*.

b. 3 fræflar. Axagnirnar jafnar eða því sem nær. Axpunturinn gildur, sívalur eins og kefli eða egglaða. Smáöxin einblóma.

1. Axagnirnar vaxnar saman að neðan, brodd- eða týtulausar. Neðri blómögnin með baktýtu. Axpunturinn sívalur eins og kefli. *Alopecurus*.

2. Axagnirnar ósamvaxnar með broddi eða týtu. Blómagnirnar týtulausar. *Phleum*.

27. *Anthoxanthum*. Reyrr.

95 *A. odoratum*. Ilmreyrr. — Stráin vanalega í toppum, sjaldnar einstök eða fá saman, upprjett eða knjebeygð neðantil. Blöðin flöt, hjer um bil sljett. Stráblöðin stutt með langri slíðurhimnu, blaðsprotablöðin alllöng. — Axpunturinn aflangur eða lensulaga, gulgljáandi, stundum blámóleitur á plöntum, sem vaxa hátt til fjalla. Smáöxin mjó, nærri allaga, 3-blóma; efsta blómið í hverju smáaxi tvíkynja, tvö neðri blómin



30. *A. odoratum*.

aðeins týtubærar agnir. Við þurkinn gefur gras þetta frá sjer sæta angan. — 16—38 cm. — Blmg. í maí og júní.

Mjög alg. á þuru valllendi helzt utan túns.

Gott fóðurgras, og gjörir heyið ilmsætt og lystugt.

28. Alopecurus. Liðagras.

- A. Axagnirnar vaxnar saman aðeins neðst. Stráið margknjebeygt, skriðult neðantil og aðeins efsti hlutinn upprjettur eða skástæður.
1. Týtan stendur neðar en á miðri blómögninni, og nær langt út úr smáaxinu. *A. geniculatus.*
 2. Týtan stendur á miðri blómögninni eða ofar, og nær lítið eða ekkert út úr axinu. *A. fulvus.*
- B. [Axagnirnar samvaxnar allt upp að miðju, stráið upprjett eða knjebeygt allra neðst. Stórvaxið gras. — (Hólar í Hjaltadal. Fb.). Ágætt fóðurgras. § *A. pratensis*].

96. *A. geniculatus.*

Knjáliðagras. — Blöðin flöt, nokkuð snörp á efra borði; slíðurhimnan löng, snubbótt. Axagnaoddarnir lítið eitt útsveigðir. Frjóknapparnir ljósgulir í fyrstu, en verða brúnir eptir frjóvarpið. — Mjög mismunandi að stærð. — 5—45 cm. á l. — Blmg. í júní—ágúst.

Vex helzt á deiglendi eða þar, sem vatn flóir yfir, sumstaðar einnig á túnum og þá einkum í hlaðvörpum og í nánd við hús. — Alg. að minnsta kosti á N., Au. og SV., óf. á S.

Gott fóðurgras, en vex óviða svo þjett eða svo mikið, að um muni til hefyngs.



31. *A. geniculatus.*

97. *A. fulvus.* Vatnsliðagras. — Mjög líkt uf. teg. að stærð og útliti. Blöðin mjög lítið snörp eða alls ekkert. Blaðslíðrin venjulegast fjólubláleit. Frjóknapparnir rauðgulir. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex í grunnum síkjum og tjarnapollum. — Viða um l. a.

29. **Phleum.** Foxgras.

- A. Efstu blaðslíðrin uppblásin. Frjóknapparnir gulmóleitir. *Ph. alpinum*.
 B. Efstu blaðslíðrin þröng. Frjóknapparnir blámóleitir. *Ph. pratense*.

98. **Ph. alpinum.** Fjallafoxgras. — Stráin upprjett eða knjebeygð. Axpunturinn stuttur og gildur, opt nærri egg-laga, venjulegast dökkbláleitur. Axagnarbroddurinn venjulega helmingi styttri en ögnin. — 12—52 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í móum og graslendi, einkum til fjalla. — Alg. um l. a.

99. **Ph. pratense.** Vallarfoxgras. — Stráin upprjett. Axpunturinn venjulegast langur, sívalur eins og kefli, grænn. Axagnarbroddurinn venjulegast $\frac{2}{3}$ hlutum styttri en ögnin. — 34—50 cm. á h. og eflaust stærri.

Vex á túnum. — Sjldg., en hefur þó f. bæði á N., SV. og NV.
 Ágætt fóðurgras.

III. **Puntgrös.**

I. Smáöxin með 2 eða fleirum blómum, stundum aðeins 1 tvíkynja og þá 1—2 karlblómum.

A. Axagnirnar styttri en smáaxið.

a. Frænin fjaðurhærð, og standa út til hliðanna úr blómunum neðanverðum. Engin himnukennd hlíf-blöð neðan við puntinn.

o. Agnirnar týtulausar. Taugarnar í þeim samhliða, koma ekki saman í oddinn.

* Agnirnar bátлага, smáaxið því tvíeggjað, egg-laga, hliðflatt. *Poa*.

** Agnirnar hvelfdar. Axagnirnar misstórar, vantar stundum aðra eða báðar.

1. Smáöxin 1—2-blóma. Neðri blómagnirnar 3-tauga. *Catabrosa*.

2. Smáöxin blómmörg, aflöng, striklaga, nærri sívöl. Neðri blómagnirnar 3—7-tauga. *Glyceria*.

oo. Agnirnar með týtu eða broddyddar. Taugarnar í þeim liggja saman í oddinn.

1. Stíllinn stendur efst upp úr eggleginu. Kilirnir á efri blómögninni dúnhærðir. Slíðrin opin. *Festuca*.

- [2. Stíllinn stendur neðan við toppinn á eggleginu. Kilirnir á neðri blómögninni stinnhærðir. Slíðrin lokuð, að minnsta kosti neðantil. Punturinn gisinn. Smáöxin stór.

§ *Bromus*.

Af þessu kyni hafa þessar teg. f. hjer á örfáum st. við bæi og vegi:

§ *B. secalínus* með hárlausum slíðrum og hlykkjóttri týtu. — Blönduós (Fd.)!

§ *B. racemósus* með hærðum slíðrum og beinni týtu. — Hólasandur N. (Fd.)!

§ *B. brizæformis* þvínær eða alveg týtulaus með stórum, hliðflötum smáöxum. — Blöndubakki N. (Bertel Þorleifsson)!

§ *B. tectórum* með hliðflötum smáöxum og langri týtu, dálítið einhliða punti og dúnhærðu strái ofantil. — Járngerðarstaðir SV (*B. Sæm.*)!

- b. Frænin löng, þráðmjó, smáhærð, og standa upp úr blóminu. Punturinn mjög greinstuttur, líkist axpunti, og lykja himnukennd hlífblöð um hann neðanverðan. *Sesleria*.

B. Axagnirnar, að minnsta kosti önnur, jafnlangar smáaxinu eða því sem nær.

- a. Neðri blómögnin klofin í oddinn, tvíydd.

1. Axagnirnar með bakkili. Blómagnirnar með langri baktýtu. *Trisetum*.

[2. Axagnirnar hvelfdar, kjöllausar. Blómagnirnar týtulausar. — Stórvaxið gras með breiðum blöðum. — Vex stundum við bæi, og á stöku stað yrkt. § *Avena sativa*. Hafrar].

- b. Neðri blómögnin óklofin, ydd eða snubbótt og smátennt í oddinn.

o Öll blómin tvíkynja. Smáaxið tvíblóma. Neðri blómögnin 4-tennt í oddinn með knjebeygðri eða hjer um bil beinni baktýtu neðarlega.

Aera.

oo Eitt tvíkynja blóm í hverju smáaxi, hitt karlblóm.

[1. Smáaxið tvíblóma. Efra blómið karlblóm með týtu, sem ekki nær út úr axinu, hið neðra tvíkynja, týtulaust. — Þjett- og fín-

hært gras, sem fundizt hefur á fáeinum st. við bæi. § *Holcus lanatus*. Loðgresi].

2. Smáaxið þríblóma, tvö neðstu blómin karl-blóm, efsta eða miðblómið tvíkynja.

Hierochloa.

II. Smáaxið einblóma, blómið tvíkynja.

- a. Smáöxin hliðflöt. Axagnirnar með bakkili, opt mislangar.

1. Löng hár umhverfis blómið utanyfir blómögnunum. Axagnirnar hjer um bil jafnar. *Calamagrostis*.

2. Engin eða mjög stutt hár umhverfis blómið. Axagnirnar mislangar. *Agrostis*.

- b. Smáöxin sívöl, egg- eða spólulaga. Axagnirnar kjöllaugar, jafnlangar. Blöðin breið. *Milium*.

30. Póa. Sveifgras.

I. Neðri blómagnirnar ekki taugaberar.

- A. Axagnirnar misstórar, sú neðri stundum allt að því helmingi styttri en sú efri. Puntgreinarnar beinast niður á við að blómguninni lokinni. *P. annua*.

- B. Axagnirnar nærri jafnstórar.

- a. Blöðin meira og minna snörp. Puntgreinarnar snarpar.

1. Stráin mjúk, fingerð. Slíðrin venjulegast miklu styttri en stráliðurinn. *P. nemoralis*.

2. Stráin snörp, ópýð, venjulegast nokkuð gróf. Slíðrin optast lengri en stráliðurinn. *P. glauca*.

- b. Blöðin og puntgreinarnar mjúk eða því sem nær. — Slíðurhimnan löng. Engir skriðulir blaðsprotar eða renqlur.

1. Blöðin litlu breiðari en stráíð, frammjó. Efsta slíðurhimnan snubbótt, opt tirjótt. Punturinn mjór með upprjettum greinum, vanalega lotinn. *P. laxa*.

2. Blöðin miklu breiðari en stráíð, hjer um bil jafnbreið, með stuttum breiðum oddi, sem dregst saman í totu. Efstu slíðurhimnurnar yddar, heilar eða klofnar. Punturinn gildur, eggлага, með meira og minna útrjettum greinum.

P. alpina.

II. Neðri blómagnirnar taugaberar. Blöðin venjulegast meira eða minna snörp.

1. Langar, skriðular renqlur eða blaðsprotar. — Punturinn egg- eða keilulaga. Slíðurhimnan stutt, snubbótt eða stýfð. Slíður og blaðsprotar sívöl. *P. pratensis*.

2. Engar langar, skriðular renqlur. Punturinn aflangur. Slíðurhimnan löng, odddregin. Slíður og blaðsprotar lítið eitt flatvaxin.

P. trivialis.

100. **P. ánnua.** Varpasveifgras. — Ein- eða tvíært gras. Stráin vanalega mörg saman, stundum einstök, uppsveigð, stundum jarðlæg neðantil, lin, mjúk og lítið eitt flatvaxin. Blöðin flöt, lin, mjúk og opt þverhrukkótt. Efstu slíðurhimnurnar langar. Punturinn gisinn, egg- eða keilulaga, puntgreinarnar sljettar. Smáöxin græn, gulleit eða stundum lítið eitt bláleit. — 3—36 cm. á h. — Blmg. frá því í júní til hausts.

Vex helzt í oftaddri jörð kring um hauga og í hlaðvörpum, opt innan um arfa og kallast þá einu nafni slavak. Sjálfsagt algengt um l. a., þó þess sje enn ekki getið á S.

Ljelegt gras til heyfangs, því það rýrnar svo mikið við þurkinn, og hefur lítið gildi sem fóðurgras.

101. **P. nemoralis.** Runnasveifgras. — Stráin vanalega mörg saman, en mismunandi þjett, beinvaxin, upprjett, aðeins lítið eitt sveigð neðst, með brúnleitu knjám og blöðótt langt uppeptir. — Blöðin mjó, slíðurhimnan stutt, snubbótt eða hjer um bil þverstýfð. — Punturinn mjór, gisinn; smáöxin lítil og vanalega blómfá, gulgræn, bláleit eða blámóleit, annars allmismunandi að stærð og lit. Tegund þessi er talsvert breytileg, og líkjast sum afbrigði hennar ýmsum afbrigðum eftirf. teg., svo skýr takmörk verða naumast dregin þar á milli. — 18—35 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex einkum í runnum, urðum og hraunum. — Alg. á N., Au. og SV. og sjálfsagt víðar.

Gott fóðurgras, en óvíða svo mikið af því, að um muni.

102. **P. glauca.** Blásveifgras. — (*P. caesia* Sm. Grl. Isl. Fl.). Stráin vanalega mörg saman í þjettum toppum, uppsveigð, skástæð eða alveg upprjett, opt meira og minna bogin, vanalega blöðótt neðantil og allt að miðju, en sjaldan ofar. Blöðin fremur mjó, slíðrin opt snörp, efstu slíðurhimnurnar fremur langar, snubbóttar. Punturinn mjór, greiðir úr sjer, meðan á blómguninni stendur, og er þá langegglaða, en legst svo aptur saman. Smáöxin vanalega heldur stærri en á uf. teg. og blómfleiri, blágráleit, rauðblá eða blámóleit, sjaldan græn. Annars allbreytileg teg. — 8—40 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Gráleitt eða blágrænt, fremur óþýtt gras, sem einkum vex í grýttri óræktarjörð, vex einnig stundum á miður ræktuðum túnum, en líkist þá allmjög uf. teg. Alg. um l. a.


103. **P. laxa.** Lotsveifgras. — Öll plantan mjúk, græn eða bláleit. Stráin uppsveigð eða upprjett. Blöðin flöt eða samlögð. Punturinn grænn eða fjólubláleitur. — Fremur smávaxið gras. — 6—18 cm. á h.

Vex helzt hátt til fjalla á melum. — Sjldg. Grænahlíð NV (Stp.)! Uxaskarð N. (St.).

104. **P. alpina.** Fjallasveifgras. — Stráin vanalega mörg saman í þjettum þúfum, upprjett eða lítið eitt uppsveigð, beinvaxin, með mörgum, þjettstæðum, vanalega allöngum, grænum og visnuðum stofnblöðum, en uppi á stráinu eru blöðin venjulegast mjög stutt. Punturinn mjög opt blaðgróinn og breytilegur að lit, stundum alveg grænn, lítið eitt bláleitur, dökkfjólublár eða ljósrauðblár. Stráin, eða að minnsta kosti blaðslíðrin, eru vanalega lík á litinn og punturinn; sje t. d. punturinn rauðblár, er stráid og blaðslíðrin það einnig. Neðri blómagnirnar eru ofantil með móleitum, sjaldan alveg hvítum himnufaldi, svo punturinn er ætíð mislitur. — 7—50 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í grýttum jarðvegi til fjalla og niður á láglandi í holtum og á miður ræktuðum túnnum. Alg. um l. a.

Sjálfsgott gott fóður- og beitigras, en vex heldur strjált.



32. *P. pratensis.*

105. **P. pratensis.** Vallarsveifgras. — Stráin venjulegast fremur gisstæð, stundum einstök, uppsveigð eða alveg upprjett og beinvaxin. Blöðin allbreið, flöt með totuoddi og venjulegast snarprend. Blaðsprota- og stofnblöðin miklu lengri en stráblöðin, slíðurrendurnar samvaxnar nokkuð uppeptir. — Yfirleitt mjög lík uf. teg., fljótt á lítið. — Punturinn er venjulega lengri, grænn eða bláleitur og optast -gisnari, að minnsta kosti meðan á blómguninni stendur. Axagnirnar nærri jafnlangar. — Bezta einkennið er renglusprotarnir, sem *P. alpina* hefur aldrei. — 10—60 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex helzt á valllendi, bæði ræktuðu og óræktuðu. Alg. um l. a.

Ágætt fóðurgras.

106. **P. triviális.** Hásveifgras. — Stráin venjulegast mörg saman, uppsveigð, allgróf, blöðótt uppundir punt. Blöðin löng, stuttydd, totulaus, snörp. Slíðrin löng, venjulegast lengri en stráliðirnir og opt snörp við uppstroku. Punturinn mjög stór (16 cm. eða meir), grænn eða bláleitur, stundum gulhvítur (*f. pallida*). Axagnirnar mislangar. — Venjulegast stórvaxið gras 30—70 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex helzt í deigu vallendi og mýrajöðrum. Viða. F. í öllum lhl. nema á Au.

Ágætt fóðurgras, en óviða vex svo mikið af því, að um muni til heyfangs, en mætti sjálfsagt rækta það.

31. Catabrósá. Narvagrás.

A. Skriðull jarðstöngull með löngum, greindum renglum. Punturinn keilulaga, blámóleitur. *C. aquatica.*

B. Enginn jarðstöngull. Punturinn aflangur, grængulur. *C. algida.*

107. **C. aquática.** Vatnsnarvagrás. — Stráin gisstæð, uppsveigð, skriðul neðantil og með blaðsprotum, lín, hárlaus. Blöðin nokkuð breið, mjúk eða lítið eitt snarprend. Slíðrin mjúk, opt rauðblá og lokuð neðantil. Slíðurhimnan snubbótt, fremur löng. Punturinn með útrjettum greinum, sem opt beinast meir eða minna niður á við. Axagnirnar mjög misstórar, bláleitar; neðri blómagnirnar móleitar með hvítum himnujöðrum, snubbóttar og tirjóttar í oddinn. — Upprjetti, rótalausí stráhlutinn 7—30 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex á votlendi eða þar, sem vatn flóir yfir. — Viða um l. a.

108. **C. algida.** Snænarvagrás. — Stráin uppsveigð, skástæð eða upprjett, nærri sívöl, mjúk, venjulegast mörg saman í smátoppum eða þúfum. Blöðin snubbótt, mjúk, með stuttri, snubbótttri slíðurhimnu. Punturinn mjór, aflangur. Smáöxin venjulega einblóma. Axagnirnar örsmáar, og vantar stundum aðra þeirra eða báðar. — 2—6 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Smágresi þetta vex í aur við fanna- eða jökulbrúnir hátt til fjalla, þar sem jarðvegur er sírakur og kaldur af snjóvatni. Hefur aðeins f. á fjöllum vestan Hörgárdals N. (St.).

32. Glycéria. Kornpuntur.

A. Neðri blómagnirnar 3—5-tauga, ekki taugaberar.

1. Puntgreinarnar beinast út og niður að blómguninni lokinni. Blöðin flöt, snörp á efra borði. *G. distans.*

2. Puntgreinarnar alltaf upprjettar. Blöðin hálsívöl ofantil, samanlögð neðantil, mjúk, hárlaus. G. maritima.
 B. Neðri blómagnirnar 7-tauga, taugaberar. G. fluitans.

109. **G. distans.** Varpakornpuntur. — Strá og blaðsprotar mörg saman frá sömu rót. Stráin uppsveigð, skástæð eða allt að því lárjett og þá sveiplæg. Slíðurhimnan fremur stutt, stýfð eða snubbótt. — Puntgreinarnar snarpar, upp- og útrjettar um blómgunartímann, en beinast svo niður. Öxin aflöng—striklaga, 4—7-blóma, venjulegast grænleit eða dálítið bláleit ofantil. — Axagnirnar mjög misstórar, að mestu himnukenndar, snubbóttar. Aldinin (kornin) mjög laus og fallgjörn. — 8—34 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex helst í kring um bæi og á strandflesjum. Hlaðvarpar og gamlir öskuhaugar eru opt algrónir þessu grasi. Alg. um l. a., nema óf. á S.

Ágætt fóðurgras, en hvergi, sem jeg þekki til, vex svo mikið af því, að um muni til heffangs.

110. **G. maritima.** Fjörukornpuntur. — Mjög lík uf. teg. — Síðari hluta sumars vaxa skriðulir blaðsprotar eða renglur út frá stofninum. Puntgreinarnar liggja upp með punthelmuinni að blómguninni lokinni. Smáöxin mjó, 5—8-blóma. — 6—13 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex við sjó. Aðeins fundinn á 2 stöðum: í Dalasýslu (Fd.)! og Snæfellsnessýslu (H. J.)!

111. **G. fluitans.** Síkjakornpuntur. — Skriðull jarðstöngull með renglum. Stráin uppsveigð. Blöðin snörp framan til á neðra borði. Slíðrin flatvaxin. Slíðurhimnan löng, tirjótt. Punturinn langur og mjór með allfjarstæðum greinum, sem eru upprjettar og aðlægar fyrir og eptir blómgunina, en útspertar um blómgunartímann. Smáöxin fá á hverri grein, einhliðstæð og nokkuð fjarstæð, sívöl, 7—12-blóma. Neðri blómögnin opt 3-tennt í oddinn.

Stórvaxið gras, sem vex í síkjum og grunnum tjörnum. Mjög sjldg. aðeins fundinn á 3 st. í Rangárvallasýslu og Árnessýslu sunnanverðri. Mjög gott fóðurgras.

33. **Festúca.** Vingull.

- A. Blöðin, að minnsta kosti þau neðstu, uppvaðin, svo þau verða nærri þráðlaga; felld í brumlegunni. Neðri blómagnirnar með týtu.
 1. Með renglum; stráblöðin venjulegast flöt. Stráin sívöl. F. rubra.
 2. Renglulaus. Öll blöðin uppvaðin. Stráin opt ferstrend ofantil. F. ovina.

B. Blöðin flöt, uppvaðin í brumlegunni. Neðri blómagnirnar týtulausar, stundum með örstuttri týtu. *F. pratensis.*

112. **F. rubra.** Túnvingull. Stráin ekki mjög þjettstæð, upprjett eða lítið eitt uppsveigð, nokkuð gróf, mjúk, hárlaus. Stofnblöðin og blaðsprotablöðin uppvaðin, nokkuð stinn, lengri en stráblöðin. — Öll eru blöðin venjulega mjúk og hárlaus, neðstu slíðrin opt gishærð. Punturinn opt dálítið lotinn, mjög sjaldan blaðgróinn, neðstu puntgreinarnar axmargar, og gengur neðsti greinanginn venjulega út frá greinfætinum. Smáöxin venjulega meira og minna hærð, stundum nálega hárlaus, grængulleit eða rauðbláleit. Týturnar meira en helmingi styttri en neðri blómagnirnar, og stundum gætir þeirra varla. — 16—72 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Annars allbreytileg teg. Á

var. arenaria eru smáöxin þjettstærð, blá eða grágræn og venjulega stærri en á aðalteg.

Vex á túnnum, óræktuðu vallendi og yfirleitt hvervetna. Mjög alg. um l. a. bæði aðalteg. og afbrigðið.

Mjög gott fóðurgras.

113. **F. ovina.** Sauðvingull. — Strá og blaðsprotar í þjettum, opt blágrænum toppum. Stráin fíngerð, upprjett eða uppsveigð, hárlaus og venjulegast mjúk eða lítið eitt snörp allra efst. Öll blöðin mjórri en stráð, mjúk, hárlaus. Punturinn stuttur, upprjettur, meira eða minna einhliða, greinfár, líkur á litinn og á uf. teg., en optast nær blaðgróinn. Allar puntgreinar axfáar, neðsti greinanginn á neðstu puntgreinunum stendur venjulega ofan við greinfótinn. — Smáöxin venjulegast smáhærð. Týtan eins og á uf. teg. — 10—32 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Talsvert breytileg teg. — Á tilbrigðinu

f. supina, sem er mjög alg., eru agnirnar týtulausar, smáöxin blómfá og nálega ætíð blaðgróin.

Vex einkum á sendinni harðbalajörð og víðar á þurlendi. Mjög alg. um l. a. Dágott fóður- og beitigras.



33. *F. ovina.*

114. **F. pratensis.** Hávingull. — Stráin uppsveigð. Blöðin dálítið snörp, punturinn mjór. Puntgreinarnar fremur fáar; á þeim neðstu er fótstæður greinangi, sem er miklu styttri en aðalgreinin, og ber eitt eða tvö smáöx. Smáöxin í stærra lagi, bláleit, hárlaus, 6—10-blóma. Axagnirnar og neðri blómagnirnar með himnujaðri. — Stórvaxið gras 72 cm. á h. og meir. — Blmg. í júlí.

Pjetursey í Mýrdal S. (St.).

34. **Sesléria.** Blátoppa.

115. **S. coerúlea.** Blátoppa. — Stráin stinn, uppsveigð eða nærri upprjett, mjúk, blöðótt neðst og í mesta lagi með 2 örstuttum stráblöðum. Blöðin mjó, flöt, snarprend, broddydd, blágræn að lit. Slíðurhimnan mjög stutt. Punturinn þjettur, hnöttóttur eða egglega, fjólubláleitur eða dökkblár. Smáöxin hliðflöt, tvíblóma. Agnirnar himnukennar. Axagnirnar eintauga, yddar með snörpum kili. Neðri blómagnirnar 3—5-tenntar í oddinn, með týtum og er miðtýtan lengst, en þó meira en helmingi styttri en ögnin.

Milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur SV. (Bab.)!

35. **Trisetum.** Lógresi.

116. **T. subspicátum.** Lógresi. — Grasið allt þjettgráhært, að minnsta kosti strá og blaðslíður. Stráin venjulegast fleiri en eitt, oft 2 saman með mörgum blaðsprotum við stofnin, grófgerð, uppsveigð neðantil, en upprjett úr því og beinvaxin. Stráblöðin styttri en blaðsprotablöðin. Slíðurhimnan stutt. Punturinn aflangur, stuttgreindur, þjettur, líkist axpunti, fljótt á litið, og er allbreytilegur að lit, ljósgrænleitur, gulgrænleitur eða blámóleitur. Hátt til fjalla er punturinn oft dökkblámóleitur, gildur og stuttur, stráið lágt (*f. alpestre*). — Týturnar útsveigðar, allt að því helmingi lengri en blómagnirnar. — 10—32 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex einkum í óræktarholtum og móum. — Mjög alg. um l. a.

36. **Aera.** Puntur.

- A. Týtan nær lítið eða ekkert út úr smáaxinu, er lítið snúin og nærri bein.
A. *cæspitosa*.
- B. Týtan nær venjulegast langt út úr smáaxinu, er knjebeygð og móleit neðst.
A. *flexuosa*.

117. **A. caespitosa.** Snarrótarpuntur. — Stráin mörg saman, allgrófgerð, upprjett, gljáandi, með fáum og fremur stuttum blöðum, og mynda ásamt mörgum, þjettstæðum, blaðlögum blaðsprotum stærri og minni þúfur eða toppa (snarrætur), sem verða að allstórum, þrýstnum, hörðum þúfum á deiglendi og í mýrajöðrum (Snarrótarþúfur). Blöðin flöt — blaðsprotablöðin stundum uppvaðin — með upphleyptum, mjög snörpum taugum á efra borði, hvít-röndótt, þegar gegn um þau er horft, og með langri slíðurhimnu. Punturinn stór, keilulaga með meira og minna snörpum, nálega beinum greinum, sem eru útrjettar um blómgunartímann. Puntkransarnir greinmargir. Smáöxin bláleit neðantil, en hvít eða gulgljáandi í oddinn. Stundum eru þau ljósgulleit: *f. pallida*. Á *f. brevifolia* eru blaðsprotablöðin stutt, venjulegast flöt;



34. *A. caespitosa*.

var. alpina — (*Aira alpina* L. Grl. Isl. Fl.) — er með blaðgrónum smáöxum og opt með afarlögum fíngerðum og venjulegast mjúkum puntgreinum. Vex einkum til fjalla. Gras þetta er eitthvert hið stórvaxnasta hjer á landi. — 40—125 cm. á h. — Blmg. í júní og júlí.

Vex einkum þar sem deigla er í jarðveginum, í grasmóum og á túnum; er opt aðalgrasið á uppgrónum skriðuhöllum (grundum) fram með fjallarótum. — Alg. um l. a., þó vex miklu minna af því á NV. og S. en í öðrum lhl.

Gott fóðurgras, einkum snemmslegið, áður en stráin trjena, og er til stórnytja bæði sem vetrarfóður, þar sem það er opt aðalgrasið á túnum og útengi, og þá ekki síður sem beitigras bæði sumar og vetur.

118. **A. flexuosa.** Bugðupuntur. — Strá og blaðsprotar venjulegast gisstæðari en á uf. teg. Blöðin uppvaðin, þráðmjó, mjúk. Stráblöðin miklu styttri en blaðsprotablöðin,

með langri slíðurhimnu. Punturinn nærri eggлага með skástæðum greinum. Punthelman og greinarnar meira og minna bugðóttar, mjúkar eða lítið eitt snarpar. Smáöxin ljósmógljáandi með rauðbláleitum blæ. — 24—70 cm. á h. — Blmg. í júlí. — Á tilbrigðinu

f. montana eru smáöxin fagurrauðblá.

Vex einkum í runnum, einnig mjög víða í grýttum jarðvegi til fjalla. Á NV. er grastegund þessi mjög alg., og kemur þar í stað uf. teg., sem ekki vex þar á stórum svæðum. — Alg. um l. a.

37. Hieróchloa. Reyrgresi.

119. *H. odorata*. Reyrgresi. (*H. borealis* R. et S. Grl. Isl. Fl.). Jarðstöngullinn með blaðbærum renglum. Stráin lítið eitt sveigð neðst, annars upprjett, beinvaxin, mjúk, blöðótt neðantil. Stráblöðin fá (1—2), stutt, snarprend með langri slíðurhimnu; sprotablöðin löng, snörp beggja vegna. Punturinn langeggлага, fremur gisinn, mógljáandi. Puntgreinarnar mjúkar, bugðóttar. Axagnirnar himnukenndar, hjer um bil jafnlangar, og lykja alveg um axið, fjólubláar neðantil, móleitar ofantil. Blómagnirnar brúnar, móhærðar. — Við þurkinn leggur af grasinu sæta reyrangan, sem getur haldizt svo árum skiptir. — 20—68 cm. — Blmg. í júlí.

Vex í runnum, á grýttu valllendi og víðar. — Víða um l. a.

38. Calamagróstis. Hálmgresi.

120. *C. neglécta*. Hálmgresi. (*C. stricta* Hartm. Grl. Isl. Fl.). — Stráið upprjett, beinvaxið, stinnt, mjúkt eða örlítið snarpt efst, neðan við puntinn; þegar á líður, verður það trjenað og hart. Blöðin mjög snörp á efra borði, venjulegast með stuttri slíðurhimnu. Punturinn stuttgreinóttur, þjettur bæði á undan og eptir blómguninni, og líkist axpunti. Fyrst þegar hann springur út, er hann opt rórauður, en verður seinna blá-móleitur eða gulmóleitur. Axagnirnar hjer um bil jafnlangar, lengri en blómagnirnar. Neðri blómögnin með baktýtu, sem er á lengd við ögnina. — 14—67 cm. á h. — Blómg. í júní—júlí.

Vex helst í deigri sandjörð t. d. á hálfþurum flæðiengjum og víðar. Alg. um l. a.

Allgott fóður snemmslegið, og víða svo mikið af því á útengi, að þess gætir talsvert í heyinu.

39. *Agróstis*. Língresi.


- A. 1 blómögn (neðri blómögnin) með knjebeygðri týtu. Stofnblöðin opt mjó og uppvaðin. *A. canina*.
 B. 2 týtulausar blómagnir. Öll blöðin flöt.
 1. Slíðurhimnan stutt, stýfð. Punturinn útbreiddur að blómguninni lokinni. *A. vulgaris*.
 2. Slíðurhimnan löng. Punturinn samlagður eptir blómgunina. *A. alba*.

121. *A. canina*. Týtulíngresi. (*A. c. L.* og *A. rubra Wahlenb.* Grl. Isl. Fl.). — Stráin uppsveigð eða alveg upprjett, grönn, mjúk, og standa ásamt mörgum blaðsprotum í þjettum toppum. Blöðin snörp beggja vegna, með langri slíðurhimnu. Puntgreinarnar snarpar. Smáöxin fjólubláleit, stundum gulleit. Týtan stendur neðar en á miðri blómögninni, og nær venjulegast langt út úr axinu. — 7—52 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Á *f. mutica* eru engar týtur. Á *f. pallida* er punturinn ljósgulur; mjög fíngert og smávaxið gras.

Vex á þurlendi bæði í grýttum og myldnum jarðvegi. Alg. um l. a.

122. *A. vulgaris*. Hálíngresi. — Jarðstöngullinn með stuttum renglum, en mörgum, fremur gisstæðum blaðsprotum. Stráin uppsveigð neðst, en bein úr því, stinn, óhærð og blöðótt langt uppeptir. Blöðin snörp á efra borði, en nokkurnvegin mjúk að neðanverðu. Punturinn bláleitur, stundum ljós, með mjúkum skástæðum greinum. — 10—90 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Opt aðalgrasið í lautum og lágum í gróðurmiklum fjallahlíðum; vex einnig víða á túnum og víðar. — Alg. um l. a.



35. *A. vulgaris*.

123. *A. alba*. Skriðlíngresi. — Jarðstöngullinn langskriðull með löngum renglum. Stráin upprjett, skástæð eða knjebeygð upp, mjúk og hárlaus. Blöðin snörp báðumegin.

Punturinn þjettari en á uf. teg., greinarnar upprjettari og snarpari. — 10—50 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. Talsvert breytileg teg. Helzta tilbrigðið er:

f. maritima með stinum, blágrænum blöðum og svo þjettum punti, að hann líkist fremur axpunti.

Vex einkum á deiglendi og stundum í eða við vatn. Alg. um l. a. Allar língresisteg. eru góð fóður- og beitigrös og til allmikilla nytja.

40. *Mílium*. Skrautpuntur.

124. *M. effusum*. Skrautpuntur. — Jarðstöngullinn



36. *M. effusum*.

skriðull með stuttum renglum. Stráin upprjett, grönn í samanburði við hæðina, blöðótt langt uppeptir. Blöðin breið, flöt, venjulegast snörp beggja vegna og ætíð á röndunum. Slíðurhimnan löng, tirjótt að ofan. Punturinn stór, keilulaga, gisinn, með löngum, mjúkum greinum og legglöngum, smáum, egg-eða nærri spólulaga, gulgrænum eða dálítið bláleitum smáöxum. — Blómagnirnar gljáandi. — Langstórvaxnasta grasið hjer á landi; verður allt að 2 m. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í gróðurmiklum fjallahlíðum og hraunum á útkjálkum norðan- og vestanlands, og í runnum og gjám við Mývatn.

13. *Thyphaceæ*. Brúsakollsættin.

Fjölærar vatnajurtir með skriðulum jarðstöngli, og tvíhliðstæðum, löngum, bandlaga blöðum, sem opt fljóta á vatninu. Blómin smá, einkynja, með hvítleitri hreisturkenndri blómhlíf, og standa í hnöttóttum kollum ofantil á stönglinum. Blómkollarnir eru fleiri en einn á hverri plöntu, og standa upp úr vatninu um blómgunartímann. Karlblómkollarnir eru efst á

stönglinum en kvennblómkollarnir neðar í háblaðöxlunum (eibýli), og eru leggir þeirra opt meira og minna vaxnir við aðalstöngulinn, svo kollarnir virðast ekki standa í sjálfum blaðöxlunum. Karlblómin eru með 3 gulhvítum fræflum, og kvennblómin með 1 frævu, sem mynduð er úr 1 fræblaði. Aldinið steinaldin. Fræið með fræhvítu. Vindfrævan.

41. *Sparganium*. Brúsakollur.

- A. Frævan stillaus eða því sem nær; frænið ekki þráðlaga. Aldinið egg-laga eða oddbaugótt.
 1. Aldinið stutttrýnt og laut yfir það neðan við miðjuna. *S. minimum*.
 2. Aldinið trjónulaust og laut yfir það hjer um bil mitt. *S. submuticum*.
 B. Frævan stillöng, frænið þráðlaga. Aldinið spólulaga, og dregst fram í alllanga trjónu. *S. affine*.

125. *S. minimum*. Tjarnabrúsi. — Blöðin flöt, þunn og fingerð með ógreinilegri eða engri miðæð. Blómkollarnir ætíð í háblaðöxlunum. Kvennkollarnir 2—3, legglauseir eða neðstu kollarnir 1—2, leggjaðir. Venjulegast aðeins 1 karlkollur, stundum 2. Aldinið egg-laga eða öllu fremur oddbaugótt, grænleitt að lit. — Stöngullinn 18—45 cm. á l. — Blmg. í júlí.

Vex í tjörnum og síkjum. — F. allvíða á N., SV. og 1 st. á Au.

126. *S. submuticum*. Mógrafabrúsi. — (*S. angustifolium* Mx. Grl. Isl.). — Blöðin sljóþrístrend neðst, annars flöt, allöng, ljósgræn. Blómkollarnir ekki ætíð í háblaðöxlunum. Kvennkollarnir 2—3(—4), 1(—2) neðstu kollarnir leggjaðir. Karlkollur einn, opt rjett við efsta kvennkollinn. Aldinið ljósgrænt, en verður að lokum gult. — Þegar plantan vex í uppbönuðum tjarnstæðum, eru blöðin miklu styttri og gulleit, stöngullinn jarðlægur eða uppsveigður. — 9—30 cm. á l. — Blmg. í júní—júlí.


Vex opt í mógröfum og svo í síkjum og tjarnapollum. — Alg. um l. a.



37. *S. minimum*.

127. *S. affine*. Trjónubrúsi. — Stofnblöðin löng, fremur mjó, mjókka opt fram til oddsins, lítið eitt þristrend neðantil, en annars flöt; stöngulblöðin flöt með víðum slíðrum. — Kvennkollarnir 2—3(—5), og sá neðsti af þeim nálega ætíð legglangur. Karlkollarnir 1—2, stundum fleiri. Aldinið mógrænt eða dökkbrúnt, opt langgárótt. — 20—40 cm. á l. — Blmg. í júlí.

Vex í tjörnum og vötnum. — F. á fáeinum st. á Au. og N. og 1 st. á SV?



38. *T. palustris*.

14. Colchicaceæ.

Sýkisgrasættin.

Fjölærar jurtir með trefjarót eða ská-stæðum jarðstöngli, og graskenndum, sverð-laga blöðum. Blómin tvíkynja, regluleg, undirsætin. Blómhlífblöðin 6, 6 fræflar og 1 fræva, mynduð af 3 fræblöðum og þrískipt að ofan. Aldinið þrírýmt hýði. — Fræin með fræhvítu. — Skordýrfrævun.

42. Tofiéldia. Sýkisgras.

128. *T. palustris*. Sýkisgras eða Bjarnarbroddur. — (*T. borealis Wahlenb.* Grl. Isl. Fl.). — Blöðin sígræn. Eitt stöngulblað neðantil á stönglinum, en hin blöðin öll stofnstæð og tvíhliðstæð, randflöt, svo þau virðast standa á rönd hvert út frá öðru. — Stöngullinn ógreindur, 1—18 cm. á h., og endar í axleitum eða kollóttum blómklasa. Blómin gulhvít. — Blmg. í júní.

Vex á stangli í móum og holtabörðum. — Mjög alg. Óf. á S. — Liggur opt laus í haga, þar sem sauðfje er beitt.

15. Convallariaceæ. Fjórlaufasmáraættin.

Fjölærar jurtir með löngum, lárjettum blaðstöngli. Blómin tvíkynja, regluleg, undirsætin, fjórdeild. 8 blómhlífblöð, 8 fræflar, 1 fræva með 4 stílum. Aldinið 4-rýmt ber. Fræin með fræhvítu.

43. **Páris.** Fjórлаufasmári.

129. **P. quadrifolia.** Fjórлаufasmári. — Blöðin vanalega 4 að tölu, kransstæð á stöngulendanum, stór, breiðoddbaugótt eða öfugegglega, heilrend eða því sem nær, bogtauga, ljósgræn og gljáandi á neðra borði. — Blómið aðeins eitt, toppstætt, legglangt; vex upp úr blaðkransinum, og er blómleggurinn beint framhald af stönglinum. — Blómhlífblöðin græn, þau innri dálítið gulgræn. Egglegið rauðleitt. Berið stórt, dökkblátt, fræmargt, eitrað. — Stöngullinn 15—40 cm. á h. (Stundum eru blöðin fleiri eða færri en 4 og stöku sinnum er blómið þrí- eða fimmdeilt). — Blmg. í júlí.

39. *P. quadrifolia.*

Vex í hraungjótum, t. d. við Mývatn og á Snæfellsnesi. Aðeins f. á N. og SV.

16. **Orchidaceæ.** Brönugrasættin.

Fjölærar jurtir með jarðstönglum, sem opt eru lítt þroskaðir, og hefur þá plantan ýmislega lagaðar knollrætur eða forðarætur. Blómskipunin ax eða axleitur klasi. Blómin tvíkyntja, mjög óregluleg, yfirsætin. Blómhlífblöðin 6, ýmislega lit; eitt af blöðunum í innri blaðkransinum, sem veit fram og niður á við, kallast vörin, og er hún vanalega öðruvísi að lit og lögun en hin blómhlífblöðin. 1 frævill vaxinn við stílinn og mynda þeir í sameiningu hina svonefndu stílsúlu, svo frjóknappurinn liggur upp að fræninu. Frjókornin loða saman, og myndast við það einn eða fleiri kekkir í hverri frjóhirzlu. Frjókekkir þessir eru stundum egglega, en mjókka í annan endann, þann sem niður veit, og dragast út í örmjóan hala; á endanum á honum er svo dálítil límug flaga. Á þessari límflögu festast frjókekkirnir við skordýrin, sem vitja blómanna til hunangsfanga, en fræva þau svo um leið. Egglegið er

1-rýmt með þremur veggstæðum eggsetum. — Aldinið hýði. Fræin smá, fræhvítulaus.

I. Með grænum, þroskuðum laufblöðum.

A. Knollrætur. Vörin með spora.

1. Blómhlífin fjólublá eða rauðblá. Blöðin með dökk-leitum blettum. Orchis.

2. Blómhlífin gulleit, gulhvít eða gulgræn.

Habenaria.

B. Jarðstönglar, engar knollrætur. Vörin sporalaus.

Listera.

II. Laufblöð engin, aðeins nokkur himnukennd blaðslíður á stönglinum. Corallorhiza.

44. Órchis. Brönugrös.

I. Stöngullinn óholur, 6—10-blaða. Blöðin opt breiðust framantil.

O. maculatus.

II. Stöngullinn holur, 4—6-blaða. Blöðin breiðust um miðjuna.

O. latifolius.



40. O. maculatus.

130. O. maculatus. Brönugrös. — Blöðin gráleit á neðra borði; 1—3 þau neðstu eru fullþroskuð, aflöng, allbreið, snubbótt, svo smækka blöðin allt í einu og verða háblaðkennd, mjó, lensulaga—striklaga, langydd og oddmjó. — Stoðblöðin lengri en egglegið, græn og margtauga. Blómhlífin fjólublá eða ljósrauðleit með dökkrauðari dröfnum og rákum. Vörin grunnþríflipuð, miðflippinn minni en hliðarflipparnir, stundum nærri enginn. Sporinn sívalur, jafngildur, nokkuð styttri en egglegið. — 11—22 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Í gras- og lyngbrekkum. Viða um l. a., og vex sumstaðar mikið af henni.

131. O. latifolius. Ástagräs. Rótknollarnir nokkuð flatvaxnir. Blöðin eins |græn beggja vegna, snubbótt.

Neðstu blöðin breið, eggлага, oddbaugótt eða lensulaga, en fara svo smátt og smátt mjókkandi og smækkandi, eptir því sem ofar dregur. Stoðblöðin lengri en blómið, að minnsta kosti þau neðri, opt dálítið rauðleit, 3(—5)-tauga. — Blómhlífin stór, rauðblá, vörin breið, greinilega 3-flipuð, miðflippinn mjór og stundum nokkuð langur. Sporinn keilulaga, sívalur, styttri en egglegið. — Mjög lík uf. teg. að útliti og stærð. — Blmg. í júlí.

Kaldalón NV. (St.).

45. **Habenária.** Hjónagrös.

- I. Vörin heil, sporinn langur, þráðlaga, dálítið boginn, hjer um bil jafnlangur vörinni og nærri helmingi styttri en egglegið. *H. hyperborea*.
- II. Vörin skert að framan, sporinn miklu meira en helmingi styttri en egglegið.
 1. Vörin þrítennt, miðtönnin stytzt. *H. viridis*.
 2. Vörin þríflipuð, miðflippinn stærstur. *H. albida*.

132. **H. hyperbórea.** Friggjargras. (*Platanthera hyperborea* Lindl. Grl. Isl. Fl.). — Forðaræturnar sívalar, ógreindar. Stöngullinn 5—6-blaða. Neðstu blöðin eggлага-oddbaugótt, en svo fara blöðin minnkandi og mjókkandi, eptir því sem ofar dregur, og verða oddlöng, lensulaga. Blómhlífin hvít með grænleikum blæ. Efsta blaðið af ytri blómhlífblöðunum er kringluleitt, snubbótt, hin skakkeggлага; hliðstæðu blöðin í innri hlífkransinum eru lensulaga, lítið eitt bogin. — 9—25 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex bæði í deigum og þurum jarðvegi. — Alg. um l. a., einkum á N., Au. og SV.

133. **H. viridis.** Barnarót. (*Coeloglossum viride* Hartm. Grl. Isl. Fl.). — Forðaræturnar djúphandskiptar, rótgreinarnar gildar og hnöllóttar ofantil, en mjókka brátt. Stöngullinn 3—4-blaða, blöðin oddbaugótt eða lensulaga, vanalega einna breiðust um miðjuna, neðstu blöðin breiðust. Blómhlífin gulgræn eða rauðmóleit. Öll blómhlífblöðin að vörinni undantekinni (5) mynda í sameiningu hvelfda hjálmhúfu. Sporinn mjög stuttur, víður, opt með dálítilli laut neðan í botninn. — 10—24 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex einkum í lyngmóum og runnlendi. Allalg., f. í öllum lhl.

134. *H. álbida*. Hjónagras. Forðaræturnar klofnar upp í gegn í sívalar, niðurmjóar greinar. Stöngullinn 3—5-blaða; 1—2 efstu blöðin háblaðkennd, oddmjó, lensulaga, hin blöðin öfugeggjala eða allt að því lensulaga, en nálega ætíð breiðust ofan við miðju. Axið sívalt, vanalega allt jafngilt, blómpjett; stoðblöðin lengri en egglegið. Blómin smá, gulhvít, ilmsæt; ytri blómhlífblöðin (3) mynda hvelfda hjálmhúfu. Sporinn nokkuð víður, þrefalt styttri en egglegið. — 8—25 cm á h. — Blmg. í júní.

Á samskonar stöðum og uf. teg. — Víða um l. a.

46. *Listéra*. Tvíblaðka.

135. *L. cordata*. Tvíblaðka. — Plantan öll móleit. Jarðstöngullinn stuttur með löngum, allgrófum hjárótum. Stöngullinn fingerður. 2 mótstæð, breið, hjartлага blöð, vanalega nokkuð neðar en á stönglinum miðjum. Klasinn stuttur, blómfár og gisblóma. Stoðblöðin mjög smá, styttri en blómleggirnir. Blómin einnig smá, mógræn, vörin rauðmóleit, klofin í tvo oddmjóa, lensulaga flipa. — 5—17 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í lyngmóum, urðum og hraunum. — F. á allmörgum st. á SV., N. og NV.



41. *L. cordata*.

47. *Corallorhiza*. Kræklurót.

142. *C. innáta*. Kræklurót. — Stöngullinn móleitur. Jarðstöngullinn hjá-rótalaus, kræklóttur, marggreindur; greinarnar stuttar, hnöllóttar. Klasinn blómfár og gisblóma. Blómin 2—8, gulleit með ljósleitri, dálítið ljósbládröfnótttri vör. Spori enginn. — 3—17 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í deigum og þurum jarðvegi. — F. á n. st. í öllum lhl. nema á S.

II. Dicotylédones. Tvíkímblaðaplöntur.

1. Choripétalæ. Lauskryningar.

17. Salicáceæ. Víðisættin.

Runnar með misstæðum, heilum, fjaðurtauga blöðum og axlablöðum, sem ýmist eru langæ eða mjög skammæ. Blómin eru í reklum, en svo kallast ax- eða klasaleitar blómskipanir, sem falla af plöntunni í heilu lagi við aldinþroskunina. Reklarnir eru með smáum háblöðum, er kallast rekilhlífar, og stendur eitt blóm í hverri blaðöxl. Blómin nakin, einkynja, og eru karl- og kvennbloða reklarnir sinn á hvorum plöntueinstaklingi — tvíbýli. Í karlblómunum eru 2 fræflar og í kvenblm. 1 fræva, mynduð af 2 fræblöðum, með einrýmdu egglegi, 1 stíll og 2 frænum, sem stundum eru klofin í tvo flipa. Í blómunum eru og 1 eða 2 gulir hunangskirtlar. Aldinið tvílokahýði, sem rifnar eptir endilöngu, og lokin sveigjast út til beggja hliða. Fræin með langri fræull, sem vex út frá fræstrengnum, og lykur um fræið — kotún. Fræhvíta engin. Skordýrfrævun. Reklarnir springa út snemma á vorin, og kallar fólk þá sumstaðar »víðiketlinga«, meðan þeir eru óþroskaðir. Blómin eða knapparnir eru með 1 eða 2 samvöxnum brumhlífum.

48. Sálíx. Víðir.

A. Blöðin heilrend.

1. Hýðin hvítloðin, leggstutt. Stíllinn stuttur. Rekilleggurinn alllangur með stórum blöðum. Axlablöð engin eða örsmá. S. glauca. (Sjá S. glauca × lanata og S. glauca × phylicifolia).
2. Hýðin hárlaus eða því sem nær, hjer um bil eða alveg legglaus. Stíllinn langur. Reklarnir legglausir eða á stuttum smáblöðóttum legg. Ætið með axlablöðum. S. lanata. (Sjá S. lanata × phylicifolia).

B. Blöðin tennt.

1. Hýðin hárlaus, stíllinn stuttur. Reklarnir á greinendunum, smáir og blómfáir. Blöðin kringlótt eða því sem nær, með smámöskvuðu, upphleyptu, hálf gagnsæju tauganeti á neðra borði S. herbacea. (Sjá S. herbacea × lanata).
2. Hýðin meira og minna hærð, stundum hvítloðin. Reklarnir ætið hliðstæðir. Blöðin lensulaga—mjóoddbaugótt. Tauganetið óupphleypt. S. phylicifolia.

137. **S. glauca.** Grávíðir. — Jarðlægur runni með kræklóttum, brúnum eða móleitum, meira og minna gljáandi greinum. Ársprotarnir opt nokkurnvegin beinvaxnir, upprjettir eða uppsveigðir, venjulegast hvíthærðir. Blöðin lensulaga—oddbaugótt, öfugeggslaga eða jafnvel stundum eggslaga, stilkstutt, græn eða dálítið gulgræn á efra borði, blágræn eða blágráleit á neðra borði, og meira og minna ljóshærð beggja vegna. Reklarnir hliðstæðir á greinum. Karlreklarnir rauðleitir í fyrstu, en verða seinna ljósgulir með dökkleitum, langhærðum rekilhlífum. Kvennrekilhlífarnar gulleitar, spaðalaga. Hýðin leggstutt (eða legglaus). Stíllinn klofinn, stundum nærri niður í gegn; frænin einnig klofin og venjulegast hárauð á litinn, meðan þau eru í fullum blóma. — Blómgastr í maí. — Allbreytileg tegund. Helzta afbrigði:

var. subárctica. Blöðin langhærð á neðra borði, ekki taugaþer. Rekilhlífarnar nærri kringlóttar. Stíllarnir opt mjög stuttir og lítið klofnir.

Vex í múum og deigu gras- og mýrlendi. Alg. um l. a. *V. subarctica* hefur og fundizt víða.

Víðiteg. Þessi er þó nokkuð notuð til fódurs og beitar, því talsvert er af henni víða í slægjulöndum og högum einkum til fjalla, þó ekki komist hún í hálfkvisti að því leyti við ef. teg. (*S. lanata*).

≡ **S. glauca** × **lanáta.** Ársprotarnir hvítloðnir; blöðin lensulaga eða mjóoddbaugótt. Greinileg axlablöð.

Dvergasteinn Au. (H. J.)!

≡ **S. glauca** × **phylicifolia.** (*S. Wichuræ* And. Grl. Isl. Fl.). — Blöðin lensulaga—mjóöfugeggslaga, smátennt, einkum neðantil, stundum hjer um bil eða alveg heilrend, hærð beggja megin eða að minnsta kosti á neðra borði, einkum á meðan þau eru ung. Hýðin meira eða minna hærð.

F. á n. st. á NV., N. og Au.

138. **S. lanáta.** Loðvíðir. — Jarðlægur runni, venjulegast með uppsveigðum, nokkurra þuml. háum greinum. Þegar hann vex innan um hrís eða gulvíðisrunna, verður hann nokkuð upprjettur og þá allstórvaxinn. Ársprotarnir gráloðnir, fremur linir og safamiklir. Blöðin stilkstutt, venjulegast oddbaugótt, en stundum nærri lensulaga, eggslaga eða allt að því kringlótt, optast nær hvítloðin báðumegin, að minnsta kosti, meðan þau eru ung, og með meira og minna upphleyptu

tauganeti á neðra borði. Axlablöðin optast stór og varanleg, og einkenna þau þessa teg. frá hinum víðitegundunum, sem hjer vaxa. Reklarnir venjulegast á greinendunum, blómþjettir, með langhærðum, gul- eða hvítloðnum rekilhlífum. Hýðin keilulaga, nokkuð flatvaxin. Stíllinn óklofinn. Frænin opt tvískipt eða sepótt. — Blmg. í maí.

Mjög alg. um l. a. — Vex helzt í sendinni jörð, er víða mikið af honum í lyngmóum, innan um hrís og birkirunna til dala, og þá allstórvaxinn, 3—5 feta hár; ennfremur vex víða mikið af honum á eyrum og þurum engjaöldum fram með ám, og sumstaðar til heiða eru stórir flákar alvaxnir honum.

Viðir þessi er einhver hin bezta búfjárhagaplanta, og rífur fje hana í sig mjög gráðugt, einkum framan af sumri, meðan ársprotarnir og blöðin eru mýkst. Víða er og mikið af honum í slægjulöndum saman við annað gras (laufhey), og sumstaðar, t. d. í Þingeyjarsýslu, eru víðibreiðurnar, þar sem hann vex nærri einvörðungu, slegnar, og þykir gott fóður. En áriðandi er að slá hann heldur tímanlega, því ýmsir sníkjusveppir spilla blöðunum, er á líður. Hann þolir furðuvel sandfök, og mætti eflaust rækta hann sem fokvörn.


≡ **S. lanata** × **phylicifolia**. — Er líkari *S. phylicifolia* en *S. lanata* að vaxtarlagi og útliti. Blöðin optast gulgljáandi á efra borði, en bláleit á neðra borði, en bæði blöð og ársprotar eru meira og minna hærð, og alloptast er hann með axlablöðum.

Ásbyrgi og Möðruvellir N. (St.).

139. **S. herbacea**. Grasvíðir eða Smjörlauf. — Ofurlítill, skriðull smárunni með jarðhuldum stönglum, er yppir greinendunum 1 eða örfáa cm. upp úr jörðu. Greinarnar rauðbrúnar eða gulleitar, hárlausar eða lítið eitt hærðar fyrst í



42. *S. lanata*. (I. R.).

43. *S. herbacea*.

stað. Blöðin smá, hjer um bil kringlótt, oft dálítið bugskert ofan og neðan, og þá opt breiðari, en þau eru löng, meira og minna gljáandi og venjulegast hárlaus; meðan þau eru ung, er stilkurinn og neðra borðið allopt meira og minna hært. Reklarnir standa á ársprotaendunum. Rekilhlífarnar hárlausar eða randhærðar. Hýðin legglaus, stundum dálítið fínhærð neðantil. — Blmg. í maí og júní. — Allbreytilegur.

f. fruticósa er með stærri blöðum og að öllu leyti stórvaxnari en aðalteg.

Mjög alg. um l. a. bæði hátt og lágt í holtum og mómum, en mest vex af honum til fjalla og efst í daladrögum; þar er hann víða aðalplantan í rökum og köldum lægðum og höllum, sem snjó leysir seint úr á sumrum; er hann talinn hið bezta hagkvisti fyrir búsmala eins og nöfnin smjörlauf, sauðkvistur og geldingalauf benda til.

≡ *S. herbácea* × *lanáta*. (*S. sarmentacea* Fr. og *S. sarmentacea* Fr. var. *rotundifolia* And, Grl. Isl Fl. Enn fremur sumt af því, sem kallað hefur verið *S. ovata* Ser.). — Stórvaxnari en *S. herb.*, með hærðum, stundum hvítloðnum ársprotum og fremur smáum, egglega, oddbaugóttum, sporbaugóttum eða nærri kringlóttum blöðum, sem venjulega eru meira og minna hærð, en sjaldan eins loðin og á *S. lanata*, og stundum nálega eða alveg hárlaus; venjulegast eru þau tennt, að minnsta kosti neðantil, en stundum eru þau alveg heilrend. Reklarnir stærri og blómfleiri en á *S. herb.*, með gishærðum eða nærri hárlausum rekilhlífum. — Blmg. í júní.

Alg. um l. a. á líkum st. og *S. herb.*

140. *S. phylicifolia*. Gulvíðir eða Rauðvíðir. — Allstór runni, venjulega meira og minna jarðlægur með upp-rjettum, optast beinum, rauðgljáandi, stinum og seigum greinum, stundum rjettir hann sig upp, og myndar kjarr. — Blöðin eru meira og minna skinnkennd, græn eða dálítið gulgræn á efra borði, en blágræn og gljálaus á neðra borði. — Reklarnir venjulegast nokkuð langir en fremur mjóir, á stuttum blaðfáum og blaðsmáum legg. Rekilhlífarnar hærðar,

dökkar í oddinn. — Blmg. í júní. — Allbreytilegur, en er þó vanalega auðþekktur á lit og vaxtarlagi frá hinum víðitegundunum. Einkum eru blöðin mjög mismunandi að stærð og lögun; stundum eru þau dálítið hærð, einkum á unga aldri. Á *f. angustifolia* eru blöðin smá, nokkuð löng, mjólensulaga og nærri því eða alveg heilrend.

Alg. um l. a. Vex bæði á láglandi og til fjalla í móum og innan um birki og hriskjarr, en verður stórvaxnastur þar sem deigla er í jörð á flötum grundum fram með fjallsrótum, vatna- eða árhólmum, og myndar þá stundum þjett 6–8 feta hátt kjarr, t. d. í Fnjóskadal, Slútnesi, Hrafnkelsdal, Ísafjarðardal, Kaldalóni og Fljótum N.

Af því viðir þessi er grófari og seigari en hinar víðitegundirnar, kemur hann að minni notum til fóðurs og hagkvistis; en sjálfsagt mætti rækta hann til mikillar prýði og nota hann í ýmislegt riðvirki.


18. *Betulaceæ*. Bjarkættin.

Runnar eða trje með misstæðum, heilum, fjaðurtauga blöðum og axlablöðum. Blómin í reklum, einkynja, en bæði karl- og kvennreklar eru á sömu plöntu eða plöntueinstaklingi, einbýli. Karlblómin eru með 2 lítt þroskuðum blómhlífblöðum, 2 fræflum, sem klofnir eru í tvennt, svo þeir sýnast 4. Kvennblómin eru nakin, 1 fræva, með tvírýmdu egglegi og 2 stílum. Kvennrekilhlífarnar eru þrísepóttar, og styður hver þeirra 3 blóm. (Reklarnir eru í raun rjettri samsettir af mörgum þjettstæðum blómhnoðum, og í hverju hnoða eru 3 blóm. Kvennrekilhlífarnar eru myndaðar af hnoðastoðblöðunum eða hinum eiginlegu rekilhlífum og forblöðum blómanna, sem vaxið hafa saman. Í karlreklunum eru stoðblöðin og forblöðin ósamvaxin). Aldinið örsmá, tvíkúpt hnot með himnuvængjum á röðunum, sem hún getur borizt á langar leiðir fyrir vindi. — Fræin fræhvítulaus. — Vindfrævun. Karlreklarnir spretta haustinu áður en þeir blómgast, en kvennreklarnir sama vorið.

49. *Bétula*. Björk.

- A. Hnotvængurinn margfalt mjórri en sjálf hnotin eða frælegið. — Blöðin kringlótt, optast eins breið og þau eru löng eða breiðari, ætíð oddlaus, smá. Jarðlægur smárunni. B. nana.
- (sjá B. nana × odorata).
- B. Hnotvængurinn lítið eða ekkert mjórri en frælegið. Blöðin egglega—oddbaugótt eða tígullaga, ydd, venjulegast lengri en þau eru breið og allstór. Runni eða smátrje. B. odorata.

141. **B. nána.** Fjalldrapi eða Hríis. — Jarðlægur smárunni með jarðlægum eða uppsveigðum, 1—2 feta háum greinum með dökkum, gráleitum eða brúnleitum berki. Ársprotarnir meira eða minna hærðir. Blöðin mjög stilkstutt



44. *B. nána.*

eða nærri stilklaus, gróftennt með snubbóttum eða bogstýfðum tönnum, hárlaus eða því sem nær, dökkgræn á efra borði, ljósgræn á hinu neðra, með smágjörvu, upphleyptu tauganeti. Reklarnir smáir, á lengd við blöðin eða litlu lengri. Hnotin kringlótt með örmjóum væng eða himnujaðri. — Blmg. í maí.

Mjög algengur. — Vex víða í móum og skóglendi, og er þá stundum svo stórvaxinn, að hann myndar 2—4 feta hátt kjarr, þó ekki sje það víða. Hann vex og allvíða í mýrum og á flóasundum (viðarsund, hrísflóar).

Hann þykir gott hagkvisti á vetrum fyrir sauðfje, sem bítur brumið og yngstu kvistina. Stundum hafa kýr bjargast á hrísi í harðindum.

B. nána × odoráta. Skógviðarbróðir. (*B. alpestris* Fr. Grl. Isl. Fl.). Kræklóttur runni, sem líkist bæði undan- og eptirfarandi teg. Blöðin venjulegast smá, ydd eða snubbótt og mismunandi stíklöng, opt dálítið gulleit og skinnkennd; á sömu hríslunni eru þau stundum allólík, bæði að stærð og lögun, og líkjast sum fjalldrapablöðum, en sum skógviðarblöðum. Reklarnir fremur smáir. Hneturnar mismunandi að stærð og lögun, og svipar ýmist til stofntegundanna, en þó ætíð vængbreiðari en fjalldrapahneturnar.

Vex víða í skóglendi á Norðaustur- og Austurlandi, og hefir fundizt á nokkrum st. á NV.

142. **B. odoráta.** Skógviður eða Ilmbjörk. — (*B. intermedia* Thom. og *B. odorata* Bechst. var. *pubescens*. Grl. Isl. Fl.). — Trje eða allstór, meira og minna kræklóttur, sjaldan alveg jarðlægur runni. Bolurinn greindur frá stofni eða ógreindur nokkuð upp eptir með þjettu limi. Börkurinn gljá-

andi, rauðbrúnn og heill eða silfurhvítur, og flosnar með aldrinum í þverspæni — næfra. Ársprotarnir meira og minna hærðir og stundum með smákirtlum. Blöðin stilkud, breiðeggjala eða meira og minna óreglulega tígullaga, ein- eða tvísagtennt með grófum tönnum, nokkuð hærð fyrst eptir laufgunina og sum til langframa, einkum á stilknum, í taugagreipunum á neðra borði og á röndunum. Neðra borðið ljósara en hið efra og með lítið eða ekkert upphleyptu tauganeti. Reklarnir nokkuð stórir, sívalir. Hnotin sjálf eða frælegið oddbaugótt, vængirnir optast nær uppbreiðir. — Mjög mismunandi að stærð og breytileg að blaðlögun og blaðstærð og lögun hnotvængsins. — Verður allt að 10 m. (30 fet) á h. með 70 cm. gildum bol.

f. parvifolia er með smáum egg- eða hjartлага blöðum.

f. tortuosa kræklóttur runni með rauðbrúnum berki.

Víða um 1. a. nema á kaflanum frá Eyjafirði vestur að Ísafjarðarsýslu. Allir skógar hjer á landi eru eingöngu myndaðir af þessari birkitegund, og svo mun hafa verið, síðan land byggðist, og af því hefur hún fengið nafnið skógviður. Í Fnjóskadal (Háls- og Þórðarstaðaskógur), Ásbyrgi, Fljótsdal (Hallormsstaðaskógur) og undir Jökulfelli í Örfæum eru stórvaxnastir skógar, en svo miklir skógar sem þessir eða meiri, hafa fyrrum verið víða um land, til mikillar prýði og hagsmuna, þó þeir sjeu nú hornir að mestu leyti. Hafa menn allt frá laudnámstíð gjört allt til að eyða þeim, en ekkert þeim til viðhalds og varnar, þó hvergi hafi tekizt að gjöreýða þeim eins og á Norðurlandi vestanv. Þar sjeu nú hvergi skógviðarhrisla nema á örfáum stöðum í ókleifum klettum og gljúfrum.



45. *B. odorata*.

19. Urticaceæ. Netluættin.

Jurtir með heilum, fjaðurtauga, mótstæðum blöðum og axlablöðum, alsettar grófum brennihárum, er valda sviða, þegar snert er við þeim. — Blómin í smáhnoðum, lítil og ósjáleg, einkynja, með 4 grænum blómhlífblöðum. Karlblómin með 4 fræflum, er standa inn undan hlífblöðunum, og beygjast inn á við. Kvennblómið með 1 einrýmdri frævu; frænið pensillaga. Aldinið hnot. Fræið með fræhvítu. Vindfrævun.

50. *Urtíca*. Netla.

A. Blöðin sporbaugótt eða oddbaugótt, ljósgræn.

U. urens.

B. Blöðin eggлага eða hjartлага, dökkgræn.

U. dioica.

143. *U. úrens*. Brenninetla. — Stöngullinn upprjettur, sljóferstrendur. Blöðin grófsagtennt. Blómhnoðun tvö og tvö í blaðöxlunum, styttri en blaðstilkurinn. Einbýli. — 20—40 cm. á h. — Blmg. júlí.

Illgresi, er vex á n. st. í görðum og kring um bæi.

46. *U. dioica*.

144. *U. dioica*. Stórnetla eða Tvíbýlisnetla. — Stöngullinn upprjettur, ferstrendur. Blöðin langydd, hvasssagtennt. Blómhnoðun í greinóttum öxum og standa þau 2—3 í hverri blaðöxl, lengri en blaðstilkurinn og hangandi. Tvíbýli. — Verður allt að 120 cm. á h. eða meir. — Blmg. í júlí.

Vex á n. st. við bæi og þá venjulegast í stórum þjettum »runnum«, sem taka meðalmanni undir hönd eða meir. Hvergi hafa karlplöntur fundizt hjer svo kunnugt sje, svo plantan hlýtur að tímgast og breiðast út með jarðstöngulsprotum, enda eru jarðstönglarnir skriðulir, og því vex hún svo þjett. Báðar þessar netluteg. hafa eflaust slæðst hingað í fyrstu með varningi, en eru nú ilendar fyrir löngu.

20. *Polygonaceæ*. Súruættin.

Jurtir eða jurtkenndar plöntur með misstæðum blöðum. Upp af blaðfætinum innan við blaðstilkinn gengur himnukennd, uppvíð pípa eða slíður, er lykur um stöngulinn og knappinn eða brumið, er stendur í blaðöxlinni, (axlarbrumið); himnupípa þessi, sem ekki er annað en ummyndað axlarblað, kallast axlaslíður, og einkennir súrurnar frá öðrum plöntum. Blóm-

skipanirnar eru samsettar, klasaleitar eða axleitar. Blómin venjulegast tvíkynja. Blómhlífin ósjáleg, græn eða hvítleit, stundum rauðleit, 3, 5 eða 6-blaða, undirsætin eða lítið eitt kringsætin. Fræflarnir venjulegast jafnmargir blómhlífblöðunum, 1 fræva með 2—3 stílum og 1 einrýmdu egglegi. Aldinið hnot, sem optast nær er þrístrend, og er hún umlukta af blómhlífinni. Fræið með mikilli, mjölvaðri fræhvítu. — Flestar plöntur, sem teljast til þessarar ættar eru fjölærar (sjá undant. síðar), og frævast sumar af vindi (*Rumex*) en aðrar af skordýrum (*Polygonum*).

I. Blöðin fjaðurtauga.

A. Blómhlífin 3-deild.

a. Blómhlífin 6-blaða, hnotin þrístrend.

[1. Fræflarnir 9. Blómhlífin hvítleit, og lykur ekki um hnotina. Stórvaxin jurt með afarstórum, hjartлага blöðum. Ræktuð hjer og hvar í gördum vegna blaðstilkanna, sem hafðir eru til matar. § *Rheum undulatum*] (*Rabarbari*).

2. Fræflarnir 6. Blómhlífin lykur um hnotina. Blómin á sumum teg. einkynja. Frænin pensilaga. Rumex.

b. Blómhlífin 3-blaða. Fræflarnir 3. Efstu (3—5) blöðin standa saman í þjettum sveip á greinendum utan um blómskipunina. Ofurlítill smájurt.

Koenigia.

B. Blómhlífin 5-deild.

Polygonum.

II. Blöðin handtauga, nýrlaga, flest stofnstæð, súr. Oxyria.

51. **Rúmex.** Súra.

A. Blómin einkynja. Tvíbyli. Blöðin, sum að minnsta kosti, örlaga eða spjótlaga. Öll plantan meira og minna rauð, súr á bragðið.

1. Blöðin örlaga eða eggлага. Axlaslíðrin móleit. R. Acetosa.

2. Blöðin spjótlaga eða lensulaga. Axlaslíðrin hvít, rifin.

R. Acetosella.

B. Blómin tvíkynja, rauðleit. Blöðin lensulaga, meira og minna bárótt.

R. domesticus.

145. **R. Acetosa.** Túnsúra eða Blöndustrokkur. — Stöngullinn upprjettur eða lítið eitt uppsveigður neðst, sívalur, gáróttur, stinnur, venjulegast ógreindur upp að blómskipuninni, sem er samsett af mörgum stoðblaðlausum klösum með

nokkuð þjettstæðum blómkrönsum. Blómleggirnir liðaðir um eða neðan við miðju. 3 ytri blómhlífblöðin á kvennblómunum liggja niður á við, en þau innri liggja að aldininu, vaxa með því, og verða loks miklu stærri en hnotin; þau eru nýrlaga eða hjartлага með dálítilli brjóskvörtu neðst. — 20—70 cm. á h. — Blmg. seinast í maí eða í júní. — Allbreytileg að blaðlöguninni til.

Vex einkum á túnum og öðru graslendi, þó óræktað sje. — Mjög alg. um l. a.

146. **R. Acetosélla.** Hundasúra. — Margir stönglar á sömu rót, uppsveigðir og meira og minna skástæðir, grannir en allstinnir. Blómskipunin lík og á uf. teg. Blóm-



47. *R. Acetosella.*

leggirnir liðlausir. Ytri blómhlífblöð kvennblómanna uppstæð, örsmá; innri blöðin, sem liggja fast utan um hnotina hylja hana tæplega, og eru brjóskvörtulaus. — Smávaxin, 10—20 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í grýttri, óræktaðri jörð. Viða á N. og SV., en óf. á Au. og S.

147. **R. domésticus.** Heimula eða Heimilisnjóli. — Stöngullinn upprjettur, sívalur, gáróttur, greindur, stinnur, og verður trjenaður með aldrinum. Blöðin stór, allt að 30 cm. á lengd og meira, breiðlensulaga. Stofnblöðin stíklengri en stöngulblöðin og stærri. Blómskipunin stór, þjett

og blómmörg. Blómleggurinn litlu lengri en innri blómhlífblöðin; þau eru nettauga og brjóskvörtulaus; ytri blómhlífblöðin beygjast niður með aldrinum. — Stórvaxinn, allt að 120 cm. (4 fet) á h. — Blmg. í júní og júlí.

Vex í kring um bæi víða um land, og er mjög slæmt illgresi þar sem það kemst í garða. — Blöðin eru ágæt til matar framan af sumri, þó óvíða sjeu þau notuð hjer á landi.

52. **Koenigia.** Naflagras.

148. **K. islándica.** Naflagras. — Einær, hárlaus, safamikil smájurt með þráðmjóum, upprjettum eða uppsveigðum stöngli, sem ýmist er hjer um bil óskiptur, eða hann kvíslast í margar greinar. Blöðin stilkstutt eða stilklaus, öfugegglaða, heilrend, rauðleit; þau neðstu mótstæð, en þau, sem eru um miðjan stöngulinn, misstæð. Blómin örsmá, og standa í dálitlum skúfum innan í blaðsveipunum á stöngul- og greinendum. Blómhlífin ljósleit, og lykur um hnotina. Frævan stíllaus með 3 frænum. — 1—6 cm. á h. — Blmg. í júní og júlí.

Vex í rakri mold og leirjörð, t. d. í flögum og á kalblettum í deiglendum túnnum, sem opt eru rauðir af þessari smájurt. Í leirflögum fram með laugalindum verður hún stærst og greinflest. — Alg. um l. a.

53. **Polygonum.** Blöðkujurt.

I. Stofnendi blöðkunnar er yddur eða ávalur, að minnsta kosti á sumum blöðunum.

A. Blómin þjettstæð, og mynda ax eða axleita blómskipun.

a. Stöngullinn ógreindur, upprjettur með endastæðu blómaxi. Það er með rauðum, egglaða æxlikornum neðantil í blóma stað.

P. viviparum.

b. Stöngullinn greindur, jarðlægur eða upprjettur. Stíllarnir 2—3.

o. Jarðstöngullinn skriðull, með uppsveigðum eða upprjettum greinum. 5 fræflar. — Vatnsjurt. P. amphibium.

oo. Jarðstöngull enginn, 6—8 fræflar.

[1. Blöðin með kirtlum á neðra borði, límug og opt hvít-loug. Axlaslíðrin því sem nær hárlaus, nema lítið eitt randhærð. Blómhlífin og blómleggirnir með þjettum kirtlum. — F. á stöku stað við bæi. Hefur eflaust slæðst inn með vörum. § P. lapathifolium].

2. Blöð, blómhlíf og blómleggir kirtlalaus. Axlaslíðrin hærð og með löngum randhárum. P. Persicaria.

B. Blómin einstök eða fá saman í blaðöxlunum. 8 fræflar.

P. aviculare.

[II. Blöðkugrunnurinn með bug eða sýling, svo blaðið verður hjartлага eða spjótlaga. Vafstöngull. Blómskipunin köflóttur klasi. 8 fræflar, 1 stíll með 3 frænum. F. á fáeinum st. við bæi. Slæðist hingað við og við, en vex hjer líklega ekki að staðaldri. § P. Convolvulus].

149. **P. viviparum.** Kornsúra eða Túnblaðka. — Jarðstöngullinn lárjettur, stuttur og hnöllóttur. Blöðin mjög mismunandi að lögun, oddbaugótt eða aflöng, lensulaga eða jafnvel striklaga, heilrend með niðurorpnum röndum, græn á

efra borði, en blágráleit á hinu neðra. Axlaslíðrin löng, sniðskorin í odd að ofan. Axið er með himnukenndum hlífblöðum, er styðja blómin og æxlikornin. Blómhlífin hvít eða ljósrauðleit. Fræflarnir venjul. 8, stundum aðeins 6, stílar 3 ósamvaxnir. Stundum eru öxin alsett æxlikornum (vallarkorn), blómlaus og opt blaðgróin þ. e. smáblöð spretta út úr æxlikornunum, meðan þau eru á plöntunni. — 6—20 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex alstaðar um l. a.



48. *P. amphibium*.

150. *P. amphibium*. Tjarna-
blaðka. — Ein eða fleiri stöngulgreinar á jarðstönglinum, sem optast nær eru ógreindar nema neðantil. Blöðin flotlæg, stór (blaðkan allt að 15 cm. á lengd), aflöng eða lensulaga, flatrend og stundum dálítið grunnbuguð. Axið blómþjett, fremur stutt, venjulegast einstakt. Blómhlífin ljósrauð, 2 stílar vaxnir saman upp undir miðju. Öll plantan hárlaus og sljett, blöðin ekki snarprend (á þeim plöntum, sem hjer hafa fundizt). — 20—60 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Hefur aðeins fundizt á einum stað hjer á landi, í vatni við Syðri-Garða á Snæfellsnesi (H. J.)!

151. *P. Persicária*. Flóajurt. — Einær. Margir uppveigðir eða jarðlægir, greinóttir stönglar á sömu rót, sívalir, mjúkir, hárlausir og opt rauðleitir. Blöðin leggstutt, lensulaga, heilrend og lítið eitt randhærð, blágræn eða ofurlítið rauðleit. Öxin stutt og gild. Blómhlífin ljósrauð eða nærri hvít. 2—3 stílar. — Mjög mismunandi að stærð, 10—50 cm. á hæð eða lengd. — Blmg. í júlí.

Vex við hverri og laugar. F. á n. st. á SV. og l st. á NV.

152. *P. aviculáre*. Blóðarfi eða Hlaðarfi. — Einær. Stönglarnir marggreindir, smágáróttir. Blöðin stilkstutt eða stilklaus, sporbaugótt eða öfugeggla, flatrend, eða röndin

er örlítð orpin niður, mjúk en þjett í sjer, vanalega blá-græn. Blómin 1—5 saman í blaðöxlunum, leggstutt. Blómhlífblöðin græn með rauðum eða nærri hvítum faldi ofantil. 3 stílar. — Mjög breytileg planta, eptir því hvar hún vex, einkum að því er snertir stærð og greining. Stönglarnir geta orðið 60 cm. á lengd og meir, venjul. 20—30 cm. — Blmg. í júní.

Vex á hlöðum og í hlaðvörpum og er opt illgresi í görðum, einnig við sjó niður undir flæðarmál. Alg. á N., Au. og SV. Minna í öðrum lhl.

54. *Oxýria*. Ólafssúra.

153. *O. digyna*. Ólafssúra eða Fjallakál. — Stöngullinn uppsveigður, ógreindur neðan við blómskipunina, blaðlaus eða stundum með 1—2 stilkstuttum blöðum. Hin blöðin öll stofnstæð, mjög stilkklöng, blaðkan með smábugóttum röndum, þykk og safamikil. Blómskipunin greinóttur klasi, samsettur af mörgum, blómfáum skúfum. Blómhlífblöðin 4, misstór, þau innri stærri en þau ytri og upprjett, öfugegglega, og liggja að hnotinni, hin útstæð og lensulaga. — 6 fræflar og 2 örstuttir, ósamvaxnir stílar með pensillaga frænum. Hnotin flöt, nærri kringlótt með breiðum, rauðjöðruðum himnufaldi eða væng, er stendur alveg útundan blómhlífinni. — 20—40 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex í rökum jarðvegi og á skuggasælum stöðum, helst í giljum, klettaskorum og urðargjótum, einkum hátt til fjalla. — Alg.

21. *Alsináceæ*. Arfaættin.

Jurtir með mótstæðum, heilum, heilrendum og venjulegast alveg stilklausum og axlablaðlausum blöðum. Blómskipunin kvíslskúfur, sem allopt er blómfár; blómin regluleg, tvíkynja, undirsætin með tvöfaldri blómhlíf. Bikarinn lausblaða, langær, með 5 blöðum (sjaldan 4), krónublöðin jafnmörg, naglstutt; stöku tegundir hafa enga krónu. Fræflarnir eru venjulegast tvöfalt fleiri en krónublöðin (10 eða 8) eða jafnmargir þeim; 1 fræva með 3—5 stílum, einrýmdu egglegi og lausu, miðstæðu eggseti. Aldinið hýði; opnast það að ofan með tönnum; þær eru jafnmargar stílunum, eða helmingi fleiri. Fræin með fræhvítu. Allar ísl. teg. eru með hvítum blómum, frævast af skordýrum, og eru flestar fjölærar.

A. Blöðin flöt, nokkuð breið.

a. Krónublöðin með skerðingu í broddinn.

1. Krónublöðin með djúpri skerðingu, er klýfur þau nærri niður í gegn, svo þau sýnast í fljótu bragði tvöfalt fleiri en þau eru í raun og veru. *Stellaria*,
2. Krónublöðin með grunnri skerðingu. *Cerastium*.

b. Krónublöðin heil.

1. Hýðið 3-tennt, hnöttótt. — Krónublöðin með greinilegri nögl. Blöðin þykk og safamikil. Strandjurt. *Honckenia*.
2. Hýðið 6-tennt, egglaða. Krónublaðneglurnar örsmáar. Blöðin ekki mjög þykk eða safamikil. *Arenaria*.

B. Blöðin þráðmjó, strik- eða sýllaga.

- a. Blöðin sýnast kransstæð vegna blaðþjettra greina, er standa í blaðöxlunum. Himnukennd axlablöð. *Spergula*.
- b. Blöðin móttstæð, axlablaðlaus. Fjölærar smájurtir.
 1. 3 stílar og 3-tennt hýði. *Alsine*.
 2. 4—5 stílar og 4—5-tennt hýði. Stundum vantar krónuna. *Sagina*.

55. *Stellária*. Arfi.

A. Stöngullinn sívalur, einhliðhærður. Blöðin breiðegglaða. Neðantil á stönglinum eru blöðin með stuttum, vængjuðum, randhærðum stilk.

S. media.

B. Stöngullinn dálítið stendur, hárlaus. Blöðin mjólensulaga, stilklaus. Blómleggurinn gildari uppi undir blóminu.

a. Krónublöðin lengri en bikarblöðin.

1. Bikarblöðin ydd, talsvert styttri en hýðið og opt miklu styttri en krónublöðin. *S. crassifolia*.
2. Bikarblöðin snubbótt, hjer um bil jafnlöng hýðinu, og lítið styttri en krónublöðin. *S. humifusa*.

b. Krónublöðin miklu styttri en bikarblöðin. Hýðið nærri helmingi lengra en bikarinn. *S. borealis*.

154. *S. media*. Haugarfi eða Taðarfi. — Einær, safamikil jurt, með jarðlægum eða uppsveigðum, marggreindum stöngli. Blómin smá á löngum, einhliðhærðum leggjum, er sveigjast niður með aldrinum. Bikarblöðin egglaða, snubbótt, himnurend, kirtilhærð og venjulega talsvert lengri en krónan. Fræflarnir 3 eða 5, sjaldan 10. Hýðið egglaða, lengra en bikarinn. — 5—60 cm. á hæð eða lengd. — Blmg. allt sumarið frá því í maí og þangað til í nóvember, ef tíð leyfir.

Vex kring um hauga og peningshús, og algengt illgresi í gördum.

155. **S. crassifolia.** Stjörnuarfi. — Fjölær, mjög fingerð jurt. Stönglarnir vanal. margir á sama jarðstöngli, nærri sívalir, uppsveigðir eða upprjettir, ef þeir hafa stuðning, stundum meira og minna jarðlægir. Blöðin aflöng eða lensulaga, stundum nærri eggлага. Háblöðin hárlaus. Blómin legglöng, einstök eða í blómfáum, strjálblóma skúfum. — 10—24 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex helst í rakri og blautri sandjörð fram með lækjum og pollum og nálægt sjó. — Alg.

156. **S. humifusa.** Lágarfi. — Mjög líkur uf. teg., nema hvað hann er vanalega smávaxnari, stönglarnir jarðlægir, liðstuttir, svo blöð og greinar verða þjettstæð. Blómin til-
tölulega stór en ekki eptir því legglöng. — 5—7 cm. á h. — Blmg. í júlí. — [Efasamt hvort rjett er að telja þetta sjerstaka teg.].

F. á 2 st. nálægt sjó á N.: Hofsós (Strf.)!, Flateyrdalur (St.).

157. **S. borealis.** Línarfi. — Stönglarnir fleiri en einn á jarðstönglinum, háir, liðlangir, gljáandi. Blöðin ljósgræn, aflöng eða lensulaga, allstór (allt að 4 cm. á lengd). Háblöðin randhærð. Blómin smá, í löngum skúfum, og virðast standa einstök í kvíslgreipunum. Bikarinn tvöfalt lengri en krónublöðin, sem eru skammæ, og falla skjótt. — c. 40 cm. á h. — Blmg. í júlí.

F. á 1 st. á NV.: Vatnsfjörður (St.).

56. Cerástium. Fræhyrna.

A. 5 stílar (mjög sjaldan 4). Hýðistennurnar 10—8. Blómlausir blaðsprotar út frá stofninum. Fjölærar jurtir.

a. Krónublöðin helmingi lengri en bikarinn eða því sem nær.

1. Bikarblöðin lensulaga eða mjóegg-lensulaga. Blöðin egg- eða lensulaga. C. alpinum.

2. Bikarblöðin eggлага eða breiðegg-lensulaga. Blöðin aflöng eða breiðoddbaugótt. C. Edmondstonii.


b. Krónublöðin ekkert lengri eða í mesta lagi $\frac{1}{3}$ lengri en bikarinn. C. vulgare.

B. 3 stílar (í stöku blómi 4 eða 5). Hýðistennurnar vanalega 6.

C. trigynum.

158. **C. alpinum.** Músareyra. — Margir stönglar á sömu rót, en venjulegast fremur gisstæðir, skriðulir neðantil og uppsveigðir með mörgum blaðsprotum og venjulega 1—3, stundum 5—7 blómum, alklæddir mjúkum, ljósum hárum og auk þess meira og minna kirtilhærðir ofantil. Blöðin líka mjúkhærð og opt þjettstæð eða í hálfgerðum hvirfingum á

blaðsprottaendunum. — Bikarblöðin nokkuð ydd. Krónublöðin 5—7 mm. á breidd. Hýðið fullþroskað nærri helmingi lengra en bikarinn, nokkurnvegin jafngilt, lítið eitt bogið upp á við. — 10—25 cm. á h. — Blmg. í maí. — Mjög breytileg að hæring og blaðlögun.



49. *C. alpinum*.

var. lanátum. Blöðin eru breiðari en á aðalteg., oddbaugótt eða öfugegg-laga. Öll plantan þjett hvítloðin, sjerstaklega blaðsprotarnir; hvirfingarnar á þeim eru kaffloðnar og veturgrænar.

var. glabrum. Blöðin mjórri en á aðalteg., mjóoddbaugótt eða lensulaga, alveg hárlaus eða randhærð. Stönglar, blómleggir og bikar gljáandi og hárlausir með öllu eða því sem nær. Blöð og stönglar stundum dálítið blárauðleitir.

Vex í móum og á melum. Aðalteg. og *v. lanatum* alg., *v. glabrum* sjaldgæfari.

159. **C. Edmondstonii**. Kirtilfræhyrna. (*C. arcticum* Lange. Grl. Isl. Fl.). — Stönglarnir vanalega þjettstæðir og 1—2- sjaldan 3-blóma, nærri hárlausir neðantil, en annars stutthærðir, nokkuð snarphærðir og talsvert kirtilhærðir ofantil; að öðru leyti eins og á uf. teg. Blöðin gishærð en mjúkhærð, blaðsprotablöðin stundum randhærð. Bikarblöðin snubbótt með löngum kirtilhárum. Krónublöðin venjulega nokkru breiðari en á uf. teg. og hýðið lengra, lítið eitt upp-mjótt og nærri beint. — 3—10 cm. á h.

F. á fáeinum stöðum á Au., en ekki í öðrum lhl.

160. **C. vulgare**. Vegarfi. (*C. vulgatum* L. Grl. Isl. Fl.). — Stönglarnir venjulegast margir á sömu rót, uppsveigðir eða jarðlægir, þjett, en stutthærðir. Blómskúfurinn venjulegast stuttur og blómþjettur. Blöðin langegg-laga, aflöng eða lensulaga, ydd eða snubbótt, fremur gishærð og langhærð; neðantil á stönglinum og eins á blaðsprotunum eru blöðin dá-

lítið stíkuð og þá opt oddbaugótt eða öfugeggлага. Háblöðin, að minnsta kosti þau efstu og bikarinn, himnurend. — Hýðið helmingi lengra en bikarinn, jafngilt og bogið upp á við. — 6—40 cm. á h. — Blmg. í maí. — Mjög breytileg teg.

var. alpéstre. Krónublöðin nokkru lengri en bikarinn. Stönglarnir venjulegast hærri og langhærðari neðantil en á aðalteg., blómskúfurinn gisnari og blómfærri og hýðið lengra og gildara.

Vex í holtum og á túnnum, aðalteg. mjög alg. Afbr. hefur fundizt á fáeinum stöðum á Au.

161. **C. trigynum.** Lækjafræhyrna. — Margir skriðulir stönglar með blaðsprotum og uppsveigðum 1—4-blóma blómgreinum. Blöðin aflöng, nærri hárlaus, hliðsnúin, einkum á blaðsprotunum. Háblöðin himnufaldslaus. Blómleggirnir einhliða kirtilhærðir. Bikarblöðin aflöng, snubbótt með himnufaldi og kirtilhærð, að minnsta kosti neðantil. Krónublöðin allt að því helmingi lengri en bikarblöðin. Hýðið keilulaga, snubbótt, nærri helmingi lengra en bikarinn, og venjulegast með 6 útsveigðum tönnum. Fræin gulleit. — 10—20 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í grýttum jarðvegi fram með lækjum og lindaseitlum. — Mjög alg.

57. Honckénja. Smeðjukál.

162. **H. peploides.** Berjaarfi eða Fjöruarfi. — (*Halianthus p. Fr.* Grl. Isl. Fl.). — Fjölær, safamikil, hárlaus strandjurt með kvíslgreindum stönglum; eru þeir venjulegast rótskeytir neðantil, en með uppsveigðum greinum. Blöðin þykk, eggлага eða oddbaugótt, kjötkennd, smeðjuleg á bragðið með brjóskkenndum jöðrum. Blómin einstök eða í blómfáum skúfum á greinendunum, legglaus eða því sem nær. Bikarblöðin oddbaugótt eða sporbaugótt, á lengd við krónublöðin eða lítið eitt styttri. Fræflarnir 10 og 3 stílar. — Blómin eru opt ýmist með ófrjóum fræflum og frjórri frævu (kvennblóm) eða ófrjórri frævu og frjóum fræflum (karlblóm), og eru þá sitt á hvorum plöntueinstaklingi (tvíbýli). Hýðið rauðleitt, lengra en bikarinn. Fræin stór, dökkbrún, gljáandi. Stönglarnir mjög mismunandi að lengd, 15—50 cm. — Blmg. í júní.

Vex í sandi og mól með sjó fram. Alg. um l. a. Á söndunum á S. vex það víða alllangt frá sjó.

58. **Arenária.** Sandi.

163. **A. ciliáta** *var. humifúsa*. Skeggsandi. — Margir þjettstæðir, jarðlægir, smáhærðir stönglar á sömu rót með mörgum blaðsprotum og uppsveigðum eða jarðlægum, 1—2-blóma blómgreinum. Blöðin smá, oddbaugótt eða öfugeggslaga, opt nokkuð þykk, gljáandi, hárlaus eða gisrandhærð neðantil. Bikarblöðin eggslaga, ydd, með himnufaldi. Krónublöðin sporbaugótt, lengri en bikarinn, snjóhvít. Hýðið einnig nokkru lengra en bikarinn. Fræin mósavört, nýrlaga, nöbbótt. — Dálítill melajurt, 5—8 cm. — Blmg. í júní.

Vex á melum. — Mjög alg.

59. **Spérgula.** Skurfa.

164. **S. arvensis**. Skurfa. — Einær, kirtilhærð, límug, fremur smávaxin jurt. Stöngullinn kvíslast venjulegast við stofninn í fleiri eða færri upprjettar eða skástæðar, sívalar greinar. Blöðin útrjett, þráðmjó, ávöl að ofan, en grópuð að neðan. Blómin 5-deild, legglöng, mörg saman í skúfum á greinendunum; beinast blómleggirnir niður eptir blómgunina. Bikarblöðin eggslaga, himnurend. Krónan hvít, álíka löng og bikarblöðin. Fræflarnir optast 10, stundum 5, og 5 stílar. Hýðið nærri hnöttótt, gljáandi. Fræin tvíkúpt, nöbbótt með mjóum himnufaldi. — 10—25 cm. á h. — Blmg. í júlí.



50. *S. arvensis*.

Vex í sendinni og grýtttri óræktarjörð, helzt þar sem nokkur deigla er. — Viða á SV. og S. Á N. og Au. hefur hún aðeins fundizt á fáeinum stöðum við bæi, og hefur sjálfsagt slæðst þangað með vörum frá útlöndum, en vex þar hvergi að staðaldri, svo jeg til viti.

Erlendis er planta þessi ræktuð til fóðurs, og er enginn efi á því, að það mætti einnig takast hjer á landi.

60. **Alsíne.** Arfanóra.

A. Krónublöðin styttri en bikarblöðin. Blöðin með 3 upphleyptum taugum.

A. verna.

B. Krónublöðin jafnlöng bikarblöðunum eða lengri. Engar upphleyptar taugar í blöðunum.

1. Blómleggirnir smáhærðir. Bikarblöðin snubbótt, taugaber. A. biflora.
2. Blómleggirnir hárlausir, langir. Bikarblöðin ydd með óglöggum taugum. A. stricta.

165. **A. verna.** Melanóra. — Stönglarnir venjulegast fjöldamargir á sömu rót, og standa í þjettum smábrúskum eða þúfum, upprjettir eða uppsveigðir, 4—7 cm. háir, optast einblóma, stundum tví- og þríblóma. Blómleggirnir helmingi lengri eða nokkrum sinnum lengri en bikarinn. Blöðin striklaga eða mjólensulaga. Bikarblöðin egg- eða lensulaga, ydd, 3-tauga, lítið eitt himnurend. Krónublöðin sporbaugótt. Hýðið egglaga, stundum 4-tennt, lítið eitt lengra en bikarinn. — Blmg. í júní. — Annars allbreytileg.

- a. hirta, kirtilhærð, einkum ofantil. Stönglarnir rauðbláleitir, opt þríblóma. Blómleggirnir stuttir. Blöðin mjó, 3—6 pör á hverjum stöngli ofan stofns. Krónublöðin jafnlöng bikarnum, hvít.
- b. rubélla, hárlaus í þjettum, lágu brúskum, með styttri, breiðari og taugaberari blöðum en hin afbrigðin. Stönglarnir ein- eða fáblóma, blómleggirnir opt langir. Krónan styttri en bikarinn, stundum rauðleit. Fræin vanalega nöbbótt.
- c. propinqua, líka hárlaus. Stönglarnir marggreindir með nærri hárfínnum, 3-blóma greinum eða öllu optar með blómmörgum skúfum. Blómin smá. Krónan styttri en bikarblöðin. Fræin ljósmóleit, nöbbótt eða öllu fremur smágöddótt.

Vex á melum og í grýttri óræktarjörð. Mjög alg. um l. a., að minnsta kosti á N. og Au. Af afbrigðunum er *rubella* algengust.

166. **A. biflora.** Fjallanóra. — Margir samstofna, jarðlægir eða jarðhuldir stönglar með uppsveigðum, fínhærðum og kirtilhærðum, tví- eða einblóma, 2—4 cm. háum greinum. Blöðin striklaga eða mjólensulaga, snubbótt, hárlaus eða smárandhærð. Blómleggirnir venjulega helmingi lengri en bikarinn (stundum enn lengri, einkum ef plantan vex í skugga). Krónublöðin dálítið lengri en bikarinn, aflöng, stundum ofurlítið oddnumin, hvít. Hýðið mjóegglaga nærri helmingi lengra en bikarinn. — Blmg. í júní.

Vex einkum hátt til fjalla og heiða í holtum og innan um grjót, helst þar, sem deigla er. — Viða.

167. *A. stricta*. Móanóra. — Stönglarnir eins og á uf. teg. með upprjettum, 5—8 cm. háum blaðfáum, hárlausum, ógreindum eða tví—þríkvísluðum blómgreinum. Blöðin mjóstriklaga, snubbótt, hárlaus. Blómleggirnir margfalt lengri en bikarinn. Krónublöðin örlitlu lengri en bikarinn, sporbaugótt og alveg heil. Hýðið egglega, dálitð lengra en bikarinn.

Vex í líkum jarðvegi og uf. teg., en fremur sjldg., hefur þó f. í öllum lhl. nema S.

61. *Sagina*. Krókarfi eða Krækill.

I. Blómin 4-deild (stöku blóm 5-deilt). Krónublöðin helmingi styttri en bikarblöðin eða engin. Hýðið dálitlu lengra en bikarinn.

S. procumbens.

II. Blómin 5-deild.

A. Krónublöðin jafnlöng eða litlu styttri en bikarblöðin.

a. Hárlaus. Blöðin með stuttum, gagnsæjum broddi.

1. Blómleggirnir langir (2—3 cm.), krókbognir efst, þar til hýðin opnast, þá rjetta þeir úr sjer. Hýðið hjer um bil helmingi lengra en bikarinn. *S. Linnæi*.

2. Blómleggirnir stuttir ($\frac{1}{2}$ —1 cm.), beinir, aðeins lítið eitt bognir á undan blómguninni. Hýðið jafnlangt bikarinn. *S. nivalis*.

b. Kirtilhærð. Blöðin með löngum, gagnsæjum broddi. *S. subulata*.

B. Krónublöðin miklu lengri en bikarblöðin.

S. nodosa.

168. *S. procumbens*. Skammkrækill. — Hárlaus smájurt.



51. *S. procumbens*.

Frá stofninum á miðstæðum blaðsprota (♂: aðalstönglinum), sem endar í þjetttri blaðhvurfing, ganga margir jarðlægir, 2—8 cm. háir stönglar (eða rjettara greinar), rót-skeytir neðantil með uppsveigðum blómgreinum.

Blöðin strik- eða sýllaga með stuttum, gagnsæjum oddi.

Blómleggirnir venjulegast heldur styttri en efstu stöngulliðirnir og krókbognir efst, þangað til hýðið opnast. Bikarblöðin með óglöggum taugum eða taugalaus, og

breiðast út, þegar hýðið þroskast. Fræflarnir 4—7 og stíflarnir 4—5. — Blmg. í júní.

Vex í myldnum og leirkenndum jarðvegi. — Alg. á Au., N. og SV. og sjálfsagt víðar, þó hans sje ekki getið frá NV. og S.

169. **S. Linnæi.** Langkrækill. — Mjög lík uf. teg. að því, er snertir stönglana og blöðin. Blómleggirnir lengri og opt miklu lengri en efstu stöngulliðirnir, en að öðru leyti eins og á uf. teg. Stöku blóm eru stundum 4-deild. — Bikarblöðin eru óglögg eintauga, standa upp með hýðinu, og beinast lítið eitt út á við. Krónublöðin heldur styttri en bikarblöðin og stundum engin. Fræflarnir 10. — 4—10 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í samskonar jarðvegi og uf. teg. Alg. um 1. a.

170. **S. nivális.** Snækrækill. — Mjög smávaxin jurt með mörgum, þjettstæðum, 2—3 cm. löngum stönglum, uppsveigðum eða jarðlægum, en ekki rótskeytum, opt dálítið rauðleitum, og kvíslast þeir út frá miðstæðri blaðhvirfing á líkan hátt og á uf. teg. Blöðin mjög smá, sýllaga með örstuttum broddi. Bikarblöðin dapurtauga eða taugalaus, hjer um bil jafnlöng krónublöðunum.

Vex helst til fjalla. F. á örfáum st. á N. og 1 st. á SV.

171. **S. subuláta.** Broddkrækill. — Lík uf. teg. að stærð og útliti. Stönglarnir uppsveigðir, 3—5 cm. háir; ekki rótskeytir neðantil, greindir og með legglöngu blómi á hverjum greinenda. Blómleggirnir miklu lengri en efstu stöngulliðirnir, beinir, meðan á blómguninni stendur, bogna svo lítið eitt að henni lokinni, og rjetta svo aptur úr sjer, þegar hýðið er fullþroskað. Blöðin með löngum broddi, jafnlöngum eða lengri en þvermál blaðsins. Bikarblöðin 1-tauga, á lengd við krónublöðin en nokkru styttri en hýðið, — Blmg. í júní.

F. aðeins á 2 st. á SV. — Staðarfell, Hrappsey (H. J.)!

172. **S. nodósa.** Hnúskakrækill. — Út frá miðhvirfingunni ganga margir, fjölgreindir stönglar á sama hátt og áður er lýst; sýnast þeir hnúskóttir af smáblaðsprotum, er standa í blaðöxlunum. Blöðin í hvirfingunum og neðst á stönglunum eru löng, striklaga eða þráðmjó með stuttum broddi, en styttest eptir því, sem ofar dregur, og efstu blöðin eru örsmá. Blómleggirnir alltaf upprjettir, álíka langir og efstu stöngulliðirnir.

Bikarblöðin taugalaus, himnurend, miklu styttri en krónublöðin og nokkru styttri en hýðið. — 5—12 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex helst í rakri sand- og malarjörð. Alg. að heita má, að minnsta kosti á N. og SV. og f. í öllum lhl.

22. Silenaceæ. Hjartagrasættin.

Jurtir með mótstæðum, heilum og heilrendum, venjulega alveg legglausum og axlablaðlausum blöðum; eru þau stundum lítið eitt vaxin saman neðantil utan um stöngulinn. Blómin regluleg, og standa í kvíslskúfum eða einstök, undirsætin og tvíkynja, en opt ná aðeins annaðhvort karl- eða kvennkynfærin fullum þroska, svo blómin verða einkynja. Bikarinn samblaða, 5-tenntur, varanlegur. Krónublöðin 5, nagllöng, optast nær með smáleppum eða hjákrónu, þar sem blaðkan og nöglin mætast. Fræflarnir venjulega helmingi fleiri en krónublöðin. Frævan með 3 eða 5 stílum, og stendur á dálitlum fæti, aldinstæðinu, sem kallað er, og við það eru fræflarnir og krónan einnig fest; að öðru leyti er frævan eins og á uf. ætt. Aldinstæðið er framlenging af blómbotninum ofan eða innan við bikarinn. Aldin og fræ eins og á uf. ætt. — Allar ísl. tegundirnar eru fjölærar, og frævast af skordýrum. A. Stílarnir 3. Hýðið 6-tennt. Krónan hvít eða rauðblá.

Silene.

B. Stílarnir 5. Hýðið 5-tennt. Krónan rauð eða blárauð.

a. Bikarinn stórtenntur. Tennurnar miklu styttri en krónublöðkurnar.

1. Krónublöðkurnar 2-flipaðar.

Viscaria.

2. Krónublöðkurnar 4-flipaðar.

Coronaria.

b. [Bikarinn klofinn í langa flipa, og eru þeir miklu lengri en krónublöðkurnar. — Stórvaxin planta með hærðum stöngli og stórum legglöngum, blárauðum blómum. F. á fáeinum st. við bæi. § Agrostemma Githago].

62. Siléne. Hjartagras.

A. Bikarinn uppblásinn, egglega. Krónublöðin hvít, klofin í broddinn.

1. [Háblöðin himnukennd, ljósleit. Blómin álút, í blómmörgum skúfum. Stöngullinn eða stönglarnir upprjettir eða uppsveigðir, 30—60 cm. háir. F. á örfáum (3) st. við bæi. § S. infláta].

2. Háblöðin jurtkennd, græn eða rauðleit. Blómin upprjett, í blóm-
fáum, 2—5-kvísluðum skúfum eða einstök. *S. maritima.*
B. Bikarinn óuppblásinn, uppvíður, bikarlaga. Krónublöðin rauðblá, örlítið
odnumin. *S. acaulis.*

173. *S. maritima.* Holurt eða Fálkapungur. — Margir jarðlægir eða uppsveigðir stönglar á sömu rót, sumir eingöngu blaðbærir, sumir blómbærir með blaðsprotum neðantil. Blöðin kjötkennd, lensulaga eða mjóoddbaugótt. Blómin stór, venjulegast aðeins 2 eða 3 saman á stöngulendunum. Bikarinn ljósgrænleitur eða rauðleitur með dekkra æðaneti. Krónublöðin vanalega með tvítenntri hjákrónu. Hýðið dökkt, egg- eða hjartlaga (hjartagras), opt nærri hnöttótt, hjer um bil helmingi lengra en aldistæðið, en talsvert styttra en bikarinn. Plantan öll hárlaus, 10—25 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex á melum (melapungur). Alg. um l. a. nema nokkurn hluta NV.

174. *S. acaulis.* Lambagras. — Upp af gildri, djúpstæðri stólparót, er sumir kalla holtarót, kvíslast margir, opt ótölulegur fjöldi af marggreindum, blaðþjettum stönglum, er standa mjög þjett saman, og mynda þybbna, hvelfda þúfukolla eða flatar gróðurtorfur; sjer aðeins á stöngul- og greinendana, er bera grænar blaðhvurfingar efst, en neðar á stönglunum eru blöðin visin og dauð. Blöðin smá, strik- eða sýllaga, smáhærð á röndunum. Blómin einstök í efstu blaðöxlunum, leggstutt eða nærri legglaus; standa þau vanalega svo þjett, að þúfurnar eru alrauðar til að sjá, og skipta stundum þúsundum á einni þúfu eða einum plöntueinstaklingi. Þau eru bæði tvíkynja og einkynja, og eru kvennblómin vanalega minni en karlblómin. Bikarinn rauðleitur, stórtennur; tennurnar lítið eitt styttri en pípan. Hýðið aflangt, og stendur langt upp úr bikarnum. — Stöku sinnum eru krónurnar hvítar, og er þá bikarinn ljósgrænn (*f. albiflora*). — Blmg. í maí.

Vex á melum og í holtum til mikillar prýði. Alg. um l. a. Rótin hefur verið höfð til manneldis.

63. Viscária. Ljósberi.

175. *V. alpina.* Ljósberi. — Upp af rótinni kvíslast þjettstæðir, stuttir blaðsprotar og 1 eða fleiri (opt 2) blómstönglar. Blöðin striklaga eða lensulaga, stuttydd. Blaðsprotar

blöðin niðurmjó. Blómin leggstutt, og standa blómskúfarnir saman í þjettum hnapp á stöngulendunum. Bikarinn uppviður með snubbóttum tönnum, meira og minna rauðleitur, og svo er einnig stöngullinn opt og tíðum og neðri hluti blaðanna. Krónublöðkurnar klofnar hjer um bil til miðs. Hýðið miklu lengra en aldinstæðið. Blómin mjög ilmsæt. — Plantan öll hárlaus. 8—12 cm. á hæð, — Stöku planta er með ljósgrænum stönglum og blómskipunum og hvítum krónum (*f. albiflora*).. — Blmg. í júlí.

Vex í holtum og melabörðum. Viða um l. a.

64. **Coronária.** Munkahetta.



52. *C. flos cuculi.*

176. **C. flos cuculi.** Munkahetta. (*Lychnis f. c. L.* Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur, gáróttur með blaðsprota við stofninn einum eða fleirum, er spretta á sama jarðstöngli. Blöðin aflöng eða lensulaga, neðstu blöðin á stönglinum og á blaðsprotunum eru örmjó niður, og líta út eins og stilkuð væri. Blómin stór, standa í blómfáum skúf á stöngulendanum. Bikarinn rauðbrúnn með 10 dekkri taugum og oddmjóum tönnum. Krónublöðin ljósrauð, mjög þunn og fíngerð með löngum flípum. Hjákrónulepparnir mjóir, sýllaga. Hýðið egglega, styttra en bikarinn. — 20—30 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í mýrum og deiglendi undir Eyjatjöllum og í Mýrdal S.

23. **Chenopodiaceæ.** Hjelunjólaættin.

Jurtir með misstæðum, fjaðurtauga, axlablaðlausum blöðum, sem optast nær eru safamikil og kjötkennd. Það er og altítt, að jurtir þessar, einkum yngstu hlutar plöntunnar, eru klæddar stuttum, ljósum safahárum, er líta út eins og hrím eða hjela, og strjúkast af, þegar við þau er komið. Blómin eru

smá og ósjáleg í smáhnoðum, er standa í öxum (eða klös-um), regluleg, undirsætin, tví- eða einkynja með einfaldri, grænni 5-(eða 3-)blaða blómhlíf, eða nakin með 2 forblöðum í blómhlífar stað. Fræflarnir venjulega 5 og 1 fræva með 2—5 stílum og einrýmdu egglegi með grunnstæðu egg. Aldinið hnot. Fræið með fræhvítu. Vindfrævun eða sjálffrævun. Isl. teg. einærar.

A. [Blómin tvíkynja með 5-blaða blómhlíf, sem er langæ, og lykur um hnotina. — Allstórvaxin planta með upprjettum, greindum stöngli, egg- og lensulaga, óreglulega tenntum blöðum. Blómhnoðun standa í greindu axi. Hefur fundizt allvíða við bæi og í görðum, en vex hvergi að staðaldri. § *Chenopodium album*. Hjelunjóli].

B. Blómin einkynja. Kvennblómin nakin með tveim forblöðum, sem vaxin eru saman neðantil, og lykja um hnotina.

Atriplex.

65. *Atriplex*. Hrímblaðka.

177. A. *pátula*. Hrímblaðka. — Stönglarnir vanalega marggreindir, jarðlægir, 15—30 cm. langir. Blöðin neðantil á stönglinum þríhyrnd eða lensulaga, meira og minna tennt og opt með útstæðum blaðflípum neðst á blöðkunni, en ofantil á stönglinum eru blöðin mjórri og alveg heilrend eða því sem nær. Stundum eru öll blöðin lensulaga, og því sem nær eða alveg heilrend. Forblöðin tígullaga, ydd, samvaxin neðantil og allt upp undir miðju. Fræin gljáandi. — Blmg. í júní. — Allbreytileg planta að lit og útliti, stundum allifrauð eða meira og minna rauðleit.

Vex í fjörusandi og á malarkömbum umhverfis l. a. og sumstaðar mikið.

24. *Portulacaceæ*. Grýtuættin.

Jurtir með mótstæðum (eða misstæðum), heilrendum, kjötkenndum blöðum. Blómin undirsætin, tvíkynja með einfaldri samblaða, 5-tenntri, krónukenndri blómhlíf og tveim grænum forblöðum, er lykja um blómið, og opt eru kölluð bikar. Fræflarnir 3 (eða 5) og 1 fræva með einrýmdu egglegi og 3 frænum. Aldinið hýði, er opnast með 3 lokum. Fræin með fræhvítu.

66. *Montia*. Grýta.

178. *M. rivuláris*. Grýta. — Smávaxin safamikil jurt með marggreindum stönglum og mótstæðum, öfugeggлага blöðum. Blómin örsmá í blómfáum skúfum, er standa í blaðöxlunum. Blómhlífin hvít, dálítið óregluleg, og er lokuð nema í sólskini og góðu veðri. Blómleggirnir bogna niður á við að blómguninni lokinni. Hýðið með 3 stórum, hrafnsvörtum, gljáum fræjum.

53. *M. rivularis*.

— Blmg. í júní.

Vex við læki og laugar. Alg. um l. a.

25. *Ranunculaceæ*. Sóleyjaættin.

Jurtir með misstæðum, slíðurfættum axlablaðlausum blöðum; eru þau venjulegast handtauga, samsett, skipt eða flipuð. Blómin undirsætin með háhvelfdum blómbotni, regluleg og tvíkynja. Blómhlífin venjulega tvöföld, 3—5-deild, þó hafa tvær ísl. teg. einfalda blómhlíf (nr. 186 og 187). Fræflarnir margir og margar einblaða frævur og því samaldin. Smáaldinin hnetur eða belghýði. Fræin með olúkenndri fræhvítu. Allar ísl. teg. eru fjölærar, og frævast af skordýrum.

A. Blómhlífin tvöföld. Aldinin hnetur.

a. Krónublöðin gul.

Ranunculus.

b. Krónublöðin hvít.

1. Blaðflíparnir flatir. Blómin stór. Krónublöðin nærri alhvít í fyrstu, en roðna svo á röndunum, og verða að lokum alrauð. Háfjallajurt. *R. glacialis*.

2. Blaðflíparnir hármjóir. Blómin fremur smá. Krónublöðin með gulum nöglum. Vatnsjurt.

Batrachium.

B. Blómhlífin einföld.

1. Blómin stór með 5-deildri, gulri blómhlíf. Aldinin belghýði. *Caltha*.

2. Blómin með 4-deildri, rauðleitri blómhlíf. Hnetur.

Thalictrum.

67. *Ranunculus*. Sóley.

I. Krónublöðin gul.

A. Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður, aldrei rótskeytur.

1. Krónublöðin miklu lengri en bikarblöðin. Blómin stór. *R. acer*.2. Krónublöðin jafnlöng eða styttri en bikarblöðin. Blómin smá.
R. pygmaeus.

B. Stöngullinn jarðlægur, rótskeytur eða að minnsta kosti með rótskeytum greinum.

a. Blöðin handtauga, samsett eða skipt.

1. Krónublöðin 5, stór, hjer um bil helmingi lengri en bikarblöðin. *R. repens*.2. Krónublöðin 3, stundum 4, smá, hjer um bil jafnlöng bikarblöðunum. *R. hyperboreus*.b. Blöðin heil, striklaga, opt þráðmjó, en stundum ofurlítið breiðari fram. *R. reptans*.II. Krónublöðin hvít, en roðna með aldrinum (sjá áður). *R. glacialis*.

179. *R. acer*. Brennisóley eða Sóley. — Stöngullinn venjulega meira og minna greindur ofantil með mörgum blómum, þó er stöku planta, einkum til fjalla, með lágu, ógreindum blómtypptum stöngli. Stofnblöðin og neðstu stöngulblöðin stíklöng, fimköntuð að ummáli, 5-skipt með flípóttum og sepóttum blaðhlutum. Háblöðin stíklstutt eða þau efstu stíkllaus, 3-skipt og stundum með nærri heilum blaðhlutum. Bæði stöngullinn og blöðin eru meira og minna hærð. Blómleggirnir sljettir. Bikarblöðin gulgræn með innorpnunum jöðrum. Krónublöðin öfugeggjala, gulgljáandi, dálítið íhvolft; stundum eru blómin ofkrýnd þ. e. krónublöðin fleiri en 5. Hneturnar skakkeggjala með meira og minna boginni trjónu, ekki ólík pontu í lögun. — Mjög breytileg að stærð, 20—50 cm. á h.; stundum minni. — Blmg. í maí. — Blómin eitruð.

54. *R. acer*.

Vex helzt á graslendi eða yfirleitt í myldnum jarðvegi. Sumstaðar eru tún fagurgul af sóley, og rýrir hún þá og spillir töðunni að miklum mun. — Alg. um l. a. og svo alkunn, að hvert smábarn þekkir hana.

180. **R. répens.** Skriðsóley. — Stöngullinn skriðull eða uppsveigður með skriðulum stofngreinum. Stofnblöðin og neðstu stöngulblöðin stíklöng með stórri, allt að 20 cm. breiðri,



55. *R. repens.*

þrífingraðri blöðku. Smáblöðin opt legglöng, skipt og flipuð, enda smáblaðið með stíkuðum miðflipa. Efstu blöðin stíklaus, klofin í þrennt, fliparnir lensulaga eða aflangir og optast nær heilir. Blómleggirnir gáróttir. Bikarblöðin lík og á uf. teg., en minna hærð eða hjer um bil hárlaus. Krónublöðin og aldinin mjög lík og á uf. teg. — 20—60 cm. á h. eða meir. — Blmg. í júní.

Vex einkum í ræktarjörð kring um hús og hauga eða í nánd við laugar. — Viða á N. og SV., á 1 st. á Au. og NV.

181. **R. pygmæus.** Dvergsóley. — Smávaxin fjallajurt með 3—6 cm. háum, blaðfáum, gis- og mjúkhærðum stöngli. Blöðin hárlaus eða gisrandhærð. Stofnblöðin og neðstu stöngulblöðin stíklöng, nærri nýrlaga, skipt með upp-breiðum, heilum eða dálítið sepóttum blaðhlutum. Háblöðin stíklaus og klofin í 3 aflanga og heilrenda flipa. Bikarinn gismjúkhærður. Krónublöðin öfugegglega, gljálaus og heldur styttri en bikarblöðin. Samaldinið dálítið aflangt. Hneturnar með krókboginni trjónu, annars líkar og á uf. tegundum. — Blmg. í júlí.

Vex í rökum gróðurgeirum hátt til fjalla og í nánd við læki og dý. F. víða á N. og NV., en óvíða annarstaðar.

182. **R. hyperbóreus.** Trefjasóley. — Stöngullinn skriðull á votlendi eða flotlægur, þegar plantan vex í grunnu vatni, að minnsta kosti með flotlægum greinum, mjög mislangur, þráðmjór með uppsveigðum blómleggjum og blöðum. Blöðin stíkuð, 3-skipt með heilum eða lítið eitt sýldum flipum eða blaðhlutum. Bikarblöðin nærri gul, útstæð. Krónublöðin öfugegglega. Hneturnar með stuttri, dálítið boginni trjónu. — Blmg. í júní.

Vex einkum í skurðum og votum síkjadrögum. Alg. á N., Au. og SV., óf. annarstaðar á landinu.

183. **R. reptans.** Liðasóley. — Stöngullinn með bog-sveigðum liðum og rótskeytur um liðamótin. Blöðin heilrend, þráðmjó, striklaga eða þau eru breiðari fram og þá nærri lensulaga. — Bikarblöðin ljósgrængul. Krónublöðin öfugeggla, talsvert lengri en bikarblöðin, fagurgul. Hneturnar með boginni trjónu. — 5—16 cm. á lengd. — Blmg. í júlí.

Vex helzt á deigri sandjörð, opt innan um gras eða í uppþornuðum tjarnstæðum og síkjadrögum á láglendi. Alg. um l. a. nema NV. Þar hefur hún aðeins fundizt á 1 st.

184. **R. glaciális.** Jöklasóley. — Stöngullinn uppsveigður, sívalur, sljettur, blaðfár, ógreindur og venjulegast einblóma. Blöðin þrífingruð með djúpklofnum og sepóttum smáblöðum, neðstu blöðin stíklöng, þau efstu stíklaus. Öll eru blöðin hárlaus og gljáandi. Bikarblöðin oddbaugótt, móloðin utan með rauðleitum himnufaldi. Krónublöðin breið, íhvolf, öfugeggla, stundum dálítið oddbuguð, langæ, og roðna með aldrinum. Hneturnar með bakfaldi og allangri trjónu. — 6—12 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex á melum og í skriðum hátt til fjalla, sjálfsagt um l. a., þó ekki sje hennar getið á S.


68. **Batrachium.** Lónasóley.

185. **B. paucistamineum** var. **eradicatum.** Lónasóley. (*B. Drouetii* Nym. Grl. Isl. Fl.). — Fíngerð vatnajurt með þráðmjóum svimmstönglum og stíkuðum svimmblöðum, sem klofin eru í örmjóa, hárfína, lina flipa; leggjast þeir saman, þegar plantan er tekin upp úr vatninu. Blaðslíðrin himnukennnd, hærð. Blómleggirnir stuttir. Blómin fremur smá, hjer um bil 1 cm. að þvermáli, og fljóta á vatninu. Krónublöðin mjó, öfugeggla, talsvert lengri en bikarinn, og snerta ekki rendurnar hvert á öðru. Fræflarnir um 15 að tölu. Frænin stutt og snubbótt með löngum, sívölum nöbbum. Hneturnar hrukkóttar, hærðar. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex í grunnum pollum og lygnum síkjum. Viða um l. a.


69. *Caltha*. Hófsóley.

186. *C. palustris*. Lækjasóley. — Stöngullinn uppsveigður eða nærri upprjettur, kvíslgreindur ofantil með blómtypptum greinum og stórum nýr- eða hjartлага, bogtenntum eða nærri heilrendum, íhvolfum blöðum (hófur eða

56. *C. palustris*.

Vex við læki og dý og þar, sem deigla er í jörðu. Alg. mjög.

hófblaðka). Neðstu blöðin stíklöng, þau efstu stíklaus. Blómleggirnir langir, gáróttir. Plantan öll hárlaus. Blómhlíf-blöðin öfugegglega, stór, stundum um 2 cm. á lengd. Frævurnar 5—10, kransstæðar. Belg-hýðin aflöng, stutttrýnd, og með mörgum einraðstæðum fræjum. — 10—50 cm. á h. eða hærri; en verður stundum mjög stórvaxin. Í Slútnesi í Mývatni verða blöðin stundum 20 cm. að þvermáli og 33 cm. á lengd. — Blmg í maí.

57. *Th. alpinum*.70. *Thalictrum*. Brjóstagrass.

187. *Th. alpinum*. Brjóstagrass. — Stöngullinn uppsveigður eða upprjettur, stinnur, mjór, greinlaus, einblaða eða blaðlaus með löngum, endastæðum blómklasa. Blöðin tvífjöðruð; smáblöðin nærri kringlótt, sepótt eða stórbogtennt, blágrá að neðan og með niðurorpnum röndum. Blómklasinn lotinn í fyrstu, en verður að lokum upprjettur, gisblóma með ofurlitlu stoðblaði við hvern blóm-

legg, en þeir eru sveigbognir, svo blómin drúpa. Fræflarnir með hárfinum, bláleitum þráðum og gulum, broddyddum frjóknöppum. Hneturnar langgáróttar, trjónulausar. — 10—20 cm. á h. — Blmg. í maí.


Vex í holtum og móabörðum. Alg. um l. a.

26. **Papaveráceæ.** Draumsóleyjaættin.

Stinnhærðar jurtir með mjólkursafa. Blöðin mistæð, opt í stofnhvirfing, fjaðurtauga, axlablaðlaus. Blómin stakstæð, regluleg, undirsætin með 2 bikarblöðum, sem detta burt, um leið og blómið springur út, og 4 krónublöðum, sem liggja óreglulega samankrypluð í knapplegunni eða áður en blómið opnast. Fræflarnir margir, en ekki nema 1, stíllaus fræva með stjörnulaga fræni og einrýmdu egglegi. — Aldinið hýði, sem opnast með smálökum neðan undir fræninu milli frænisgeislanna. Fræin með fræhvítu. — Skordýrfrævun.

71. **Papáver.** Draumsóley.

188. **P. radicatum.** Melasól. (*P. nudicaule* L. Grl. Isl. Fl.). — Upp af gildri og langri stólparót ganga 1 eða venjulegast fleiri stönglar með blaðmörgum stofnhvirfingum og löngum, uppsveigðum, blaðlausum blómleggjum með einu endastæðu, stóru blómi. Blöðin stilkud, fjaðurskipt með meira og minna flípóttum eða sepóttum blaðhlutum. Plantan öll stinnhærð. Bikarblöðin stór, sporbaugótt, íhvolft með þjettum, dökkbrúnum hárum. Krónublöðin miklu lengri en bikarblöðin, öfugeggjala, ljósgul, stundum hvít (*f. albiflora*) eða ljósrauð (*f. rubriflora*). Hýðið þjettmóhært. — 6—20 cm. á h. — Blmg. í júní.



58. *P. radicatum.*

Vex á melum og skriðum. — Mjög alg. á NV. og víða annarstaðar á landinu, einkum hátt til fjalla; *f. albiflora* í Dýrafirði og Önundarfirði og *f. rubriflora* á Gufudalshálsi.

27. Cruciferæ. Krossblómaættin.

Jurtir með misstæðum, fjaðurtauga, axlablaðlausum blöðum. Blómin eru regluleg, tvíkynja, venjulegast undirsætin, og standa í klasa, sem er háblaðlaus og lítur út eins og hálf-sveipur, áður en blómin springa út, því neðstu blómleggirnir eru þá lengstir; bikarblöðin eru 4, og 4 kransstæð, nagllöng, krónublöð, og eru þau hvortveggju skammæ, falla burt að blómguninni lokinni eða að minnsta kosti, þegar aldinið er fullproska. Fræflarnir eru 6, í tveim krönsum, 2 stuttir í ytri kransinum og 4 langir í hinum innri, er standa 2 og 2 saman og allir jafnlangir. Frævan er 1, mynduð af 2 fræblöðum samvöxnum á röndunum, með stuttum stíl og heilu eða tvískiptu fræni; eggsetin eru 2, veggstæð upp og ofan á fræblaðröndunum, og milli þeirra er himnukenndur skilveggur, er tengir þau saman og skiptir eggleginu endilöngu í tvö hólf. Aldinið er skálpur, tvírýmt hýðisaldin, sem opnast neðan frá með tveim lokum, en fræsætin standa eptir á skálpleggnum eins og umgjörð um himnuskilvegginn. Stundum er aldinið með einu eða fleiri þverskilrúmum, og skiptist þá venjulegast, þegar það er fullproska, í jafnmarga hnotkennda smáparta, og hólfín eru mörg (liðaldin). Fræin eru fræhvítulaus.

I. Skálpurinn stuttur, ekki, eða í mesta lagi helmingi, lengri en hann er breiður (*Siliculosæ*).

A. Skilrúmið gengur í gegn um skálpinn á þann veginn, sem hann er breiðari (*Latiseptæ*).

a. Skálplokin nokkurnvegin flöt. Skálpurinn oddbaugóttur eða lensulaga. — Hærðar plöntur með stofnblaðhvirfingu.

o. Krónublöðin klofin, hvít. Blöðin öll í stofnhvirfing. Dálítill einær, blaðsprotalaus voryrtlingur. *Erophila*.

oo. Krónublöðin heil, hvít eða gul. Fjölærar eða tvíærar jurtir, venjulegast með blaðsprotum, er hafa hvirfingstæð blöð. *Draba*.

b. Skálplokin hvelfd. Krónublöðin heil.

o. Krónublöðin hvít. Hárlausar plöntur.

1. Stöngullinn blöðóttur. Blöðin breið, kjötkennd. Blómmörg strandjurt. *Cochlearia*.
2. Stöngullinn blaðlaus, blöðin öll í stofnhvirfing, allaga. Örsmár, blómfár vatnsyrtingur.

Subularia.

- oo. [Krónan gul. Skálparnir öfugeggлага með allbreiðri vængræmu. — Stórvaxin jurt með oddbaugóttum eða lensulaga, heilum, greipfættum blöðum. — F. á allm. st. við bæi.

§ *Camelina microcarpa*].
(*C. silvestris* Fr. Grl. Isl. Fl.).

B. Skilrímið gengur í gegn um skálpinn á þann veginn, sem hann er þynnri (*Angustiseptæ*).

a. Skálphólfín fræmörg. Krónan hvít.

1. Skálpurinn vængjalaus, þríhyrndur eða öfug-hjartлага. Hærð planta. *Capsella*.
2. [Skálpurinn vængjaður, kringlóttur eða sporbaugóttur. Hárlaus planta með smáum blómum, öfugeggлага, stilkuðum stofnblöðum og stilklausum stöngulblöðum. — F. á 3 st. á SV.

§ *Thlaspi arvense*].

b. [Skálphólfín 1-fræva. Krónan á þeim teg., sem hjer hafa fundizt, ljósgul eða öllu heldur gulhvít. — Útlendir slæðingar.

§ *Lepidium*.

1. Stöngulblöðin greipfætt. Neðri blöðin tvíþjæðurskipt, þau efri heil, hjartлага. N. Sauðárkrókur (G. M.).

§ *L. perfoliatum*.

2. Stöngulblöðin ekki greipfætt, stilkuð eða mjófætt. Neðri blöðin fjaðurskipt, þau efri heil, striklaga. Þefill. — N., Kornsa (St.).

§ *L. ruderales*].

II. Skálpurinn langur, meira en helmingi lengri eða margfalt lengri en hann er breiður, eða þá að aldinið er liðað.

A. Skálpangar jurtir (*Siliquosæ*).

a. Skálplokin taugalaus.

1. Krónublöðin gul. Skálpurinn fremur stuttur, sívalur, lokin ófjaðurmögnuð. *Nasturtium*.
2. Krónublöðin ljósblá eða hvít. Skálpurinn langur, mjór, flatvaxinn með fjaðurmögnum lokum.

Cardamine.

b. Skálplokin 1—5-tauga.

- o. Krónublöðin hvít eða ofurlítið rauðbláleit. Skálpurinn flatvaxinn, lokin 1-tauga, nærri flöt.

Arabis.

- oo. Krónublöðin gul eða gulhvít. Skálpurinn sívalur eða ferstrendur.

* Stíllinn eða skálptrjónan stutt. Fræin sporbaugótt og venjulega dálítið flatvaxin.

△ Skálpurinn ferstrendur, lokin eintauga.

1. Krónublöðkurnar útstæðar, gular. Skálpskilrúmið þunnt, himnukennt. Snarphærðar jurtir. *Erysimum*.
2. [Krónublöðkurnar upprjettar, gulhvítar eða hvítar. Skálpskilrúmið þykkt, fræin greipt inn í það. Hárlaus. Stöngublöðin stilklaus, greipfætt, hjartлага. F. á 2 st. á N. og 1 st. á SV.

§ *Conringia Orientalis*].

△△ Skálpurinn hjer um bil sívalur, örlítið flatvaxinn; lokin 3—5-tauga.

§. *Sisymbrium*.

** [Stíllinn eða skálptrjónan löng, margfalt lengri en þvermál skálpsins. Fræin hnöttótt. — Engar innlendar jurtir, allt ræktaðar jurtir eða slæðingar.

△ Skálplokin eintauga. Skálptrjónan sívöl. Teljast hjer til hinar alg. kálteg. með öllum afbrigðum og tilbrigðum, sem rækтуð eru hjer og hvar um l. a.

§ *Brassica* (kál).

† Blómin í löngum klasa um blómgunartímann. Fræflarnir allir nærri jafnlangir. Blöðin hárlaus. Fræin slétt. Mjög breytileg.

(§) *B. oleracea*.

Helztu tilbrigði, sem hjer eru rækтуð lítills háttar, eru: *f. acephala* (Grænkál), *f. capitata* (Hvítkál og Rauðkál), *f. botrytis* (Blóm-kál), *f. gemmifera* (Rósakál), *f. gongylodes* (Hnúðkál), *f. sabauda* (Savoykál).

†† Blómin í hálfsvaip um blómgunartímann. 2

ytri fræflarnir miklu styttri en 4 þeir innri. Fræin smápikkuð.

1. Blöðin grasgræn eða gulgræn, stinnhærð, þau neðri stilkkuð, fjaðurskipt, þau efri eggлага, stilklaus, greipfætt. F. á n. st. á N., Au. og SV. við bæi.

§ *B. rapa* f. *campestris*.

(*B. campestris* L. Grl. Isl. Fl.).

Ræktuð eru ýms tilbrigði af (§) *B. rapa* f. *rapifera*, svo sem: Næpur, Bortfelskar rófur, Finna rófur o. s. frv.

2. Blómin blágræn, lítið hærð. Viðast og mest ræktuð af öllum kálteg. hjer á l. (§) *B. napus* f. *napobrassica* (Gulrófa).

△△ Skálplokin með 3—5 greinilegum taugum. Trjónan ferstrend eða hliðflöt.

§ *Sinapis* (Mustarður).

1. Blöðin heil, sepótt eða fjaðurskipt. Skálplokin 3-tauga, hárlaus eða stuttstinnhærð. Skálptrjónan ferstrend, jafnlöng eða lengri en skálpurinn, skammæ. Fræin svört. F. á n. st. á N. og SV. við bæi og vegi.

§ *S. arvensis*.

2. Blöðin hálfjöðruð eða fjaðurskipt með óreglulega sepóttum blaðflipum. Skálplokin 5-tauga, stinnhærð. Skálptrjónan sverðлага eða randbeygð og þá sigðлага, lengri en skálpurinn, langæ. Fræin gulleit. — F. á l. st. á SV., Akranes (Bj. Ó.) og líkl. víðar. § *S. alba*].

B. Liðaldin með jafnmörgum rýmum og tala fræjanna (*Lomentacæe*).

- a. Aldinið tvíliðað. Krónan rauðbláleit eða hvít. Blöðin safamikil. Hárlaus fjörujurt. Cakile.

- b. [Aldinið með fleiri en tveim liðum. Krónan gul eða bláhvít. Blöðin stinnhærð. § *Raphanus*.

1. Aldinið margliðað; trjónan 3—4 sinnum lengri en efsti liðurinn. Krónan ljósgul með rauðbláleitum eða gulum æðum. Stöngullinn hærður neðantil, en hárlaus ofantil — F. á n. st. á SV. og N. § *R. raphanistrum*.

2. Aldinið 3-liðað með lítt aðgreindum liðum, svampkennt, stutttrýnt. Krónan bláhvít eða hvít með rauðbláum æðum. Neðsti hluti stöngulsins blæs upp og verður hnöttóttur. — Ræktuð hjer og hvar. (§) *R. sativus*. Ræfla (»Hreðka«). Sumarræfla með rauðum hnúðum og Vetrarræfla með svörtum hnúðum].

72. *Erophila*. Vorperla.

189. *E. verna*. Vorperla. (*Draba v. L.* Grl. Isl. Fl.). — Upp úr stofnhvirfingunni spretta venjulegast margir, upprjettir eða uppsveigðir, blaðlausir, ógreindir, gishærðir eða nærri hárlausir, grannir stönglar, og ber hver þeirra langan blómklasa með legglöngum blómum. Blöðin lensulaga eða oddbaugótt, niðurmjó, heilrend eða fátennt og venjulegast nokkuð hærð. Blómleggirnir skástæðir. Bikarblöðin smá, helmingi styttri en krónublöðin eða meir, opt rauðbláleit. Krónublöðin klofin til miðs, útbreidd (í góðu veðri). Blómhlífin nokkuð langæ, og lykur opt um skálpinn, þangað til hann er undir það fullvaxinn. Skálpurinn margfalt lengri en skálpleggurinn. Þegar plantan byrjar að blómgast, er hún örsmá, 2—4 cm. á hæð, en verður að lokum allt að 15 cm. Blómgast á undan flestum öðrum plöntum á vorin, stundum seinast í apríl, en venjulegast fyrri hluta maím. Þegar hún er í fullum blóma, eru melabörðin, þar sem mikið vex af henni, til að sjá, eins og þau væru stráð perlum.

59. *E. verna*.

Vex helst á hálfgrónum melrindum og börðum. Alg. að minnsta kosti á N. og Au. og víða á SV., en ekki getið annarstaðar.

73. *Draba*. Vorblóm.

A. Krónublöðin hvít.

a. Stönglarnir blaðmargir.

D. incana.

b. Stönglarnir blaðfáir eða blaðlausir.

1. Stönglarnir með 1—4 fátenntum blöðum. Blöðin grófhærð.

D. hirta.

2. Stönglarnir blaðlausir eða með 1, heilrendu blaði. Blöðin gráhvít af þjettum, smáum stjörnuhárum.

D. nivalis.

B. Krónublöðin gul. Blöðin heilrend.

D. alpina.

190. *D. incana*. Grávorblóm. — Stönglarnir venjulegast fleiri en einn, upprjettir, stinnir með mörgum, opt þjettstæðum blöðum, einkum neðantil, og venjulegast greindir ofantil. Blöðin oddbaugótt eða lensulaga með fleiri eða færri tönnum. Hvirfingsblöðin, bæði á blómstönglunum og blaðsprotunum, eru niðurmjó. Stöngulblöðin styttri og breiðfættari. Bikarblöðin aflöng, hvítrend, hærð. Krónan

alveg hvít (gulnar ekki við þurkinn), lítið eitt útsveigð. Skálparnir á hærðum, hjer um bil upprjettum leggjum, helmingi eða margfalt lengri en leggirnir, opt meira og minna snúnir með stuttum stíl, stundum hárlausir. Annars er öll plantan meira og minna gráhærð, hárin grófgerð, sumpart löng og ógreind, sumpart kvísluð. — Mjög breytileg að útliti og stærð, og hafa afbrigðin og tilbrigðin verið nefnd ýmsum nöfnum, en öll eru þau auðþekkt frá hinum tegundunum á því, hve stöngullinn er blaðmargur. — 6—25 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Vex í móum og opt í gömlum veggjum. Alg. um l. a.

191. **D. hirta.** Túnvorblóm. — Stönglarnir upprjettir eða uppsveigðir með 1—4, tenntum, dálítið greipfættum blöðum, meira eða minna hærðir, stundum því nær eða alveg hárlausir. Hvirfingsblöðin lensulaga, heilrend eða fátennt, meira og minna þjetthærð, stundum randhærð neðantil, hárin gróf, kvísluð. Krónublöðin opt dálítið gulleit, og gulna við þurkinn. Að öðru leyti mjög lík ýmsum tilbrigðum af uf. teg. nema venjulegast heldur smávaxnari. — 5—20 cm. á h. — Blmg. snemma í maí, stundum í apríl. Blaðhvirfingarnar veturgrænar. — Allbreytileg að hæring og vaxtarlagi. Eitt tilbrigðið:

f. rupestris er að öllu leyti minna, með gishærðum stöngli, sem stundum er hárlaus ofantil. Stöngulblöðin 1—0. Blómin alveg hvít.

Vex helst á óræktartúnum, brunahólum og gömlum torfþökum og svo á sömu st. og uf. teg. — Mjög alg. um l. a.

192. **D. nivális.** Hjeluvorblóm. — Stönglarnir fíngerðir, uppsveigðir eða upprjettir og ekki nema 4—8 cm. á hæð, blaðlausir eða með einu heilrendu blaði. Blöðin lensulaga eða spaðalaga, randháralaus. Klasinn blómfár. Skálparnir aflangir, oddbaugóttir, hárlausir eða mjög gishærðir, en annars er öll plantan hjelugrá af þjettum, stuttum, kvísl eða stjörnuhárum, og á því auðþekkt frá öðrum tegundum. — Blmg. í maí.

Vex í grýttum jarðvegi bæði til fjalla og á láglandi. Víða á N., og f. á l st. á Au., annarstaðar ekki.

193. **D. alpina.** Fjallavorblóm. — Stönglarnir upprjettir eða skástæðir, venjulegast blaðlausir, meira og minna

hærðir og ekki nema 1—4 cm. á h. Blöðin egg- eða lensulaga með greinilegri miðtaug, sem ekki nær fram í odd, stjörnuhærð á neðra og efra borði með löngum, ógreindum eða kvísluðum randhárur. Blómin fremur stór, fá, en þjettstæð; skálparnir breiðir, oddbaugóttir, gishærðir eða hárlausir á útstæðum leggjum. — Blmg. í júlí.

Vex á melum og skriðurindum hátt til fjalla á nokkrum st. á N. Annarst. óf.

74. *Cochleária*. Skarfakál.

194. *C. officinális*. Skarfakál. — Stöngullinn uppsveigður eða upprjettur, opt talsvert bugðóttur, stórgáróttur og meira og minna greindur; venjulegast eru fleiri stönglar en einn á sama stofni. Stofnblöðin mörg saman í hvirfingu, stíklöng, nýrlaga eða hjartлага, heilrend eða smábugótt. Stöngulblöðin stílklaus, meira og minna greipfætt, heilrend eða stórtent, stundum sepótt og mjög breytileg að lögun, aflöng, eggлага eða oddbaugótt. Krónan hjer um bil helmingi lengri en bikarinn, og slær stundum á hana rauðleitum blæ. Skálparnir hnatt—eggлага, nokkuð taugaberir, helmingi styttri en skálpleggirnir eða meir. — 20—50 cm. á h. — Blmg. í maí—júní. Eins og lýsingin ber með sjer, er tegund þessi mjög breytileg, og hafa því verið gjörðar úr henni margar tegundir, og afbrigði hennar og tilbrigði verið kölluð ýmsum nöfnum:

var. groenlandica. Lítil planta. Stönglarnir jarðlægir eða uppsveigðir. Skálparnir eggлага, broddyddir, ekki taugaberir;

var. oblongifolia, arfakál, er venjulega smáfaxnara, með nærri kringlóttum stofnblöðum, með þverstýfðum blöðkugrunni. Stöngulblöðin aflöng, venjulega heilrend og stílklaus. Skálpurinn hnöttóttur eða nærri hnöttóttur;

var. arctica. Stofnblöðin lík og á uf. *var.* Neðstu stöngulblöðin eru líka stundum með stýfðum eða dálítið buguðum grunni, stílkúð, þríhyrnd, breiðari en þau eru löng, með sepum eða stórum tönnum á hverju grunnhorni. Skálparnir oddbaugóttir. Beinfaxnari en hin afbrigðin.

Vaxa helst í feitum áburðarmiklum jarðvegi við sjó í varpeyjum, t. d. kring um lundaholur og í fuglabjörgum; enn fremur kring um bæi á sjávarjörðum og sumstaðar upp til sveita, einkum *var. obl.*, sem er alg. kring um bæi í Strandasýslu, á stöku stað í Húnavatnssýslu og víðar; *var. arct.* hefur aðeins f. á útnesjum á N. og í Viðey; *var. groenl.* á Snæfellsnesi og víðar. Aðalteg. má víst telja alg. um l. a.

75. *Subulária*. Alurt.

195. *S. aquática*. Alurt. — Stöngullinn uppsveigður eða upprjettur, sívalur, 2—4 cm. á hæð; spretta opt fleiri stönglar en einn í sömu hvirfing, og ber hver um sig blómfaan klasa (stundum aðeins 1 blóm), en eru að öðru leyti ógreindir. Blómin smá, gisstæð. Bikarblöðin egglega, snubbótt með mjóum himnufaldi, styttri en krónublöðin. Skálparnir stíllausir, fræmargir, dálítið flatvaxnir. Skálplokin bátlega, taugalaus. Einær, hárlaus vatnsyrtingur, sem opt blómgast, og verður aldinbær á kafi í vatninu, en þá eru krónublöðin 60. *S. aquatica*. stundum óproskuð. — Blmg. í júlí.

Vex í tjörnum og vötnum, helzt fram með löndunum. F. í öllum lhl., nema NV., en ekki víða.

76. *Capsélla*. Hjartarfi.

196. *C. Bursa pastóris*. Hjartarfi. — Stöngullinn eða stönglarnir, sem opt eru margir, samstofna, upprjettir eða uppsveigðir, hárlausir eða lítið eitt hærðir, greindir eða greinlausir. Stofnblöðin í hvirfing, stilkud, aflöng; stöngulblöðin minni, stilklaus, aflöng, greipfætt með örfjöðruðum grunni. Blöðin ýmist hærð eða hárlaus. Bikarblöðin aflöng, himnurend, styttri en krónublöðin. Skálpleggirnir standa beint út. Klasarnir lengjast mjög með aldrinum, og eru mjög aldimargir. — Einær. — Blómgast allt sumarið frá því seinast í maí og fram í október, ef veður leyfir. Mjög breytileg, eins og lýsingin ber með sjer, að stærð, blaðskerðing og hæring. Algengustu tibrigðin hjer eru:

61. *C. Bursa pastóris*.


- f. sinuata* með heilum, bugtenntum blöðum;
f. pinnatifida með fjaðurskiptum stofnblöðum með meira og minna tenntum flípum, en minna eða lítið skertum stöngulblöðum.

Vex í kring um hús og bæi og sem illgresi í gördum. Mjög alg. víðast hvar á landinu.

77. *Nastúrtium*. Kattarjurt.

197. *N. palústre*. Kattarjurt. — Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður og meira eða minna jarðlægur, marggreindur, gáróttur, hárlaus. Blöðin líka hárlaus, aflöng, fjaðurskipt með tenntum eða sepóttum blaðhlutum, broddhlutinn stærstur, einkum á stofnblöðunum. Blómklasarnir margir, endastæðir og í blaðöxlunum. Blómin smá, krónublöðin á lengd við bikarinn. Skálparnir aflangir, dálítið uppblásnir, íbognir, margfalt lengri en stíllinn, sem er örstuttur og hjer um bil jafnlangur eða lengri en skálpleggirnir. — 16—40 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í deiglendri moldarjörð. Víða á N. austanverðu og fáeinum st. á SV.; annarstaðar óf.



62. *C. pratensis*.

78. *Cardámíne*.

Hrafnaklukka.

- A. Blöðin fjöðruð. Bikarinn styttri en blómleggurinn.
 1. Krónublöðin öfugeggjala, þreföld að lengd við bikarinn, með útstæðum blöðkum.
C. pratensis.
 2. Krónublöðin aflöng, helmingi lengri en bikarinn, með hjer um bil upprjettum eða lítið eitt útsveigðum blöðkum.
C. multicaulis.
 B. Blöðin heil. Bikarinn jafnlangur eða lengri en blómleggurinn.
C. bellidifolia.

198. *C. pratensis*. Hrafnaklukka. — Stöngullinn eða stönglarnir upprjettir eða uppsveigðir, holir, lítt greindir eða ógreindir, hárlausir eða lítið eitt hærðir neðantil.

Efsti stöngulliðurinn langur. Stofnblöðin í hvirfing, hárlaus eða gishærð með kringluleitum, heilrendum eða dálítið hornóttum, stilkudum, stundum stíklöngum smáblöðum. Stöngulblöðin með aflöngum eða striklaga, stilkstuttum og venjulegast alveg heilrendum smáblöðum. Krónublöðin ljósblá, stundum rauðblá eða nærri alveg hvít. Fræflarnir helmingi styttri en krónublöðin með gulum frjóknöppum. Skálparnir uppstæðir eða út- og uppstæðir með stuttum stíl. — 10—26 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex í mýrum og á raklendi. — Alg. um l. a.

199. **C. multicaulis.** Lambaklukka. (*C. hirsuta* L. var. *intermedia* (Horn.) Grl. Isl. Fl.). — Stönglarnir venjulegast margir, samstofna, upprjettir eða uppsveigðir, ógreindir eða dálítið greindir ofantil, venjulegast hærðir, blaðfáir. Stofnblöðin í hvirfingu með stilkudum, kringluleitum, venjulegast dálítið bugtenntum smáblöðum. Stöngulblöðin með langleitum eða öfugeggslaga smáblöðum. Blöðin öll gishærð eða stundum því sem nær hárlaus. Krónublöðin hvít. Fræflarnir venjulegast 4. Skálparnir eins og á uf. teg., nema þeir eru mjórri og lengri (oft 15 mm.). Plantan öll smágerðari. — 10—15 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex helst í deigri eða votri leirjörð og opt við laugar. Alg. á S. og víða við laugar á SV. og á l. st. á N. við laug, annarst. óf.

200. **C. bellidifolia.** Jöklaklukka. — Ofurlítill hárlaus háfjallajurt með mörgum samstofna, 1—3 cm. háum, ógreindum og venjulegast blaðlausum stönglum, er ásamt stofnblöðunum mynda smábrúka eða þúfuhnúska. Stofnblöðin eggslaga eða nærri kringlótt, heilrend, stíklöng og opt hærri en blómklasarnir, sem eru smáir og blómfáir. Blómin smá, krónublöðin hvít, upprjett, helmingi lengri en bikarblöðin, sem opt eru dálítið rauðbláleit. Skálparnir dökkleitir með stuttum, gildum stíl, langir, margfalt lengri en skálpleggirnir, stundum alt að því eins langir og stöngullinn, upprjettir og ná langt upp yfir blómin. — Blmg. í júlí.

Vex á aurum fram með jökultönnum og á háfjöllum. F. á 4 st. á N.

79. **Arabis.** Skriðnablóm.

- A. Stöngulblöðin mörg, greipfætt, gróftennt. A. alpina.
 B. Stöngulblöðin fá, mjófætt, ekki greipfætt, heilrend. A. petræa.

201. **A. alpina.** Skriðnablóm. Stöngullinn uppsveigður, optast nær með stofnstæðum blaðsprotum, en venjulegast ógreindur að öðru leyti, sívalur með kvísluðum hárum (eða hárlaus). Stofnblöðin og blaðsprotablöðin öfugeggla eða nærri oddbaugótt, niðurmjó; stöngulblöðin eggla. Öll eru blöðin gróftennt, gishærð eða hárlaus (*f. glabrata*). Blómin nokkuð stór. Neðst á tveim ytri bikarblöðunum eru dálitlir gúlpar. Krónublöðin hvít, helmingi lengri eða þreföld að lengd við bikarblöðin. Skálparnir langir, 3—4 cm. Fræin með greinilegum himnufaldi allt í kring. — 10—25 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex í grýttum jarðvegi, helst í rökum lækjaskriðum og í giljum fram með lækjum. Alg. á N., Au. og SV.

202. **A. petræa.** Melskriðnablóm. — Stönglarnir margir, opt fjöldamargir á sömu rót, mynda stundum smáþúfuhnúska, uppsveigðir eða upprjettir, sívalir, venjulegast ógreindir með þjettum og blaðmörgum stofnblaðhvirfingum. Stofnblöðin stilkúð, spaðalaga, eða nærri öfugeggla, heilrend eða tennt, fjaðursepótt eða fjaðurskipt. Stöngull og blöð meira og minna hærð, stundum þjetthærð (*f. hispida*), stundum hárlaus og gljáandi (*f. glabra*). Bikarblöðin himnurend, opt dálítið rauðleit í broddinn, að öðru leyti eins og á uf. teg. Krónublöðin hjer um bil helmingi lengri en bikarblöðin, hvít eða rauðbláleit. Skálparnir 2—2½ cm. á lengd. Fræin aðeins með dálitlum himnusepa á öðrum endanum. — 4—9 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex á melum og skriðum, opt hátt til fjalla. Alg. um l. a.

80. **Erýsimum.** Aronsvöndur.

- A. Blómleggirnir jafnlangir bikarum. Skálparnir upprjettir. E. hieraciifolium.
 B. [Blómleggirnir styttri en bikarinn. Skálparnir útstæðir. Sauðárkrókur N. (G. M.). § E. repandum].

203. **E. hieraciifolium.** Aronsvöndur. — Stöngullinn alveg upprjettur eða meira og minna stofnsveigður, ógreindur eða greindur ofantil, að hærður. Blöðin snörp af þríkvísluðum

hárum. Neðstu blöðin stilkud, aflöng eða spaðalaga, snubbótt, en efri blöðin aflöng, langeggla eða breiðlensulaga, öll gisbugtennt, eða því sem nær heilrend með einstöku tannörðu. Krónublöðin öfugeggla, niðurmjó, fagurgul, miklu lengri en bikarblöðin. Skálparnir upprjettir, margfalt lengri en leggirnir og hvorirtveggju stjörnuhærðir. — Stór og tilkomumikil jurt, þegar hún stendur í fullum blóma, og vex þjett, verður yfir 1 m. (3 fet) á h., en er allbreytileg að blaðlögun, tenning og stærð. — Við Mývatn, þar sem jurt þessi er víða aðalplantan á eyjum og hölmum og mjög stórvaxin, vex sumstaðar smávaxið tilbrigði með grönnum, beinum stöngli og smáum, mjólensulaga, nærri heilrendum blöðum, sem mætti kalla *f. tenella!* — Blmg. í júlí.

Vex í deigum og feitum moldarjarðvegi. Auk þess, sem þegar er talið, hefur hún fundizt á 1 st. á Au., 2 st. við Breiðafj. og 1 st. á NV.

81. Sisymbrium. Þefjurt.

A. Blöðin 2—3-fjöðruð með örmjóum, striklaga eða lensulaga smáblöðum.

∞ S. Sophia.

B. [Blöðin einfjöðruð með aflöngum smáblöðum. Haugar Au. (H. J.).

§ S. sinapistrum].

204 **S. Sophia.** Þefjurt. — Stöngullinn upprjettur, greinóttur, stutthærður. Blöðin smáhærð. Blómin örsmá. Bikarblöðin talsvert útstæð, miklu styttri en blómleggirnir. Krónublöðin ljósgul, styttri en bikarblöðin. Skálparnir þráðmjóir, miklu, en varla fullum helmingi, lengri en skálpleggirnir, sveigjast í boga upp á við, en ná ekki upp yfir blómin. — 30—50 cm. á h. — Blmg. í júlí. Fremur þefill.

Hefur sjálf sagt slæðst hingað með vörum ekki alls fyrir löngu, en hefur nú í mörg ár vaxið að staðaldri hjá nokkrum bæjum í Hörgárdal, svo telja má víst, að hún hafi ílenzt hjer fyrir fullt og allt.

82. Cakile. Strandkál.

205. **C. maritima var. latifolia.** Fjörukál. (*C. m. L.* og *v. integrifolia* Grl. Isl. Fl.). — Blágræn, safamikil, hárlaus fjörujurt með jarðlægum stöngli og jarðlægum eða uppsveigðum greinum. Blöðin kjötkennd, óreglulega bugsepótt (fjaðurskipt á aðalteg.) eða flípótt með heilrendum eða tenntum flípum. Krónublöðin ljósblá eða ljósrauðblá, sjaldan hvít, helmingi lengri en bikarblöðin, með útsveigðri blöðku. Aldinið

korkkennt, nokkuð lengra en leggurinn, sem er gildur, og stendur beint út. Mjög misstór, 6—30 cm. á h. — Blmg. í júní.


Vex í fjörum, ofan við flæðarmálið og myndar þar sumstaðar stórar, þjettar gróðurbreiður á nokkuð breiðu beltí. — Alg. á SV. og Vestfjörðum. Annarstaðar óf.

28. Droseráceæ. Sóldaggarættin.

Fjölærar mýrajurtir með stofnstæðum, stíklöngum, heilum blöðum, sem þær veiða með smá skordýr sjer til fæðu. Blómskipunin legglöng hálfkvísl, er líkist, í fljótu bragði, einhliða klasa. Blómin regluleg, undirsætin, tvíkynjuð og með tvöfaldri blómhlíf, 5 bikarblöðum, 5 krónublöðum, 5 fræflum og 1 þríblaða frævu með 3 klofnum stílum og einrýmdu egglegi. Fræsætin veggstæð. Hýðisaldin, sem opnast á þann hátt, að það klofnar eftir endilöngu. Fræin mörg og með fræhvítu.

83. Drosera. Sóldögg.

206. *D. rotundifolia*. Sóldögg. — Upp úr stofnhvirfingunni spretta 1—3, upprjettir, örmjóir, blaðlausir stönglar eða



63. *D. rotundifolia*.

blómskipunarleggir, 3—5 cm. á h. Blöðin útbreidd, blaðkan nærri kringlótt með löngum kirtilhárum á efra borði, einkum á röndunum, og er slímdropi á hverjum hárbroddi. Þegar smáskordýr, t. d. mý, festa sig í slíminu á einu hárinu, beygja hin sig að því, til að halda því fastara. Lætur það þannig líf sitt, leysist upp í slíminu, og plantan sýgur í sig þau efni úr því, sem geta komið henni að notum. Blaðstilkurinn er með gisnum, hrokknum hárum. — »Klasinn« einhliða, blómfár og uppvaflinn áður en blómin springa út. Blómin leggstutt og jafnan lokuð nema í sólskinu. Krónublöðin, fræflarnir og frænin hvítleit; að

öðru leyti er plantan öll meira og minna lifrauð að lit. — Blmg. í júlí.

Vex í mosapúfum í mýrum, og lita blöðin út eins og rauðir skorpu-blettir á mosanum. Alg. víða á SV., einkum við Breiðafjörð og Faxaflóa, f. á 1 st. á NV. og á N., á útsveitum milli Eyjafj. og Skagafj.

29. Violáceæ. Fjóluættin.

Jurtir með misstæðum, fjaðurtauga blöðum og axlablöðum. — Blómin eru einstæð, undirsætin, óregluleg, tvíkynja, lotin og með tvöfaldri blómhlíf. Bikarblöðin eru 5, og vaxa neðst út úr þeim dálitlir separ eða sneplar; krónublöðin og fræflarnir eru líka 5. Fremsta krónublaðið, eða það sem niður veit, er stærst og með spora, hin blöðin 4 eru eins að stærð og lögun 2 og 2, hliðstæðu blöðin og þau, sem upp vita. — Fræflarnir eru mjög þráðstuttir, og út úr tveim þeim fremstu vaxa hunangskirtlar langt ofan í sporann. Frævan 1, þríblaða, með kylfulaga stíl og einrýmdu eggleggi með veggstæðum fræsætum. Aldinið fræmargt hýði, sem opnast með þrem lokum, rifnar í þrennt eptir endilöngu. Fræin með fræhvítu. Skordýrfrævun.

84. Viola. Fjóla.

- A. 2 miðkrónublöðin, sitt hvorum megin, standa út til hliðanna, og eru opt hærð neðantil. Neðsta blaðið hárлаust. Axlablöðin heil, kögurtennt eða nærri heilrend. Fjölærar plöntur.
- a. Enginn blöðóttur ofanjarðarstöngull. Blómleggirnir með 2, örsmáum háblöðum, eru beinlínis greinar á jarðstönglinum. Blöðin nýrlaga. Bikarblöðin snubbótt. *V. palustris.*
- b. Blöðóttur ofanjarðarstöngull. Blöðin hjartлага með vængjalausum stilk. Bikarblöðin ydd. Blómleggirnir standa í blaðöxlum aðalstöngulsins, sem opt er lágur, liðstuttur og lítt þroskaður. Hýðið snubbótt með dálitlum broddi. *V. canina.*
- B. 4 efri krónublöðin uppstæð, 2 þau neðri af þeim og neðsta blaðið hærð neðantil. Axlablöðin stór, fjaðurskipt, oddbleðillinn stærstur. Ein- eða tvíær planta. *V. tricolor.*

207. *V. palustris.* Mýrfjóla. — Jarðstöngullinn lárjettur, meira og minna greindur. Blöðin íhvolft, bogtennt eða gissagtennt með örsmáum tönnum, hárlaus með vængjalausum eða mjóvængjuðum, löngum stilk. Axlablöðin eggлага, kögurtennt eða því sem nær alveg heilrend. Blómleggirnir 3—4 cm. á h., hárlausir. Bikarblöðin eggлага með snubbóttum sneplum. Krónublöðin öfugeggлага, mjög ljósblá eða nærri hvít; neðsta blaðið með fjólubláum æðum eða rákum. Sporinn lítið lengri en bikarsneplarnir. — Blmg. í maí.

Vex í mýrum, hálfdeigum mýrafitjum og vallendislagum. Alg., að minnsta kosti á N., Au. og SV.

208. **V. canina.** Týsfjóla. — Stöngullinn eða stönglarnir, sem venjulegast eru fleiri en einn, beint áframhald af jarðstönglinum; þeir eru ýmist jarðlægir, uppsveigðir eða nærri upprjettir og hárlausir. Blaðhvirfingar engar. Blöðin mjög breytileg að stærð og lögun, optast nær heldur löng, hjartлага eða nærri eggлага og venjulegast snubbótt fyrir oddinn, með snubbóttum smásagtönnum eða nærri bogtennt, hárlaus eða því sem nær. Axlablöðin lensulaga, kögurtennt, margfalt styttri en blaðstilkurinn. Blómleggirnir langir, hárlausir. Krónublöðin himinblá, öfugeggлага. Sporinn hvítur eða gulhvítur, helmingi lengri en bikarsneplarnir. — 4—8 cm. á h. eða hærri í runnum og gjám. — Blmg. í maí. — Á afbrigðinu:

var. montana eru stönglarnir nærri upprjettir, 10—20 cm. háir. Axlablöðin stór, aflöng eða breiðlensulaga, gistennt eða því sem nær, heilrend, aðeins helmingi styttri en blaðstilkurinn eða ekki það. Krónublöðin kringlóttari en á aðalteg. og sporinn jafnlangur eða lítið lengri en bikarsneplarnir.

Vex á óræktuðu vallendi, vel grónum móbörðum og skóglendi; *var.* einkum í hraun- og urðgjótum Aðalteg. alg. og *var.* víða.

209. **V. tricolor.** Þrenningargras. Stöngullinn greinist vanalega við stofninn í margar jarðlæggar, uppsveigðar eða nærri upprjettar, stutthærðar greinar. Neðstu blöðin eggлага, en hin sporbaugótt eða nærri lensulaga. Öll eru blöðin gróftennt og stutthærð eða nærri hárlaus; blaðstilkurinn vængjaður. Blómin einstök í blaðöxlunum, legglöng. Bikarblöðin breiðfætt, lensulaga og optast nær randhærð. Krónublöðin öfugeggлага, lengri en bikarblöðin, 2 þau efstu alrauðblá (fjólublá), en neðsta blaðið og neðri hluti hliðstæðu blaðanna gul með dökkum æðum



64. *V. tricolor.*

eða rákum. Frænið hnöttótt, holt. Hýðið eggлага, hárlaust. — 6—20 cm. á h. — Blmg. í maí. — Krónublöðin nokkuð breytileg að lit.

Vex einkum á brunahólum og hálfgrónum melabörðum. Á N., einkum í Eyjafirði, er mörg hólbrekkan fagurblá af þessu skrautblómi (Brekkusóley). F. í öllum lhl. nema S., en hvergi eins alg. og á N.

Ýms afbrigði þessarar tegundar eru ræktuð í gluggum og görðum til skrauts (Stjúpublóm).

30. Lináceæ. Línættin.

Jurtir með móttæðum, mjóum, stilklausum, heilrendum, axlablaðlausum blöðum. Blómin regluleg, undirsætin, alveg 5-deild (á ísl. teg.) eða með 5 bikar- og krónublöðum, 5 þroskuðum fræflum og einni 5-blaða frævu með 5 stílum og 5-rýmdu egglegi. Krónublöðin eru sköruð í brumlegunni og snúin, skammæ. Fræflarnir vaxnir saman neðantil. Aldinið 5-rýmt hýði með 2 fræjum í hverju rými, en sýnist 10-rýmt, því skilveggur gengur inn í rýmin milli fræjanna, og skiftir þeim nærri í tvennt. Hýðið veggkleyft. Fræin fræhvítulaus.

85. Linum. Lín.

210. *L. catharticum*. Villilín eða Villihör. Stöngullinn eða stönglarnir, sem optast nær eru 2 eða fleiri samstofna, upprjettir eða dálítið stofnsveigðir, grannir, sívalir, stinnir, seigir og hárlausir. Neðantil eru þeir ógreindir, en greinast ofantil í margkvíslaðan blómskúf. Blöðin hárlaus, ofurlítið snarprend í oddinn. Neðstu blöðin eru öfugeggлага eða sporbaugótt, hin aflöng, oddbaugótt eða lensulaga. Blómin smá, legglöng. Bikarblöðin breiðlensulaga, hvassydd, meira og minna kirtilhærð á röndunum. Krónublöðin helmingi lengri en bikarblöðin, fannhvít með gulum



65. *L. catharticum*.

nöglum. Hýðin hjer um bil hnöttótt, jafnlöng bikarblöðunum. — 10—30 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex einkum í grasi vöxnum hlíðahöllum og hvömmum. F. í öllum lhl. nema NV. Alg. á S. og í sumum hjeruðum á N., t. d. Eyjaf.

31. Geraniáceæ. Blágresisættin.

Jurtir með kvíslgreindum stöngli og misstæðum eða mótstæðum, stilkudum, handtauga blöðum með smáaxlablöðum. Blómin regluleg, undirsætin, alveg 5-deild, með tvöfaldri blómhlíf, 10 (eða 5) fræflum og einni 5-blaða frævu með löngum stíl, sem klofinn er efst í 5 fræni, og 5-rýmdu egglegi; markar glögggt að utan fyrir hverju rými. Aldinið er með langri og gildri trjónu, og klofnar, þegar það er fullþroska, í 5 hnotkennda aldinhluta eða deilaldin; losna þau fyrst að neðan, og fylgir hverju deilaldini löng ræma, sem rifnar utan af aldintrjónunni endilangri, og vefst upp í hring, en uppmjó súla stendur eptir í miðju (eins konar miðstætt aldinstæði eða framlenging af blómbotninum, sem staðið hefur upp í gegn um frævuna, og fræblöðin hafa verið vaxin utan um). Fræin fræhvítulaus. Skordýrfrævun.



66. *G. silvaticum*.

86. Geranium. Blágresi.

211. *G. silvaticum*. Storka-blágresi eða Litunargras. — Stöngullinn upprjettur, nærri sívalur, lítið eitt hærður neðantil, og vita hárin niður, en þjettkirtilhærður ofantil. Blöðin stór, gishærð, 5—7-handskipt með fljóttum og tenntum bleðlum eða blaðhlutum. Blómin stór, og standa vanalega tvö og tvö saman. Bikarblöðin aflöng með löngum broddi, 3-tauga, himnurend og kirtilhærð, einkum á röndunum. Krónublöðin fjólublá, (stundum rósrauð, *f. rosiflorum*, eða hvít, *f. albiflorum*), hærð neðantil, öfugeggлага, venjulega hjer um

bil helmingi lengri en bikarinn (á *f. parviflorum* eru þau lítið lengri), — Aldinin hærð. — Ein hin fegursta og stórvaxnasta skrautjurt á landinu, 20—60 cm. og allt að því 1 m. á h., og eru blöðin þá opt afarstór (24 cm. að þvermáli: Slútnes). — Blmg. í júní.

Vex helst í gróðurmiklum hliðalautum og gilhvömmum og innan um víði og birkikjarr. Alg. um l. a.

[§ **Malva borealis**, er telst til ættarinnar *Malvaceæ*, með handtauga, nýrlaga, nærri kringlóttum, bogsepóttum, legglöngum blöðum og reglulegum blómum með hvítum, rauðæðuðum krónublöðum og mörgum samvöxnum fræflum og stílum hefur f. einu sinni á Blönduósi N. (Fd.)!].

32. Callitricháceæ. Vatnsbrúðuættin.

Smágerðar jurtir, er vaxa á kafi í vatni (eða í rökum jarðvegi rjett við vatn). Blöðin mótstæð, heil, axlablaðlaus, striklaga eða öfugeggjala; efstu blöðin venjulega svo þjettstæð, að þau mynda smáhvirfingar á stöngul- og greinendunum. Blómin einstæð í blaðöxlunum, einkynja með tveim himnukenndum forblöðum, en annars blómhlíflaus. Karlblómin með einum fræfli og kvennblómin með einni, tvíblaða frævu með 4-rýmdu egglegi og 2 löngum, þráðlaga frænum. — Ferkleyft, flatvaxið klofa-aldin með hnotkenndum klofningum. Fræin með fræhvítu.

87. Callitriche. Vatnsbrúða.

- I. Ljósgrænar plöntur. Blöðin mjófætt, og mynda hvirfingar á stöngulendanum. Forblöðin langæ, sigðlaga.
 - A. Aldinið með greinilegum vængfaldi, stórt, kringlótt, móleitt. Öll blöðin öfugeggjala. C. stagnalis.
 - B. Aldinið hvassröðótt, en vængjalaust, smærra. Neðstu blöðin að minnsta kosti striklaga.
 1. Aldinið kringlótt, dökkgrænt eða nærri svart. Engin forblöð. C. hamulata.
 2. Aldinið öfugeggjala, móleitt. C. verna.
- II. Dökkgræn. Blöðin breiðfætt, öll striklaga, og mynda engar hvirfingar. Aldinið vængjað, kringlótt. C. auctumnalis.


212. **C. stagnalis.** Laugabréða. — Blöðin öfugeggjala eða nærri sporbaugótt. Frænin upprjett, langæ. Aldinin dálítið buguð að ofan, ljósmóleit, þegar þau eru fullþroska. — Blmg. í júlí.

Vex í laugum og laugavætum. Á nokkrum st. á SV., 2 st. á N., en sjálfsagt víðar.

213. **C. hamuláta.** Síkjabruðá. — Efri blöðin breiðari að framan, spaðalaga eða öfugeggslaga og þau efstu í hvirfingum, er fljóta á vatninu, en neðri blöðin mjóstriklaga, hvass-tvítennt í oddinn, stundum eru öll blöðin þannig (einkum í straumvatni) og plantan alveg í kafi. — Frænin nokkru lengri en aldinin, sveigð aptur á bak og niður með aldininu, skammæ.

Vex í síkjum, lygnum lækjum og árkvísllum, opt í stórum flækjum, sem fylla farveginn. Viða um l. a., nema óf. á NV.

214. **C. verna.** Vorbrúða. — Efri blöðin öfugeggslaga eða sporbaugótt og þau efstu í hvirfing; neðri blöðin striklaga. —



67. *C. verna.*

Frænin á lengd við aldinið eða styttri, upprjett eða dálítið útstæð, ekki sveigð aptur á bak og nokkuð langæ. Aldinin með sýlingu að ofan, svo þau eru öllu fremur öfughjartlaga en öfugeggslaga. Á tilbrigðinu

f. minima (*var. cæspitosa*. *Schultz.*

Gr. Isl. Fl.) eru öll blöðin striklaga og þjettstæð; stönglarnir opt skriðulir. Mjög smá-vaxin.

Vex í grunnum pollum og lækjaseitlum, og opt við laugar. Tilbrigðið vex á landi, helst í uppþornuðum síkjadrögum og tjarnstæðum eða þar sem vatn flóir yfir við og við, og er fullt eins alg. og aðalteg. Viða á N. og SV., en óf. á NV. og Au.

215. **C. auctumnális.** Haustbrúða. Öll blöðin striklaga, greipfætt, frammjó, dálítið oddbuguð eða þverstýfð, gljáandi. Stöngulliðirnir stuttir. Frænin löng, beygð aptur á bak og niður með aldininu. Aldinin stærri en á öllum hinum teg., dökkmógrá, þegar þau eru fullþroska. — Plantan marar alveg í kafi.

Laxá við Laxamýri N. (Fd., Jóh. Sig.)!

33. **Empetráceæ.** Krækilyngsættin.


Smárunnar með litlum, mjóum, misstæðum, þjettum, sígrænum blöðum. Blómin smá, einkynja eða tvíkynja, regluleg, undirsætin, þrídeild. 3 bikar- og krónublöð, og eru þau sköruð

í knapplegunni; 3 fræflar og 6—9-blaða fræva með jafnmargrýmdu egglegi og fræblöðin eru mörg og 1 eggí í hverju rými. Steinaldin með 6—9 steinum.

88. *Empetrum*. Krækilyng.

216. *E. nigrum*. Kræki- eða Krækiberjalyng. — Jarðlægur, lyngkenndur smárunni með uppsveigðum eða jarðlægum, rauðbrúnum greinum. Blöðin svo þjett, að þau sýnast í fljótu bragði kransstæð, mjög stilkstutt eða því sem nær stilklaus, striklaga, aflöng eða sporbaugótt, hol, grængljáandi með ljósri miðrák á neðra borði. (Í raun rjettri er byggingu blaðsins þannig háttað, að rendurnar eru orpnar aptur á bak, og því er blaðið holt; er miðrákin, bilið á milli þeirra, lukt ljósleitum hárum, er standa þjett á blaðröndunum. Blómin smá, stilklaus, í blaðöxlunum. Tvíbýli eða fleirbýli. Bikarblöðin móleit með ljósum röndum. Krónublöðin hárauð eða dökkrauð. Fræflarnir rósrauðir fyrst, en verða seinna dökkblárauðir, þráðlangir; stillinn mjög stuttur með stjarnflípóttu, dumbrauðu fræni. Allir hlutar blómsins langæir, falla ekki fyr en með aldininu. Aldinið, krækiberið, hnöttótt, svartgljáandi, berkennt steinaldin. — 15—40 cm. á l. — Blmg. seinast í apríl.

Aðal-lyngmóaplantan hjer á landi. »Berin« jetin. Annars til lítilla nota.



68. *E. nigrum*.

34. *Crassuláceæ*. Helluhnoðraættin.


Jurtir með sívölum, opt safamiklum greinum og þykkum, kjötkenndum, venjulega misstæðum og heilrendum, axlablaðlausum blöðum. Blómskipunin venjulega samsett, kvíslskúfar eða hálfskúfar, er standa í klösum eða sveipum. Blómin regluleg, undirsætin, alveg 5- eða 4-deild, venjulega tvíkynja (á ísl. teg.). Fræflarnir venjulegast helmingi fleiri en krónublöðin, en fræblöðin jafnmörg þeim, ósamvaxin, og mynda því hvert um sig einrýmda smáfrævu; aldinið því samaldin, smáaldinin fræmörg belghýði. Fræin smá, fræhvítulaus.

- A. Blómin 5-deild, tvíkynja, 10 fræflar. Blöðin hálsfövl, heilrend. Sedum.
- B. Blómin 4-deild.
1. Blöðin misstæð, breið. Blómin einkynja. Fræflarnir 8. Rhodiola,
Tvíbyli.
 2. Blöðin mótstæð, mjó. Blómin tvíkynja. Fræflarnir 4. Bulliarda.

89. *Sedum*. Steinajurt.

- A. Krónublöðin gul. Plantan öll hárlaus.
1. Fjölær planta með mörgum blaðsprotum. S. acre.
 2. Einær planta, blaðsprotalaus. S. annuum.
- B. Krónublöðin rauð eða blárauð. Öll plantan kirtilhærð og meira eða minna móleit. S. villosum.

217. *S. acre*. Helluhnoðri. — Stöngullinn eða stönglarnir jarðlægir eða jarðhuldir, rótskeytir, með uppsveigðum, blaðþjettum, 2—5 cm. háum blómgreinum og blaðsprotum. Blöðin egglega, snubbótt, flöt á efra borði, safamikil, beisk á bragðið, sköruð og mjög þjettstæð, einkum ofantil á blaðsprotunum, sem því líta út eins og smáhnúskar (helluhnoðri). — Blómin nærri legglaus í þjettum skúfum á greinendunum. Bikarblöðin egglega, snubbótt, sköruð neðantil. Krónublöðin fagurgul, lensulaga, oddhvöss, útbreidd, helmingi lengri en bikarinn. — Blmg. í júlí eða fyrst í ágúst. Blmg. sumst. sjaldan eða aldrei.



69. *S. acre*.

Vex einkum á brunahólum og melbörðum. Alg. um l. a.

218. *S. annuum*. Steinajurt. — Stöngullinn greinist neðantil í margar, uppsveigðar, venjulegast nærri jafnháar greinar. Blöðin aflöng, snubbótt, opt dálítið rauðflikrótt, gisstæðari en á uf. teg., svo þau hylja ekki stöngullinn. Blómin í þjettum, en þó gisnari skúfum en á uf. teg. Bikarblöðin egglega; krónublöðin grængul, mjó, lensulaga, lítið eða allt að því helmingi lengri en bikarblöðin. — 5—11 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í grýttum jarðvegi. — Víða um. l. a., einkum á S. og SV.

219. **S. villósum.** Meyjarauga. — Stöngullinn uppsveigður eða upprjettur, venjulegast ógreindur upp að blóm-skipuninni; undir haustið spretta fáeinir hnúskóttir blaðsprotar á stofninum. Blöðin allþjettstæð, en hylja þó ekki stöngulinn, hálfsvöl, aflöng, snubbótt og mjög safamikil, nærri aðlæg. Blómin í legglöngum skúfum, er standa í klasa ofantil á stönglinum. Bikarblöðin samvaxin neðst. Krónublöðin ljósrósráuð með dekkri miðrák á neðra borði, helmingi lengri en bikarblöðin, breiðeggjala, snubbótt eða með stuttum broddi. — 5—10 cm. á h. — Blmg. í júní eða seint í maí.

Var. glabrum er kirtilhárlaus.

Vex í rökum leirflögum. — Mjög alg. — *Var. f.* á 1 st. á Au. og á 1 st. N.

90. Rhodiola. Burn.

220. **R. rosea.** Burn. — Jarðstöngullinn (burnirótin) gildur, hnöllóttur, gulleitur, greinóttur, ilmsætur; upp af honum spretta 1—2, eða stundum fjöldamargir, upprjettir, ógreindir stönglar. Blöðin eru smæst og gisnust neðst á stönglinum, en stækka, og standa þjettara, eptir því sem ofar dregur; þau eru legglaus, blágræn, opt dálítið rauðleit í oddinn, öfugeggjala eða öllu heldur oddbaugótt, en mjórri niður, stuttydd, heilrend (eða lítið eitt tennt í oddinn). Blómin í þjettum, blómmörgum skúfum á stöngulendunum, leggstutt, gul, einkynja, en þó vottar fyrir þeim kynfærunum, sem óþroskuð eru, (og stundum þroskast hvortveggju kynfærin, svo blómið verður tvíkynja). Bikarinn 4-skiptur. Krónublöðin sporbaugótt, litlu lengri en bikarinn, (vantar stundum á kvennblómin). — 10—30 cm. á hæð eða hærri. Verður stórvöxnust í klettaskorum og innan um hvannstöð inn til jökla, og þá opt forkunnar fögur; á melum til fjalla er hún smávaxnari. — Blmg. í júní eða seint í maí.

Vex á ofangreindum stöðum. Alg. um l. a. Sumstaðar gróðursett í bæjarveggi og garða og þrífst vel.

91. Bulliarda. Vatnsögn.

221. **B. aquática.** Vatnsögn. — Örsmár, safamikill, hárlaus vatnsyrtingur með 1—3 cm. löngum og venjulegast marggreindum, upprjettum eða jarðlægum og rótskeytum stöngli, Blöðin mótstæð, en langt á milli blaðparanna, stilklaus, strik-

laga eða sýllaga, hvassydd, heilrend. Blómin nærri legglaus, einstök, í annarihverri blaðöxl, sitt hvorummegin á stönglinum. Bikarinn 4-skiptur. Krónublöðin egglega, snubbótt, hvít eða rauðleit, álíka löng og bikarinn. Frævurnar stíllausar.

Mjög sjaldgæf, að því er kunnugt er, en vex þó að öllum líkindum víðar, en menn vita, í tjörnum og vötnum.

35. Saxifragaceæ. Steinbrjótsættin.

Jurtir með misstæðum eða mótstæðum, axlablaðlausum, en breiðfættum blöðum. Blómin regluleg, tvíkynja, hálfyfirsætin eða undirsætin, 5-deild; 5 bikar- og krónublöð, 10 fræflar í 2 krönsum, og er ytri kransinn ófrjór á kyninu *Parnassia*, og ummyndaður í hunangsbera. Frævan 2-blaða, með tvírýmdu egglegi og 2 stílum, eða 4-blaða, með einrýmdu egglegi og stíllaus. Aldinið tvírýmt eða einrýmt, fræmargt hýði. Fræin með fræhvítu. Skordýrfrævun

- A. 10 frjóir fræflar og 2-blaða fræva með 2 stílum. Aldinið 2-rýmt hýði, sem opnast milli stíllanna. *Saxifraga*.
- B. 5 frjóir fræflar og 5 ófrjóir ummyndaðir í 5 kirtilkögraða smáleppa (hunangsbera). Frævan 4-blaða. Aldinið einrýmt hýði með 4 veggstæðum fræsætum. *Parnassia*.

92. Saxífraga Steinbrjótur.

- I. Blöðin skert, sepótt eða flipótt. Krónan hvít.
 - A. Öll blöðin niðurmjó, sepótt eða flipótt að framan.
 - 1. Blaðmargar, opt þjettar blaðhvirfingar bæði á blómstöngulstofninum og blaðsprotunum. Stönglarnir upprjettir, blaðfáir. *S. caespitosa*.
 - 2. Hvirfingarnar blaðfáar eða gisblaða, því stöngulliðirnir teygja úr sjer. Stönglarnir jarðlægir; blaðsprotarnir opt fjöldamargir, langir og reglulegir. *S. hypnoides*.
 - B. Neðstu blöðin breið, nærri nýrlaga.
 - 1. Stönglarnir með hvítum laukkknöppum við stofninn og rauðum laukkornum í blaðöxlunum, einkum ofantil. Krónublöðin miklu lengri en bikarfliparnir. *S. cernua*.
 - 2. Lauklus. Krónublöðin litlu lengri en bikarfliparnir. *S. rivularis*.
- II. Blöðin heil, tennt eða heilrend.
 - A. Blöðin mótstæð, þjett, hylja stöngulgreinarnar eða því sem nær. Stönglarnir jarðlægir. Krónan rauðblá. *S. oppositifolia*.
 - B. Blöðin misstæð.
 - a. Blöðin heilrend. Stöngullinn blöðóttur. Krónan gul.

1. Blöðin lensulaga. Krónublöðin meira en helmingi lengri en bikarblöðin, sem eru móloðin, og beygjast að lokum niður. S. *Hirculus*.
2. Blöðin striklaga með holu í oddinn. Krónublöðin litlu lengri en bikarblöðin, sem eru hárlaus og útstæð. S. *aizoides*.
- b. Blöðin tennt. Stofnblöðin í hvirfingu, stærri en stöngulblöðin. Krónan hvít.
 - o. Stöngullinn blaðlaus að undanteknum smáblöðum. Öll blöðin í stofnhvirfingu.
 1. Krónublöðin álíka löng og bikarfliparnir, snubbótt, alhvít eða lítið eitt rauðleit á röðunum. Bikarfliparnir upp-rjettir. S. *nivalis*.
 2. Krónublöðin allt að því helmingi lengri en bikarblöðin, ydd, með tveim gulum blettum ofan við nöglina. Bikar-blöðin sveigjast aptur á bak. S. *stellaris*.
 - oo. Stöngullinn blöðóttur. Öll blöðin stilklaus, sagtennt, með hvítum tönnum.
 1. Stöngullinn greinist þegar við stofn, eða að minnsta kosti um miðju, í marggreinda, keilulaga blómskipun. Bikarinn kirtilhærður. S. *Cotyledon*.
 2. Stöngullinn greinist aðeins efst. Bikarinn lítið eða ekkert kirtilhærður. S. *Aizoon*.

222. **S. cæspitosa.** Þúfusteinbrjótur. — (*S. decipiens Ehrh.* Grl. Isl. Fl.). — Blómstönglarnir og blaðhvirfingssprotarnir optast nær margir saman á sömu rót, og mynda allþjetta brúska eða þúfuhnúska. Blómstönglarnir upprjettir eða uppsveigðir, kirtilhærðir, og greinast ofantil í marga blómleggi, eða þeir eru alveg ógreindir og einblóma (*f. uniflora*). Blöðin kirtilhærð á röndunum, niðurmjó, breiðust fremst með 3—5 venjulega snubbóttum sepum, er allir vita fram á við. Blómin fremur stór, hálfyfirsætin. Bikarinn kirtilhærður með egglega, snubbóttum flipum. Krónublöðin öfugegglega, venjulega helmingi lengri en bikarfliparnir, hvít með gul-leitum æðum. Hýðið á lengd við bikarinn. — 5—8 cm. á h. — Blmg. í maí.

f. Sternbergii — (*v. palmata Hartm.* Grl. Isl. Fl.) — er hærri, ekki eins þjettkirtilhærð, en meira eða minna ullhærð, stöngullinn liðlengri neðantil og eins blaðsprotarnir, svo þúfurnar verða lausari. Blöðin djúpskert með þrem flipum, hliðfliparnir opt tvísepóttir. Blómin stór, fannhvít. — 8—15 cm. á h. Vex helst í klettasprungum og innan um grjót. Alg.

223. **S. hypnoides.** Mosasteinbrjótur. — Upp af rótinni spretta stærri eða minni brúskar af löngum, marg-

greindum, jarðlægum blaðsprotum og uppsveigðum eða jarðlægum blómstönglum, sem eru með blaðgreinum neðantil, en ógreindir ofantil, strjálblöðóttir og einblóma eða mjög blómfáir. Blöðin klofin að framan í mjóydda, opt broddydda flipa, eða heil og striklaga, einkum þau efri. Bæði stönglar og blöð eru meira og minna ullhærð, en kirtilháranna gætir minna en á uf. teg. (sbr. *var.*), nema efst á blómstönglunum. Bikarfliparnir yddir, jafnvel ofurlítið broddyddir. Krónublöðin opt nærri þreföld að lengd við bikarflipana, stundum rauðleit (*f. rosiflora*). Að öðru leyti lík uf. teg. — 15—20 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í urðum og innan um lausagrjót. Alg.

224. **S. cernua.** Laukasteinbrjótur. — Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður og hlykkjóttur, langhærður og mjúkhærður neðantil eða nærri hárlaus, en kirtilhærður ofantil, venjulega ógreindur, einblóma eða með fáeinum blómum efst. Stofnblöðin og neðstu stöngulblöðin stíklöng, nýrlaga, 5—7-sepótt, en efri blöðin stílkstyttri með færri sepum og óbuguðum grunni og þau efstu heil, oddbaugótt eða lensulaga; blaðseparnir yddir, stundum broddyddir, eggлага eða breiðari en þeir eru langir. Öll eru blöðin því nær hárlaus, nema stílkarnir eru opt talsvert loðnir. Blómin allstór, nærri undirsætin, lotin að minnsta kosti áður en þau springa út. Bikarinn kirtilhærður með uppstæðum, snubbóttum flipum. Krónublöðin öfugeggлага, opt nokkuð misstór, dálítið útsveigð. — Aldinið sjaldan fullþroska. — 10—15 cm. á h. — Blmg. í júní. Á tilbrigðinu *f. racemosa* er stöngullinn greindur ofantil í 3—6 blómtypptar greinar.

Vex einkum í deigum og köldum, en lausum jarðvegi í fjallahlíðum Alg. — Tilbr. f. í Grímsey (Ó. D.)!

225. **S. rivuláris.** Lækjasteinbrjótur. — Smávaxnari og venjulega með fleiri stönglum en uf. teg. með 1—2 sepóttum og 1 heilu stöngulblaði. — Blöðin venjulegast 5-flipuð, hárlaus eða því sem nær og opt kjötkennd; fliparnir eggлага, snubbóttir. Blómin fremur smá, hálfyfirsætin, 1—3 á hverjum stöngli, neðsta blómið opt legglengt. Blómleggirnir loðnir efst. Krónublöðin nærri sporbaugótt. Hýðið nær upp úr bikarnum; að öðru leyti eins og uf. teg. 4(—10) en optast um 6 cm. á h. — Blmg. í maí.

Vex einkum við læki og dý, helzt til fjalla eða á útkjálkum. — Í Strandasýslu vex hann sumstaðar í bæjarveggjum innan um skarvakál og er mjög þroskalegur. — Alg.

226. **S. oppositifolia.** Vetrarblóm. — Stönglarnir fjölærir, hálftrjenaðir með stuttum, uppsveigðum blómstönglum, og líta í fljótu bragði opt út eins og smálynghríslur. Blöðin smá, stilklaus, eggлага eða öfugeggлага, randburstótt, með kalkholu í oddinn, í fjórum röðum og svo þjett, að greinarnar sýnast í fyrstu íferstrendar. Blómin hálfyfirsætin, fremur stór, ein-



70. *S. oppositifolia.*

stæð á greinendunum, leggstutt eða nærri legglaus. Bikarfliparnir upprjettir, eggлага, randhærðir. Krónublöðin öfugeggлага, helmingi lengri en bikarfliparnir, fagurrósrauð, þegar blómið springur út, en lýsast við þroskunina, og eru stöku sinnum alhvít (*f. albiflora*).

Blómgast allra plantna fyrst á vorin, í apríl eða fyrst í maí, og skreytir melkollana, sem standa upp úr fönnunum, hinu fegursta blómskrúði. — Alg.

Aths. Alþýða kallar þessa plöntu stundum lambablóm eða lambagras af misskilningi, af því hún vex á melum, og blómin eru lík á litinn og blómin á lambagrasi, *Silene acaulis*.

227. **S. Hireulus.** Gullbrá. — Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður, blaðmargur, móloðinn, einkum ofantil, venjulegast alveg ógreindur, blómtypptur, en stöku sinnum með einni eða fleiri blómgreinum í efstu blaðöxlunum. Blöðin lensulaga, snubbótt, heilrend, gisrandhærð. Efri stöngulblöðin stilklaus, hin blöðin öll stilkud. Blómin stór, undirsætin. Bikarinn nærri lausblaða með aflöngum eða oddbaugóttum, snubbóttum blöðum. Krónublöðin aflöng eða sporbaugótt,

fagurgul með rauðgulum dröfnum neðantil, lengri en fræflarnir. Hýðið miklu lengra en bikarinn. — 4—20 cm. á h., en opt minni (2 cm.) hátt til fjalla (*f. pygmæa*). — Eitt eintak hef jeg sjeð með 12 krónublöðum og 13 fræflum (*f. monstrosa*). — Blmg. í júní.

var. alpína. Blöðin breiðari en á aðalteg., nærri spaðalaga. Krónublöðin stærri og enn fagurgulari.

Vex einkum í mýrum til fjalla og dala. — Alg.

228. *S. aizoides.* Gullsteinbrjótur. — Stöngullinn eða stönglarnir uppsveigðir, ógreindir upp að blómskipuninni, smáhærðir, og mynda opt ásamt mörgum blaðsprotum þjetta brúska eða þúfuhnúska. Blöðin þjettust á blaðsprotunum og neðst á stönglunum, en gisnari ofantil, öll stilklaus, striklaga eða aflöng, snubbótt með dálitlum broddi, hárlaus eða með strjálum, grófum randhárnum. Blómin í blómfáum skúfum á stöngulendunum, stíklöng, nærri undirsætin. Bikarfliparnir langeggla. Krónublöðin aflöng, gul með dekkri dröfnum. Hýðið álíka langt og bikarfliparnir. — 5—18 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex á rökum aurum og í mýrlendi Alg. á Au. og austurhl. S., óþekktur í öðrum lhl.

229. *S. nivális.* Snæsteinbrjótur. — Stöngullinn eða stönglarnir, sem opt eru 2—5, upprjettir, mjúkhærðir, ógreindir, stundum með einni blómgrein alllangt fyrir neðan aðalblómskipunina. Blöðin stíklbreið, kringlótt eða sporbaugótt, með stórum snubbóttum tönnum, randhærð, einkum neðantil, en að öðru leyti hárlaus eða því sem nær, blágræn að lit og opt meira og minna rauðleit. Blómin hálfyfirsætin, smá, vanalega leggstutt, í kollóttum skúfum efst á stönglinum. Hýðið lengra en bikarinn, djúpklofið. — 6—18 cm. á h. — Blmg. í júní.


var. tenuis ofurlítið, nærri hárlaust, gljáandi afbrigði með legglengri blómum; öll plantan opt meira og minna rauðleit.

Vex á melum og í klettasprungum, afbrigðið helst á háfjöllum. Alg.

230. *S. stelláris.* Stjörnusteinbrjótur. — Stöngullinn eða stönglarnir, sem opt eru 2—4, upprjettir eða uppsveigðir, kirtilhærðir, ógreindir, en kvíslast efst í blómfáan (stundum aðeins 2-blóma) skúf með nokkuð legglöngum blómum.

Blöðin stilklaus, niðurmjó, gróftennt og gistennt, einkum framantil. Blómin undirsætin. Frjóknapparnir rauðgulir. Frævan rósrauð. Hýðið að lokum nærri helmingi lengra en bikarblöðin, sem leggjast niður með blómlegnum. — 5—10 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í rökum leir og aur, opt í nánd við læki. — Alg.



71. *S. stellaris*.

231. **S. Cotylédon.** Klettafrú. — Stöngullinn upprjettur eða hangandi, þegar plantan vex í þverhníptum hömrum, marggreindur og mjög blómmargur, kirtilhærður og optast meira og minna rauðleitur. Blöðin í mjög þjettum hvirfingum, bæði á stöngulstofninum og blaðsprotunum, þykk, leðurkennd, hárlaus, sígræn, öfugeggjala eða nærri spaðalaga, mjög stutt- og breiðydd með hvíttri kalkskorpu ofan á tönnunum, sem smitar úr dálítilli holu í tönnina. — Stöngulblöðin kirtilhærð, spaðalaga eða aflöng, mjókka og verða randheilli eftir því sem ofar dregur. Blómin í skúfum, sem standa í blaðöxlunum; eru neðstu skúfarnir lengstir, en styttað eftir því sem ofar dregur, og mynda í sameiningu stóran, keilulaga klasa. Bikarinn klofinn til miðs eða meir, flíparnir lensulaga, rauðleir. Krónublöðin spaðalaga, helmingi lengri en bikarinn eða allt að því þreföld að lengd við bikarflípana, randhærð neðantil, hvít með gulleitum eða dálítið rauðleitur, gagnsæjum æðum. — 12—25 cm. á h. — Blmg. í júlí. — Einkarfögur jurt, kölluð þúsunddyggðajurt í Skaptafs.

Var. multicaulis! Stönglarnir margir með legglöngum blómum í blaðöxlunum í stað blómskúfa, svo blómskipunin verður ósamsettur klasi. Blöðin bogdregin fyrir oddinn. Krónublöðin grænæða, minni en á aðalteg. — Almanna-skarð S. (St.).


Vex í sprungum í klettum og standbjörgum á Suðausturlandi: óf. annarstaðar.

232. **S. Aizoon.** Bergsteinbrjótur. — Miklu minni en uf. teg. Stöngullinn stundum nærri hárlaus neðst, blómin margfalt færri og aðeins efst á stönglinum. Krónublöðin öfugeggla, venjulega hárlaus, hvít en rauðdröfnött, að öðru leyti eins og uf. teg. — 6—8 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í klettum eins og uf. teg. Óviða fundin, á 1 st. á N., á Au. og 1 á SV.

93. **Parnássia.** Mýrasóley.

233. **P. palustris.** Mýrasóley. — Stöngullinn eða stönglarnir upprjettir, strendir, alveg ógreindir með stóru, hvítu, toppstæðu blómi og einu hjartлага, stilklausu, greipfættu blaði neðan við miðju. Hin blöðin öll í stofnhvirfing, stíklöng, hjartлага eða eggla, snubbótt, stundum með dálitlum broddi. Blómið undirsætið. Bikarblöðin eggla. Krónublöðin sporbaugótt, hvít með gagnsæjum bogæðum, helmingi lengri en bikarblöðin eða meir. Hunangsberarnir gulleitir, hunangið myndast innan á þeim. Frjóknapparnir hvítir. Aldinið eggla. Plantan öll hárlaus. — 10—20 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.



72. *P. palustris.*

f. tenuis er minni með minna buguðum blaðgrunni. Stöngulblaðið mjög neðarlega. Blómið smærra.

Vex í mýrum og á deiglendi. — Mjög alg. um l. a.

[(§) **Ribes** (»Ribs«), runnar með misstæðum, stíkuðum, handtauga blöðum og reglulegum, yfirsætnum, tvíkynja, 5-deildum blómum og beraldini, er náskykt steinbrjótunum. — *R. rubrum* Ribs- eða rauðber, *R. grossularia* (»Stikkilsber«) og *R. nigrum* (Sólber) eru ræktuð hjer á stöku stað í görðum (Reykjavík, Akureyri, Ísafirði o. v.)].

36. Rosáceæ. Rósaættin.

Jurtir eða smárunnar. Blöðin misstæð, fjaðurtauga eða handtauga, og venjulegast samsett eða skipt og með axla-blöðum, sem vaxin eru við blaðstilkinn að meira eða minna leyti. Blómin regluleg, tvíkynja, kringsætin; blómbotninn skál-eða krukkulaga; standa blómhlífblöðin og fræflarnir á skálar-eða krukkubörmunum, en frævan eða frævurnar á botninum eða innan á hliðunum, stundum á hvelfdri eða keilulaga upp-hækkun, nokkurs konar frævu- eða aldinsteði, á skálarbotninum miðjum. Bikar og króna 5-deild, sjaldan 4-deild. Utan yfir bikarnum er opt krans af smáblöðum, og kallast ytribikar; eru þau jafnmörg og bikarblöðin, og standa undan millibilum þeirra. Fræflarnir venjulegast margir (stundum ekki nema 4—5) og margar einblaða frævur (stundum 1, 5 eða 10) og því samaldin. Smáaldinin eru ýmist hnetur, steinaldin eða belghýði. Fræin fræhvítulaus. Allt fjölærar plöntur. Skordýr-frævun algeng.

I. Smáaldinin belghýði. 5 bikarblöð og 5 gulhvít, ilmandi krónublöð. Blöðin fjaðurskipt, bilbleðlött með stórum, 3-flipóttum oddbleðli. Spiræa.

II. Smáaldinin hnetur eða steinaldin.

A. Með ytribikar, smáaldinin hnetur. Jurtir.

a. Blómhlífin tvöföld, 5-deild. Margir fræflar og frævur (undt. *Sibbaldia*).

o. Stíllinn langær, vex með aldrinum, og verður að langri, boginni og liðaðri trjónu. Blöðin fjaðurskipt. Oddbleðillinn langstærstur. Geum.

oo. Stíllinn vex ekki með aldrinum, heldur visnar, eða fellur burt.

* Aldinsteðið kjötkennt, safamikið, og losnar frá bikarnum. Krónan hvít. Blöðin þrí-fingruð. Langar renglur. Fragaria.

** Aldinsteðið þurt, þjett í sjer eða svampkennt.

△ Aldinsteðið upphækkað, hvelft eða keilulaga. Smáaldinin mörg.

1. Krónublöðin gul. Potentilla.

2. Krónublöðin og bikarinn dumbrauð.

Comarum.

△△ Ekkert upphækkað aldinstæði. Blómbotninn nærri flatur eða dálítið íhvolfur. Blöðin 3-fingruð, blágræn. Smáblöðin 3-tennt að framan. *Sibbaldia*

b. Blómhlífin einföld, 4-deild; 4 bikar- og ytribikarblöð, en engin króna. 4 fræflar og 1 fræva. Blómin smá í skúfum. Blöðin handtauga. Axlablöðin samvaxin. *Alchemilla*.


B. Enginn ytribikar.

a. 4 fræflar og 1 fræva. Blómhlífin einföld, 4-deild. Króna engin. Blómin smá, í blómbjettu axi eða koll. Blöðin stakfjöðruð. *Poterium*.

b. Margir fræflar og frævur. Blómhlífin tvöföld.
o. Smáaldinin rauð steinaldin. Blöðin stór, þrí-fingruð. Langar renglur. *Rubus*.
oo. Smáaldinin hnetur. Stönglarnir, að minnsta kosti jarðstönglarnir, trjekenndir.

1. Blöðin heil, egglega eða aflöng, gróftennt, silfurhvít á neðra borði. Blómhlífin 8-blaða. Þyrnalaus hálf-runni. *Dryas*.

2. Blöðin stakfjöðruð. Þjettþyrnóttur smárunni. *Rosa*.



73. *S. Ulmaria*.

94. *Spiræa*. Mjaðjurt.

234. *S. Ulmaria*. Mjaðjurt. — Stöngullinn upprjettur eða stofnsveigður, ógreindur eða greinóttur ofantil, blaðmargur og nærri hárlaus. Blöðin stór, stilkud, með tví-tenntum bleðlum, grænum á efra borði en hvít- eða grálóhærðum á neðra borði. Hliðarbleðlarnir egglega eða oddbaugóttir. Blómin fremur smá, mörg saman í stórum

skúfum með mislöngum, loðnum greinum. Bikarinn smáhærður. Krónublöðin nagllöng, öfugeggjala, tvöfalt lengri en bikarblöðin eða meir. — 25—80 cm. á h. — Blmg. í júlí. — Á afbrigðinu

var. denudata, sem er sjaldgæft, eru blöðin græn báðum megin og nærri hárlaus.

Vex í rökum jarðvegi og mýrum, en verður stórvöxnust í deigum vallendislautum og börðum — Viða um land nema á Au., en mjög alg. á S. og Sv.

95. Geum. Fjalldalafífill.

235. *G. rivále*. Fjalldalafífill. — Stöngullinn alveg upprjettur eða lítið eitt stofnsveigður, lotinn efst með einu eða fáeinum blómum, venjulegast ógreindur, grófhærður. Blöðin öll smáhærð. Stofnblöðin legglöng, líkjast í fljótu bragði smáum kálblöðum með 2—3 aðalhliðbleðlum hvorum-megin og smábilbleðlum milli þeirra; allir eru bleðlarnir sepóttir og gróftenntir. Stöngulblöðin eru stilkstyttri og minni, venjulegast aðeins 3-bleðlótt. Blómin stór og drúpandi; bikarinn og efsti hluti blómleggsins dumbrauður. Krónublöðin nagllöng með öfughjartлага eða öllu fremur öfugnýrlaga blöðku, gulhvít í fyrstu, en verða seinna holdrauð með dökkum æðum. Bæði bikarinn og krónan eru upprjett, sveigjast ekkert út á við. Aldintrjónurnur langhærðar. — 12—32 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum til dala í hálfdeigum, gróðurmiklum hliðalautum og gilhömrum. Má heita alg. um l. a., nema S.

Aths. Jurt þessi er opt torkennileg fyrir þá sök, að bikarblöðin verða meira eða minna laufblaðkennd og þá opt mjög stór; margir af fræflunum verða að krónublöðum, svo þau eru miklu fleiri, en vant er, stundum svo tugum skiptir, og upp úr blóminu miðju vex annað vanalegt blóm. Það kemur og fyrir, að þriðja blómið vex aptur upp úr því, en það er sjaldnar.

96. Fragaría. Jarðarber.

236. *F. vesca*. Jarðarber. — Stöngullinn 4—9 cm. á h., upprjettur, ógreindur og einblóma, eða greinist ofantil í blómskipun, fínhærður með 1—2 smáum blöðum eða blaðlaus. Blöðin í stofnhvirfing, stilklöng, blaðkan gishærð á efra borði, en venjulega þjettsilkiærð á neðra borði, einkum meðan blaðið er ungt; stilkurinn með þjettum, mjúkum, útstæðum hárum. Smá-

blöðin sporbaugótt eða oddbaugótt, sagtennt, oddtönnin venjulega álíka löng og hinar tennurnar. Út frá stofnhvirfingunni vaxa langar, þráðmjóar renglur, er festa rætur og bera nýjar blaðhvirfingar; þegar renglan visnar, losna þær frá móðurplöntunni, og verða að nýjum plöntum. Blómin eru nokkuð stór, blómleggirnir aðhærðir; bikarblöðin á lengd við ytribikarinn, og standa út, eða sveigjast aptur á bak, þegar aldinið tekur að þroskast. Krónublöðin hvít, öflug-egglaða eða nærri kringlótt, talsvert lengri en bikarblöðin. Samaldinið (jarðarberið) er hárautt að lit og sætsúrt á bragðið, aldinstæðið þrútnar svo út við þroskunina, að smáhneturnar sökkva nærri inn í það. — Blmg. í júlí.



74. *F. vesca*.

Vex einkum í vallendi, í giljum og hlíðum. — Víða um l., nema á NV. Þar er hún enn óf.

Aths. Á *F. collina*, sem talin hefur verið ísl., er bikarinn ekki útstæður, heldur legst að aldininn, og oddtönn smáblaðanna miklu minni en hinar tennurnar.

97. *Potentilla*. Mura.

- A. Blöðin 3—5-fingruð. Krónublöðin með rauðgulum bletti ofan við nöglinna. *P. verna*.
 B. Blöðin stakfjöðruð, venjulegast hvíthærð og silfurgljáandi á neðra borði. Krónublöðin blettlaus. *P. anserina*.

237. *P. verna*. Gullmura. (*P. maculata* Pourr. Grl. Isl. Fl.). Stönglarnir venjulegast fleiri en einn, stundum margir á sama jarðstöngli, uppsveigðir, meira og minna greindir, smáhærðir með stilkstuttum eða stilklausum blöðum. Blöðin öll meira og minna hærð; stofnblöðin stíklöng. Smáblöðin öflug-egglaða, fleyglaga og heilrend að neðan en tannsepótt ofan við miðju, með snubbóttum tannsepum. Blómin í skúfum, venjulegast legglöng; ytribikarblöðin venjulega nokkuð minni

en bikarblöðin. Krónublöðin öfugeggлага, meira og minna buguð að framan, stundum öllu fremur öfughjartлага, allt að því helmingi lengri en bikarblöðin. — 6—18 cm. á h. — Bmlg. í maí.

Vex í þurum mómum, á óræktartúnunum og hálfgrónum skriðurindum; verður stórvöxnust innan um lausagrjót og í urðum. Alg. um l. a.

238. *P. anserina*. Tágamura. — Út frá blaðhvurfingunni á jarðstönglinum¹⁾ sprettur einn eða venjulegast fleiri, 10—64 cm. langir, renglukenndir, opt rauðleitir stönglar (murutágar), er festa rætur með löngum millibilum, og bera þar smáblaðhvurfingar. Blöðin stilkstutt, bilbleðlótt, smáblöðin öfugeggлага, stórtent eða nærri tannflípótt, stærst framan til á blaðinu, en fara smækkandi niður eptir. Blöðin einstæð í stöngulblaðhvurfingunum, stór, á upprjettum eða uppsveigðum, fremur stuttum, mjúkhærðum leggjum. Ytri bikarblöðin mjórri en bikarblöðin, en hjer um bil jafnlöng. Krónublöðin öfugeggлага, helmingi lengri en bikarinn eða meir. — Blmg. í júní.



75. *P. anserina*.

Vex einkum í rakri sandjörð og víða í tómum sandi fram með vötnum og sjó. Alg. um l. a.

98. *Comarum*. Engjarós.

239. *C. palústre*. Engjarós. — Jarðstöngullinn langur, lárjettur, hálftrjenaður; blómstöngullinn 10—35 cm. á h., uppsveigður, sívalur, greinóttur ofantil, blöðóttur, stutthærður og meira og minna rauðmóleitur. Blöðin stilkkuð, stakfjöðruð, stofnblöðin með 5—7 smáblöðum en efstu stöngulblöðin aðeins með 3. Smáblöðin grófsagtennt, blágræn og smáhærð á neðra borði, aflöng eða öfugeggлага, sporbaugótt eða nærri lensulaga. Blómin stór í blómfáum skúfum, öll dumbrauð; bikarblöðin breiðeggлага, miklu stærri en bæði ytribikarblöðin og

¹⁾ Í raun rjettri eru það jarðstönglarnir, sem heita murur; sbr.: »Grófu rætur og muru«.

krónublöðin, sem hvortveggju eru mjó, nærri lensulaga. Þó eru krónublöðin venjulega nokkru breiðari fram, og jafnan allmikið bil á milli þeirra. Smáhneturnar margar, á hnöttóttu, svampkenndu aldinstæði. — Blmg. í júlí.

Vex í mýrum og grunnum tjörnum. Alg. um l. a

99. *Sibbáldia*. Fjallasmári.

240. *S. procumbens*. Fjallasmári. — Jarðstöngullinn grófgerður, marggreindur. Blómstönglarnir opt margir saman, uppsveigðir eða upprjettir, blaðfáir, gishærðir, lágir í fyrstu, en vaxa eptir blómgunina, og verða stundum allt að 15 cm. á h., en vanalega eru þeir lægri. Stofnblöðin stíklöng; smáblöðin stíлкуð, með fleyglaga grunni, hærð. Blómin smá, leggstutt, í þjettum skúfum á stöngulendunum, með 5 fræflum og 5—10 frævum. Ytribikarblöðin og bikarblöðin lensulaga; krónublöðin ljósgul, mjó, styttri en bikarinn. Smáaldinin mögljáandi, trjónulaus. — Blmg. í júní.

Vex einkum til fjalla og á útnesjum norðanlands. Víða um l. a.

100. *Alchemilla*.

- I. Blöðin fingruð, silkihærð og silfurgljáandi á neðra borði. *A. alpina*.
- II. Blöðin flípótt eða sepótt.

A. Blöðin flípótt eða nærri skipt, silkihærð og meira eða minna silfurgljáandi á neðra borði. *A. faeroensis*.

B. Blöðin sepótt, græn báðum megin og meira eða minna hærð, separnir tenntir niður í gegn. (*A. vulgaris* L. Grl. Isl. Fl. allar 3 ef. teg.).

a. Blöðin alveg hárlaus á efra borði. *A. Wichuræ*.

b. Blöðin hærð báðum megin.

1. Blöðin 9—11-sepótt, stór, nærri kringlótt. Separnir hálfkringlóttir. *A. glomerulans*.

2. Blöðin 7-sepótt, nýrlaga. Separnir þríhyrndir, snubbóttir.

A. filicaulis.

241. *A. alpina*. Ljónslappi. — Jarðstöngullinn langur og greinóttur, og spretta á honum venjulegast margir, uppsveigðir eða upprjettir blómstönglar; eru þeir greinóttir ofantil, blaðfáir, aðhærðir. Blöðin 5—7-fingruð, stofnblöðin stíklöng, stöngulblöðin stílkstutt eða stílklaus. Smáblöðin aflöng eða öfugeggslaga, sagtennt í oddinn, en annars heilrend. Blómin ljósgulgræn; ytribikarblöðin örsmá, margfalt minni en bikarblöðin. — 10—30 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum í melahöllum og skriðum; í hálfblásnum jarðrofum myndar hann sumstaðar stóra, hvelfda þúfukolla. — Alg. um l. a.

242. **A. faeroensis.** Maríuvöttur. — Jarðstöngullinn og blómstönglarnir eins og á uf. teg. Blöðin stærri, blaðflíparnir hvasstenntir ofan við miðju, en tannlausir neðantil, nema neðri röndin á neðstu flípunum er opt tennt nærri niður í gegn; tennurnar venjulega hærðar báðum megin með hárskúf í oddinn; stundum eru blöðin nærri því hárlaus (*f. denudata*). Blómskipanirnar og blómin stærri en á uf. teg.; ytribíkarblöðin miklu stærri, en þó bæði mjórri og hjer um bil helmingi styttri en bítarblöðin. Að öðru leyti líkist hún að ýmsu bæði uf. og eptirf. teg., og er auðsjáanlega milliliður milli þessara tegunda. — 6—20 cm. á h. og sjálfsagt opt meira.

Vex í líkum jarðvegi og uf. teg. — Einkennileg fyrir Au. og alg. þar; hvergi annarstaðar á landinu.

243. **A. filicaulis.** Maríustakkur. — Stöngullinn og blaðstilkarnir úthærðir neðantil og eins blöðin báðum megin. Skerðingarnar í blaðið $\frac{1}{6}$ af þvermáli blöðkunnar. Blómskipunin fremur blómfá, blómin þjettstæð og leggstutt. Bítararnir hárlausir eða með hárstanglingi. Blmg. í maí—júní.
f. vestita. Stönglar og blaðstíkar alhærðir. Bítararnir hármiklir.
f. denudata. Nálega alveg hárlaus.

Alg. í blómlendi og röku vallendi. Ekki getið á S.

244. **A. glomerulans.** Hnoðamaríustakkur. — Stöngullinn, blaðstíkurinn og blöðkurnar aðhærð; hárin gisin. Skerðingarnar í blöðin $\frac{1}{8}$ — $\frac{1}{6}$ af þvermáli blöðkunnar á dýpt. Smæstu greinar blómskipunarinnar eru stuttar og þjettstæðar, svo blómin sýnast standa í smáhnoðum. Bítararnir hárlausir eða mjög fáhærðir. — 8—35 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Vex í samskonar lendi og uf. teg. — F. óvída og alls ekki á Au. nje S., en vex þar sjálfsagt.

245. **A. Wichuræ.** Silfurmaríustakkur. — Taugararnar á neðra borði blaðanna aðhærðar; blaðstílkarnir einnig aðhærðir með silfurgljáandi hárum. Blöðin 9—11-sepótt, nærri kringlótt; separnir hálfkringlóttir, skerðingarnar $\frac{1}{8}$ af þvermáli blaðsins á dýpt. Blómskipunin gisin. Bítarinn hárlaus. — Smærri en uf. tegundir. — Blmg. í maí—júní.

Vex í samskonar lendi og uf. teg. — F. allvíða um l. a. nema á S., þaðan er hennar enn ekki getið.

101. **Poterium.** Blóðkollur.

246. **P. officinále.** Blóðkollur. (*Sangvisorba o. L.* Grl. Isl. Fl.). — Plantan öll hárlaus. Stöngullinn upprjettur eða lítið eitt stofnsveigður, sívalur, gáróttur, venjulega dálítið greindur ofantil, blaðfár. Stofnblöðin stíklöng, stöngulblöðin stílkstyttri. Smáblöðin tennt, blágræn á neðra borði, hjartлага, en venjulegast nokkuð aflöng, einkum þau fremstu. Blóm-kollarnir einstæðir á stöngul- og greinendunum, hnöttóttir eða dálítið aflangir, blóðrauðir. — Verður 25 cm. á h. eða meir. — Blmg. í júlí.

Vex einkum á röku graslendi. — Einkennilegur fyrir SV. og vex þar allviða; hvergi fundin með vissu annarstaðar á l.

102. **Rubus.** Klungur.

247. **R. saxátillis.** Hrútaberjalyng. — Blómstönglarnir upprjettir, 12—30 cm. háir, ógreindir, smáhærðir og gishærðir; renglurnar (skolla- eða tröllareipin) blöðóttar, hærðar, geta orðið 130 cm. á lengd. Bæði blómstönglarnir og renglurnar eru opt með fínum gisstæðum þyrnum. Smáblöðin skakkeggлага, oddbaugótt, eða nærri skáferhyrnd, tví-tennt með grófum tönnum, græn báðum megin, og opt meira og minna rauðdumbuð, einkum renglublöðin; miðsmáblaðið opt nokkuð stíklengt. Blómin fremur fá í sveip- eða hálfsvেipleitri skipun á stöngulendanum, leggstutt með lensulaga bikarblöðum, sem eru niðursveigð um blómgunartímann, og upprjettum, gulhvítum krónublöðum, sem eru lík að lögun og lítið lengri en bikarblöðin. Samaldinið (hrútaberið) með fáum, en nokkuð stórum, sundurlausum, rauðgljáandi smásteinaldinum. — Blmg. í júlí.

Vex innan um lyng og skógljarr. Alg. um l. a.

103. **Dryas.** Rjúpnalauf.

248. **D. octopétala.** Holtasóley. — Jarðstöngullinn trjekenndur, greinóttur með blaðþjettum greinendum. Blöðin stílkúð, skinnkennd, veturgræn að nokkru leyti, með niður-orpnun röndum, alveg samvafin í brumlegunni og þá mórauð-leit, en verða seinna, þegar þau eru fullþroskuð, dökkgræn á efra borði en silfurhvít á neðra borði af þjetttri hárló. Blómin stór, einstæð á löngum, upprjettum eða uppsveigðum, allt að

8 cm. háum, mjúkhærðum og hrokkinhærðum leggjum. Bikarblöðin mjó, aflöng, svartkirtlótt neðantil, en hvítloðin á röndunum. Krónublöðin snjóhvít, en gulna opt við þurkinn, sporbaugótt eða öfugeggлага, helmingi lengri en bikarblöðin eða því sem nær. Frjóknapparnir gulir. Stundum eru blómin ofkrýnd, krónublöðin allt að 40. — Aldinstæðið dálítið íhvolft, þurt. Smáaldinin hærð með langri, hærðri trjónu eða svifhala. Meðan aldinin eru að þroskast og svifhalarnir að lengjast, eru þeir snúnir saman, en breiðast út í sveip rjett fyrir aldinvarpið (í júlí — ágúst) og kallast blómið þá hármey eða hárbrúða. Þegar aldinin falla, feykjast þau opt alllangar leiðir á svifhölunum. — Blmg. í maí.

Vex í móum og á melarindum til stórprýði fyrir landið. Sumstaðar aðalplantan. Alg. um l. a.



76. *D. octopetala*.

104. Rosa. Rós.

249. *R. pimpinellifolia*. Þyrnir eða Þyrnirós. — Greinarnar rauðbrúnar, alsettar þjettum, beinum, útstæðum, mislöngum þornnálum. Blöðin með 3—5 smáblaðpörum. Smáblöðin hárlaus eða því sem nær, blágræn á neðra borði, oddbaugótt, öfugeggлага eða sporbaugótt, sagtennt. Blómhlífin 5-deild. Bikarblöðin venjulegast heil, hjer um bil helmingi styttri en krónublöðin, sem eru hvít, stundum dálítið gul eða rauðmenguð. Aldinstæðið krukklaga, og lykur um smáaldinin, er standa innan á því; við aldinþroskunina verður það kjötkennt og nærri hnöttótt; samaldinið, er kallast hjúpur eða hjúpaldin, líkist beri. — Blmg. í júlí.

F. á 2 st. á S., Þrasaklettur við Seljaland og Holt á Síðu og í Reyðarfirði á Au.

37. Pomáceæ. Apaldursættin.

Trje eða runnar, með misstæðum blöðum og axlablöðum. Blómin tvískynja, regluleg, yfirsætin, með 5 bikar- og krónublöðum, mörgum fræflum og 1 frævu. Aldinið (á ísl. teg.) berkennt. Fræin fræhvítulaus. — Skordýrfrævun.

105. Sorbus. Reynir.

250. **S. Aucupária.** Reyniviður. — Allhátt og fagurt trje með beinum bol og greinóttu limi. Blöðin stór, stak-



77. *S. Aucuparia.*

fjöðruð með 4—7 smáblaðpörum; aflöng, oddbaugótt eða lensulaga, heilrend neðst, en sagtentt að minnsta kosti ofan við miðju, lítið eitt hærð á neðra borði, en hárlaus á efra borði eða því sem nær. Blómin mörg saman í stórum hálfsvaipum. Krónublöðin hvít. Stíllarnir vanalega 3. Aldinið þrírymt, nærri hnöttótt, hárautt á lit og súrt á bragðið. Verður allt að því 12 al. á h. (c. 8 m.). — Blmg. í júní, aldinbær í september.

Vex á stangli innan um birkikjarr víða á Vestfjörðum og SV. og S., og svo vaxa stöku hríslur í urðum og gljúfrum hjer og hvar um l. a. — Á stöku stað er reynir plantaður við hús og bæi til mikillar prýði. (Akureyri, Skriða í Hörgárdal o. v.).

38. Papilionáceæ. Ertublómaættin.

Jurtir með misstæðum, samsettum blöðum og axlablöðum. Blómin tvískynja, óregluleg, kringsætin. Bikarinn samblaða, 5-skiptur, langær. Krónublöðin 5; hið aptasta er stærst, og nefnist fáninn, liggja rendur þess utan yfir hliðstæðu blöðunum, er nefnast vængir, en innan undir neðri röndum þeirra eru aptur 2 fremstu blöðin, sem vaxin eru saman, og mynda

1 bátлага blað, er nefnist kjölur, svo krónublöðin sýnast í fljótu bragði ekki nema 4. Fræflarnir 10 (5 + 5); eru 9 af þeim vaxnir saman, en sá aptasti er laus, stundum eru þeir allir vaxnir saman í pípu utan um frævuna, sem einungis er 1, og mynduð af 1 fræblaði. Aldinið belgur, stundum hnotkennt. Fræin fræhvítulaus, en kímblöðin venjulega mjög þykk, full af forðanæring. — Skordýrfrævun.

I. Blöðin stakfjöðruð, endasmáblaðið og fremstu smáblöðin stundum ummynduð í vafþræði. Aldinið fræmargur belgur.

A. Blöðin vafþráðalaus. Allir fræflarnir samvaxnir. Blómin gul, í kolli. Anthyllis.

B. Blöðin með vafþráðum, endasmáblaðið að minnsta kosti ummyndað í vafþráð, svo blöðin virðast jafnfjöðruð. Einn frævillinn laus.

a. Frævilpípan sniðstýfð, svo að efri fræflarnir eru lengri en þeir neðri. Stíllinn hærður ofantil öllum megin eða aðeins að framanverðu. Belgurinn með trjónu. Vicia.

b. Frævilpípan þverstýfð, svo fræflarnir eru allir jafnlangir.

[o. Axlablöðin stærri en smáblöðin, og greipa um stöngulinn. § Pisum.

1. Smáblöðin fíntennt. Fáninn bláleitur, vængirnir rauðir, kjölurinn ljósleitur. Fræin köntótt, gráleit (gráertur). F. á 3 st. við bæi.

§ P. arvense.

2. Smáblöðin heilrend. Krónan hvít. Fræin hnöttótt, gul (gulertur eða matbaunir). — Víða við vegi og bæi, en sjaldan blómbærar.

§ P. sativum].

oo. Axlablöðin minni en smáblöðin. Stíllinn hærður ofantil, en aðeins að aptanverðu. Lathyrus.

II. Blöðin þrífingruð. Aptasti frævillinn laus. Blómskipanirnar blómmargar. Kjölurinn snubbóttur að framan. Aldinin 1—2-fræva, hnotkennd.

[a. Blómskipunin langur og mjór klasi. Ilmsætar jurtir.

§ Melilotus.

1. Krónan gul. Kjölurinn styttri en vængirnir. F. á 2 st. við bæi. Kornsa og Stóraborg N. (St.).

§ M. arvensis.

2. Krónan hvít. Kjölurinn jafnlangur vængjunum. Blönduós (Fd.).

§ M. albus].

b. Blómskipunin kollur eða stuttur klasi.

1. Krónublöðin samvaxin neðantil, og falla ekki við aldinþroskunina, en lykja um aldinið. *Trifolium*.
2. Krónublöðin ósamvaxin, og falla, þegar aldinið tekur að þroskast. Aldinið hnotkennt, uppvasið í kuðung, opnast ekki. F. á 2 st. á SV. í kaupstöðum. — Reykjavík (Þ. Th.)! Hafnarfjörður (K. Z.)!

§ *Medicago lupulina*.

106. *Anthýllis*. Gullkollur.

251. *A. vulneraria*. Gullkollur. — Stönglarnir venjulegast margir á sama stofni, upprjettir eða uppsveigðir, og venjulega alveg ógreindir, sívalir, dúnhærðir. Blöðin einnig dúnhærð, með heilrendum smáblöðum. Stofnblöðin og neðstu stöngulblöðin stilkud með stóru, oddbaugóttu eða aflöngu endasmáblaði og fáum og smáum hliðarsmáblöðum og opt hliðarsmáblaðalaus eða með öðrum orðum ósamsett. Efri stöngulblöðin nærri stilklaus, smáblöðin líkari að stærð, mjó, aflöng, nærri striklaga. Blómkollarnir opt 2 saman á stöngulendunum, með handskiptum reifablöðum. Bikarinn himnukenndur, loðinn, uppblásinn, ljósleitur, með fjólubláum tönnum, og lykur um belginn. Stundum er krónan nærri hvít (*f. ochroleuca*). — 8—30 cm. á h. — Blmg. í júlí eða fyr.

Vex einkum í sendnum jarðvegi nálægt sjó á SV. og 1 st. á Au.; óf. annarstaðar á l.

107. *Vicia*. Flækja.

I. Blómin í klösum, er standa í blaðöxlunum.

A. Klasarnir blómmargir, einhliða. Blómin nokkuð þjettstæð og fremur smá. Krónublöðin blá. *V. cracca*.

B. Klasarnir blómfáir.

1. Blómin stór; klasarnir 2—5-blóma. Bikartennurnar mislangar, efri tennurnar miklu styttri en bikarpípan, og margfallt styttri en krónublöðin. Smáblöðin sporbaugótt. *V. sepium*.

[2. Blómin smá. Klasarnir 3—8-blóma. Bikartennurnar jafnlangar pípunni eða lengri og lítið styttri en krónublöðin, sem eru blá-hvít. Smáblöðin mjó, aflöng, oddstýfð, 6—9 pör á hverju blaði. — Sauðárkrókur (G. M.). § *V. hirsuta*].

[II. Blómin einstök eða 2 saman í blaðöxlunum, nokkuð stór með fjólubláum fána og rauðum vængjum. Smáblöðin öfugegglega eða aflöng, oddstýfð eða buguð með ofurlitlum broddi, 5—7 pör á hverju blaði. — Reykjavík SV. (Strf.). Kornsa N. (St.). § *V. sativa*].

252. *V. cracca*. Umfeðmingsgras. — Stöngullinn grannur, klifrandi, strendur, smáhærður og venjulega lítið

greindur. Blöðin smáhærð með 7—10 smáblaðpörum og löngum vafþráðum. Smáblöðin mjó, aflöng eða nærri striklaga, snubbótt eða oddmjó með broddi. Axlablöðin smá, hálfspjótliga, heilrend. Blómklasarnir lengri en stoðblaðið. Krónan stundum fjólubláleit, sjaldan ljósleit; fánablaðkan á lengd við nöglina. Belgurinn móleitur, þegar hann er fullþroska. — 20—40 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex einkum í sendinni ræktarjörð, t. d. á þurum flæðiengjum og í vallendisbörðum. — Viða um l. a., nema á NV.

253. **V. sepium.** Giljaflækja. — Jarðstöngullinn með renglum. Stönglarnir uppsveigðir, klifrandi, greinóttir. Blöðin stór, með vafþráðum og 4—7 smáblaðpörum; neðstu smáblöðin lengst og stærst, en fara minnkandi, langsmæst þau efstu eða fremstu. Axlablöðin stór, breið, hálförlaga eða nærri skakkeggjala, heilrend. Klasaleggirnir á lengd við stoðblöðin eða lengri. Krónan rauðleit eða ljósfjólublá, opt dálítið gulleit eða nærri hvít. Belgurinn svartur, þegar hann er fullþroska, hárlaus, en annars er plantan öll með dálitlum hárstanglingi. — Blmg. í júlí.



78. *V. sepium.*

Aths. Í »flórum« þeim, sem jeg hef við höndina, stendur, að axlablöðin sjeu smá og tennt og klasaleggirnir mjög stuttir, miklu styttri en stoðblaðið, en þetta kemur ekki heim við lýsinguna hjer að framan, sem gjörð er eptir plöntu úr »Gjánni« í Þjórsárdal syðra (Ásg. Torfason). — Höfðabrekka S. (St.).

108. **Lathyrus.** Villiertur.

A. Krónublöðin rauðbláleit.

1. Smáblöðin sporbaugótt eða oddbaugótt, 2—4 pör á hverju blaði. Axlablöðin stór og breið, hálfspjótliga. *L. maritimus.*

2. Smáblöðin mjó, lensulaga eða nærri striklaga, 1—3 pör á hverju blaði. Axlablöðin smá og mjóydd, hálförlaga. *L. paluster.*

B. Krónublöðin gul. Smáblöðin löng og mjó, lensulaga, 1 par á hverju blaði. Axlablöðin skakkörlaga, örvaþjaðrirnar misstórar. *L. pratensis.*

254. **L. maritimus.** Baunagras. — Blágráleit, lítið eða því nær ekkert hærð planta með djúplægum jarðstöngli; upp af honum spretta jarðlægir eða uppsveigðir, strendir, venjulega ógreindir stönglar. Smáblöðin snubbótt, broddlaus eða með stuttum broddi, stundum nærri því öfugeggлага. Klasaleggirnir á lengd við stoðblaðið, klasarnir venjulega 2—6-blóma. Belgirnir stórir, flatir, allt að 5 cm. á lengd og 1 cm. á breidd, móleitir á lit og opt fræfáir. — 15—25 cm. á h. eða l. — Blmg. í júlí. — Á

var. acutifolius eru smáblöðin nærri lensulaga, ydd.

Vex í sandi og sendnum jarðvegi, einkum nærri sjó, en einnig alllangt inn í landi sumstaðar sunnanlands. Hjer og hvar um l. a.

255. **L. palúster.** Mýraertur. — Hárlaus eða því sem nær. Stönglarnir, sem venjulegast eru fleiri en einn á sama jarðstöngli, upprjettir eða klifrandi, grannir, en stinnir, með örmjórri vængræmu og meira og minna greindir. Smáblöðin snubbótt eða ydd með broddi. »Klasaleggirnir langir, lengri en blaðið. Klasarnir blómfáir. Belgirnir minni en á uf. teg.« (Um hæð og blómgunartíma verður ekkert sagt, því eintök þau, sem til eru frá Íslandi, eru öll blómlaus og ekki fullvaxta).

F. á 2 st., Þjósárholt SV. (Fd.) og Máfahlið SV (H. J.).



79. *L. pratensis.*


256. **L. pratensis.** Fuglaertur. — Fínhærð og venjulegast mjög smáhærð eða nær því hárlaus planta með upprjettum eða klifrandi, ferstrendum, greinóttum stönglum. Smáblöðin margbogtauguð, langydd og oddmjó. Klasarnir mjög legglangir, 6—10-blóma, leggirnir margfalt lengri en stoðblaðið, blómin fremur þjettstæð. Belgurinn um 3 cm. á lengd. — 25—40 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

F. á einum 3 st. á S. og SV.

109. **Trifólíum.** Smári.

- A. Blómin hvít eða ofurlítið rauðleit. Stíllinn sveigboginn. Stöngullinn jarðlægur, skriðull. Smáblöðin þjettsagtennt. *T. repens.*
 [B. Blómin rauð. Stíllinn krókboginn efst. Stöngullinn uppsveigður. Smáblöðin heilrend eða mjög smátennt. — Á stöku stað við bæi og í kaupstöðum, en óvíst, að hann hafi nokkurstaðar ílenzt, enn semkomið er. — Ágæt fóðurjurt. § *T. pratense.* Rauðsmári].

257. **T. repens.** Smári eða Hvítsmári. — Hárlaus. Stönglarnir (smærurnar) greindir neðst, opt alllangir, rótskeytir, veturgrænir, að minnsta kosti að nokkru leyti. Blöðin stíklöng, upprjett eða uppsveigð. Smáblöðin öfugeggлага, optast nær dálítið oddbuguð og venjulegast með ljósum eða móleitum, bogadregnum bletti þvert yfir blaðið. Axlablöðin samvaxin, himnukennd. Blómkollarnir nærri hnöttóttir á löngum, 10—35 cm. háum, uppsveigðum eða nærri upprjettum leggjum, sem ætíð eru talsvert lengri en blaðstilkarnir. Bikarinn ljósleitur með 10 upphleyptum taugum og grænum eða móleitum, mjóyddum tönnum. Belgurinn 3—4-fræva. — Blmg. í júní —júlí.

80. *T. repens.*

Vex einkum á ræktartúnum, þurum flæðiengjum og vallendisflesjum, opt í stórum ilmandi breiðum. — Alg.
 Ágæt fóðurjurt.

39. **Oenotheraceæ.** Eyrarrósarættin.

Jurtir með heilum, fjaðurtauga, misstæðum eða mótstæðum, axlablaðlausum blöðum. Blómin í klösum á stöngulendum, tvíkynjuð, yfirsætin, regluleg eða því sem nær, alveg 4-deild, 4 bikar- og krónublöð, 8 fræflar og 4 fræblöð, er mynda 1 frævu með 4-rýmdu egglegi og 4-skiptu fræni, sem

stundum virðist óskipt, því flíparnir loða saman. Aldinið 4-rýmt, langt og mjótt hýði, er rifnar í fernt ofan frá og niður í gegn. Fræin mörg með svífhárabrusk á öðrum endanum, fræhvítulaus. — Plöntur þær hjer á landi, sem teljast til þessarar ættar, eru mjög auðkennilegar á hinum löngu, yfirsætnu, venjulega meira og minna lotnu, rauðu eða rauðbláu blómum og hinum afar löngu og mjóu hýðum, en opt er örðugt að greina tegundirnar sundur. — Skordýrfrævun eða sjálffrævun.

110. *Epilóbium*. Dúnurt.

- I. Krónublöðin misstór, rósrauð. Stíllinn og fræflarnir bognir. Frænið 4-skipt. Öll blöðin venjulegast misstæð, lensulaga, stilklaus.
 1. Blöðin þykk og nokkuð þybbin, taugalaus eða með ógreinilegu tauganeti. Klasinn með stórum, laufblaðkenndum blöðum, ekki mjög blómmargur. Blómin stór. *E. latifolium*.
 2. Blöðin þunn með greinilegu tauganeti. Klasarnir langir, blómmargir, neðantil með laufblaðkenndum blöðum en smáháblöðum, þegar upp eptir dregur. Blómin stór en smærri en á uf. teg. *E. angustifolium*.
- II. Krónublöðin jafnstór. Stíllinn og fræflarnir beinir. 2 eða fleiri neðstu blöðin á stönglinum mótstæð. Blómin fremur smá.
 - A. Frænið 4-skipt. Stöngullinn sívalur, rákalaus, alhærður. Blöðin tennt. *E. collinum*.
 - B. Frænið heilt, kylfulaga.
 - a. Fræin smánöbbótt, aflöng með gagnsærri totu á endanum.
 1. Blöðin heilrend með niðurorpnum röndum. Stöngullinn sívalur, rákalaus en jafnhærður allt um kring. *E. palustre*.
 2. Blöðin smátennt með flötum röndum. Stöngullinn með hærðum rákum. *E. Hornemanni*.
 - b. Fræin sljett. Stöngullinn með upphleyptum, hærðum rákum niður af blaðfótunum.
 - o. Með ljósum, hreistruðum jarðrenglum. Stöngullinn venjulegast marggreindur. Blöðin greinilega, en óreglulega tennt. Blómin opt nokkuð stór. *E. alsinefolium*.
 - oo. Með smáblöðóttum ofanjarðarrenglum. Stöngullinn ógreindur. Blöðin heilrend eða mjög smátennt. Blómin smá.
 1. Stöngullinn jarðlægur neðantil og rótskeytur. Blómin rauð eða rauðblá. *E. anagallidifolium*.
 2. Stöngullinn upprjettur. Blómin hvít. *E. lactiflorum*.

258. *E. latifolium*. Eyrarós. (*Chamænerium l.* (L.). Grl. Isl. Fl.) — Upp af marggreindum, fjölærum jarðstöngli spretta venjulega margir, upprjettir eða uppsveigðir, sívalir, smádúnhærðir, blaðmargir stönglar með smærri eða stærri blaðssprotum í blaðöxlunum, en að öðru leyti ógreindir. Blöðin blágræn, dúnhærð, einkum meðan þau eru ung, heilrend

með örsmáum, gisnum tannörðum. Bikarblöðin dökkblárauð, lensulaga, allt að 2 cm. á lengd. Krónublöðin óreglulega sporbaugótt, opt 3 cm. á l. og 2 á br., fagurrósrauð, en blána eða hvítna við þurkinn. Hýðin nokkuð gild, myglugrá af þjettum hárdún, 6—7 cm. á l. Ein af hinum helztu skrautjurtum hjer á landi. — 20—40 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex á eyrum fram með ám og á stöku stað í árgljúfrum; er hún sumstaðar í stórum, þjettum breiðum, fagurrauðum til að sjá. — Viða um l. a.



81. *E. latifolium*.



82. *E. angustifolium*.

259. *E. angustifolium*. Sigurskúfur. — (*Chamænerium a. Scop.* Grl. Isl. Fl.). — Jarðstöngullinn gildur með víðskriðulum renlum. Stönglarnir upprjettir eða uppsveigðir, sívalir, hárlausir, mjög blaðmargir, venjulegast alveg ógreindir, en stundum með smáblaðsprotum í efri blaðöxlunum. Blöðin mjög þjettstæð, stillklaus, 5—13 cm. á l., hárlaus, ljósblágræn á neðra borði, með gildri, upp-

hleyptri miðtaug og fínum, en greinilegum þveræðum, heilrend eða með gisnum kirtilnöbbum. Blómknapparnir hanga niður með klasaleggnum, blómin útsveigð með dúnhærðum legg og bikarblöðum. Bikarinn dökkrauður, loðinn, lensulaga; krónublöðin rósrauð, öfugeggjala, 1—2 cm. á lengd, upplitast lítið við þurkinn. — Fögur og tilkomumikil planta, þegar hún er í blómi, 25—70 cm. á h., en blómgast ekki fyr en seinast í júlí eða í ág. og jafnvel seinna; mun því sjaldan aldinbær.

Vex í klettum og gljúfrum. Viða á N. og Au., f. á 2 st. á SV., en óf. á S. og NV.

260. **E. collinum.** Klappadúnurt. (*E. montanum* L. og *E. m. var. collinum* Kock. Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur, ógreindur eða greinóttur ofantil. Blöðin þjettstæð með örstuttum stilk eða stilklaus; miðstöngulblöðin eggjala eða nærri hjartлага, nokkuð langydd, gistennt með mistórum tönnum. Blómknapparnir nærri hnöttóttir, lítið eitt aflagir, snubbóttir, upprjettir. Blómin smá. Krónublöðin 4—6 mm., rauðblá. Hýðin smádúnhærð, 4—7 cm. á l. Fræin nöbbótt. — 10—26 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex einkum í klöppum og innan um grjót. Allviða um l. a

261. **E. palústre.** Mýradúnurt. — Út frá jarðstönglinum spretta þráðfínar renglur með örsmáum, gisstæðum lágblöðum, og stórum, nærri hnöttóttum laukknappi á endanum, er þroskast undir haustið. Stöngullinn upprjettur eða lítið eitt stofnsveigður, alhærður, einkum ofantil, og venjulega meira og minna greinóttur. Blöðin stilklaus, lensulaga eða aflöng, á smáum plöntum opt striklaga, snubbótt, stundum með óglöggum, gisnum, tannörðum, nærri hárlaus, öll mótstæð nema þau efstu. Klasinn með stórum laufblaðkenndum blöðum, er fara minnkandi upp á við. — Blómin rauðblá eða ljósrauð; krónublöðin djúpoddbuguð, nærri fleyglaga, hjer um bil helmingi lengri en bikarblöðin. Hýðin aðhærð. — 8—40 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex einkum í mýrum og við læk. Alg. að líkindum um l. a.

262. **E. Hornemánni.** Heiðadúnurt. — (*E. alpinum* L. var. *major*. Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður, lítið eða ekkert greinóttur, hárlaus með öllu milli rákanna. Blöðin stilkúð, langeggjala, heilrend eða mjög

smátennt. Blómin rauðblá. Hýðin hárlaus, þegar þau eru fullþroska. — Annars mjög lík eptirf. teg. að útliti og stærð, og örðugt að greina þær sundur.

Vex einkum þar sem deigla er í jörð, við læki og dý, helzt til heiða og fjalla. Víða um l. a.

263. *E. alsinifolium*. Lindadúnurt. — Stöngullinn stofnsveigður eða alveg upprjettur, greinóttur, að minnsta kosti með blaðsprotum í blaðöxlunum. Blöðin stilkstutt eða því nær stilklaus, eggлага eða eggoddbaugótt, langydd og hvassydd, nema þau neðstu, hárlaus eða því sem nær, opt gljáandi og meira eða minna rauðleit, greinilega tennt, en tennurnar smáar, misstórar og mislangt á milli þeirra. Krónublöðin oddbuguð, 8—10 mm. á l., helmingi lengri en bikarblöðin, blárauð eða fjólublá með dökkum æðum. Hýðið 5—7 cm. á l. og nærri hárlaust, þegar það er fullþroska. — 15—30 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Mjög breytileg að því er snertir greining stöngulsins og lögun og tenning blaðanna; náskyld uf. og eptf. tegundum, og tengd þeim með mörgum milliliðum; er opt örðugt að ákveða til hverrar teg. þeir eigi að teljast.

Vex við lindir og dý. Alg. á N., Au. og SV. og sjálfsagt einnig í öðrum lhl., þó hennar sje ekki getið þar.

× *E. alsinifolium* × *palustre*. — Ólafsdalur. (H. J.).

264. *E. anagallidifolium*. Fjalladúnurt. (*E. alpinum* L. Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn 2—4 cm. á h. og opt kengboginn eða essbeygður og dumbrauður að lit. Blöðin smá, stilkstutt eða stilklaus, hárlaus, snubbótt, langsporbaugótt eða oddbaugótt og þau neðstu öfugeggлага, venjulegast öll alveg heilrend, efri blöðin stundum með óglöggum tannörðum.



83. *E. alsinifolium*.

Blómin fá, opt aðeins 1 eða 2. Krónublöðin lítið lengri en bikarblöðin. Hýðin nærri hárlaus, 2—3 cm. á l., lík á lit og stöngullinn, nema heldur dekkri. — Blmg. í júní—júlí.

Vex helzt í rökum og köldum jarðvegi til fjalla. Alg. á NV., N. og Au. Á SV. er hún aðeins kunn frá Snæfellsnesi og óf. á S., en er líklega alstaðar til fjalla.

265. **E. lactiflorum.** Ljósadúnurt. — Venjulegast miklu stórvaxnari en uf. teg. Stönglarnir 10—35 cm. á h. Blöðin stilkuð, opt móttæð upp fyrir miðjan stöngul, heilrend eða óglöggtennt, einkum þau efri, langeggla, sporbaugótt eða jafnvel lensulaga, neðstu blöðin opt öfugeggla. Blómin smá; bikarinn venjulega ljósleitur. Hýðin hárlaus eða því sem nær. Blmg. í júní—júlí.

Vex þar sem deigla er, opt í hraunglufum, urðagjótum og klettaskorum. Alg. á N. og víða um l. a.

40. Haloragidaceæ. Lófótsættin

Fjölærar vatnajurtir með kransstæðum, heilum eða kambskiptum axlablaðlausum blöðum. Blómin smá, stakstæð í blaðöxlunum eða í axi á stöngulendanum, yfirsætin, regluleg, tvíkynja eða einkynja; bikarblöðin 4, krónublöðin jafnmörg eða vantar alveg, fræflarnir 8 (eða aðeins 1) og 1 fræva, mynduð af 4 eða aðeins 1 fræblaði. Steinaldin eða 4-deilt klofaaldin með hnotkenndum deilaldinum. Fræin með fræhvítu.

A. Blöðin kambskipt, 4 í kransi. Einbýli; blómin í axi á stöngulendanum, 4-deild; frævan með 4 stílum og 4-rýmdu egglegi.

Klofaaldin með hnotkenndum deilaldinum.

Myriophyllum.

B. Blöðin heil, striklaga, mörg í kransi. Blómin mjög lítilfjörleg, tvíkynja, einstæð í blaðöxlunum. Krónan engin, 1 frævill og 1 fræblað. Steinaldin, með þunnu aldinkjöti.

Hippuris.

111. Myriophýllum. Mari.

A. Axið drúpir áður en blómin opnast.

M. alterniflorum.

B. Axið alltaf upprjett.

M. spicatum.

266. **M. alterniflorum.** Síkjamarí. — Stöngullinn eða stönglarnir mjóir og læpulegir, greindir, 15—50 cm. á l., mara alveg í kafi, eða efsti hlutinn er flotlægur. Blöðin 4 í kransi,


mjög fingerð með hármjóum, venjulegast misstæðum bleðlum eða flipum. Axið 3—5 cm. á l. Kvennblómin neðst í axinu í einum eða fleiri krönsum með nokkrum millibilum, en karlblómin ofar og misstæð. Efri blómstöðblöðin eru heil og styttri en blómin, en þau neðri eru kambskipt eða kambtennt og álíka löng og blómin. Neðstu blómin standa opt í efstu laufblaðöxlunum. Krónublöðin hvít eða dálítið rauðleit. Frjóknapparnir rauðir áður en þeir opnast. — Blmg. í júlí.

f. terrestre er ofurlítið tilbrigði af þessari teg., með skriðulum stöngli og stuttum greinum, smáum en grófgerðari og stinnari blöðum en aðalteg. Vex á stöku stað á landi í vatnafjöllum. (Grænavatn).

Vex í síkjum og grunnum tjörnum. Alg. alstaðar á landinu, þó ekki sje hennar getið á NV.

267. *M. spicatum*. Vatnamari. — Að öllu leyti stærri og grófari en uf. teg. Stöngullinn 50—100 cm. á l. eða meir í djúpum vötnum. Blaðfliparnir þráðlaga, gildari og stinnari, venjulegast mótstæðir. Neðst á stönglinum eru blöðin miklu smærri en ofantil, en grófari og stinnari (*f. squamosum*). Axið 5—10 cm. á l. Öll blómin í fjarstæðum krönsum. Að öðru leyti eins og uf. teg. Blmg. í júlí—ágúst.

Vex einkum í stórum vötnum og nokkuð djúpum. Í Mývatni vex svo mikið af þessari jurt, að hún er til farartálma; í Víkingavatni vex hún einnig. F. á 2 st. á N. og 1 st. á SV.



84. *M. spicatum*.

85. *H. vulgaris*.

Aths. Á *M. verticillatum*, sem talin hefir verið ísl., eru öll blómstöðblöðin kambskipt og blöðin 5—6 í kransi.

112. **Hippúris.** Lófótur.

268. **H. vulgáris.** Lófótur. — Stöngullinn allgildur, skriðull neðantil, en úr því upprjettur, ógreindur með þjettstæðum blaðkrönsum, og stendur talsvert upp úr vatninu. Blöðin 8—12 í kransi, striklaga eða mjólensulaga, 1—2 cm. á l., útstæð eða lítið eitt uppsveigð; á þeim hluta stöngulsins, sem í kafi er, eru blöðin lengri, þunn, nærri himnukennd, slapa niður, og eru skammæ. Blómin mjög smá, rauðbrún á lit, þau neðstu og efstu opt einkynja. Aldinið mógrænt, egg-laga. — 20—75 cm. á h. — Blmg. í júlí. — Nokkuð breytileg eptir staðhátum. Á


f. fluviatilis eru stönglarnir alveg í kafi, með löngum, himnukenndum blöðum, 12 í kransi; einkum í lygnu straumvatni. Á

f. marítima eru blöðin lensulaga eða nærri sporbaugótt og ekki nema 4—6 í kransi; jurtin öll fremur grennluleg, — vex í sjóflæðatjörnum.

Aðalteg. vex í síkjum, tjörnum og vatnavikum. Alg. um l. a.

41. **Cornáceæ.** Skollabersættin.

Fjölærar jurtir (eða runnar) með mótstæðum, heilum og heilrendum axlablaðlausum blöðum. Blómin í sveip á stöngulendanum, yfirsætin, regluleg, tvíkynja með 4 bikarblöðum, 4 skammæjum krónublöðum, 4 fræflum og 1 frævu með tvírýmdu egglegi, sem mynduð er af 2 fræblöðum. Steinaldin með tvírýmdum, tvífræva steini. Fræin með kjötkenndri fræhvítu.



86. *C. suecica.*

113. **Cornus.** Skollaber.

269. **C. suecica.** Skollaber. — Dálítil, snotur jurt með trjekennendum jarðstöngli og jurtkenndum, upprjettum, hárlausum eða mjög gishærðum stönglum, sem annaðhvort eru alveg ógreindir eða með blaðsprotum í efstu blaðöxlunum. Blöðin stilklaus, fjaðurtauga, (en sýnast bogtauga, því tvær taugar ganga út úr miðtauginni neðst og í boga fram eptir blaðinu endilöngu), egg-laga eða oddbaugótt, með strjálum, aðklemmdum hárum á efra borði, ljósgræn á neðra borði.

Sveipurinn með stórum, hvítum, krónukenndum, eggлага reifa-blöðum, og lítur út í fljótu bragði sem eitt blóm væri. Blómin smá, leggstutt, styttri en reifablöðin, dökkrauð með gulhvítum fræflum. Aldinið hjer um bil hnöttótt, rautt, allstórt. — 6—16 cm. á h. — Blmg. í júlí

Vex innan um lyng og hrísrinna; á n. st. á NV. og kring um Breiðafjörð.

42. Umbelliferæ. Sveipjurtaættin.

Jurtir með liðuðum, holum stönglum og misstæðum, slíður-fættum og venjulegast margfjaðurskiptum eða fjöðruðum blöðum; blaðslíðrin opt stór og uppblásin. Blómin tvíkynja, regluleg, yfirsætin, smá, en mörg saman í stórum samsettum sveipum þ. e. blómin eru í smásveipum, er aptur standa saman í stórsveip; umhverfis þá að neðan lykja opt háblaðkransar, er nefnast smáreifar og stórreifar. Bikarblöðin 5, opt svo smá, að þau sjást varla, krónublöðin og fræflarnir jafnmörg; 2 fræblöð, sem mynda 1 frævu með tvírýmdu egglegi og 2 stílum með stjettlöguðu útskoti að neðan, er nefnist stílfótur. Aldinið 4-kleyft klofaaldin, deilaldinin hnetur, er losna sundur að neðan, en hanga fastar að ofan um lengri eða skemmri tíma á aldinstæðinu, er stendur á milli þeirra, beint upp af leggnum, og venjulegast er klofið í tvennt að ofanverðu. Eptir hnetunum endilöngum eru ætíð 5 meira eða minna upphleypt rif eða rifgarðar; eru 2 af þeim, randrifin, utan með klofningsfletinum, en hin 3, bakrifin, utan eða aptan á hnetunni; milli þessara aðalrifja eru svo stundum 4 aukaríf. Fræin eru með olíukenndri fræhvítu, og er fræskurnið og fræhirzlan venjulegast samvaxin. Skordýrfrævun.

I. Blöðin margsamsett eða margskipt, fjaðurtauga (eða handtauga). Blómin í samsettum sveipum.

A. Aldinhelftirnar breiðar, flatvaxnar með vængjuðum randrifjum. Stórvaxnar plöntur með stórum, uppblásnum slíðurbelgjum.

1. Bikarinn ógreinilegur. Krónublöðin lensulaga, útbreidd eða lítið eitt upp Brett, hvít eða dálítið rauðleit. Bakrifin þráðlaga. Fræið fast innan í fræhirzlunni. Angelica.

2. Bikarinn 5-tenntur. Krónublöðin oddbaugótt, inn-

beygð, grænhvít. Bakrifin kjöllaga. Fræið laust í fræhirzlunni. Archangelica.

B. Aldinhelfstirnar mjóar, dálítið hliðflatar, öll rifin eins. Smávaxnari og með minni slíðrum.

1. Blöðin smágerð, tví—þrifjaðurskipt eða hálfjöðruð með striklaga, broddyddum, heilrendum smáflipum. Hnotrifin þráðlaga. Bikarinn ógreinilegur. Carum.

2. Blöðin stórgerð, 2--3-fingruð, með stórum og breiðum, gróftenntum smábleðlum. Hnotrifin mjóvængjuð eða hvasseggjuð. Bikarinn 5-tenntur. Haloscias.

II. Blöðin heil, kringlótt, stjörnutauga. Blómin í smáum, kollóttum sveipum. Hydrocotyle.

114. Angélica. Geitla.

270. *A. silvestris*. Geitla eða Geitnahvönn. —



87. *A. silvestris*.

Stöngullinn upprjettur, sívalur, rákóttur og greindur ofantil; efsti hluti hans og sveipleggirnir dúnhærðir, en að öðru leyti er hann hárlaus. Blöðin stór, breiðeggjala, 2—3-fjöðruð eða hálfjöðruð með eggjala, skakkeggjala eða oddbaugóttum, smásagtenntum, hvassyddum smáblöðum; stilkurinn með kili og grunngrópaður að ofan. Störreifa-blöðin fá og skammæ, smáreifarar blaðmargar með smáum, sýllaga, niðursveigðum blöðum. Mjög mismunandi að stærð, frá 25 og allt að 125 cm. á h. (4 fet). Blmg. í júlí.

Vex víða í giljum og innan um viðarkjarr um l. a.

115. Archangélica. Hvönn.

271. *A. officinalis*. Ætihvönn eða Erkihvönn. — Stöngullinn gáróttur, hárlaus, að öðru leyti eins og á uf. teg.

Blöðin afarstór, þríhyrnd að ummáli og hjer um bil eins breið og þau eru löng, 2—3-fjöðruð með þrískiptu endasmáblaði og skakkeggлага, óreglulega gróftenntum smáblöðum, sem annars eru allbreytileg að lögun og skerðingu; stilkurinn nærri sívalur, sljettur að ofan. Reifarnar eins og á uf. teg. — Venjulegast miklu stórvaxnari að öllu leyti en uf. teg.; stönglarnir (hvannstrokkarnir eða njólarnir) geta orðið 20 cm. að ummáli og 175 cm. ($5\frac{1}{2}$ fet) á h. — Blmg. í júlí.

Vex einkum í giljahvömmum og gróðurmiklum hlíðalautum. Víða um land; óf. á NV. — Sumstaðar ræktuð, og má hafa bæði blöðin, njólana og ræturnar til manneldis, en nú mun það óvíða gjört.

116. Carum. Kúmen.

272. **C. carvi.** Kúmen. — Stöngullinn upprjettur, sívalur, finrákóttur, greindur. Blöðin mörg, stofnstæð, stilkun með stilklausum smáblöðum. Smáreifar engar og venjulegast aðeins 1 eða þá ekkert stórreifablað. Smásveipleggirnir mjög mislangir. Blómin mjög smá, krónublöðin hvít, öfug-hjartлага, nokkuð misstór, innbeygð. Plantan öll hárlaus. — 25—60 cm. á h. — Blmg. í maí—júní; springur stundum út snemma á vorin.

Vex eingöngu í ræktarjörð kring um bæi og í görðum. Aldinin notuð til krydds, og mætti eflaust rækta þessa plöntu hjer til hagsmuna.

117. Halóscias. Sæhvönn.

273. **H. scoticum.** Sæhvönn. — Stöngullinn greindur ofantil eða ógreindur, annars líkur og á uf. teg. Blöðin þríhyrnd að ummáli, fullt svo breið og þau eru löng, stíklöng, með rauðhimnufölduðum slíðurröndum. Smáblöðin tígul-oddbaugótt eða eggлага, heilrend neðantil, en gróftennt að framan og stundum með dýpri skerðingum. Reifarnar 5—8-blaða. Plantan öll hárlaus. Blómin mjög smá; krónublöðin hvít, öfugeggлага, uppbrett í oddinn. — 15—10 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum framan í sjávarbökkum og í eyjum allvíða á SV. og S. Má heita alg. í eyjunum á Breiðafirði. — Ekki kunn í öðrum lhl.

118. Hydrocotyle. Vatnsnafli.

274. **H. vulgaris.** Vatnsnafli. — Stöngullinn skriðull, 5—25 cm. á lengd. Blöðin stíklöng, bogtannsepótt; stilkur-

88. *H. vulgaris*.

Vex í laugavætum á allmörgum stöðum á SV.; annarst. óf.

inn gengur upp undir blöðkuna miðja, og er langhærður efst, en að öðru leyti er jurtin nærri hárlaus. Sveipkollarnir smáir, 4—6-blóma, stundum fleiri en einn á sama legg. Sveippleggirnir miklu styttri en blaðstilkarnir. Blómin mjög smá, leggstutt eða nærri legglaus, rauðleit. Aldinið hliðflatt, miklu breiðara en það er langt og með sýlingu bæði ofan og neðan.

2. Sympétalæ. Samkrýningar.

43. Piroláceæ. Vetrarliljuættin.

Fjölærar jurtir með sígrænum, heilum, misstæðum axla-bláðlausum blöðum, og standa þau venjulega flest í stofnhvirfing. Blómin í klasa, leggstutt og drúpa, tvíkynja, regluleg, undirsætin. Bikarinn 5-skiptur, krónublöðin 5 ósamvaxin eða því sem nær. Fræflarnir 10, lausir við krónublöðin; frjóknapparnir opnast á þann hátt, að smágöt koma á frjóhirzlurnar efst. Frævan 5-blaða með 5-rýmdum frjóhnúð og einum stíl, og stóru, meira og minna sepóttu fræni. Rúmkleyst hýðisaldin. Fræin smá, en mörg, með kjötkenndri fræhvítu.

119. Pírola. Vetrarlilja.

- A. Klasinn alhliða. Krónan hvít eða lítið eitt rauðleit.
1. Stíllinn beinn, nær ekki eða aðeins lítið eitt út úr blóminu, og er mjórri en frænið. *P. minor*.
 2. Stíllinn boginn, lengri en krónan og aldinið, og gildari efst en frænið. *P. rotundifolia*.
- B. Klasinn einhliða. Krónan grænhvít. Blöðin eggлага, sagtennt. *P. secunda*.

275. *P. minor*. Klukkublóm. — Stöngullinn upprjettur, strendur með einu hreisturblaði, venjulegast niður undir lauf-


blöðunum. Laufblöðin öll stofnstæð, kringlótt eða sporbaugótt með ofurlitlum tannörðum. Klasinn venjulegast blómmargur, með lensulaga stoðblöðum, sem eru á lengd við blómleggina. Blómin nærri hnöttótt, því krónublöðin eru hvelfd og nærri samlukt; bikarfliparnir þríhyrndir eða breiðeggjaga og aðfelldir. Frænið greinilega 5-sepótt með útbreiddum sepum. — 4—8 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex bæði í blómlendi og móum, einkum í lautum, þar sem jarðvegur er laus. Alg. um l. a.


276. *P. rotundifolia*. Bjöllu-
lilja. — Stöngullinn eins og á uf. teg.,
nema hreisturblöðin eru stærri og fleiri.
Laufblöðin stofnstæð, lík og á uf. teg.,
stundum sljóydd. Klasinn fremur blóm-
fár og gisblóma, stoðblöðin lengri
en blómleggirnir. Blómin opin, víð,
bjöllumaga, bikarfliparnir lensulaga, yddir með útsveigðum
oddum. Krónan tæplega helmingi lengri en bikarinn. Frænis-
separnir upprjettir; rjett
neðan undir fræninu er
eins og upphleyptur
hringur á stílum, sem
er meiri um sig en frænið.
Nokkru stærri en uf. teg.

Mjög sjaldg. Gásir N.
(Ó. D.). Pálmi skólakennari
Pálsson hefur og fundið hana
á öðrum stað í Eyjafirði að
sögn Móritzar læknis Halldórs-
sonar.

277. *P. secúnda*.
Vetrarlaukureða Græn-
lilja. — Stöngullinn upp-
sveigður, marglaufblöð-
óttur neðantil og með
ljósgrænum smáhreistur-



89. *P. minor*.



90. *P. rotundifolia*.

blöðum bæði milli laufblaðanna og ofantil, eptir að þeim sleppir. Laufblöðin þjettstæð, en þó hjer og hvar með nokkrum millibilum, stilkstutt, eggлага eða oddbaugótt, smátennt, ljósgræn, þjett í sjer, skinnkennd. Klasinn þjettblóma, stoðblöðin lengri en blómleggirnir. Blómin bjöllulaga (eða öllu fremur eggлага). Bikarflíparnir stuttir, margfalt styttri en krónan, þríhyrndir, smátenntir. Stíllinn lengri en krónan og aldinið, beinn eða því sem nær, lítið eitt gildari efst, en hringlaus og helmingi mjórri en frænið, sem er stórt og útbreitt. — 7—18 cm. h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex í skóglendi og urðargjótum. Sjaldg. F. á 1 eða 2 st. á N. og 2 á NV. — (Sumir telja þetta sjerstakt kyn: *Ramischia*, er þá mætti kalla Vetrarlauk á ísl.).

44. Ericaceæ. Lyngættin.

Runnar eða runnkenndar plöntur með sígrænum, heilum axlablaðlausum blöðum. Blómin fremur smá, tvíkynja, regluleg, undirsætin, 4- eða 5-deild. Fræflarnir helmingi fleiri en blómhlífblöðin (8 eða 10), lausir við krónuna; frjóknapparnir opnast venjulega á sama hátt og á uf. ætt, og eru opt með tveim hornum. Frævan með einum stíl og 4- eða 5-rýmdu egglegi. Aldinið 4- eða 5-rýmt hýði eða steinaldin með 5 steinum. — Fræin með kjötkenndri fræhvítu. — Skordýrfrævun.

A. Blöðin mjó, örsmá, en svo þjettstæð, að þau hylja stöngulinn Hýðisaldin.

1. Blómin 4-deild, blárauð í einhliða klösum. Bikarinn lengri en krónan, eins litur, himnukenndur. *Calluna*.

2. Blómin 5-deild með hvítu krónu og dökkrauðum bikar, sem er miklu styttri en krónan. *Cassiope*.

B. Blöðin breið, en hylja ekki stöngulinn. Steinaldin.

Arctostaphylus.

120. Callúna. Beitilyng.

278. *C. vulgáris*. Beitilyng eða Beitibuski. — Jarðlægur eða meira og minna uppreistur, kræklóttur og marggreindur runni. Blöðin krossmótstæð, svo greinarnar sýnast ferstrendar, örsmá, aflöng, snubbótt, stilklaus, en tveir separ eða eyru ganga niður úr þeim, er greipa um stöngulinn.

Blómin smá, leggstutt, opt í marggreinóttum klösum, en þó svo, að greinendarnir eru venjulegast blómlausir. Um hvert blóm lykja háblöð að neðan, er í fljótu bragði líta út eins og bikar. Bikarinn helmingi lengri en krónan, hvortveggju langæ, standa til næsta árs, stundum hvít. Aldinið nærri hnöttótt, ljóshært. — 16—25 cm. á h. — Blmg. í ágúst. — Sjaldan eða aldrei aldinbært

Vex í mólendi víðast hvar, á víð og dreif innan um annað lyng og fjalldrapa, en allvíða er það aðalplantan, og litar þá stóra fláka rauða seinni hluta sumars. Alg. nema á NV. og S.

Gott til sauðbeitar á vetrum, eins og nafnið bendir til.




91. *C. vulgaris*.

121. Cassiope. Mosalyng.

279. *C. hypnoides*. Mosalyng. — Jarðlægur, marggreindur smárunni með fínnum greinum og smáum, barrkenndum blöðum, sem sveigjast meira og minna út í eina hliðina, og í fljótu bragði líkt mosa.

Blómleggirnir alllangir, dumbrauðir, fínhærðir. Blómin drúpandi, bjöllumaga, krónan opt með rauðleitum faldi, skammæ. Hýðisleggirnir upprjettir. — 5—12 cm. á l. — Blmg. í maí.

Vex í mólendi innan um mosa, einkum þar sem deigla er, t. d. í móajöðrum inn til heiða. Þar eru gamburmosaþemburnar víða alstráðar þessum undursnotru blómum. Alg. um l. a. nema óf. á S. og óvíða á NV., en er sjálfsagt víða í báðum þessum lhl.



92. *C. hypnoides*.

122. *Arctostaphylus*. Sortulyng.

280. *A. uva ursi*. Sortulyng. — Jarðlægur, allstórvaxinn og grófgerður, marggreindur runnni; yngstu greinarnar uppsveigðar, smáhærðar. Blöðin sígræn, þykk, þybbin, skinnkennd,

93. *A. uva ursi*.

gljáandi, öfugeggлага, heilrend, stilkstutt; raðirnar flatar, en smáhærðar, meðan blöðin eru ung. Stilkarnir líka smáhærðir. Blómin drúpa fá saman í klös-um á greinendunum, leggstutt; krónan krukku- og rauðleita eða hvít, með rauðum kraga. Aldinið hnöttótt, hárautt með þuru, hvítu, mjölvuðu aldinkjöti (munnlingur). — 20—40 cm. á l. — Blmg. í maí—júní.

Vex í mólendi og innan um skóggjarr. Viða um l. a. Mjög alg. á NV. í kjarrskógum.

Lítt æt fjenaði, en notuð til skinnbörkunar.

45. *Rhodorceæ*. Limsættin.

Jarðlægir, marggreindir, kræklóttir smárunnar (ísl. teg.) með þjettstæðum, sígrænum, smáum, axlablaðlausum blöðum. Blómin tvískynja, regluleg, undirsættin, 5-deild; fræflarnir 5 eða 10, lausir við krónuna; frjóknapparnir opnast líkt og á uf. ætt, en eru hornalausir. Frævan 3—5-blaða, með 1 stíl, 3—5 sepóttu fræni og 3—5- (stundum 2-) rýmdu egglegi. Veggkleyft hýðisaldin.

A. Blöðin mótstæð, aflöng með niðurorpnum röndum. Blómin leggstutt, upprjett með djúpklofinni krónu. 5 fræflar.

Loiseleuria.

B. Blöðin misstæð, striklaga með ljósri skoru eða rák á miðju neðra borði endilöngu. Blómin nokkuð legglöng, lútandi með grunnskertri (tenntri) krónu. 10 fræflar.

Phyllodoce.

123. **Loiseleuria.** Limur.

281. **L. procumbens.** Limur eða Sauðamergur. — Blöðin ekki ólík og á krækilyngi, stilkstutt, græn, alveg hárlaus og sljett á efra borði og utan á röðunum, en ljósleit á neðra borði af smáum, þjettum hárum í fellingunum milli blaðrandanna og miðrifsins, sem er gilt og mjög upphleypt. Blómin 2—5 saman á dumbrauðum, hárlausum leggjum; bikarinn líkur á lit, hárlaus; krónan ljós- eða fagurrosrauð (sjld. hvít) helmingi lengri en bikarinn með egg-laga, útbreiddum flípum, og sýnist blómið í fljótu bragði lauskrýnt, af því skerðingarnar eru svo djúpar. Frænið 3- (eða 2-) sepótt. Hýðið 3- (eða 2-) rýmt, nærri hnöttótt, lengra en bikarinn. — 8—15 cm. á l. — Blmg. í maí—júní.

94. *L. procumbens.*

Vex í mólendi innan um annað lyng og í lausgrýttum höllum til fjalla — Alg. á N., Au. og SV., en sjaldgæfara á NV. og óf. á S. Þykir góð til sauðbeitar á vetrum eins og nafnið bendir til.

124. **Phyllodoce.** Bláklukkulyng.

282. **P. coerúlea.** Bláklukkulyng. — Stöngullinn marggreindur með jarðlægum og uppsveigðum, blaðþjettum, nokkurnvegin jafnlöngum greinum. Blöðin útrjett nema á greinendunum, stilklaus að heita má, með vörtuörðum á röðunum og kirtilhærð, meðan þau eru ung. Í raun rjettri eru blaðrendurnar niðurorpnar, og miðrákin neðan á blaðinu bilið á milli þeirra. Blómin 2—5 saman á greinendunum, á löngum, dumbrauðum, kirtilhærðum legg; bikarinn eins að lit og hær-ing; krónan $\frac{2}{3}$ hlutum lengri en bikarinn, blárauð, rauðkirtluð, egg-laga, og snýr opinu niður eða hjer um bil beint út. Frænið 5-sepótt. Hýðið 5-rýmt, nærri hnöttótt, upprjett og styttra en bikarinn. — 15—30 cm. á l. — Blmg. í júní—júlí.


Vex í mólendi innan um lyng og aðra smárunna. Viða í fjöllum beggja megin Eyjafjarðar og allt vestur í Fljót; óf. annarstaðar.

46. Diapensiaceæ. Fjallabrúðuættin.

Smávaxnar, hálfrunnkenndar fjallaplöntur með sígrænum, heilum, axlablaðlausum blöðum. Blómin tvíkynja, undirsætin, regluleg með 5-deildri blómhlíf, 5 fræflum og 1 þríblaða frævu með einum stíl og 3-rýmdu egglegi. Þrírýmt, rúmkleyft hýðisaldin. Fræin með kjötkenndri fræhvítu.

125. Diapénsia. Fjallabrúða.

283. *D. lappónica*. Fjallabrúða. — Stönglarnir margir saman á sömu rót, greinóttir, blaðþjettir, og mynda þjetta, meira og minna hvelfda þúfu-kolla. Blöðin þybbin, striklaga, nokkuð breiðari fram, bogsveigð aptur á bak með niðurorpnum röndum, græn eða meira og minna rauðdumbuð. Blómin einstæð, eitt á hverjum greinenda á þumlungsháum leggjum; um bikarinn neðanverðan lykja 3 forblöð. Blómleggirnir, forblöðin og bikarinn ljósgulgræn. Krónan hvít, um 1 cm. á l., miklu lengri en bikarinn með breiðum, snubbóttum, útbreiddum flipum. Hýðið egglega. Plantan öll hárlaus. — 3—8 cm. á h. — Blmg. í maí—juní.



95. *D. laponica*.

Vex í grýttum jarðvegi, helst hátt til fjalla. F. óviða, á nokkrum stöðum á N., Au. og SV.

47. Vacciniaceæ. Bláberjaættin.

Runnar með misstæðum, heilum, axlablaðlausum blöðum. Blómin tvíkynja, yfirsætin, regluleg, 4- eða 5-deild. Fræflarnir helmingi fleiri en krónublöðin, lausir við krónuna; frjóknapparnir opt með hornum, og opnast eins og á lyngættinni.

Aldinið fræmargt, safamikið ber; stendur bikarinn, sem er mjög lágur og nærri heilrendur, eins og umgjörð um dálitla flata flögu ofan á berin. Fræin með kjötkenndri fræhvítu. Skordýrfrævun að mestu leyti.

126. *Vaccinium*. Bjöllulyng.

- I. Stöngullinn uppsveigður eða upprjettur. Blómin leggstutt með 4—5-tenntri, krukku- eða bjöllulaga krónu.
 - A. Blöðin sumargræn með flötum röðum. Blómin einstæð eða fá saman, drúpandi, venjulegast 5-deild. Frjóknapparnir með 2 hornum að aptan. Berin svartblá, bládöggvuð.
 1. Greinarnar strendar. Blöðin eggлага, smásagtennt, græn báðum megin. *V. Myrtillus*.
 2. Greinarnar sívalar. Blöðin öfugeggлага, heilrend, dökkgræn á efra borði, blágræn á neðra borði *V. uliginosum*.
 - B. Blöðin sígræn með niðurorpnum röndum. Blómin 4-deild, í klösum, er standa í fyrraársprotadunum. Frjóknapparnir hornalausir. Berin rauð. *V. vitis Idæa*.
- II. Stöngullinn jarðlægur, skriðull, þráðmjór. Blómin legglöng, 4-deild. Krónan hjöllaga, djúpklofin með niðurbrotnum flipum. Berin rauð. *V. Oxycoccus*.

284. *V. Myrtillus*. Aðalbláberjalyng. — Greinarnar hvassstrendar, ljósgrænar. Blöðin eggлага, ljósgræn, þunn og hálfhimnukennd. Blómin einstæð eða 2 saman, venjulegast neðst á ársprotunum. Bikarinn óskertur. Krónan hnöttótt eða krukkulaga með apturbeygðum tönnum, græn og meira eða minna rauðmenguð. Berin rauð að innan; stundum ódöggvuð og þá nærri svört, súrsæt, bragðgóð; flagan ofan á þeim kringlótt. — 8—25 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í skógum og mólendi, sumstaðar mikið. Víða um l. a.


285. *V. uliginosum*. Bláberjalyng. — Greinarnar sívalar, móleitar. Blöðin öfugeggлага eða oddbaugótt, stundum nærri lensulaga, snubbótt eða bogstýfð með ofurlitilli broddörðu, hárlaus eða smáhærð (*f. pubescens*), dálítið skinnkennd með þjettu æðaneti. Blómin (sætukopparnir) 1—3 eða jafnvel fleiri á dálitlum greinstúf efst á fyrraársprotu. Bikarinn dökkrauður, 5-(eða 4)-tenntur, með snubbóttum tannsepum. Krónan lík í lögun og á uf. teg., en stundum svo opvið, að hún verður bjöllulaga, hvít, optast meira eða

96. *V. uliginosum*.

en allmisbreið, snubbótt eða bogstýfð, heilrend eða því sem nær, gljáandi, dökkgræn á efra borði, en ljósgræn á neðra borði og með svörtum kirtildeplum hjer og hvar; blaðstilkurinn og rendurnar eru eins hærð og greinarnar. Klasarnir stuttir, drúpandi. Bikarinn rauður, 4-tenntur með 3-hyrndum, dálítið randkirtilhærðum tannsepum. Krónurnar bjöllumaga, hvítar eða dálítið rauðleitar. Berin hárauð, hnöttótt, súr á bragðið.

Vex í skóg- og mólendi. Mjög sjaldg. Núpa-sveit N. (Guðm Hjalt.)!

287. *V. Oxycoccus*. Mýraberjalyng. — Greinarnar jarðlægar og rótskeytar, þær yngstu smáhærðar. Blöðin smá, stilkstutt, eggлага, ydd með niðurorpnum röðum, sígræn, skinnkennd, dökkgræn og gljáandi á efra borði, en ljósblágræn á neðra borði.

97. *V. Oxycoccus*.

minna rauðmenguð eða jafnvel ljósrauð. Berið blár en á uf. teg., grænleitt að innan með litlausum safa, og bragðdaufara, en hefur þægilegan keim. Flagan er hornótt af bikarsepunum. — 12—30 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Vex bæði í mólendi og mýrum, en nær meiri þroska á þuru. Alg. um l. a. og víða mjög mikið af því.

Ber þessi eru hvortveggju jetin bæði ný og niðursoðin.

286. *V. vitis* Idæa. Rauðberjalyng. — Greinarnar sívalar, þjetthærðar en stutthærðar. Blöðin öfugeggлага eða oddbaugótt,

Blómin drúpa einstæð eða fá saman á greinendunum, lotin; blómleggirnir með 2 forblöðum, dökkrauðir, lítið eitt hærðir (á aðalteg.). Bikarinn 4-tenntur, rauður. Krónan svo djúp-klofin, að hún sýnist lausblaða, fagurrósrauð. Frjóknapparnir hornalausir. Berin hnöttótt, eldsúr á bragðið. — 10—30 cm. á l. — Blmg. í júlí eða fyr. Á tilbrigðinu *f. microcarpus* eru blómleggirnir hárlausir og plantan að öllu leyti minni.

Vex í myrum, stönglarnir að mestu á kafi í mosanum. Aðalteg. er víða á N., en tilb. á 1 st., og á 1 st. á Au.

48. **Primuláceæ.** Maríulykilsættin.

Jurtir með heilum, axlablaðlausum blöðum. Blómin tví-kynja, regluleg, 5- (eða 7-) deild. Fræflarnir jafnmargir bikar- og krónublöðunum, standa innan undir krónublöðunum og eru vaxnir saman við krónupípuna. Frævan með einrýmdu egg-legi og einum stíl með heilu fræni. Aldinið hýði með lausu, miðstæðu fræsæti, og opnast það að ofan með tönnum, sem eru jafnmargar og krónublöðin. Fræin með kjöt-eða hornkenndri fræhvítu. Skordýrfrævun.


A. Blöðin öll í stofnhvirfing, stöngullinn að öðru leyti blaðlaus. Blómin 5-deild. **Primula.**

B. Blöðin í topphvirfing, og upp úr henni standa blómin eitt eða fleiri á löngum leggjum, og eru venjulega 7-deild.

Trientalis.

127. **Primula.** Maríulykill.

288. **P. stricta.** Maríulykill. — Stöngullinn upprjettur, venjulegast alveg beinn. Blöðin heilrend eða því sem nær, fremur mjó, breiðust framantil, en dragast smátt og smátt að sjer niður að stilknum, sem er örstuttur. Blómin smá í blómfáum sveip (2—5) á stöngulendanum; reifablöðin breiðfætt, en dregin fram í mjóan odd, með mjöldusti. Bikarinn bjöllulaga með



98. *P. stricta.* (I. R.).

eggлага flípum, mjölvuðum að innan, tæplega helmingi styttri en krónupípan. Krónan pípulaga með ljósri pípu og útbreiddum, rauðbláum kraga; krónufliþarnir aflangir með sýlingu í oddinn. Hýðið mjóeggлага, sívalt, helmingi lengra en bikarinn. — 12—20 cm. á h. — Blmg. í maí—júní.

Vex í rökum leirflögum. Allviða við Eyjafjörð N., óf annarst.

128. *Trientalis*. Fagurblóm.

289. *T. europæa*. Fagurblóm eða Sjöstjarna. — Fíngerð, mjög snotur planta. Stöngullinn upprjettur með löngum renglum og örsmáum, hreisturkenndum lágbloðum neðan við



99. *T. europæa*.

topphvirfinguna. Hvirfingsblöðin stilklaus, mjög misstór og mismunandi að lögun, öflugeggлага, oddbaugótt eða nærri lensulaga, snubbótt, bogstýfð eða ydd, örsmátennt eða nærri heilrend. Blómin nokkuð stór, 1—3 (venjulegast 1) á löngum, fínum leggjum í ytri blaðöxlunum. Bikarinn klofinn til grunna í mjóa, striklaga, ydda flípa, talsvert styttri en krónan. Krónan hjóllaga með yddum, eggлага flípum, hvít með gulum hring neðst. Króna og bikar alveg útbreidd, svo blómin líta út eins og og 7-geisla stjörnur. — Fræfl-

arnir styttri en krónan. Hýðið hnöttótt, styttra en bikarinn með fáum (5—10) allstórum fræjum. — 5—15 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í skóglendi. Viða á Au., en hvergi annarst.

49. *Plumbaginaceæ*. Gullintoppuættin.

Fjölærar jurtir með heilum (á ísl. teg.), þráðmjóum, löngum, axlablaðlausum, stofnstæðum blöðum. Blómin í hnöttóttum kolli efst á stönglinum (eða blómskipunarleggnum), 5-deild. Bikarinn himnukenndur, langær, felldur. Krónan djúpklofin. Fræflarnir 5, festir neðst við krónuna. Frævan með 5 stílum og einrýmdu egglegi með einu botnstæðu eggí á löngum snún-um eggstreng. Aldinið hnotkennt. Fræið með mjölkenndri fræhvítu.

129. **Arméria.** Gullintoppa.

290. **A. elongata.** Geldingahnappur. (*A. maritima* Willd. Grl. Isl. Fl.). — Þýfinn. Jarðstöngullinn greinist efst í margar, hvirfingbærar, þjettstæðar greinar, er mynda hvelfda þúfukolla. Blöðin striklaga eða nærri þráðlaga, heilrend, snubbótt, randhærð. Stönglarnir eða rjettara blómskipunarleggirnir upprjettir, sívalir, stutt- en þjett-hærðir. Um blómkollinn lykur tvöfaldur hlífblaðakrans; ytri hlífblöðin alveg eða því sem nær alveg himnukennd, snubbótt, broddlaus, og niður frá þeim gengur himnukennd slíðurpípa sundurtáin í opið, er lykur um leggin efst. Bikarinn treklaga, broddtenntur og alhærður að utan, að minnsta kosti neðantil. Krónan rósrauð eða rauðblá með bogstýfðum flípum. — 3—25 cm. á h. — Blmg. í maí — júní.

100. *A. elongata.*

Vex í sendnum og grýttum jarðvegi, á söndum og melum hátt og lágt, út við sjó og inn í miðju landi. — Mjög alg. — Myndar sumstaðar samfeldar græður á sljettum strandflesjum.

[§ **Solanáceæ.** Kartöfluættin.

Engin planta af þessari ætt á heima í gróðurríki Íslands, en af því til hennar telst hin langmerkasta af hinum útlendu yrkiplöntum landsins, þykir rjett að minnast hennar lítið eitt.

(§) **Solanum tuberosum.** Kartafla eða Jarðepli. — Stöngullinn marggreindur, strendur. Blöðin stakfjöðruð. Blómin stór, 5-deild að öðru leyti en því, að frævan er tvíblaða. Krónan hjóllaga, blá eða hvít. Frjópræðirnir stuttir, og frjóknapparnir standa fast saman utan um stílinn. Aldinið hnöttótt ber. Út úr neðstu blaðöxlum loptstöngulsins, þeim, sem jarðhuldar eru (ekki út úr »kartöflu-

móðurinni») vaxa mjóar, ljósar jarðrenglur; endarnir á þeim bóligna upp seinni hluta sumars af mjölkenndri forðanæring, er safnast fyrir í þeim, og verða að stórum knollum, sem kallaðir eru kartöflur eða jarðepli. »Augun« á kartöflunum eru lágblaðaxlir með knappi eða brumi, sem springur út vorið eptir (»kartaflan spírar«), og verður að loptstöngli, er svo ber aptur nýjar knollrenglur.

Upprunaheimkynni kartöflunnar er vesturhálandi Suður-Ameríku. Enskur maður, Walter Raleigh að nafni, flutti hana fyrstur manna hingað til álfu 1584. Nú er hún einhver hin helzta yrkiplanta heimsins, og ræktuð um víða veröld. — Björn próf. Halldórsson í Sauðlauksdal reyndi fyrstur manna að rækta kartöflur hjer á landi 1759. Síðan hafa þær verið ræktaðar hjer meira og minna, og nú eru þær um l. a.].

50. Scrophulariaceæ. Grímublómaættin.

Jurtir með axlablaðlausum blöðum, sem venjulegast eru móttstæð. Blómin undirsætin, tvíkynja, 2- eða 5-deild, meira og minna óregluleg, með 4—5-skiptum bikar og varakrónu; stundum er krónan hjóllaga, nærri regluleg. Fræflarnir 4, 2 langir og 2 stuttir, eða ekki nema 2, vaxnir við krónupípuna. Frævan 2-blaða, með 2-rýmdu egglegi, 1 stíl og heilu eða tvískiptu fræni. Aldinið tvírýmt, veggkleyft hýði. Fræin venjulega mörg og með fræhvítu. Skordýrfrævun eða sjálffrævun.

I. Fræflarnir 4.

A. Bikarinn 4-skiptur. Varakróna. Blöðin móttstæð, heil, tennt eða heilrend.

a. Bikarinn uppblásinn, hliðflatur. Hýðið kringlótt, tvíkúpt með stórum flötum, kringlóttum, vængjuðum fræjum. Blöðin mjó, tennt. *Alectorolophus*.

b. Bikarinn óuppblásinn, pípulaga eða bjöllumaga.

o. Efri vörin mjög hvelfd, hjálmlaga, lítið hliðflöt með uppbrettum röndum. Hýðisrýmin 1—2-fræva; fræin langeggilaga, vængjuð. Blöðin mjó, heilrend. *Melampyrum*.

oo. Efri vörin ekkert eða lítið sem ekkert hvelfd. Frjóknapparnir hærðir. Hýðisrýmin fræmörg. Blöðin gróftennt eða tannsepótt.

1. Efri vörin lengri eða að minnsta kosti eins löng og neðri vörin. Krónan blá og plantan meira og minna dökkblákorguð, einkum ofantil. Stönglarnir ógreindir. *Bartschia*.
2. Efri vörin styttri en neðri vörin. Krónan hvít eða ljósbláleit með dekkri æðum og gulum bletti á neðri vörinni. Stöngullinn venjulega marggreindur. *Euphrasia*.

B. Bikarinn 5-skiptur.

1. Blöðin fjaðurskipt, aflöng eða lensulaga með tenntum bleðlum, misstæð. Blómin í klasa á efra hluta stöngulsins. Varakróna með hjálmlaga, hliðflatri efrivör. Plantan öll meira og minna dumbrauðleit. *Pedicularis*.
2. Blöðin heil, heilrend, legglöng, öll í hvirfingu. Blómin smá, einstæð í blaðöxlunum. Ofurlítill vatna- eða vætujurt. *Limosella*.

II. Fræflarnir 2. Bikar og króna 4-skipt. Krónan hjóllaga, stundum nærri regluleg, blá eða bláleit. *Veronica*.

130. *Alectorolophus*. Lokasjóður.

291. *A. minor*. Lokasjóður eða Peningagras. (*Rhinanthus m. Ehrh.* Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur, ógreindur eða greinóttur neðantil, lítið hærður eða því sem nær hárlaus. Blöðin stilklaus, hjartfætt, breiðust neðst, en mjókka fram, aflöng eða lensulaga, gróftennt eða öllu fremur tannsepótt, mjög snörp með niðurorpnum röðum. Blómin leggstutt í gisblóma klasa á stöngul- og greinendunum; stoðblöðin eru eins og laufblöðin, nema þau efstu eru styttri, breiðeggslaga, græn eða meira og minna brúnleit. Krónan, gul; efri vörin hjálmlaga með fjólubláum tönnum. Krónupípan bein, styttri en bikarinn. Aldinin (»peningarnir«) nærri kringlótt, dökkbrún, gljáandi. Frævængirnir venjulegast breiðari en miðhlutinn. — 15—30 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. Vex einkum í deigu vallendi. Alg. um l. a.

131. *Melampyrum*. Krossjurt.

292. *M. silvaticum*. Krossjurt. — Stöngullinn upprjettur, venjulegast greinóttur, lítið eitt hærður, einkum ofantil,


með mótstæðum, heilrendum, stilkstuttum eða nærri stilklausum, lítið eða ekkert hærðum, mjólensulaga blöðum, sem dragast þó ekki jafnt að sjer til beggja enda, en eru nokkuð breiðari niður, einkum háblöðin. Blómin einstæð í efri blaðöxlunum, gisin neðst, en þjettari eptir því sem ofar dregur, upprjett. Bikarinn hárlaus með eggulensulaga, meira eða minna útsveigðum tönnum, sem eru á lengd við krónupípuna eða lengri. Krónan dökkgul, með opnu gini; efri vörin lítið eitt hliðflöt. Hýðið hliðflatt, eggulaga. — Verður yfir 30 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í skóglendi Í dölunum inn af Ísafirði (St.).

132. *Bartschia*. Smjörgras.

293. *B. alpina*. Smjörgras eða Lokasjóðsbróðir. — Stönglarnir venjulega fleiri en einn á sama jarðstöngli, upprjettir eða dálítið stofnsveigðir, greinlausir, mjúkhrokkinhærðir. Blöðin stilklaus, eggulaga, gishærð með grófum, snubbóttum tönnum. Blómin mjög leggstutt, einstæð í efstu blaðöxlunum. Bikarinn bjöllulaga, miklu styttri en krónupípan, og eru hvortveggju kirtilhærð. Stíllinn langur, með hnúðfræni, sem stendur út úr krónunni. Hýðið mjöeggulaga, hært, helmingi lengra en bikarinn. — 16—27 — cm á h. — Blmg. í júní.

Vex í raklendi og blómlendislautum og geirum til fjalla. Alg. um l. a.



101. *E. latifolia*.

133. *Euphrasia*.

Augnfró.

294. *E. latifolia*. Augnfró. (*E. officinalis* L. var. *latifolia* (Pursh). Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur, meira og minna greindur eða alveg ógreindur, þegar plantan er mjög smávaxin. Blöðin stilklaus, opt dálítið misstæð, einkum ofantil, breiðeggulaga eða stundum jafnvel meiri á þvervegin, stórtent eða tannsepótt, tennurnar á efri blöðunum

oddhvassari en á þeim neðri. Blómin einstæð í blaðöxlunum ofantil á stönglinum og greinunum, þjettstæð efst, en opt með nokkrum millibilum neðantil. Bikarinn hvasstenntur, á lengd við krónupípuna. Hýðið aflangt, hliðflatt, nokkuð lengra en bikarinn og opt dálítið framjaðrað. Plantan öll hærð og opt meira eða minna kirtilhærð. — 20 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex bæði á þuru, opt mikið á hörðum böllum, og í mýrum, og er þá stórvaxnari. Alg. um l. a.


134. *Pedicularis*. Tröllastakkur.

295. *P. flammea*. Tröllastakkur eða Lúsajurt. — Stöngullinn upprjettur, gildur, ógreindur, lítt hærður með mörgum lágbloðum eða himnukenndum slíðrum á stofninum neðan við laufblaðahvirfinguna. Ræturnar gildar. Blöðin stilkkuð, í stofnhvirfing, því nær hárlaus. Bleðlarnir eggлага eða aflangir, tenntir eða smátannsepóttir, þjettstæðir, stundum svo, að þeir ganga á misvíxl. Blómin leggstutt, í löngum, blómpjettum, axleítum klasa, er stundum nær yfir meiri hluta stöngulsins. Stoðblöðin miklu minni en laufblöðin, en lík þeim að öðru leyti. Bikarinn bjöllulaga, nærri reglulega 5-tenntur. Krónan gul með dumbrauðum hjálmi, sem er lengri en neðri vörin. Hýðið hliðflatt, eggulensulaga, helmingi eða meira en helmingi lengra en bikarinn. — 5—10 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum í mosapembum til fjalla og heiða. Viða um l. a.

135. *Limosella*. Efjugras.

296. *L. aquática*. Efjugras. — Stöngullinn óþroskaður, svo blöðin standa öll í hvirfingu. Út frá henni spretta lengri eða skemmri rengrur, er festa rætur fremst, og bera nýjar hvirfingar. Blöðin stilköng, með lítilli aflangri, lensulaga eða sporbaugótttri blöðku. Blómin smá, leggjúð, einstæð í hvirfingsblaðöxlunum, leggirnir miklu styttri en blaðstilkarnir. Krónan bjöllulaga, hvít eða rauðleit. Hýðið hnöttótt, fræmargt, einrýmt ofantil, en tvírýmt neðst. Plantan öll hárlaus. — Blmg. í júlí—ágúst. — Á afbrigðinu



102. *L. aquatica*.

var. borealis, sem er örsmár yrtlingur, eru engar renglur, og blöðkurnar lítið sem ekkert breiðari en blaðleggirnir.

Vex í efju í tjarnstæðum, á vatnaflæðum og í grunnu vatni; *var. í* upphornuðum tjarnstæðum. Aðalteg. f. allvíða í öllum lhl., nema á NV.; *var. í* Grímsey N. (Ó. D.)!

136. *Verónica*. Bládepla.

- I. Blómskipunin á stöngulendanum. Krónupípan mjög stutt. Aldin og fræ flatvaxin.
 - A. Langur, fremur gisblóma en blómmargur klasi. Krónan bláhvít, lítið lengri en bikarinn. *V. serpyllifolia*.
 - B. Stuttur, blómfár klasi, annaðhvort kollur eða hálsveipur.
 - a. Blómin stór, legglöng í hálsveip. Krónan fagurblá, helmingi lengri en bikarinn. *V. saxatilis*.
 - b. Blómin smá, leggstutt, í kolli á stöngulendanum. Krónan dökkblá, lítið lengri en bikarinn. *V. alpina*.
- II. Blómklasarnir standa í blaðöxlunum.
 - A. Stöngull og blöð hærð. Hýðið þríhyrnt, jafnt á lengd og breidd. Krónan ljósblá með dekkri æðum. *V. officinalis*.
 - B. Stöngull og blöð hárlaus.
 - a. Klasarnir misstæðir. Blómleggirnir miklu lengri en stoðblöðin. Aldinið öfugnýrlaga. Fíngerð, jarðlæg planta. *V. scutellata*.
 - b. Klasarnir mótstæðir. Blómleggirnir á lengd við stoðblöðin eða lítið lengri. Aldinin kringlótt, uppblásin, lítið framjöðruð. Stórvaxin jurt með gildum, holum stöngli. *V. anagallis*.

297. *V. serpyllifolia*. Lækjadepla. — Stöngullinn uppsveigður, jarðlægur neðantil, rótskeytur og greinóttur, en greinlaus ofantil. Blöðin ógreinilega tennt, blaðsprotablöðin og neðstu stöngulblöðin stilkstutt, opt nærri kringlótt, hin blöðin stilklaus, egglega eða sporbaugótt. Háblöðin aflöng eða lensulaga, miklu smærri en laufblöðin, einkum þau efstu, og alveg heilrend. Klasinn langur og fremur gisinn, einkum neðst. Blómleggirnir lítið eitt lengri en bikarinn. Krónan bláhvít með dekkri æðum. Hýðið framjaðrað, öfugnýrlaga. — 15—30 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex við læki Alg., að minnsta kosti á N., Au. og SV.

298. *V. saxatilis*. Steindepla. — Ofurlítill hálfrunni með trjekenndum jarðstöngli; út frá honum greinast venjulega margir blaðsprotar og uppsveigðir blómstönglar, sem eru trjenaðir neðantil, ógreindir og smáhærðir. Blöðin öfugegglega, heilrend eða smásagtennt framantil, hárlaus, stilklaus, nema þau neðstu, sem eru með örstuttum stilk. Klasinn eða hálsveipurinn blómfár, stundum aðeins tvíblóma. Blómleggirnir lengri

en stoðblöðin. Bikarfliparnir aflangir, hærðir neðantil og á röndunum. Krónan allstór, fagurblá, útbreidd og mjög laus. Frjóknapparnir hvítir. Hýðið langeggla, allt að því helmingi lengra en bikarinn og nokkuð lengra en stíllinn, stundum dálítið hært. — 5—10 cm. á h. — Blmg. í júní. — Allopt eru blómin gegnvaxin (sbr. *Geum*), og stundum eru blöðin mjög smá (*f. microphylla*).

Vex í brekkum, lyngmóabörðum og klöppum. Alg., að minnsta kosti á N., Au. og SV.; óf. á NV.

299. **V. alpina.** Fjalladepla. — Stöngullinn uppsveigður, hárlaus eða gishærður, ógreindur, en opt eru nokkrir blaðsprotar og blómstönglar á sama jarðstöngli. Blöðin eggla, sporbaugótt eða oddbaugótt, heilrend eða gissagtennt, stilkstutt eða legglaus, opt dálítið randhærð neðantil; efstu blöðin stundum misstæð. Blómkollurinn dálítið lotinn í byrjun með lensulaga, heilrendum stoðblöðum, sem eru lengri en blómleggirnir. Bikarfliparnir breiðlensulaga með löngum randhárnum. Krónan lítil, venjulegast með upprjettum kraga, stundum hvít (*f. albiflora*). Hýðið framjaðrað, öfughjartлага, ekki fullum helmingi lengra en bikarinn, en miklu lengra en stíllinn. — 4—10 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í rökum og köldum jarðvegi til fjalla. Alg um l. a.

300. **V. officinalis.** Hárdepla. — Stöngullinn skriðull með uppsveigðum greinum og toppi, snarphærður og þjett-hærður öllum megin. Blöðin öfugeggla eða oddbaugótt, snarphærð (á aðalteg.). Klasarnir venjulega misstæðir, upprjettir, blómmargir og axleitir ofantil. Blómleggirnir styttri en bikarinn og stoðblöðin, sem eru smá, ensulaga. Krónan fremur lítil, ljósblá með fjólubláum æðum. Hýðið kirtilhært, þríhyrnt, álíka langt og stíllinn, en lengra en bikarinn. — 15—33 cm. á h. — Blmg. í júlí. — Á tilbrigðinu



103. *V. officinalis.*

f. glabrata er stöngullinn aðeins tvíhliðhærður neðantil, og blöðin hárlaus eða gisrandhærð.

Vex í skóglendi og innan um lyng. Viða um l. a.

301. **V. scutelláta.** Skriðdepla. — Stönglarnir grannir, læpulegir, venjulega greinóttir neðst, jarðlægir, skriðulir með uppsveigðum toppi. Blöðin stilklaus, lensulaga, ydd, gistennt; snúa tennurnar niður, og neðan við hverja tönn er dálítill kirtilnabbi. Klasarnir mjög gisblóma; klasaleggurinn grannur, opt meira og minna hlykkjóttur. Stoðblöðin smá, lensulaga. Blómleggirnir þráðmjóir, að minnsta kosti helmingi lengri en stoðblöðin, útrjettir og beinast niður, er aldinin taka að þroskast. Bikarfliparnir eggлага, styttri en hýðið. Krónan hvítblá-leit með rauðleitum eða bláleitum æðum. — 12—25 cm. á l. — Blmg. í júlí.

Vex á raklendi, opt í uppgrónum síkjadrögum og tjarnstæðum. — Víða um l. a. nema á S.; þar er hennar ekki getið.

302. **V. anagállis.** Laugadepla. — Stöngullinn upp-rjettur eða dálítið stofnsveigður, ógreindur eða greinóttur, nærri ferstrendur. Blöðin stilklaus, greipfætt, langeggлага eða breiðlensulaga, ydd, með smáum og gisnum tönnum. 4—8 cm. á l. Klasarnir langir, blómmargir og fremur gisblóma með strjálum kirtilhárum. Blómleggirnir beinast út, er aldinið tekur að þroskast, þeir neðstu nokkuð lengri en stoðblöðin. Krónan bláhvít með dekkri æðum. Hýðið á lengd við bikarinn eða lítið eitt lengra, tvíkúpt, nærri hnöttótt. Verður allt að 50 cm. á h.

Vex við laugar. Haukadalur SV. (M. Helgas.)! Reykir SV.? (Stp.)!

51. Utriculariaceæ. Blöðrujurtarættin.

Vatna- og votlendisjurtir, er nærast meðfram á skordýrum og öðrum smádýrum. Blöðin misstæð og stundum að nokkru leyti ummynduð í blöðrur. Blómin undirsætin, tvíkynja, óreglu-leg, með 2- eða 5-skiptum bikar og 5-skiptri varakrónu með spora. Fræflarnir 2 og 1 fræva með einrýmdu egglegi og lausmiðstæðu eggseti. Aldinið hýði. Fræin fræhvítulaus.

A. Mýrajurt með rót og heilum, ljósgulgrænum, slímugum blöðum í stofnhvirfing. Varabikar með 3-skiptri efrivör og 2-skiptri neðrivör. Krónan fjólblá. Pingvicula.


B. Vatnajurt, rótlaus, marandi með margskiptum blöðum með smáblöðrum og örfínum flipum. Bikarvarirnar heilar. Krónan ljósgul. Utricularia.

137. **Pingvícula.** Lyfjagras.

303. **P. vulgaris.** Lyfjagras eða Hleypisgras. —

Blöðin aflöng eða sporbaug-
ótt, heilrend með upporpn-
um röðum, kjötkennd, safa-
mikil, og breiðast út fast
niður við jörðina. Í slími
því, sem smitar út úr blöð-
unum, festast mý og önnur
smádyr, leysast upp, og verða
plöntunni að bráð. Upp úr
blaðhvirfingunni miðri vaxa
7—13 cm. langir, blaðlausir
blómleggir, einn eða fleiri, og
bera eitt, lotið blóm efst.
Krónuginið opið, hært. Hýðið
egglaga, lengra en bikarinn.
— Blmg. í júní.

Vex í deiglendi og í mýr-
um. Alg. um l. a.



104. *P. vulgaris.*

138. **Utriculária.** Blöðrujurt.

304. **U. minor.** Blöðrujurt. — Stöngullinn hárfinn,
marggreindur með gisstæðum blöðum. Blöðurnar eru annað-
hvort á blaðflipunum eða sjerstakar, og eru þær veiðigildirur
plöntunnar. Á hverri blöðru er dálítið op, og svo um búíð,
að hringinn í kring um það að innanverðu eru dálitlir broddar,
er allir vita inn, líkt og á laxakistuháf; þegar dýrin synda inn
(smákrabbar, fiskseiði o. fl.), sveigjast broddarnir út, svo dýrið
kemst inn, en rekur sig á oddana, er það leitar út aptur. —
Blómin, smá, gisstæð, í klasa. Sporinn mjög stuttur. Hýðið
nærri hnöttótt. Vex í stórum flækjum.

Minnilaxá SV. (Fd.)! Möðruvellir í Hörgárdal N. (G. G.)! (í mó-
gröf); óf. annarst.

52. **Plantaginaceæ.** Græðisúruættin.

Jurtir með stofnstæðum, bogtauga eða beintauga blöðum,
og upp úr blaðhvirfingunum vaxa einn eða fleiri blaðlausir,
ógreindir blómskipunarleggir. Blómin smá í axi eða kolli á

leggendunum, regluleg, tvískynja, undirsætin með 4-skiptum bikar og 4-skiptri, himnukenndri krónu með útstæðum flípum, 4 fræflum og 1 frævu með tvírýmdu egglegi og einum fjaðurhærðum, löngum stíl. Aldinið baukur með fáum fræjum. Fræin með fræhvítu. Vindfrævun eða skordýrfrævun.

139. *Plantágo*. Græðisúra.

I. Leggirnir sívalir.

1. Blöðin mjó, striklaga, kjötkennd. Leggirnir rákalausir.

P. maritima.

2. Blöðin breið, eggлага eða oddbaugótt. Leggirnir finrákóttir. Axið langt.

P. major.


II. Leggirnir stendir með djúpum skorum. Blöðin lensulaga. Axið stutt, eggлага eða nærri kollótt. *P. lanceolata*.

305. *P. maritima*. Kattartunga. Leggirnir aðhærðir, sjaldan hárlausir. Blöðin 1—3-tauga, venjulegast alveg heilrend og hárlaus, nema blaðslíðrin eru dálítið dúnhærð. Axið sívalt, en

mjög mislangt. Bikarflípaoddarnir rauðleitir, snubbóttir, randhærðir. Krónan með mógulri, hærðri pípu og ljósleitum kraga. Frjóknapparnir gulir. Baukurinn keilulaga, tvírýmdur; með 2 eða 4 fræjum. — 12—30 cm. á h. — Blmg. í júní. — Annars mjög breytileg að stærð og að blöðunum til:

var. borealis (*P. borealis* Lge. Grl. Isl. Fl.). Axleggirnir lægri en blöðin. Baukurinn eggлага, fjórfræva;

f. pygmæa er örsmá, 2—3 cm. h., með stuttum og mjóum blöðum; vex helzt kring um hverri og laugar.



105. *P. maritima*.

Vex í óræktarvalllendi og á strandflesjum. Alg. um l. a.

306. *P. major*. Græðisúra eða Vogsúra. Leggirnir og blöðin gishærð eða nærri hárlaus. Blöðin 3—7-tauga, heilrend eða óglöggst gistennt, og dragast snöggst að sjer að

neðan, og ganga niður í breiðan og langan stilk. Axið mjótt, sívalt, blómþjett, stundum nokkuð gisblóma neðantil. Krónan með ljósgulri eða móleitri, hárlausri og uppblásinni pípu og gulmóleitum kraga. Frjóknapparnir fjólbláir. Baukrýmin 4—8-fræva. Mjög mismunandi að stærð og venjulega 15—30 cm. á h. með upprjettum leggjum, en víða við hverri vex ofurlítið tilbrigði

f. pygmæa 2—5 cm. á h. með meira og minna jarðlægum, uppsveigðum leggjum.

Vex einkum kring um laugar og á stöku stað við bæi og í kaupstöðum. — Víða á SV. og N., en óvíða annarstaðar.



106. *P. major*.

307. ***P. lanceolata***. Selgresi. Leggirnir upprjettir eða uppsveigðir, miklu lengri en blöðin, hárlausir eða meira og minna hærðir. Blöðin 3—6-tauga, smágistennt, og dragast jafnt að sjer niður í grópaðan stilk, sem ætíð er töluvert styttri en blaðkan. Stundum eru blöðin því nær hárlaus eða smádúnhærð, en opt eru þau hvítsilkiðhærð, einkum neðantil. Axið gilt. Krónan með gagnsærri, hárlausri, sívalri pípu og móleitum kraga. Frjóknapparnir og frjóþræðirnir gulhvítir, stundum eru frjóknapparnir dökkgulir. Baukrýmin 1-fræva. — 15—35 cm. á h. — Stundum enn smávaxnari við laugar (*f. minor*).

Vex í gras- og blómlendi á S., og er þar alg. og á fáeinum st. á N., helst við laugar. Annarst. óf.

53. Boraginaceæ. Munablómsættin.

Jurtir með misstæðum, heilum, heilrendum, venjulegast stilklausum og snarphærðum, axlablaðlausum blöðum og sívölum stönglum. Blómin fullkomin, regluleg, undirsætin, fremur smá (á ísl. teg.), og standa í klasaleitri, opt kvíslgreindri blómskipun, sem er sívaflin upp í hring, áður en blómin springa út. Bikar, króna og fræflar 5-deild; krónan blá, opt með ginleppum, er bera annan lit. Fræblöðin 2, og mynda eina frævu með 4-rýmdu eggleggi. Öll þessi legrými bunga dálítið upp og

líta út eins og 4 ofurlitlar vörtur umhverfis stílinn, er stendur mitt á milli þeirra. Aldinið 4-kleyft klofaaldin, deilaldinin hnetur. Fræin fræhvítulaus. Skordýrfrævun.

A. Blöðin snarphærð. Krónan með ginleppum eða ginvörtum, er loka blómgininu.

1. Ginlepparnir hárlausir, gulir. *Myosotis*.

[2. Ginlepparnir hærðir eða kirtlóttir. Krónan himinblá. Stöngullinn upprjettur, blöðin lensulaga eða aflöng. Hneturnar þrístrendar með tvísettri krókháraröð utan á röðunum. Á n. st. við bæi á N. og á 1 st. á SV. Slæðingur frá útl. § *Lappula myosotis*].

B. Blöðin hárlaus, sljett, bládöggvuð. Krónan ginleppalaus, ljóshiminblá. *Mertensia*.

140. *Myosotis*. Munablóm.

I. Aldinleggirnir jafnlangir eða lengri en bikarinn. Klasarnir blaðlausir.

1. Aldinleggirnir hjer um bil helmingi eða meira en helmingi lengri en bikarinn, er lykst saman um aldinið. *M. arvensis*.

2. Aldinleggirnir álíka langir eða lítið eitt lengri en bikarinn. Bikarinn opinn eptir blómfallið. Smávaxið. *M. collina*.

II. Aldinleggirnir styttri en bikarinn, sem lykst um aldinið.

1. Blómleggirnir upprjettir, bæði fyrir og eptir blómfallið. Klasarnir blöðóttir neðantil. *M. arenaria*.

2. Blómleggirnir útrjettir eptir blómfallið. Klasarnir blaðlausir.

M. versicolor.

308. *P. arvensis*. Kattarauga (»Gleym-mjer-ei«). Stöng-



107. *P. arvensis*.

ullinn upprjettur, venjulega marggreindur, fremur langhærður. Blöðin aflöng eða lensulaga, neðstu blöðin öfugeggslaga, og dragast niður í breiðan stilk. Bikarinn djúpklofinn með mjóum flipum, krókhærður. Krónan fremur smá með bogstýiðum flipum. Stíllinn hjer um bil jafnlangur og hneturnar, en miklu styttri en krónupípan og bikarinn. — 16—45 cm. á h., en opt miklu minni, einkum fyrst í stað. — Blmg. í maí—júní.

Vex bæði í vallendi og blómendi. Alg. um l. a.

309. **M. collina.** Dvergmunablóm. — Stöngullinn upprjettur, hærður, opt greindur neðantil með útrjettum eða upprjettum greinum. Blöðin lík og á uf. teg., snubbótt eða ydd. Aldinleggirnir útsveigðir, aðhærðir. Bikarinn klofinn lítið eitt niður fyrir miðju. Krónan örsmá. — 5—10 cm. á h. — Annars lík uf. teg.

Reykjavík (W. & H. og St.); óf. annarst. á l.

310. **M. arenária.** Sandmunablóm. (*M. stricta* Link. Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur, mjúkhærður, ógreindur, eða greinist við stofninn í upprjettar greinar. Blöðin aflöng eða lensulaga, snubbótt, þau neðstu lík og á uf. tegundum. Blómleggirnir mjög stuttir, úthærðir, og liggja upp að stönglinum. Bikarinn grálöðinn, klofinn niður til miðs eða meir. Stíllinn álíka langur eða styttri en hneturnar og miklu styttri en krónupípan. Krónan mjög lítil. — 5—10 cm. á h.

Vex í sendnum jarðvegi. Allviða á NV. og SV. og á fáeinum st. á N.; óf. annarst. á l.

311. **M. versicolor.** Kisugras. — Stöngullinn kvíslgreindur ofantil. Blöðin lensulaga, ydd, úthærð, og opt mótstæð við kvíslvikin. Blómleggirnir aðhærðir. Krónan mjög smá, með hvítgulri pípu og gulum kraga, fyrst eptir að blómið opnast, er seinna verður blár eða fjólublár. Stíllinn lengri en krónupípan og lítið eitt lengri en hneturnar. Annars mjög líkt uf. teg., nema það er gishærðara og stinnhærðara.

F. á 3 st. á SV., en óf. annarst.

140. **Mertensia.** Blálilja.

312. **M. maritima.** Blálilja. (*Stenhammaria maritima*. Grl. Isl. Fl.). — Stönglarnir venjulegast margir á sama jarðstöngli, jarðlægir og greinóttir. Blöðin stilklaus eða á stuttum og breiðum stilk, einkum þau neðri, oddbaugótt eða öfugeggslaga, snubbótt, kjötkennd. Klasarnir blöðóttir. Bikarflíparnir breiðeggslaga. Krónuginið samanherpt; litur krónunnar nokkuð breytilegur eptir aldri, fyrst er hún opt ljósrauð með bláum æðum. Plantan öll hárlaus. — 16—40 cm. á l. — Blmg. í júní.

Vex eingöngu við sjó í mól og sandi, rjett ofan við flæðarmálið. Má heita alg. um l. a.

54. **Labiátæ.** Varablómaættin.


Jurtir eða hálfrunnar með ferstrendum stönglum og mótstæðum, axlablaðlausum blöðum. Blómin mörg saman í hálfkvíslum í blaðöxlunum. Bikarinn 5-tenntur eða vöróttur með 3-tenntri efrivör og 2-tenntri neðrivör. Varakróna með tvískiptri eða heilli, opt hjálmaga efrivör og 3-flipótttri neðrivör. 4 tvíveldisfræflar og 2 fræblöð, er mynda eina frævu, og er henni eins háttað og á uf. ætt, og eins aldininu. Fræin með lítilli eða engri fræhvítu. Skordýrfrævun. — Í flestum plöntum af þessari ætt er mikið af rokolíum, og leggur því venjulega af þeim sterka angan.

I. Bikarinn vöróttur. Krónan rauðblá. Blöðin heilrend eða smátennt.

1. Efri krónuvörin flöt, dálítið bugað að framan, styttri en neðrivörin, sem er skipt í 3 hjer um bil jafnstóra flipa. Stöngullinn jarðlægur. *Thymus.*
2. Efri krónuvörin hvelfd, álíka löng og neðrivörin. Miðflipi neðrivararinnar stærstur. Stöngullinn uppsveigður. *Brunella.*

II. Bikarinn reglulegur, 5-tenntur, uppvíður. Efri krónuvörin hvelfd, hjálmaga. Blöðin gróftennt.

1. Hliðflipar krónuvararinnar snubbóttir, nokkru minni en miðflipinn, sem er bugaður að framan. Krónupípan hákranslaus. *Galeopsis.*
2. Hliðflipar neðrivararinnar miklu minni en miðflipinn. Krónan rauð. § *Lamium.*

108. *Th. Serpyllum.*141. **Thymus.** Blóðberg.

313. *Th. Serpyllum var. prostrata.* Blóðberg. — Ofurlítill, ilmsætur, sigrænn hálfrunni með fingerðum, marggreindum, jarðlægum stönglum, röt-skeytum neðantil, með uppsveigðum blómgreinum. Stönglarnir ýmist alhærðir eða tvíhliðhærðir, og hinar hliðarnar þá hárlausar eða því sem nær. Blöðin smá, heilrend, öfugegg-

laga eða sporbaugótt, og dragast niður í stuttan stilk með grófum, ljósum, útstæðum randhárnum neðantil, lítið eitt niður-orpnum röðum og upphleyptum taugum á neðra borði. Blómkransarnir þjettstæðir á greinendunum í kollóttum skipunum. Bikarinn með hákransi í opinu, er lokar honum eptir blómfallið. Efri bikarvörin 3-tennt, hærð, en sú neðri klofin í 2 langa og mjóa, grófrandhærða flipa. Krónan blárauð eða rósrauð, lengri en bikarinn, stundum hvít (*f. albiflora*). Stíllinn stendur opt langt út úr blóminu. Fræflarnir óþroskaðir í sumum blómunum, svo þau verða einkynja (♀), og eru þau minni en tvíkynja blómin. — 10—30 cm. á l. — Blmg. í júní.

Vex í þuru mólendi og á sandflesjum. Alg. um l. a.

142. Brunella. Blákolla.

314. **B. vulgáris.** Blákolla. — Stöngullinn uppsveigður, meira og minna hærður, ógreindur, eða greinist við stofninn í fleiri eða færri, hjer um bil jafnlangar greinar; stundum spretta og stuttar blómgreinar í efri blaðöxlunum. Blöðin egglega, venjulega fremur löng, stilkud, heilrend eða gissmátennt, einkum neðantil, með gisnum, stuttum hárum. Blómkransarnir þjettstæðir í axi eða koll á stöngulendunum, með nýrlaga, randhærðum, dumbrauðum háblöðum. Efsta laufblaðparið stendur venjulegast rjett neðan við blómskipunina. Efri bikarvarartennurnar stuttar, snubbóttar, en neðri vörin klofin nærri til miðs. Krónan hjer um bil helmingi lengri en bikarinn, rauðbláleit með heilli, smátenntri, hjálmaga efrivör; krónupípan herpt saman neðantil og með hákransi að innan. — 10—30 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í valllendi og blómlendi. Mjög alg. á S. og SV.; víða á Au. og N., en þar helst við laugar; óf. á NV.

143. Galeopsis. Hjálmgras.

315. **G. Tétrahit.** Hjálmgras. — Stöngullinn upprjettur, venjulegast meira eða minna greindur, hnýttur um stönguliðamótin og stinnhærður, einkum neðan við hnútana. Blöðin langegglega, hvassydd, gróftennt og gishærð. Efstu blómkransarnir þjettstæðir, blómmargir, með þornyddum, lensulaga háblöðum. Bikartennurnar mjóar, nályddar, álíka langar eða lengri en bikarpípan. Krónan ljósrauð eða gulhvít

109. *G. Tetrahit*.

ljósgrænir. — Eyrarbakki SV. (Strf — Feilberg)! Vallanes Au. (H. J.)! § *L. amplexicaule*.

- B. Blöðin hjartлага eða eggлага, öll stilkud. Krónupípan bogin, mjó með hákransi að innan, — F. á n. st. í kaupstöðum og við bæi á SV. og N. § *L. purpureum*].

316. *L. intermedium*. Garðatvítönn. — Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður, lítt hærður, greinóttur neðantil; neðstu greinarnar opt jarðlægar. Blöðin stórtent eða öllu fremur tannsepótt, gishærð; neðri blöðin miklu stíklengri og venjulega minni en þau efri. Blómkransarnir með löngum millibilum. Bikarflíparnir stinnhærðir. Efri krónuvörin hvít-hærð að utanverðu. — 20—40 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Skriða í Hörgárdal N. (St.). Vex þar í gömlum kálgarði, og hefur vaxið þar stöðugt í mörg ár.

með rauðum blettum á neðri-vörinni. Krónupípan álíka löng eða styttri en bikarinn, hákranslaus að innan. — 15—60 cm. á h.

Vex í blómlendi og innan um gras. F. á nokkrum stöðum á SV. og S.

144. *Lamium*. Tvítönn.

- A. Blöðin nýrlaga. Krónupípan bein, hárlaus að innan.

1. Efríblöðin með örstuttum, breiðum stilk. Bikarflíparnir miklu lengri en bikarpípan, meira og minna útstæðir og opt rauðleitir. ∞ *L. intermedium*.

[2. Efríblöðin alveg stíklaus, greipfætt. Bikarflíparnir hjer um bil jafnlangir og bikarpípan, upprjettir með innbeygðum oddum að blómguninni lokinni og ætíð

55. *Gentianaceae*. Maríuvandarættin.

Hárlausar jurtir með móttstæðum, heilum og heilrendum, axlablaðlausum blöðum, sem venjulegast eru stíklaus, að minnsta kosti stöngulblöðin, og opt vaxin saman neðst. Stofnblöðin eru opt mörg saman í hvirfingu og stundum stuttstílkud.

Blómin venjulegast einstæð eða í kvíslskúf á greinendunum, tvískynja, regluleg, undirsætin. 3 ytri blaðkransarnir 4—5-deildir. Bikarinn opt mjög djúpklofinn. Krónan undin upp í knapplegunni (ut. *Menyanthes*) Frjóknapparnir snúa inn, og vintz opt upp á þá eptir frjóvarpið. Fræblöðin 2, og mynda 1 frævu, með einrýmdu egglegi. Eggsætin veggstæð, egginn mörg. Aldinið hýði. Fræin fræhvítumikil. — Allar plöntur af þessari ætt eru beiskar á bragðið.

A. Blöðin mótstæð, heil, stilklaus eða því sem nær. Blómin einstæð eða í kvíslskúf. Krónan venjulegast blá eða bláleit.

1. Krónan greinilega samblaða, pípulaga eða trektlaga og opt með kögruðum ginleppum. Frævan með stíl.

Gentiana.

2. Krónan sýnist alveg lausblaða og eins bikarinn. Frævan stíllaus með tveim frænisrákum eptir eggleginu endilöngu.

Pleurogyne.

B. Blöðin misstæð, 3-fingruð, stilkúð. Blómin í klasa. Krónan hvít, dálítið rauðmenguð að utanverðu, með stórum, útsveigðum, kögruðum flípum. Vatna- og mýrajurt.

Menyanthes.

145. *Gentiána.* Maríuvöndur.

I. Krónan með ginleppum.

A. Stöngullinn allur blöðóttur með greinum í blaðöxlunum. Bikarinn klofinn niður fyrir miðju.

1. Bikarinn 4-skiptur. Ytri bikarflíparnir tveir, breiðir, eggлага, þeir innri mjóir, lensulaga. *G. campestris.*

2. Bikarinn 5-skiptur. Bikarflíparnir lensulaga, opt mislangir, þeir lengstu stundum eins langir eða lengri en krónan. *G. Amarella.*

B. Stöngullinn og greinarnar blaðlausar ofantil. Bikarflíparnir eggлага, styttri en krónan. *G. tenella.*

II. Krónan ginleppalaus.

A. Krónan löng, pípulaga.

1. Bikarinn 5-strendur og 5-skiptur með jafnstórum og eins löguðum flípum eða tönnum. Krónan með útbreiddum, fagurbláum kraga. *G. nivalis.*

2. Bikarinn ferstrendur og 4-skiptur með 2 eggлага flípum og 2 lensulaga. Krónukraginn uppbrettur. *G. serrata.*

B. Krónan stutt, bikarlaga, ljósbláleit eða nærri hvít. Stofngreinar venjulega margar, grennri en aðalstöngullinn. *G. aurea.*

317. *G. campestris* *islándica. Maríuvöndur. (*G. c. L.* Grl. Isl. Isl.). — Plantan öll venjulega blámenguð. Stöng-



110. *G. campestris*
*islandica.

Vex líka í graslendi, en venjulega í lausari og rakari jarðvegi en uf. teg. Alg. um l. a.

ullinn upprjettur með upprjettum greinum, stinnur, ferstrendur, stofngreindur eða með greinum í stöngulblaðöxlunum eingöngu, blaðfár, stöngulliðirnir venjulegast miklu lengri en blöðin. Stofnblöðin niðurmjó, spaðalaga, bogstýfð; miðstöngulblöðin spaðalaga eða aflöng, fremur snubbótt, en þau efstu eggulensulaga eða langeggulaga, ydd eða jafnvel hvassydd. Blómin einstæð eða fá saman á stöngul- og greinendunum. — 4—20 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst. — Á tilbrigðinu

f. Hartmanniána er krónan opt hvítleit og plantan þá að öllu leyti ljósleitari.

Vex einkum á þurri, grasgróinni harðbalajörð. Alg. um l. a.

318. *G. Amarélla* *subaretica. Grænvöndur. (*G. A. L. Grl. Isl. Fl.*). — Plantan venjulega öll ljósgræn að lit. Stöngullinn upprjettur, opt dálítið stofnsveigður, greinóttur bæði um stofninn og ofar, stundum dálítið blámengaður. Blöðin lík og á uf. teg., nema stöngulblöðin eru venjulegas mjórri og lengri. Blómin einstæð eða fá saman á stöngul- og greinendunum, venjulegast legglöng og minni en á uf. teg. Bikarflíparnir mjög mislangir, þeir lengstu þrefalt lengri en bikarþípan eða meir. Krónan grænbláleit eða gulhvít, venjulegast 5-skipt. — 12—28 cm. á h. — Blmg. í ágúst.

319. *G. tenélla*. Maríuvendlingur. — Stöngullinn grannur, venjulega með mörgum, fínum, uppsveigðum stofngreinum, sem opt eru nærri jafnháar aðalstönglinum. Stundum er stöngullinn ógreindur, blómtypptur. Blöðin smá. Stofnblöðin öfugeggulaga. Stöngulblöðin mjóeggulaga eða sporbaugótt. Bikarinn klofinn í 4 (sjaldan 5) flípa, sem eru lítið eitt

misstórir. Krónan 4- eða stundum 5-skipt, ljósbláleit. Plantan öll blámenguð, einkum bikarinn og blaðbroddarnir, smávaxin, grennluleg. — 5—10 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum í óræktargraslendi og víðar. Alg. um l. a.

320. **G. nivális.** Dýragras. — Stöngullinn upprjettur, venjulegast greindur neðst í margar upprjettar, beinar, opt jafnháar, blómtypptar greinar. Blöðin alveg stilklaus, stofnblöðin breiðegglaða eða oddbaugótt, stöngulblöðin egglaða eða eggulensulaga, meira og minna ydd. Bikarfliparnir mjóir, hvassýddir, venjulega miklu styttri en bikarpípan. Krónukraginn 5-skiptur með mjósporbaugóttum flipum. — 5—20 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í mólendi og gróðurgeirum hátt til fjalla. Alg. um l. a.

321. **G. serráta.** Engjavöndur. — Stöngullinn upprjettur, stinnur, beinvaxinn, lítt greindur, eða greinist um stofninn í upprjettar, beinar, blómtypptar greinar, sem optast eru nokkurnvegin jafnháar og jafngildar. Stofnblöðin niðurmjó, dragast niður í stuttan stilk, spaðalaga eða mjóöfugegglaða, bogstýfð. Stöngulblöðin mjög fá og mjó, aflöng eða mjólensulaga, ydd. Blómin stór. Krónan fagurblá eða hvítflíkrótt, 4- eða sjaldan 5-skipt, með aflöngum, bogstýfðum flipum, smátenntum að framan. — 11—20 cm. á h. — Blmg. í ágúst.

Vex einkum á sendnum og deigum flæðiengjum. Alg. að heita má um l. a. nema S.; óf. þar enn.

322. **G. aurea.** Gullvöndur. — Stöngullinn upprjettur, með uppsveigðum stofngreinum og stuttum, upprjettum greinum í stöngulblaðöxlunum. Allar greinarnar grennri en aðalstöngullinn. Venjulegast er stöngullinn mjög blaðfár og liðalangur. Stundum eru stöngul- og greinliðirnir örstuttir, svo plantan verður mjög lágvaxin (*f. arenaria*). Stofnblöðin og jafnvel neðstu stöngulblöðin niðurmjó, stuttstilkúð, öfugegglaða eða spaðalaga, efri stöngulblöðin stilklaus, egglaða; efstu blaðpörin standa opt hvort við annað neðan við toppblómin, og mynda nokkurskonar reifar um blómin. Blómin annaðhvort einstæð á stöngul- og greinendunum (*f. uniflora*) eða fleiri saman í kollóttri eða sveipóttri skipun. Stundum eru toppblómin legglöng (*f. umbelláta*). Bikarinn

111. *P. rotata*.

klofinn niður fyrir miðju í 4—5 flipa, lítið eitt misstóra. Krónan 5- eða 4-skipt með lensulaga og greinilega broddyddum flipum. — 2 (*f. arenaria*) — 20 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex í graslendi, á sandflesjum og við sjó og víðar. Alg. um l. a.

146. *Pleurogyne*. Blástjarna.

323. *P. rotata*. Blástjarna. — Stöngullinn upprjettur, stinnur, venjulega marggreindur með löngum stofngreinum og styttri greinum í stöngulblaðöxlunum; allar greinarnar blómtypptar. Stofnblöðin spaðalaga, stöngulblöðin striklensulaga. Bikarinn 4-skiptur eða stundum 3-skiptur, fliparnir mjóir, striklensulaga, venjulega allmislangir, sumir þeirra stundum lengri en krónan. Krónublöðin blá, oddbaugótt, íhvolft. — 8—18 cm. á h. — Blmg. í júlí — Stundum örsmá, 1—2 cm. á h., ógreind og einblóma (*f. minima*).

Vex einkum á deiglendi og í mýrum. Viða um

l. a. Alg. á N.

147. *Menyanthes*.

Horblaðka.

112. *M. trifoliata*,

324. *M. trifoliata*. Reiðingsgras. — Jarðstöngullinn, er ýmist nefnist álptakólfur, mýrakólfur eða nautatág, langur og gildur, liðaður með himnukenndum lágblaðsslíðrum, skriðull eða marandi, greindur. Á greinendunum, er sveigjast upp úr vatninu eða mosanum, eru 3—4 slíðurfætt, stíklöng, þrífingeruð laufblöð með íhvolfum, öfugeggslaga, heilrendum eða gisbogtenntum smáblöðum, og 1 skástæður, blaðlaus, 12—20 cm. hár blómstöngull með blómfáum,

en þjettblóma, háblöðóttum klasa á endanum. Bikar og króna djúp 5-klofin. Fræflar og still fremur langir. Fræin stór, gljáandi. — Blmg. í júní.

Vex í tjörnum, keldudrögum og votum mýrum eða flóum. Verður stórvöxnust og þroskalegust í vatni. — Alg. um 1 a.

56. Rubiáceæ. Möðruættin.

Jurtir með kransstæðum, heilum og heilrendum blöðum. Í raun rjettri eru blöðin mótstæð með axlablöðum, sem eru eins stór, og líta eins út og blöðin sjálf. Blómin smá, nærri bikarlaus í samsettum skipunum, er standa í blaðöxlunum, regluleg, tvíkynja, 4-deild, nema fræblöðin eru aðeins 2, og mynda 1 frævu með tvírýmdu egglegi og 2 stílum. Aldinið tvíkleyft klofaaldin, deilaldinin hnetur. Fræin með fræhvítu.

148. Galium. Maðra.


- I. Blöðin snubbótt, broddlaus. Blómin hvít.
 1. Blöðin 3-tauga, 4 í kransinum. Stöngullinn stinnur, sljettur, smáhærður eða hárlaus. G. boreale.
 2. Blöðin 1-tauga, 3—4 í kransinum. Stöngullinn fingerður, læpulegur, meira og minna snarpur. Krónan opt 3-skipt. G. trifidum.
- II. Blöðin broddydd, eintauga.
 - A. Stöngullinn sljettur, þornháralaus.
 1. Blómin gul. Krónuflíparnir broddyddir. Stöngullinn smáhærður. G. verum.
 2. Blómin hvít. Krónuflíparnir broddlausir. Stöngullinn hárlaus, eða smáhærður neðantil. G. silvestre.
 - B. Stöngullinn snarpur af þornhárum, sem vita niður. Krónan hvít.
 1. Aldinið krókháralaust, minna að þvermáli en krónan. Stöngullinn fingerður, marggreindur. G. uliginosum.
 - [2. Aldinið krókhært, meira að þvermáli en krónan. Stöngullinn fremur grófgerður. F. á n. st. við bæi. § G. Aparine].

325. **G. boreale.** Krossmaðra. — Stöngullinn upp-rjettur, ferstrendur með blaðsprotum neðantil. Blöðin opt misstór í sama kransinum, snarprend, lensulaga eða striklensulaga, venjulegast breiðari niður, svo þau stytztu eru opt mjóegg-laga. Blómskipanirnar marggreindar, blómmargar. Blómin ilmsæt. Aldinið venjulegast með smákrókhárum. — 12—32 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex einkum í lyngmóum og skóglendi. Alg. á SV. og víða á N. og Au., en óf. á S. og NV.

326. **G. trifidum.** Þrenningarmaðra. — Stöngullinn þráðmjór, greindur, jarðlægur, eða rjettir sig upp með stuðningi af öðrum plöntum. Blöðin í sama kransi opt mjög misstór, aflöng, öfugeggslaga eða spaðalaga með snörpum, venjulega niðurorpnum röðum. Blómin fá saman, venjulega aðeins 2—3 í hverjum skúf. Krónan venjulegast þrískipt og fræflarnir 3. Aldinið hárлаust. — 4—20 cm. á l. — Blmg. í júlí.

Vex á deiglendi innan um stargresi og annað mýrgresi. Sjaldg. F. á 3 st. á N. og 1 st. á SV.



113. *G. verum.*

327. **G. verum.** Gulmaðra. — Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður, stinnur, allgrófur, greindur, að minnsta kosti ofantil. Blöðin 6—12 í kransi, mjóstriklaga, með niðurorpnum röðum, venjulegast snarphærð (*f. asperum*), ydd og með broddi. Blómskipanirnar á efri stöngulgreinunum, þjettar og blómmargar. Aldinin á beinum leggjum, sljett og hárlaus. — 16—32 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí.

Vex einkum á þurum valllendisbörðum, gömlum torfgirðingum o. v. Alg. um l. a.

328. **G. silvéstre.** Hvítmaðra. — Stöngullinn fingerður, venjulegast mjög marggreindur, jarðlægur eða uppsveigður, venjulega hárlaus, stundum smá- og stutthærður neðantil (*f. hirtum*). Blöðin 6—9 í kransi, allbreytileg að lögun, aflöng, lensulaga eða jafnvel öfugeggslaga (*f. obovatifolium*) með flötum eða niðurorpnum röðum, sljett og hárlaus eða snörp á röndunum og neðan á miðtauginni af smáþornhárnum, er vita niður (*f. asperifolium*). Blómskúfarnir venjulega fremur gisnir, en plantan engu að síður venjulega blómmörg. Aldinið hjer um bil sljett. — 8—20 cm. á h. — Blmg. í júní.

Á afbrigðinu

var. supinum eru stönglarnir margir, þýfnir, jarðlægir, með styttri liðum og breiðari blöðum en á aðalteg. Blómskipunin stutt.

Vex í lyngmóum, óræktarvallendi og innan um grjót. Mjög alg. um l. a. — Var. f. á n. st.

329. **G. uliginósum.** Laugamaðra. — Stöngullinn jarðlægur eða meira og minna upprjettur með stuðningi af plöntunum í kring, greindur og grennlulegur. Blöðin 6 í kransi, striklensulaga með niðurorpnunum, snörpum röðum. Aldinin dálítið snörp á upprjettum eða útrjettum leggjum. — 7—30 cm. á l. — Blmg. í júlí.


Mjög sjaldg. F. á 3 st. á SV. (t. d. Reykjavíkurlaugar) og á 1 st. á N. (Akureyri)!

57. Valerianáceæ Garðabruðuættin.

Jurtir með mótstæðum, fjaðurskiptum, axlablaðlausum blöðum. Blómin fremur smá, yfirsætin, í skúfum, er standa margir saman í stórum blómskipunum á stöngulendunum. Bikarinn margskiptur með hárfjöðruðum flípum, sem eru vafðir upp um blómgunartímann, en er aldinið tekur að þroskast, breiðast þeir út, og verða að fjöðróttum svifkransi ofan á aldininu. Krónan 5-skipt, fræflarnir 3 og 1 fræva með 3-rýmdu egglegi, 2 rýmin eru tóm, en eitt þeirra með 1 eggi, 1 stíll með 3-skiptu fræni. Aldinið hneta. Fræin fræhvítulaus.

149. Valeríána. Garðabruða.

330. **V. officinalis.** Garðabruða. (*V. sambucifolia* Mikan. Grl. Isl. Fl.). — Stórvaxin jurt með stuttum, opt renglöttum, þefsterkum jarðstöngli, sem notaður er til lækninga (augnarót). Stöngullinn venjulegast einstæður, ógreindur. Blöðin allstór, fjaðurskipt, neðstu blöðin stíllklöng, en þau efri stíllklaus. Bleðlarnir 6-9 hvorum



114. *V. officinalis.*

megin, lensulaga eða eggulensulaga, heilrendir, óreglulega tenntir eða tannsepóttir, hárlausir eða ógreinilega smáhærðir á röðunum og taugunum. Blómin alveg óregluleg, tvíkynja, smá, en mörg og þjettstæð, ljósrauð, holdlit eða nærri hvít. Hnetan nærri eggulaga, hærð eða hárlaus. — 32—80 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst. — Fögur jurt.

Vex í frjóu blómlendi á S. og SV. — Ræktuð á n. st. í gördum til skrauts.

58. Dipsacæ. Stúfuættin.

Jurtir með mótstæðum, axlablaðlausum blöðum. Blómin yfirsætin, tvíkynja, nærri regluleg, þjett saman í kalli eða körfuleitri skipun á sameiginlegum blómbeð, og stendur stundum hreisturkennt háblað eða ögn við hvert blóm, en um alla blómskipunina lykur tvöfaldur háblaðakrans, koll- eða körfureifarnar. Bikarinn er tvöfaldur, utan um aðalbikarinn, er skiptist í 5—8 hárkenda flipa eða geisla, er síðar verða að svifkransi á hnetunni, lykur 4-tenntur ytribikar. Krónan 4-skipt, fræflarnir 4 með ósamvöxnum knöppum og 1 fræva með 1 stíl og einrýmdu egglegi með 1 egg. Aldinið hnetu. Fræin með fræhvítu.



115. *S. pratensis*.

A. Blöðin heil. Blómbeðurinn með ögnum.

Succisa.

B. Blöðin fjaðurskipt. Blómbeðurinn hærður, agnalaus. *Knautia*.

150. *Succisa*. Stúfa.

331. *S. pratensis*. Stúfa.

— Jarðstöngullinn upprjettur, stuttur, þverstýfður að neðan. Stöngullinn uppsveigður með 2—3 blaðpörum, alveg ógreindur eða með blómkörfugreinum í efstu blaðöxlunum, hærður, og vita hárin niður neðst á stönglinum en upp ofantil, og eru þjettust neðan

undir körfunum. Blöðin meira eða minna hærð, einkum á röndunum, stilkuð, greipfætt með samvöxnum fótum. Stofnblöðin oddbaugótt eða sporbaugótt, stöngulblöðin venjulegast mjórri og smærri, lensulaga. Kollurinn hálfhnöttóttur um blómgunartímann, en verður hnöttóttur, þegar aldinin þroskast. Ytribíkarinn jurtkenndur, hærður, með 4 eggлага, broddyddum flípum; nærbíkarinn með 5 svifgeislum. Krónan blá, 4-skipt. — 15—35 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex einkum í gróðurmiklu blómlendi. Víða á S., en sjaldg. annarst.; óf. á NV. og N.

151. *Knautia*. Rauðkollur.

332 *K. arvensis*. Rauðkollur. — Stöngullinn uppjettur, stinnhærður, ógreindur eða með blómkörfugreinum í efstu blaðöxlunum. Blöðin hærð, flest stofnstæð eða neðantil á stönglinum, þau neðstu stilkuð, venjulega heil eða tannsepótt, aflöng eða lensulaga; hin blöðin fjaðurskipt með lensulaga bleðlum, endableðillinn stærstur; efstu blöðin stilklaus. Kollurinn hálfhnöttóttur. Ytribíkarinn óglöggt 4-tenntur. Nærbíkarinn venjulegast með 8 svifgeislum, helmingi styttri en aldinið. Krónan blárauð eða fjólublá, 4-skipt. Jaðarkrónurnar með lengri flípum en hvirfilkrónurnar eða þær, sem innar standa — 15—45 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex við Grásiðu í Kelduhverfi N. nærri bæ. Að líkindum slæðingur frá útl. í fyrstu, en hefur ílenzt hjer fyrir löngu.

59. *Campanuláceæ* Bláklukkuættin.

Jurtir með mjólkursafa. Blöðin misstæð, heil, axlablaðlaus. Blómin regluleg, yfirsætin, 5-deild, nema fræblöðin eru 3, og mynda 1 frævu með 3-rýmdu egglegi og 1 stíl með 3 frænum. Krónan blá, bjöllulaga. Aldinið fræmargt hýði, sem opnast á þann hátt, að göt koma á hliðarnar. Fræin með fræhvítu.

152. *Campánula*. Bláklukka.

- A. Krónan stór og víð, breiðflípótt, meira en helmingi lengri en bíkarinn. Stöngullinn venjulegast með fleiri en einu blómi. C. rotundifolia.
- B. Krónan fremur smá og þröng, nærri trektlaga, mjóflípótt, lítið lengri en bíkarinn. Stöngullinn ætíð einblóma. C. uniflora.

333. **C. rotundifolia.** Bláklukka. — Stöngullinn eða stönglarnir, sem venjulegast eru fleiri en einn á sama jarðstöngli, uppsveigðir, hárlausir eða örsmáhærðir neðantil. Blöðin öll hárlaus; stofnblöðin stíklöng, nýrlaga, hjartлага eða



116. *C. rotundifolia.*

nærri kringlótt, gróftennt eða nærri heilrend; neðstu stöngulblöðin lensulaga, en þau efstu striklaga. Blómin lotin í smáblöðóttum, gisblóma og venjulega blómfáum klasa með toppblómi; stundum er toppblómið eitt þroskað, svo stöngullinn er einblóma. Bikarinn hárlaus, bikarflíparnir langir, mjósýllaga, útsveigðir. Krónan stór. Stíllinn langur. Hýðið drúpanði og opnast neðantil. — 16—45 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí. — Allbreytileg að því, er snertir lögun blaðanna, stærð og tölu blómanna og hæð stöngulsins.

f. arctica. Blómin talsvert stærri en á aðalteg., venjulega einstæð. Stöngullinn lægri.

Vex í allskonar gróðurlendi að heita má. Aðalteg. mjög alg. á Au. og h. og h. í öðrum lhl.; *f. arct.* víða á Au.

334. **C. uniflora.** Fjallabláklukka, — Stöngullinn uppsveigður, alveg hárlaus og ógreindur, en venjulega fleiri en einn á sama jarðstöngli. Blöðin heilrend eða ógreinilega gistennt, hárlaus, nema stílkarnir á neðstu blöðunum eru stundum með gisnum, hvítum randhárnum. Neðstu blöðin stílklaus, lensulaga. Blómin lotin. Bikarinn hærður með breiðsýllaga, upprjettum flípum, sem eru styttri en bikarpípan. Krónan nokkuð djúpskert með fínhærðum flípum. — Hýðið upprjett, og opnast um miðjuna eða ofar. — 5—8 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex á háfjallamelum. Fjallið vestan við Hörgárdal N. (Ó. D. & St.). Viðvík N. (P. Z.)!

60. **Compósitæ.** Körfulómaættin.

Jurtir með misstæðum, axlablaðlausum blöðum, sem stundum eru í stofnhvirfing, heil eða meira og minna skert. Blómskipunin blómmörg karfa; er ýmist ein karfa eða fleiri á hverri plöntu, og standa þær þá opt í klasa- eða hálfveipleitum skipunum. Blómstæðið flatt, hvelft eða keilulaga, bert eða með himnuögnum við hvert blóm, en umhverfis það lykja körfureifarnar, sem opt eru margfaldar. Blómin yfirsætin, tvíkynja, einkynja eða kynlaus. Bikarinn lítt þroskaður, stundum með himnukraga, en venjulegast ummyndaður í marga hárkennda flipa, er verða að svifkransi eða svifi á aldininu. Krónan regluleg pípukróna með 5-tenntum kraga eða óregluleg, og breiðist þá venjulegast öll út til sömu hliðarinnar út frá körfumiðjunni, eins og ein blaðka væri, optast 5-tennt að framan, tungukróna. Yztu blómkrónurnar í körfunni, jaðarkrónurnar, eru opt öðruvísi að lögun en þær, sem innar standa, hvirfilkrónurnar, en stundum eru allar krónurnar eins. Fræflarnir eru 5, frjóknapparnir vaxnir saman í pípu um stílinn. Frævan tvíblaða með einrýmdu egglegi, 1 stíl og tvískiptu fræni. Aldinið einfræva, hnotkennt, og vex stundum upp úr því með þroskuninni trjóna eða stilkur, er ber svifið. Fræið fræhvítulaust. Skordýrfrævun.

I. Öll blómin með pípukrónum, venjulegast reglulegum, aldrei tungukrýnd.

A. Reifablöðin nálydd eða kögruð. Blómstæðið með þorn- eða hárkenndum ögnum. Stíllinn hnýttur efst, neðan undir frænisgreinunum.

1. Blómin öll regluleg, einkynja. Reifablöðin nálydd með útsveigðum oddi. Blöðin flipótt, þorntennt.

Cirsium.

[2. Jaðarblómin óregluleg, kynlaus, miklu stærri en hvirfilblómin með trektlaga krónu. Öll blómin fagurblá. Reifablöðin kögruð í oddinn. Blöðin striklensulaga, þyrnalaus. F. á n. st. á N., Au. og SV. við bæi. § Centauréa Cýanus].

B. Reifablöðin hvorki nálydd nje kögruð. Blómstæðið alveg agnalaust. Stíllinn óhnýttur.

a. Blöðin heil. Hvítlóhærðar eða mygluhærðar plöntur.

1. Blómstæðið flatt. Jaðarblómin kvennkyns, hvirfilblómin tvíkynja. Engar skriðular renqlur eða blaðsprotar. *Gnaphalium.*
 2. Blómstæðið hvelft. Blómin öll einkynja, karlblóma og kvennblóma körfur aldrei á sömu plöntu, tvíbýli. Skriðular renqlur eða blaðsprotar. *Antennaria.*
 - b. Blöðin skert. Plantan gisskúmhærð eða því nær hárlaus. Blómin gul. *Senecio.*
- II. Öll blómin, eða að minnsta kosti jaðarblómin, með tungukrónum.
- A. Jaðarblómin tungukrýnd, og kallast geislablóm, hvirfilblómin pípukrýnd. Enginn mjólkursafi.
- a. Aldinið sviflaust, stundum með himnukendum bikarkraga.
 - o. Blómstæðin með ögnum.
 1. Geislablómin með stuttum, kringluleitum hvítum eða rauðleitum krónum. Hvirfilblómin gulhvít. Körfurnar litlar, blómfáar, í hálfsvæip. *Achillea.*
 - [2. Geislablómin með langleitum, hvítum eða gulum krónum. Hvirfilblómin gul. Körfurnar blómmargar, einstæðar. Blöðin fjaðurskipt. Plantan öll meira og minna hvítloðin. F. á n. st. við bæi. § *Anthemis arvensis*].
 - oo. Blómstæðið agnalaust. Krónur geislablómanna langar, hvítar. Hvirfilblómin gul.
 1. Reifablöðin mislöng, sköruð. Stönglarnir með einstæðum, stórum körfum. Blómstæðið hvelft eða keilulaga. Blöðin tvífjaðurskipt. *Matricaria.*
 - [2. Reifablöðin jafnlöng. Stönglarnir blaðlausir með einni toppkörfu. Blöðin heil, í stofnhvirfing. Lítil snotur jurt F. á fám st., og víða ræktuð í gördum til skrauts. ∞ § *Bellis perennis*].
 - b. Aldinið með svifi.
 1. Geislablómin hvít, bláhvít eða fjólublá, hvirfilblómin gul eða rauðleit. Reifablöðin í mörgum krönsum, sköruð. Blöðin heil. *Erigeron.*

2. Öll blómin gul. Venjulegast engin geislablóm. Reifablöðin í tveim krönsum. Blöðin óreglulega fjaðurflipótt eða skipt. Senecio.
- B. Öll blómin tungukrýnd, gul. Mjólkursafi.
- a. Stönglarnir eða körfuleggirnir blaðlausir, öll blöðin stofnstæð.
1. Svífið hvítt, á löngum legg og með óskiptum geislum. Körfuleggpípan mjóst uppi undir körfunni. Taraxacum.
2. Svífið móleitt, legglaust, með fjöðruðum geislum. Körfuleggpípan víðust uppi undir körfunni eins og trekt í lögun efst. Leontodon.
- b. Stönglarnir venjulegast með 1 eða fleiri blöðum, opt blaðmargir. Svífið legglaust með óskiptum, móhvítum eða rauðleitum, stökkum geislum, er standa í einum eða tveim krönsum. Aldinin nærri sívöl, langgárótt.
1. Reifablöðin í 2 krönsum. Stöngulblöðin stilklaus, hjartfætt, og greipa um stöngulinn. Aracium.
2. Reifablöðin sköruð. Hnetan niðurmjó, stýfð að ofan. Hieracium.

153. Cirsium. Þistill.

335. *C. arvense*. Þistill. — Stöngullinn upprjettur, ógreindur eða greinóttur, hjer um bil hárlaus eða meira og minna skúmhærður, einkum ofantil. Blöðin stilklaus, greipfætt, og ganga blaðrendurnar meira eða minna niður á stöngulinn. Venjulegast eru blöðin hvítlóhærð á neðra borði (*f. incanum*). Körfurnar fremur smáar, eggлага, 2—5 saman á stögulendanum eða



117. *C. arvense*.

efri greinunum. Körfureifarnar blárauðmengaðar. Krónurnar blárauðar eða ljósrauðleitar, krónupípan bogin efst. — 20—45 cm. á h. — Blmg. í ágúst. — Tímgast mjög og breiðist út með rótsprotum.

F. á n. st. á N., Au., S. og SV. við bæi og vegi. Hefur að líkindum slæðst hingað í fyrstu, en er nú orðinn ílendur fyrir löngu.

154. *Gnaphálium*. Fjandafæla.

A. Körfurnar fremur fáar, í kollleitum skipunum (að minnsta kosti meðan þær eru ungar) á stöngul- og greinendunum. Blöðin öll striklaga eða striklensulaga. Smávaxnar jurtir.

1. Stöngullinn eða stönglarnir ógreindir. Jarðstöngullinn með blaðhvírfingssprotum. Körfurnar verða gisstæðar með aldinþroskuninni. *G. supinum*.

2. Stöngullinn greinóttur ofantil eða allt frá stofni. Engir blaðsprotar. *G. uliginosum*.

B. Körfurnar fjöldamargar í ax- eða klasaleitum skipunum á uppstönglinum.

1. Stöngulblöðin striklaga. *G. silvaticum*.

2. Stöngulblöðin lensulaga, frambreið. *G. norvegicum*.

336. *G. supinum*. Grámulla. — Fjölær. Stönglarnir upprjettir eða uppsveigðir, grannir, gisblaða og venjulega margir saman á greindum jarðstöngli. Blöðin og stönglarnir alklædd þjettum, hvítum lóflóka, og er svo til að sjá sem mygluskellur væru í fjallalautum, þar sem mikið vex af plöntunni. Körfurnar legglausear eða leggstuttar, einstæðar í efstu blaðöxlunum, en þjettstæðar, meðan þær eru ungar í kollleitri skipun efst á stönglinum. Þegar plantan er orðin aldinverp, standa þær strjálá. Stundum er aðeins ein karfa á stöngultoppnum. Reifablöðin með dökk móleitu himnufaldi. Blómin gulmóleit. Aldinin gishærð. — 3—9 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum til fjalla og á útkjálkum. Í lautum, sem snjó leysir seint úr, er oft mikið af henni. — Alg. um l. a.

337. *G. uliginosum*. Grámygla. — Einær. Stöngullinn upprjettur, blaðmargur, hvítlóhærður og eins blöðin, sem eru eintauga, striklensulaga og breiðari fram. Körfurnar mjög smáar, í kollum, er standa í blaðöxlunum ofantil á stönglinum og greinunum, en sjaldnar neðantil. Reifablöðin móleit með gulum himnufaldi. Blómin ljósgulleit. Aldinin hárlaus. — 5—10 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex við laugar og hverir á n. st. á SV. Óf. í öðrum lhl. með vissu.

338. **G. silvaticum.** Grájurt. — Stöngullinn eða stönglarnir upprjettir eða uppsveigðir, ætíð ógreindir, hvítlóhærðir. Blöðin eintauga, ydd, hvítlóhærð á neðra borði, en minna hærð eða nálega hárlaus á efra borði. Stofnblöðin lensulaga, frambreið. Stöngulblöðin styttest eptir því sem ofar dregur, miðblöðin ekki lengri en hin. Körfurnar í langri og opt gisinni, axleitri skipan. Reifablöðin græn, með móleitum himnufaldi. Blómin gulhvít. — 10—26 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex í þurum móabörðum og brekkum og opt við hverri og laugar. Viða á N. og SV. og á fáeinum st. í öðrum lhl. nema S.

339. **G. norvegicum.** Fjandafæla. — Stöngullinn eða stönglarnir upprjettir, venjulegast fleiri en einn og opt margir á sama jarðstöngli. Blöðin þrítauga, lóhærð báðum megin, þó opt minna á efra borðinu, öll lensulaga, frambreið; miðstöngulblöðin venjulegast lengst. Optast nær nokkru stórvaxnari, axið styttra og þjettara og reifablaðfaldarnir dökkbrúnni en á uf. teg. Að öðru leyti eru teg. þessar mjög líkar, og tengdar saman með milliliðum, sem opt er örðugt að segja um með vissu, til hvorrar tegundarinnar eigi að telja. — 14—35 cm. á h. — Blmg. í júlí.

Vex einkum í gróðurmiklum lautadrögum og geirum til fjalla. — Alg. um l. a.

155. **Antennaria.** Lójurt.

340. **A. alpina.** Fjallalójurt. — Stönglar og blaðsprotar venjulega margir á sama jarðstöngli. Stönglarnir upprjettir, ógreindir, en kvíslast efst í fleiri eða færri stutta körfuleggi. Blaðsprotablöðin spaðalaga eða öfugeggslaga, snubbótt, með broddi. Stöngulblöðin lensulaga, lítið hærð á efra borði, en að öðru leyti er plantan öll hvítlóhærð. Körfurnar í sveipleitum skúf á stöngulendanum. Reifablöðin ydd, með móleitum eða gráleitum, himnukenndum, útsveigðum oddi. Karlblómin gulleit, kvennblómin rauðleit 6—12 cm. á h. — Blmg. í júní. — Hjer á landi hafa aðeins fundizt kvennplöntur.

Vex í grýttum og ófrjóum jarðvegi, einkum til fjalla. Eingöngu f. á N.

156. *Achillæa*. Vallhumall.

- A. Blöðin tví—þrífjaðurskipt. Plantan öll meira eða minna dúnhærð. Geislblómin 4—6 A. Millefolium.
 B. [Blöðin heil, hvasstennt, striklensulaga, hárlaus eða því sem nær. Geislablómin 7—10. — Við Ölvesá hjá Laugardælum. (Guðm. læknir Guðm.). § A Ptarmica].

341. *A. Millefolium*. Vallhumall. — Jarðstöngullinn skriðull og með renglum. Stöngullinn upprjettur, ógreindur eða greindur ofantil. Blöðin lensulaga eða nærri striklaga, tví—þrífjaðurskipt með broddyddum smábleðlum. Körfuskipanirnar stundum svo þjettar, að þær líkjast fremur kolli en hálsveip. Aldinið sviflaust. — 12—45 cm. á h. — Blmg. í júní. — Talsvert breytileg jurt, að því er snertir lit geislakrónanna, hæring, lögun smábleðlanna og stærð.

118. *A. Millefolium*.

f. rubriflora með fagurrauðum geislakrónum og kollleitri körfuskipun.

f. lanáta með hvítlóhærðum körfuleggjum og blöðum og

f. magna 40—50 cm. á h. með 40 cm. löngum blaðsprotablöðum. Blöðin miklu breiðari en á aðalteg., þrískipt, með breiðri miðtaug og egglega smábleðlum. Stöngullinn marggreindur ofantil.

Vex í puru vallendi bæði ræktuðu og óræktuðu og stundum í sandi. Alg. að heita má um l. a. og í sumum hjeruðum vex svo mikið af honum á harðlendum hólatúnum, að mikill hluti töðunnar er vallhumall. Vallhumalstaða er talin gott kúafóður.

157. *Matricaria*. Baldursbrá.

- A. Blómstæðið hvelft. Reifablöðin með dökkum, ójöfnum faldi. M. inodora.
 B. [Blómstæðið keilulaga. Reifablöðin með hvítum, heilum himnufaldi. Geislakrónurnar niðurbrotnar, þegar aldinin taka að þroskast. Reykjavík (Móritz læknir Halldórsson). § M. Chamomilla].

352. *M. inodora* var. *phæocephala*. Baldursbrá.

— Stöngullinn upprjettur, ógreindur eða meira eða minna greinóttur, opt með mörgum, stofnstæðum, uppsveigðum blaðsprotum. Smábleðlar blaðanna örmjóir, striklaga, broddyddir. Körfurnar stórar, einstæðar eða nokkrar saman í hálfsvaip efst á stönglinum. Reifablöðin snubbótt með dökkbrúnum eða nærri svörtum faldi. Geislakrónurnar miklu lengri en reifarnar, útbreiddar og venjulegast þrítenntar að framan. Aldinin móleit, þverrákótt að utanverðu, með svifhimnukraga. — 20—45 cm. á h. — Blmg. í júlí.

119. *M. inodora*.

Vex í kring um bæi og í varpeyjum. Viða um l. a. Sumstaðar eru veggir og húspök alvaxin Baldursbrá, og stórir blettir umhverfis bæina.

158. *Erigeron*. Jakobsfífill.

- A. Smá, pípukrýnd kvennbóm milli geislablómma og hvirfilblómanna. Körfurnar optast fleiri en ein. *E. neglectus*.
 B. Engin pípukrýnd kvennbóm. Aðeins ein toppstæð karfa. *E. uniflorus*.

343. *E. neglectus*. Jakobsfífill. — (*E. alpinus* L. Grl. Isl. Fl.). — Stöngullinn upprjettur eða lítið eitt stofnsveigður, gáróttur, meira eða minna greinóttur ofantil, venjulegast mórauðleitur, alsettur ljósum, nokkuð stinnum hárum, og eru þau optast þjettust efst. Stundum eru stönglarnir fleiri en einn á sömu rót og marggreindir. Blöðin öll meira eða minna hærð. Stofnblöðin og stundum neðstu stöngulblöðin vængstilkkuð, spaðalaga, snubbótt, en broddydd. Stöngulblöðin stilklaus, lensulaga. Reifablöðin þjetthærð, blárauðleit eða græn, öll aðfeld. Geislablómin rauðblá eða hvít. Aldinið gulleitt, hært, styttra en svifið, sem er rauðgult eða gulhvítt. — 8—28 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex einkum í vallendi, ræktuðu og óræktuðu. Alg. um l. a.

344. **E. uniflorus.** Fjallajakobsfífill. — Smávaxin háfjallajurt með upprjettum, 1—5 cm. háum, hvítloðnum stöngli; er loðnan minnst neðst, en meiri ofantil. Stofnblöðin mörg í hvirfing, vængstilkud, öfugeggлага eða spaðalaga, snubbótt, broddlaus, lítt hærð eða því sem nær hárlaus. Stöngulblöðin stilklaus, striklaga eða lensulaga, hármikil, einkum á röndunum. Reifarnar og efsti hluti stöngulsins kafloðin af hvítum, hrokknum hárum og venjulegast dökkrauðblá. Neðstu reifablöðin eru opt útrjett. Geislablómin hvít. Annars mjög líkur smávöxnum plöntum af uf. teg., og væri ef til vill rjettast að telja hann háfjallatilbrigði af henni, en ekki sjerstaka teg. — Blmg. í júlí.

Vex á fjallamelum og öræfum á N.; óf. annarstaðar.

159. **Senécio.** Krossgras.

345. **S. vulgáris.** Krossgras. — Hárlaus eða meira og minna skúmhærð. Stöngullinn upprjettur eða uppsveigður og venjulega greinóttur. Blöðin greipfætt, þunn, óreglulega fjaðurskipt, hvasstennt, en tennurnar misstórar með ójöfnum millibilum. Körfurnar fremur smáar, í þjettum hálfsvaipum á stöngul- og greinendunum. Ytri reifablöðin dökkydd, miklu styttri en nærreifarnar. Blómin öll pípukrýnd. Aldinin aðhærð, djúpgárótt. — 15—30 cm. á h. — Blmg. í júní.

Vex í görðum, fjörusandi og möl í kaupstöðum og í nánd við þá. F. á n. st. í öllum lhl. nema NV. Líklega útlendur slæðingur í fyrstu, sem nú hefur ílenzt.

160. **Taraxacum.** Fífill.

A. Ytri reifablöðin niðurbrett.

T. vulgare.

B. Ytri reifablöðin aðfeld.

T. croceum.

346. **T. vulgare.** Túnfífill eða Ætifífill. (*T. officinale*. Gr. Isl. Fl.). — Rótin, vallarrótin, gild stólparót. Á rótarhöfðinu (jarðstönglinum) standa þjettar, blaðmargar stofnblaðhvirfingar, og upp frá þeim spretta blaðlausir, holir, sívalir, körfuleggir. Blöðin, sem nefnd eru hrafnablöðkur eða rótarblöðkur, eru lensulaga eða aflöng, klósagflipótt eða skipt með tenntum eða nærri heilrendum flipum eða bleðlum. Plantan öll hárlaus eða lítið eitt hærð, einkum er körfuleggurinn allopt með ofurlítilli hárló ofantil. Körfurnar einstæðar

á leggendunum, stórar. Blómin fagurgul, jaðarkrónurnar eru þó opt með blágráum langrákum á ytra borði. Reifa-blöðin öll striklaga eða mjólensulaga. Aldinin grængráleit, niðurmjó, broddótt ofantil með löngum sviflegg. Þegar plantan er orðin aldinverp, rjetta svifstilkarnir sig út úr reifunum og beinast í allar áttir, svifkransarnir breiðast út, reifarnar leggjast niður með leggunum og nefnist karfan þá biðu- eða bifukolla. — 5—40 cm. á h. — Blmg. í maí og svo allt sumarið fram um veturnatur, ef tíð leyfir.

Vex á túnum og alstaðar að heita má um l. a. Hin alpekktasta jurt á landinu.



120. *T. vulgare*.

347. ***T. croceum***. Engjafífl. (*T. palustre* D. C. Grl. Isl. Fl.). — Plantan opt blágræn og venjulegast alveg hárlaus. Blöðin eins og á uf. teg., en eru þó opt lítið skert, aðeins með gisstæðum smáflípum eða tönnum. Ytri reifablöðin eggulaga, en langydd. Aldinin gráleit, broddasmærri en á uf. teg., að öðru leyti mjög lík henni að útliti og stærð. — Blmg. í sama mund eða öllu seinna að vorinu.

Vex einkum í raklendi. Alg. um l. a., nema á S. er hans ógetið.

161. **Leontodon**. Skarifífill.

348. ***L. auctumnalis***. Skarifífill. — Upp úr stofnhvirfingunni spretta einn eða fleiri uppsveigðir, gishærðir eða þvínær hárlausir stönglar, sem venjulegast greinast ofantil í tvær eða fleiri greinar. Ofantil á körfuleggjunum eru örsmá háblöð, og þar er hárið líka þjettast, og því þjettara, sem nær dregur körfunni. Blöðin hárlaus eða því sem nær, löng, venjulega blágræn, klósagflípótt eða skipt með mjóum, strjáltennt-

um flípum, en stundum nærri óskert. Körfurnar einstæðar á stöngul- og greinendunum, allstórar, niðurmjóar. Körfureifarnar meira eða minna gráloðnar, stundum dökk-



121. *L. auctumnalis*.

hærðar (*f. Taraxaci*). Yztu krónurnar rauðrákóttar á neðra borði. Svifgeislarnir fjaðraðir. Aldinin þverhrukkótt. — 7—35 cm. á h. — Blmg. í júní—júlí og fram á haust.

Vex einkum í sendinni harðbala-jörð og víðar. — Alg. um l. a.

162. *Arácium*. Hjartafífill.

349. *A. paludósum*. Hjartafífill. — Stöngullinn upprjettur, holur, blaðfár, dökkrauður neðantil, venjulegast ógreindur, stundum lítið eitt greindur ofantil. Blöðin gistennt, og neðri hluti blöðkunnar opt allgróftenntur, neðstu blöðin dregin niður í styttri eða lengri, meira eða minna vængjaðan stilk, öflug-

egglaga eða sporbaugótt. Efri stöngulblöðin eru stilklaus, með eyrðum hjartfæti, aflöng, hjartlaga eða lensulaga, oddmjó. Körfurnar fremur smáar, í gisnum hálfsvaipum á stöngulendanum. Körfureifarnar alsettar löngum, svörtum kirtilhárum, nærreifarnar lensulaga, ytri reifarnar miklu styttri, mjóar, aðfeldar. Aldinið gulbrúnleitt, 10-gárótt. — 40—70 cm. á h. — Blmg. í júlí—ágúst.

Vex í lækjargróf í mýrarhalla mót vestri og í Búðartungugili hjá Hraunum í Fljótum N. (Ó. D.)! Óf. annarst. á l.

163. *Hierácium*. Undafífill.

I. Aldinin svört, lítil (1—2 mm.) með báróttum randbaug umhverfis efri endann. Svifgeislarnir jafnlangir, í einum kransi, hvítari og finni en í II. deild. Tímgast með renglum, sjaldnar með blaðhvirfingum eða jarðstöngulknöppum. Blöðin mjó, heilrend eða ógreinilega tennt. Pilosélla.

II. Aldinin svört, mórauð eða gulgrá, stór (3—4 mm.), með sléttum randbaug umhverfis efri endann. Svifgeislarnir mislangir, í tveim krönsum, móhvítir eða rauðleitir; ytri-geislarnir styttri en þeir innri. Tímgast með blaðhvirfingum, er spretta í yztu hvirfingsblaðöxlunum eða með jarðstöngulknöppum, aldrei með renglum. Blöðin venjulegast breið, tennt eða djúptannflípótt, sjaldnast mjó eða heilrend.

Archierácium.

A. Blöðin meira eða minna kirtilhærð á röndunum, aðal-
tauginni og stilknum, en auk þess með ógreindum
hárum og stjarnhárum¹⁾. Aldinin vanalega stór, dökk-
brún eða allt að því svört. Reifarnar stórar eða í
stærri lagi, opt víðar, hærðar mjög og meira eða minna
kirtilhærðar stundum, en sjaldnast eingöngu kirtilhærðar,
en jafnan alsettar mörgum, örsmáum kirtlum. Tímgast
með meira eða minna vel þroskuðum blaðhvirfingum.

Alpina.

B. Blöðin kirtilháralaus eða því sem nær.

a. Blöðin klædd grófum, tenntum hárum.

1. Aldinin stór, svört, Reifarnar stórar, þroska-
legar, opt víðar, meira eða minna hárprúðar.
Hárin ljósleit (eða dökk), venjulegast gróf og
opt stinn og burstkennd. Innan um þau standa
grófgerð kirtilhár og smá stjarnhár. Blöðin, og
einkum stöngullinn neðantil, með meira eða minna
grófum, tenntum hárum (á neðra borði eru
blöðin líka með stjarnhárum). Stöngulblöðin á
blaðmörgu tegundunum stilklaus, dragast að sjer
neðan við miðju, en breikka svo aptur neðst,
og eru opt með breiðum greipfæti. Á blaðfáu
tegundunum (1-blaða) eru blöðin aptur með
mjórri eða breiðari, meira eða minna breiðfætt-
um stilk. Krónurnar opt hærðar á ytra borði
og randhærðar að framan. Stíllinn optastnær
dökkur. Tímgast eins og uf. *Cerinthoidea*.
2. Aldinin stór, svört. Reifarnar stórar eða í stærri
lagi, meira eða minna gráhærðar, kirtilhærðar og

¹⁾ Í lýsingunum hjer á eptir er hár og hærður til styttingar haft um ógreind hár til aðgreiningar frá stjarnhárum og kirtilhárum.

stjarnhærðar og auk þess alsettar fjölmörgum, nærri stilklausum, gulrauðum smákirtlum. Blöðin meira eða minna blágráleit, með mörgum, opt stinnum og burstkenndum og allgreinilega tenntum hárum. Samskonar hár eru á stönglinum, einkum neðantil. Jaðarkrónurnar opt randhærðar fremst. Stíllinn gulur. Tímgast með blaðhvirfingum eða jarðstöngulknöppum. *Oreadea*.

b. Blöðin með ótenntum eða ógreinilega tenntum hárum.

o. Reifarnar smáar eða í smærra lagi. Reifablöðin meira eða minna stjarnhærð og venjulegast mest á röndunum.

1. Aldinin meðalstór, svört. Reifarnar klæddar hárum og kirtilhárum. Stundum er miklu meira af hárunum, stundum eru kirtilhárin aptur yfirgnæfandi, og auk þess er opt meira eða minna af stjarnhárum. Stöngullinn blaðlaus, einblaða eða blaðmargur, með ótenntum eða ógreinilega tenntum hárum. Jaðarkrónurnar sjaldan randhærðar. Stíllinn ljósleitur eða dökkur. Tímgast með hvirfingum eða jarðstöngulknöppum. *Vulgata*.

2. Aldinin í stærra lagi, svört, brún eða gulgrá (hálmgul). Reifarnar litlar eða í meðallagi. Reifablöðin snubbótt, með kirtlum og stjarnhárum og opt með ógreindum hárum innan um. Krónurnar venjulegast randhærðar í oddinn. Stöngullinn einblaða eða blaðmargur. Neðstu blöðin og miðstöngulblöðin stilk-uð, þau efstu stilklaus, en öll meira eða minna greipfætt. Tímgast með hvirfingum eða jarðstöngulknöppum. *Prenanthoidea*.

oo. Aldinin stór eða í meðallagi, svört. Reifarnar stórar eða í stærra lagi, hærðar, með stuttum, fínum kirtlum, stundum bæði án hára og kirtla, með örfáum stjarnhárum. Reifablöðin reglulega skrúfstæð, snubbótt eða bogstýfð, innri blöðin opt ydd. Krónurnar ætíð randháralausar í oddinn. Stöngullinn blaðmargur, með lensulaga eða

aflöngum, þjettstæðum, meira eða minna greipfættum og að mestu leyti stilklausum blöðum. Tímgastr með knöppum á jarðstönglinum.


Accipitrina.

I. Pilosella.

350. **H. islandicum.**

Islandsfífill (*H. floribundum* Wimm. var. *islandica* Lge. Grl. Isl. Fl.). Körfurnar meðalstórar, þjettar, í skúf. Blómin venjulega dökk-gul. Reifablöðin meira eða minna odddregin, bursthærð, með fáum kirtilhárum og örfáum stjarnhárum. Stöngullinn blaðlaus eða með einu blaði, alsettur löngum, stinnum bursthárum, ofantil opt stjarnhærður eða kirtilhærður. Renglurnar eru ofanjarðar; blöðin á þeim verða nokkru þjettari og stærri eptir því sem nær dregur rengluoddinum. Hvirfingsblöðin heilrend, spaðalaga eða lensulaga, bursthærð, stjarnháralaus. — Blmg. í júlí—ágúst.¹⁾

Alg. um l. a.



122. *H. islandicum.*

II. Archieracium.

1. **Alpina.**

- A. Körfurnar stórar, einstæðar eða fáar. Stöngullinn blaðfár, optast lágvaxinn. *H. alpinum.*
- B. Körfurnar meðalstórar, fleiri en ein, optast margar efst á stönglinum. Stöngullinn 1—2-blaða, hávaxinn. *H. nigrescens.*

¹⁾ Undafíflarnir blómgast yfirleitt seinni hluta júlímánaðar, í ágúst og fram í september.

451. **H. alpinum.** Fjallafífill. Körfurnar með smáum stoðblöðum. Ytri reifablöðin venjulega nokkuð laus, útstæð og mynda stundum nokkurnveginn greinilegar ytrireifar. Venjulegast eru reifarnar þjett- og langhærðar, með fáum eða mörgum kirtilhárum innan um hin hárin. Stöngulblöðin venjulega tannlaus eða lítið tennt, mjó. Hvirfingsblöðin smá, spaðalaga eða lensulaga, nærri heilrend eða gistennt. Stíllinn oftast gulur. Allbreytileg teg., er stundum með greindum stöngli, gishærðum reifum, dökkum eða ljósleitum hárum, breiðari og meira tenntum blöðum og dökkum stíl.

F. í öllum lhl.

352. **H. nigrèscens.** Hraunfífill. Körfurnar í skúfkenndri skipan, og standa þráðlaga stoðblöð við efstu körfurnar að minnsta kosti. Reifarnar svartgrænar, með greinilega sköruðum blöðum, með dökkum (sjaldan ljósleitum) hárum og kirtilhárum eða einungis með kirtilhárum og nærri stjarnháralausar. Stöngulblöðin breið, meira eða minna tennt, optast nær stilkud (að minnsta kosti neðsta blaðið). Hvirfingsblöðin eggлага eða sporbaugótt, meira eða minna tennt. Stíllinn dökkur eða ljósleitur. Breytileg teg. að því er snertir hæring reifanna og tenning blaðanna; svipar opt að útliti til *H. silvaticum*.

F. í öllum lhl.

2. **Cerinthoidea.**

353. **H. aretocerinthe.** Tígulfífill. Stöngullinn með einu blaði og fáum körfum. Stöngulblaðið tígullaga eða tígullensulaga, breiðast ofan við miðju, langytt með fleyglaga grunni, stilklaust, dálítið greipfætt. Hvirfingsblöðin 3—4. Ytri blöðin eggлага, snubbótt; innri blöðin eggлага eða lensulaga, meira eða minna ydd, með mörgum, lengri eða styttri, hvössum tönnum. Reifarnar 14—16 mm. á lengd, grágrænar, með gildum, stinum, burstkenndum, gráum hárum með stuttum og gildum, svörtum fæti, strjálingi af kirtilhárum og þjettri stjarnhæring á jöðrunum. Krónurnar breiðar, með löngum, stuttrandhærðum tönnum. Hjer um bil 50 cm. á h. — Breytileg teg., stundum með minni reifablöðum, blaðlausum stöngli og að útliti lík *H. silvaticum*.

F. á n. st. á Au., N., SV. og S.

3. **Oreadea.**

354. **H. Schmidtii.** Smittsfífill. Stöngullinn grófur eða grennlulegur, með 1 blaði eða blaðlaus og 1—5 körfum. Stöngulblaðið stilklaust, striklensulaga, þjett- og hvasstennt. Hvirfingsblöðin 3—6. Yztu blöðin eggлага, egg-lensulaga eða mjóoddbaugótt, tennt eða heilrend. Innstu blöðin egg-lensulaga eða lensulaga, þjettgróftennt með ójöfnum, yddum tönnum eða bjúgtennt, mjög hærð, einkum stilkarnir. Svo er og neðsti hluti stöngulsins. Reifarnar stórar eða meðalstórar, með niðurbreiðum, langyddum eða snubbóttum, þjettgrófhærðum blöðum, opt með miklum kirtilhárum og stjarnhæring á ytrireifablöðjörum. Innreifablöðin með ljósum jörum. Krónurnar stórar, langtenntar, með vörtukenndum randhárum í oddinn eða randháralausar. — Breytileg teg., stundum með fleiri en einu stöngulblaði, mjóum, minna tenntum blöðum og smáum reifum (*v. microdon*).

F. á n. st. í öllum lhl.

4. **Vulgata.**

- A. Stöngullinn blaðlaus eða 1—2-blaða. Hvirfingsblöðin mörg, optast breið. H. silvaticum.
 B. Stöngullinn (1—)2-blaða eða blaðmargur. Hvirfingsblöðin færri, optast mjó. H. murorum.

355. **H. silvaticum.** Skógafífill. Körfurnar smáar eða meðalstórar, í skúf eða sveip. Reifablöðin sköruð, aðlæg, með hárum, kirtlum og stjarnhárum, eða einungis með kirtlum og stjarnhárum. Stöngullinn blaðlaus eða 1—2-blaða. Stöngulblöðin meira eða minna stilkud. Hvirfingsblöðin mörg, breið, lensulaga, eggлага eða hjartлага, optast snarptennt, ójafntennt, og við grunninn með bjúgum tönnum, er opt vita niður á við. Þau eru opt tannflípótt, en sjaldan nærri heilrend. Stíllinn dökkgulur. — Breytileg teg., opt með löngum eða stuttum körfuleggjum, yddum eða snubbóttum reifablöðum, blágrænum eða dökkgrænum blöðum og meira eða minna hærð o. s. frv.

Alg. um l. a.

356. **H. murorum.** Hlíðafífill. Körfurnar smáar eða stórar, í gisnum eða þjettum skúf eða í sveip. Reifablöðin aðlæg, hærð eins og á uf. teg. Stöngullinn (1—)2—margblaða. Efri stöngulblöðin stilklaus, mjórri og minna tennt en á uf. teg. Hvirfingsblöðin færri en á uf. teg., lensulaga—aflöng, sjaldan

breið með niðurteygðum eða nokkuð bogstýfðum grunni, stutt eða löng, gistennt. Tennurnar beinast upp á við eða standa nokkurnvegin beint út. Stíllinn gulur eða dökkur. — Breytileg teg., stundum með strjálari og lengri körfuleggjum, stórum reifum, 1—2-blaða, gildum, lágu stönglum, fleiri og breiðari hvirfingsblöðum (*v. cæsiu*).

F. í öllum lhl., nema á NV.

5. *Prenanthoidea*.

A. Með hvirfingsblöðum.

H. *dovrense*.

B. Án hvirfingsblaða.

H. *prenanthoides*

357. **H. *dovrense*.** Dofrafífill. Körfurnar meðalstórar, í skúf. Reifablöðin sköruð, ydd eða snubbótt, hærð og kirtilhærð eða einungis með kirtlum og stjarnhárnum, og eru stjarnhárin opt á jöðrunum. Stöngullinn 1—margblaða. Stöngulblöðin gisin eða þjett, lítið lengri eða styttri en stöngulliðirnir, allbreið og tennt. Hvirfingsblöðin fá eða visna við blómgunina, nokkurnvegin lensulaga, gistennt eða þjetttennt. Stíllinn optast dökkur. Aldinin svört eða dumbrauð. — Breytileg teg., stundum með blaðfáum eða blaðmörgum stöngli, breiðum eða mjóum stöngulblöðum með ógreinilega eða greinilega eyrðum greiprunni og stuttum eða löngum körfuleggjum.

F. í öllum lhl

358. **H. *prenanthoides*.** Skrautfífill. Körfurnar smáar, með breiðum, snubbóttum reifablöðum. Reifablöðin meira eða minna þjettkirtluð og opt með þjettum stjarnhárnum til jaðranna og einstaka hári innan um. Stöngullum hávaxinn, blaðmargur. Stöngulblöðin þjettstæð, lengri en stöngulliðirnir, mjó, spaðalaga, lensulaga, nærri jafnbreið, heilrend eða lítið tennt. Hvirfingsblöðin vantar. Neðstu stöngulblöðin eru venjulega spaðalaga. Stíllinn optast dökkur. Aldinin gulgrá. Hinn stórvaxnasti og skrautlegasti undafífill á landinu. Blöðin neðan við miðjan stöngul þjettstæð með breiðum greipgrunni.

Vex einkum í skóglendi og hraunum. Alg. við Mývatn N. og víða umhverfis Breiðafjörð SV.

6. *Accipitrina*.

359. **H. *strietum*.** Brekkufífill. Stöngullinn með 6—8 blöðum og 2—3 körfum. 1—2 neðstu stöngulblöðin mjó-

lensulaga, aflöng, stuttydd, nærri heilrend eða broddtennt, stilkud, þau næstu 2—3 mjólensulaga, stilklaus, með mjóum, lítið eitt greipóttum grunni. Þá eru 1—2 blöð breiðlensulaga, stilklaus líka, en með breiðari og greipdýpri grunni; loks eru þau efstu mjólensulaga, stilklaus með bogstýfðum grunni og þau allra efstu mjóstriklaga og blárauðmenguð neðantil, einkum þau neðri. Reifarnar stórar, 12—14 mm. á lengd, grænsvartar; reifablöðin breið, þau ytri striklaga, snubbótt, en þau innri grunnbreið, uppmjó og opt dálítið tirjótt í oddinn, öll nema þau innstu með allmiklu, svartfættu hári og strjálum, smáum kirtilhárum Krónurnar breiðar, stutttenntar. Stíllinn dökk-leitur. — 40—50 cm. á h.

Hvammur í Hvammssveit SV. (St.).

FRÆÐIORDASKÝRINGAR.

Aðalblómskipun, sjá blómskipun.

Aðalrif, sjá rif.

Aðaltegund, til aðgreiningar frá deiltegund, afbrigði og tilbrigði (sbr. tegund).

Aðfellður, einkum um blaðsliður, sem eru svo þröng, að þau falla alveg að stönglinum, líka um blöð, sem liggja fast upp að stönglinum og þá sama sem aðlægur.

Aðhærður, þegar hárin falla alveg eða því sem nær að yfirborðinu, rísa ekki. Sje þeim þrýst fast niður, eru þau kölluð aðklemmd.

Aðlægur (*adpressus*), um blöð, greinar o. fl., er liggja fast upp með stönglinum, sem þau standa á.

Afbrigði (*varietas*), sjá tegund.

Aflangur (*oblongus*), kallast sá plöntuhluti, sem er 3—4 sinnum lengri en hann er breiður, og hliðarnar nærri eða alveg samhliða á nokkuð löngum kafla.

Aldin (*fructus*), er ummyndað eggleg, sem þá nefnist fræleg, með þroskuðum fræjum, og eru þau fest með fræstrengnum á fræsætið.

Aldinbær, um plöntu með aldinum.

Aldinhelft, aldinhlutinn eða deilaldinið af tvíkleyfu klofaaldini.

Aldin-kjöt eða **-hold** kallast hið lina, kjötkennda lag utan á steinaldinum og í sumum berjum.

Aldinleggur kallast blómleggurinn, eptir að blómið er fallið, og plantan orðin aldinbær,

Aldinstæði (*carpophorum*), kallast blómbotninn, þegar plantan er orðin aldinbær; breytist hann opt mjög eptir blómfallið, svo aldstæðið er opt allfrábrugðið því, sem blómbotninn var í fyrstu.

Aldintrjóna (*rostrum*). Svo kallast mjór rani eða hali á efri endanum á sumum aldinum, og myndast hún vanalega annaðhvort úr stílum eða blómbotninum, sem vex utan um og upp yfir aldinið og teygir sig fram í styttri eða lengri trjónu, t. d. svifleggurinn á tíflinum (*Taraxacum*). Oddurinn á starahulstrunum er og nefndur trjóna o. fl.

Aldinvarp kallast það, þegar plantan fellir aldinin fullþroska, og

Aldinverp er plantan þá kölluð.

Athliða. Mest um blómskipanir, þar sem blómin standa út til allra hliða, eða eru öllum megin á blómskipunarleggnum; líka haft um blaðskipun og hæring.

Alhærður, stöngull, sem hærður er öllum megin, gagnstætt einhliðhærður og tvíhliðhærður.

Allaga = sýllaga, mjótt, fremur slutt blað, breiðast neðst með beinum hliðum, og dregst jafnt fram í odd. Þegar það er með beittum oddi, kallast það nállaga.

Álútur (*cernuus*), helzt um blóm, þegar leggurinn er lítið eitt íbjúgur, svo blómið lýtur dálítið.

Ársproti er sproti, sem vaxið hefur á einu ári. Einkum haft um trje-kenndar plöntur. Sjá sproti.

Aukaríf, sjá ríf.

Ax (*spica*) er blómskipun með löngum blómskipunarlegg og legglausum blómum. Neðstu blómin opnast fyrst.

Axbær, um stöngul eða greinar, sem bera öx.

Axhelma kallast blómskipunarleggur axgrasanna.

Axhlífar, háblöð, sem standa á axleggnum.

Axkólfur er axleggurinn kallaður, þegar hann er gildur.

Axlablöð (*stipulæ*), sjá blað.

Axlaga = axleitur.

Axlarbrum, brum, sem stendur í blaðöxl til aðgreiningar frá toppbrum-inu á greinar- eða stöngulendanum.

Axleitur, um blómskipun, sem í fljótu bragði lítur út eins og ax, líkist axi, en er þó ekki ax.

Bakfaldur = bakvængur.

Bakkjölur, sjá kjalaður.

Bakríf, sjá ríf.

Baktýta, sjá týta.

Bandlaga (*linealis*) kallast löng, nokkuð breið blöð með jafnhliða blað-röndum.

Báróttur, mest haft um ójafna jaðra eða raðir, þar sem bæði hæðirnar og dældirnar eru nokkurn veginn eða alveg bogadregnar, og hjer um bil eða alveg jafnar.

Barrkenndur, um blöð, sem líkjast barri, þ. e. hinum nállaga blöðum barrtrjáanna.

Bastarður er planta, sem er afkvæmi tveggja plantna, sinnar hvorrar tegundar. Slíkir tegundablendingar eru alltiðir í víðisættinni og nokkrum fleiri ættum.

Bátlaga, blöð, agnir, skálplok, er líkjast bát í lögun, íhvolf, mjókka til endanna, og dragast þar saman og með kjölröð á bakinu, þ. e. hlið-inni, sem út veit.

Baukur (*theca*) er hýðisaldin, er opnast með loki, sem losnar, og fellur eins og húfa ofan af aldininu.

Beintauga (*rectinervius*) er blað, þar sem aðaltaugarnar liggja beinar og samsíða eptir endilangri blöðkunni.

Belghýði (*folliculus*) er einrýmt, einblaða hýðisaldin, er opnast um brjóst-sauminn.

Belgur (*legumen*), einrýmt, einblaða hýðisaldin, er opnast bæði um brjóst-og baksauminn, þ. e. rifnar í tvennt eptir endilöngu.

Ber (*bacca*), aldin með kjötkenndu, venjulega safamiklu frælegi, sem opnast ekki, og mörgum fræjum.


Berköngull (*galbulus*), sjá ættlýsing einisættarinnar bls. 15.

Bikar (*calyx*), sjá blóm.


Bilbleðlóttur (*interrupte pinnatisectus*), um fjaðurskipt blað, þar sem ofurlitlir smábleðlar standa í bilunum á milli stóru bleðlanna eða aðalbleðlanna.

Bjöllulaga (*campanulatus*), samblaða blómhlíf (bikar eða króna), sem er nokkurnvegin jafnvíð, aðeins lítið eitt þrengri um miðjuna, og slær sjer svo dálítið út í opið.

Blað (*folium*). Á blómplöntunum eru fernskonar blöð: Lágblöð, lauf-



123. A, tvö nállaga blöð; B, striklaga blað; C, lensulaga blað; D, aflangt blað; E, F, sporbaugótt blað; G, eggulaga blað;



124. H, hjartulaga blað; I, nýrlaga blað; K, örlaga blað; L, spjótulaga blað.

blöð, háblöð og blómblöð. Laufblaðið er fullkomnast. Hin blöðin eru í raun rjettri myndbreytingar eða ummyndanir af því. Aðalpartar fullkomins blaðs eru: blaðfótur, blaðstilkur og blaðka. Blaðfóturinn er neðsti hluti blaðsins, og tengir það við stöngulinn. Hann getur verið allbreytilegur að lögun. Þegar hann er breiður, og grípur að meira eða minna leyti um stöngulinn, kallast blaðið greipfætt. Stundum lykur hann eins og slíður um stöngulinn, og opt vaxa út úr

honum stærri eða minni blöðkuflpar sinn til hvorrar hliðar, er kallast axlablöð. Í lýsingunum er blað opt sama og blaðka.


Blaðbær, með blöðum.

Blaðfótur, sjá blað.


Blaðgrein, sjá blaðsproti.

Blaðgróinn (*viviparus*). Svo er plantan kölluð, þegar blómknapparnir verða að æxliknöppum, er springa út, meðan þeir eru á plöntunni, en í stað blómblaða vaxa smálaufblöð út úr þeim.

Blaðhvirfing kallast mörg blöð, sem standa hvert við annað vegna þess,



125. *a*, fjaðurskipt blað (eik); *b*, klósagflipótt blað (fifill); *c*, bilbleðlött blað af kartöflu; *d, e*, handskipt blöð (*e* = sóley).



126. *a*, þrífingrað blað; *b*, sjöfingrað blað; *c*, ójafnfjaðrað og *d*, jafnfjaðrað blað.

að stöngulliðirnir milli þeirra eru svo stuttir, og breiðast út til allra hliða. Algengast er, að blaðhvirfingarnar sjeu neðst á stofninum, og kallast þá stofnhvirfingar fyrir stuttleika sakir. Stundum eru hvirfingar á stöngul- eða greinendunum, topphvirfingar. Blaðhvirfings- eða aðeins hvirfingssprotar nefnast sprotar eða greinar, er aðeins bera blaðhvirfingar.

Blaðka (*lamina*), sjá blað.

Blaðkrans, 3 eða fleiri blöð, sem standa jafnhátt á stönglinum; líka haft um blómblöðin.

Blaðlangur, um grein eða sprota með löngum blöðum.

Blaðmargur, um stöngul, grein, hvirfing o. s. frv. með mörgum blöðum, gagnstætt blaðfár.

Blaðpar, tvö mótsæð blöð á stöngli eða grein eða smáblöð á fjöðruðu blaði.

Blaðröð =

Blaðrönd, jaðarinn á blöðkunni. Þegar hún er alveg heil, kallast blaðið heilrent, en tennt, þegar hún er með smáskerðingum.

Blaðslíður (*vagina*), sjá blað. Þau geta bæði verið opin (*vagina fissa*), þegar slíðurrendurnar eru ekki samvaxnar, heldur leggjast á misvíxl, eða mætast (t. d. á *Gramineæ*) og lokuð (*vagina integra*), þegar slíðurrendurnar eru vaxnar saman, (t. d. á *Cyperaceæ*). Slíður nefnast og hinur tenntu slíðurpípur, er blöðin mynda um elftingarstöngulinn, og er þar gjörður greinarmunur á stöngulslíðrunum, slíðrunum, sem eru á aðalstönglinum og greinslíðrunum.

Blaðsmár, með smáum blöðum.

Blaðsproti, sproti, sem ber aðeins blöð, engin blóm.

Blaðstilkur, sjá blað.

Blaðsveipur, blaðfá topphvirfing.

Blaðtaug (*nervus*). Taugar nefnast leggstrengirnir, sem ganga fram í blaðið. Þær liggja ýmislega, og kvíslast um blöðkuna. Fíngerðustu taugarnar eru oft nefndar æðar, en hinar grófari eru stundum kallaðar rif, sjeu þær upphleyptar. Sjá rif. Milli tauganna og taugagreinanna er blaðholdið.

Blaðþjettur, um stöngul og greinar með þjettstæðum blöðum.


Blaðöxl (*axilla*), hornið eða kverkin milli stöngulsins og blaðsins að ofanverðu.

Bládöggvaður, um plöntu eða plöntuhluta, sem hulinn er bláleitu, þunnu vaxlagi. Vaxdögg þessi er auðstrokin af.


Bleðill (*segmentum*). Bleðlar eru hinir einstöku smáhlutar af skiptu blaði kallaðir. Bleðlóttur, um blað eða smáblað, sem skipt er í bleðla. Sama sem skipt.

Blóm (*flos*) er sproti eða sprotaendi, sem hefur það hlutverk að annast um æxlun plöntunnar, og er því mjög umbreyttur og frábrugðinn hinum eiginlegu blaðsprotum, sem starfa aðallega að næringu plöntunnar. Stöngull þessa ummyndaða sprota nefnist blómleggur og efsti hluti hans, sem blómblöðin standa á í þjettstæðum krönsum eða hvirfingum, heitir blómbotn. Hann getur verið allbreytilegur að lögum. Í fullkomnu blómi eru fernskonar blöð. Blöðin í yzta kransinum eru venjulega græn, og nefnast bikar eða bikarblöð. Innan undir þeim er krónan eða krónublöðin, sem venjulega er öðruvísi lit en græn. Fyrir innan krónuna eru frjóblöðin, sem mynda fræflana, og fræblöðin innst, sem mynda frævuna eða frævurnar. Frjóblöðin og fræblöðin kallast einu nafni æxlunarblöð, því þau eru hin eiginlegu æxlunarfæri plöntunnar, en bikarinn og krónan nefnast einu nafni blómhlíf. Hún er kölluð einföld, þegar öll blöðin eru eins, eða þegar bikarinn eða krónuna vantar, annars tvöföld. Blómhlífarblöðin eru ýmist samvaxin á röndunum eða ósamvaxin; er þá bikarinn nefndur


samblaða eða lausblaða og blómið heilkrýnt eða lauskrýnt eptir því, hvort krónublöðin eru samvaxin eða ósamvaxin. Neðsti hluti krónublaðsins nefnist nógli og efri hlutinn, sem venjulega er breiðari, blaðka. Á samblaða eða heilli krónu heitir neðri hlutinn pípa, efri




Undirsætið blóm.



Hálfkringsætið blóm.



Kringsætið blóm.



Yfirsætið blóm.

127. *b*, bikarblöð; *k*, krónublöð; *st.* fræflar; *fr.*, eggleg; *g*, stíll; *a*, fræni.

hlutinn kragi, og gin, þar sem pípan og kraginn mætast. Þegar blómhlífina vantar, er blómið kallað nakið. Þau blóm, sem hafa einungis frjóblöð eða fræfla, en engin fræblöð, nefnist karlblóm, en hafi þau aptur fræblöð eða frævur, en vanti frjóblöð, nefnist þau kvennblóm. Vanti hvorttveggja, fræfla og frævur, er blómið kynlaust. Öll blóm, sem vantar einhver blómblaðanna, nefnist ófullkomin blóm.

Blóma, t. d. þríblóma, með 3 blómum.

Blómax = ax.

Blómbeður = blómstæði (*anthoclinium*). Sjá karfa.

Blómbotn (*receptaculum*), sjá blóm.

Blómbær, um plöntu, stöngul eða grein, sem er með blómum.

Blómfall (*defloratio*) kallast það, þegar blómhlífin fellur burt að nokkru eða öllu leyti, eða visnar, og aldinið tekur að þroskast.

Blómfár, með fáum blómum.

Blómgín, sjá blóm.

Blómgun (*anthesis*) er tímabilið, frá því blómknappurinn opnast, eða springur út, og þangað til blómið fellur, frævuninni og frjóvguninni er lokið.

Blómhlíf (*perigonium*), sjá blóm.

Blómhnoða eða **hnoða** (*glomerulus*) er skúfkennd blómskipun með leggstuttum, þjettstæðum blómum.

Blómklassi, sjá klasi.

Blómknappur (*alabastrum*), óútsprungið blóm.

Blómkollur eða **kollur** (*capitulum*) er hnöttótt eða stuttegglaga, venjulega reifablaðalaus blómskipun með leggstuttum eða legglausum blómum.

Blómleggur (*pedunculus*), sjá blóm.

Blómmargur, með mörgum blómum.

Blómskipun (*inflorescentia*) er það kallað, þegar fleiri eða færri blóm standa saman eða í nánd hvert við annað á sameiginlegum stöngli eða stöngulhluta með ákveðnu skipulagi, og studd háblöðum. Blómskipunin er annaðhvort ósamsett, þ. e. blómin standa beinlínis á aðalblómskipunarstönglinum eða blómskipunarleggnum, eða samsett, þegar blómskipunarleggurinn er greindur, og blómin standa svo á greinunum, en ekki á aðalleggnum. Blómskipunargreinarnar nefnast þá smáblómskipanir, gagnstætt aðalblómskipuninni. Blómskipanirnar eru ýmist miðfælnar, þegar efsta blómið eða toppblóm aðalleggsins springur fyrst út eða miðleitnar, þegar neðstu blómin springa út fyrst, og blómgast.

Blómskúfur, sjá kvíslskúfur.

Blómtypptur, um stöngul eða grein, sem endar í blómi.

Blómþjettur, með þjettstæðum blómum.

Blöðkugrunnur, það neðsta eða neðri endinn á blöðkunni, sá er festur er við stilkinn.

Blöðóttur, með blöðum.

Bogsagtenntur. Þegar útröð sagtannanna er ekki bein, heldur bogadregin, kallast blaðið bogsagtennt.

Bogstýfður (*rotundatus*), um blað eða blaðhluta, sem ekki er þverstýft fyrir endann, heldur meira eða minna bogadregið.

Bogsveigður, boginn plöntuhluti, er myndar nokkurnvegin reglulegan hringboga.

Bogtannsepóttur, sjá bogtenntur.

Bogtauga (*converginervius*) er blað, þegar taugarnar liggja í boga eptir endilangri blöðkunni, og koma saman neðst og efst, en lengst á milli þeirra um miðjuna.

Bogtenntur (*crenatus*), um blað með grunnum, hvössum skerðingum og bogdregnum smálaufum (bogtönnum) á milli skerðinganna. Þegar þessar tennur eru nokkuð stórar, nefnist blaðið bogtannsepótt.

Bogæðar, bognar æðar t. d. í krónublöðum.

Bolur, aðalstöngullinn, einkum á trjám.

Botnstæður, um egg, þegar þau eru fest á botninn í eggleginu = grunnstæður.

Brennihár, hár, sem gefa frá sér eiturvökva, og valda sviða, þegar þau stingast inni hörundið.

Broddarða, örlítill broddur.

Broddsýldur, með sýlingu í oddinn og ofurlítinn brodd í sýlingunni miðri.

Broddtenntur, með tönnum, sem enda í broddi.

Broddyddur (*mucronatus*), með broddi í oddinn. Einkum haft um plöntuhluta, sem væru snubbóttir fyrir oddinn, ef broddurinn væri ekki.

Brum, knappur eða blaðknappur (*gemma*) er óproskaður sprota- eða stöngulendi með óproskuðum, þjettstæðum blöðum, sem lykja um hann, og beygja sig yfir hann. Brumið er annaðhvort verjulaust, nakið, og svo er það á flestum jurtum, eða það er umlukt þjettum lágbloðum, sem kallast brumhlífar. Þessi hlífabrum eru einkum á trjám og trjekenndum plöntum í köldu löndunum, og myndast árið áður, en þau springa út. Það kallast laufgun, þegar brumin springa út, eða opnast, stöngullinn lengist, og blöðin breiðast út. Sbr. blómgun.

Brumhlífar (*perula*), sjá brum. Þær falla burt við laufgunina. Förin eptir þær heita brumför.

Brumlega, lega og innbyrðisafstaða laufblaðanna í bruminu eða blaðknappnum (*præfoliatio*) og eins blómblaðanna í blómknappnum (*æstivatio*).

Bugaður, með grunnri bugskerðing.

Bugðóttur, með smábugðum.

Bugóttur, um blöð með röndum, sem eru lítið eitt bugskertar.

Bugskertur, um blað með bugskerðingum í röndina. Sjeu þær grunnar, er blaðið bugtennt en bugsepótt, sjeu þær djúpar.

Burst, **burstkenndur**, striklaga, örmjór og stinnur plöntuhluti.

Dapurtauga = óskýrtauga, um blöð með óskýrum taugum.

Deilaldin, sjá klofaaldin.

Deildur, t. d. tvídeildur, þrídeildur o. s. frv., sem deilist í tvennt, þrennt o. s. frv., eða er deililegur með tveim, þrem o. s. frv.

Deiltegund (*subspecies*), sjá tegund.

Djúplægur, um jarðstöngul, sem liggur djúpt í jörðu.

Djúpstæður, um rót, sem stendur djúpt í jörð.

Drúpandi (*nutans*) er blóm kallað, þegar blómstilkurinn er svo boginn, að blómið veit niður.

Dúnhærður (*pubescens*), með stuttum, finum, mjúkum, en ekki mjög þjettum hárum.

Egg (*ovulum*). Svo kallast ein eða fleiri ofurlitlar, ljósleitar smámærur, sem myndast í eggleginu. Þau eru fest með eggstrengnum innan á brjóstsaumana eða hinar samvöxnu fræblaðrendur, er nefnast þá eggseti. Aðalhlutar eggsins eru auk eggstrengsins egghimnurnar (*integumenta*). Þær lykja um eggkjarnann, ýmist ein eða venjulegast tvær, hvor utan yfir annari, og er á þeim dálítið op, eggmunnninn (*micropyle*). Í kjarnanum liggur hið kvennlega frjóefni (eggsellan) falið í kímsekknum, stórri sellu, er liggur rétt innan við eggmunnnann.

Egglaga (*ovatus*), er sá plöntuhluti (blað, aldin o. s. frv.) kallaður, sem er hér um bil helmingi lengri en hann er breiður, og er breiðastur neðan við miðjuna. Hnatteggglaga, egglaga en nærri hnöttóttur.

Eggleg (*ovarium*), sjá blóm.

Egglensulaga, lensulaga blað, sem er í breiðara lagi, og breiðast neðan við miðju.

Eggoddbaugóttur, um oddbaugótt blað, sem er nokkru breiðara neðan við miðju en um miðjuna.

Eggstrengur (*funiculus*), sjá egg.

Eggsæti (*placenta v. oophorum*), sjá egg.

Einaldin, aldin, er myndast í blómi, sem aðeins hefur eina frævu, og klofnar ekki við þroskunina í deilaldin. Sbr. samaldin og klofaaldin.

Einbýli (*monoicia*). Einbýlisplanta er sú planta, sem hefur einkynja blóm, en karlblómin og kvennblomin eru á sama plöntueinstaklingi. Sbr. tvíbýli.

Einfaldur, sjá blómhlíf.

Einhliða (*unilateralis*), blómskipun, þar sem blómin snúa öll til einnar hliðar, eða standa aðeins einum megin á blómskipunarleggnum; tvíhliða, standi þau tveim megin. Blóm, blöð, greinar, hár, rætur o. s. frv., er standa svo, kallast einhliðstæð og tvíhliðstæð.

Einkynja (*diclinis*) er blóm, sem hefur ekki nema annaðhvort frjóblöð eða fræblöð fullþroskuð, gagnstætt tvíkynja blómi, sem hefur hvortveggja blöðin.

Einstakur =

Einstæður, um blóm, blómskipanir, strá o. s. frv., sem standa ein sjer, ekki fleiri saman.

Eintauga, um mjó blöð eða blaðkennda plöntuhluta, sem hafa aðeins eina taug eptir miðju.

Einær (*annuus*) er sú planta kölluð, er sprettur úr fræi að vorinu, blómgastr, fellir fræ samsumars, og deyr eða með öðrum orðum lýkur lífskeiði sínu á einu sumri.

Endasmáblað, sjá samsett blað.

Endastæður, gagnstætt hliðstæður, opt = toppstæður, einkum um blóm eða blómskipanir, sem standa á stöngul- eða greinendunum.

Eyrður, **tvíeyrður** (*auriculatus*), um blöð með útstæðum blaðsepum neðst á blöðkunni, sínum til hvorrar hliðar, líka um slíður.

Faldur nefnist himnukennd röð á háblöðum, blómhlífblöðum, slíðurtönnum o. s. frv.

Fallgjarn, um aldin, blóm o. s. frv., sem eru laus á leggnum, gjörn á að falla, hvað lítið, sem við þau er komið.

Felldur (*valvatus*) eða jaðraður er haft um þá brumlegu blaðanna, þegar blaðrendurnar í bruminu mætast aðeins, en leggjast ekki á misvíxl.

Fingraður (*digitatus*), sjá samsettur.

Fjaðraður (*pinnatus*), um blöð. Sjá samsettur. Líka um svifgeisla, þegar smágeislar ganga út frá aðalgeislanum til beggja hliða.

Fjaðurhærður = fjaðurlaga, um fræni, sem hárin standa á eins og fanir á fjöður.

Fjaðurflípóttur, **fjaðursepóttur** og **fjaðurskiptur**, sjá skertur.

Fjaðurtauga (*penninervius*) er blaðið kallað, þegar ein sterk taug gengur

eptir blöðkunni endilangri í beinu áframhaldi af stilknum, og smærri taugar ganga svo út frá þessari aðaltaug til beggja hliða eins og fanir á fjöður.

Fjöðróttur, um svifkrans eða svif með fjöðruðum geislum.

Fjölær (*perennis*) er planta, sem lifir fleiri en tvö ár, og blómgast venjulega opt.

Fleirbýli eða **margbýli** (*polygamia*). Margbýlisplöntur eru þær plöntur kallaðar, sem hafa bæði karlblóm, kvennbóm og tvíkynja blóm annaðhvort á sama einstaklingi eða sitt á hvorum.

Fleyglaga (*cuneiformis*) er það blað kallað, sem er breiðast efst, en dregst jafnt að sér niður á við eins og fleygur.

Flipaður, með smáflípum, einkum haft um krónuna, t. d. flipaðar varir á krónu. Líka =

Flipóttur, sjá skertur.

Flosa. Flosur nefnast himnukenndar hreisturflögur, einkum á burkna-blöðum.

Flosugur, með flosum.

Flotblað, blað, sem flýtur flatt á vatninu, gagnstætt kafblöðum.

Flotlægur, um stöngul, blöð o. s. frv., sem liggja á floti, eða fljóta á vatninu.

Flöskulaga, í lögun líkt og flaska, t. d. hulstur á störunum, sem eru víð neðantil, en dragast upp í mjóan stút.

Forblað nefnist háblað eða háblöð, sem standa á blómleggnum, og geta verið breytileg að lit og lögun. Sbr. ættalýsingar grasanna og hálfgrasanna.

Forðanæring, næringarefni, er safnast fyrir í vissum hlutum plöntunnar, t. d. rótinni á mörgum tvíærum plöntum (gulrófa, Brönugrös), jarðstönglinum (kartöflur, laukur o. fl.) eða í fræjunum, og geymist yfir veturinn, eða þángað til plantan byrjar nýtt þroskaskeið; neytir plantan þá þessa næringarforða, þar til henni eru sprottin svo blöð og rætur, að hún geti tekið til sín næringu úr lopti og jörðu.

Forðarót, rót, sem geymir forðanæring, og breytir venjulega mjög lögun, verður gildvaxin og hnöllótt, er líður á sumarið. Sjá forðanæring.

Fótstæður, um smágreinir eða greinanga, er standa á fæti annara greina eða neðst á þeim.

Framjaðraður (*emarginatus*), helzt um aldin, þegar hliðvængjajaðrarnir eða aldinraðirnar eru vaxnar fram, svo að sýling eða bugur myndast framan eða ofan í aldinið, líka haft um blöð.

Frjóblað (*pollenophyllum*), sjá blóm.

Frjófall = frjóvarp.

Frjóhirzla, sjá frævill.

Frjóknappur (*anthera*), sjá frævill.

Frjókorn, sjá frævill.

Frjókökkur (*pollinium*). Á sumum plöntum, t. d. Brönugrös, losna frjókornin ekki í sundur við þroskunina, heldur loðir allt frjóíð í hverri frjóhirzlu saman, og myndar þá frjókekki.

Frjór, um frævur og fræfla, sem eru fullþroska, og hafa þroskaðar æxlunarsellur.

Frjóvarp. Svo er það nefnt, þegar frjóhirzlurnar opnast, og frjóíð fellur úr þeim fullþroska, og kallast plantan þá.

Frjóverp.

Frjóvgun, sameining hins karllega og kvennlega æxlunarefnis, sem leiðir til fóstur- eða kímmyndunar; fer hún fram á þann hátt, að út úr frjókornunum, sem fallið hafa eða borizt á frænið, vex pípa niður stílinn, ofan í egglegið og inn í eggmunnnann, að kímsekknum. Hið karllega frjóefni eða sæði, sem liggur neðst í píputotunni, síast nú út úr henni inn í kímsekkinn, og samlagast hinu kvennlega frjóefni eða eggsellunni, og er þá frjóvguninni lokið. Eggseilan fer að vaxa og skipta sjer í sellur, er mynda kímið, eggmunnninn lokast, egghimnurnar verða að fræskurni, egglegið að frælegi, með öðrum orðum aldinið tekur að þroskast, og allar þær breytingar fara fram í blóminu, sem samfara eru aldinþroskuninni. Sbr, aldin og fræ.

Frjóþráður (*filamentum*), sjá frævill.

Fræ (*semen*) er frjóvgað og ummyndað egg með fullþroska kími (*embryo*) eða plöntufóstri. Aðalhlutar fræsins eru fræskurnið og kjarninn (*nucleus*). Í kjarnanum er kímið og auk þess opt mjölkennt efni, fræhvítan, sem myndast jafnframt kímínu, og er forðanæring, nokkurskonar nesti, sem móðurplantan leggur með fóstri sínu. Sbr. forðanæring. Stundum safnast forðanæring í sjálft kímið, helzt í kímblöðin, og þá eru fræin fræhvítulaus.

Fræblað (*carpophyllum*), sjá blóm.

Fræflar, sjá frævill.

Fræhirzla = fræleg (*perispermium*).

Fræhvíta (*albumen*), sjá fræ.

Fræleg, sjá aldin.

Fræni (*stigma*), sjá fræva.

Fræskurn (*integumentum seminis*), sjá fræ.

Fræstrengur (*funiculus*) er hinn ummyndaði eggstrengur, er festir fræið á fræsætið.

Fræsæti er hið ummyndaða eggseati eða sá hluti frælegsins, sem fræin eru fest á. Það er ýmist veggstætt, þ. e. innan á frælegsveggnum, eða miðstætt og þá annaðhvort svo, að fræblöðin eru beygð saman, svo rendurnar, sem fræin standa á, mætast í miðju fræleginu (fastmiðstætt fræsæti) eða þær eru undnar upp í dálitla fræsætissúlu í fræleginu miðju, er virðist vaxin upp úr blómbotninum í beinu áframhaldi af blómleggnum. Slíkt fræsæti er kallað lausmiðstætt. Sbr. arfaættina o. fl.

Fræull (*desma*), löng hár á fræskurninu eða fræstrengnum, t. d. á víðifræjum, dúnurtarfræjum o. fl.

Fræva (*pistillum*) er hið kvennlega æxlunarfæri blómsins, og er annaðhvort mynduð af einu eða fleirum fræblöðum. Aðalhlutar hennar eru: egglegið neðst, upp úr því stílinn, opt eins og mjór, sívalur stafur, og efst á honum er frænið. Stundum vantar stílinn, og þá er frænið ofan á eggleginu eða utan á því (legstætt), en stundum eru stílarnir fleiri enn einn. Frænið er til þess að halda frjókornunum föstum, sem falla eða berast á það. Það er ætið með vörtum eða hárum, er gefa frá sjer límkennt efni, og í því festast frjókornin. Frænið er ýmist heilt eða meira eða minna klofið, og þá eru frænisfliparnir eða separnir jafnmargir og fræblöðin, sem mynda frævuna, og sama er að segja um stílana, sjeu þeir fleiri en einn. Þegar aðeins eitt fræblað er í blóminu, myndar það auðvitað einungis eina frævu með einrýmdu egglegi, en sjeu

þau fleiri, mynda þau annaðhvort frævu hvert um sig, svo frævurnar í blóminu verða jafnmargar og fræblöðin, eða þau vaxa saman, og mynda í sameiningu eina frævu; er þá annað hvort, að blaðrendurnar mætast aðeins, svo egglegið verður einrýmt, eða þær beygjast inn á við, og mætast allar í miðju eggleginu, svo hvert blað myndar eitt legrými. Af frænissepunum, stílatölunni og egglegsrymunum má því ráða, hve margblaða frævan er. Sbr. blóm.

Frævill (*stamen*), flt. fræflar hið karllega æxlunarfæri blómsins. Hver frævill er myndaður af einu frjóblaði, og eru þau venjulegast fleiri en eitt í hverju blómi. Neðri hluti frævilsins er venjulega mjór, og kallast frjóþráðurinn. Efst á honum er frjóknappurinn. Hann skiptist í tvær tvírýmdar frjóhirzlur, og innan í þeim myndast frjóíð (*pollen*), sem skiptist í örsmá korn, en í þessum kornum er hið karllega frjóefni falið. Efri hluti frjóþráðsins, sem tengir frjóhirzlurnar saman, nefnist knappband. Sjá blóm.

Frævun (*pollinatio*) nefnist það, að frjóíð berst á frænið; verður það aðallega með þrennu móti. Annaðhvort fellur frjóíð úr frjóhirzlunum sjálfkrafa á frænið í sama blóminu, og kallast það sjálffrævun, eða það berst á fræni í öðrum blómum, sömu tegundar og þá annaðhvort með vindinum, vindfrævun eða með skordýrum, skordýrfrævun. Með vatninu berst og frjó sumra vatnsjurta, vatnfrævun. Vindfrævunarblómin eru venjulega smá, grænleit og að öllu óásjálæg, hunangslaus og ilmlaus. Skordýrablómin eru aptur venjulega fremur stór, og í þeim myndast meira eða minna hunang, sem er uppáhaldsfæða margra skordýra. En til þess að leiða að sjer athygli skordýranna eru blómin opt skreytt fögrum litum, og gefa frá sjer margbreytilegan ilm eða angan.

Frævustæði nefnist stundum hinn margvíslega lagaði blómbotn í þeim blómum, sem hafa margar frævur. Sbr. aldinstantæði.

Frævængur. Vængir kallast þunnar, flatar, opt himnukenndar raðir á sumum fræjum; eru þeir nokkurskonar sviðfæri, er gjöra fræjunum hægra fyrir að berast með vindinum. Sbr. vængir.

Gáróttur eða **gáraður** (*striatus*), með fínum, upphleyptum, jafnhliða, þjettum línum eða gárum og grunnum skorum á milli. Þegar gárurnar eru mikið upphleyptar, og skornar djúpar, kallast plöntuhlutinn gróf-gáróttur, djúpgáróttur eða stórgáróttur.

Gegnvaxinn, um blóm, þegar blómbotninn vex gegnum blómið og upp úr því, og ber annað blóm, en blómblöð neðra blómsins líta út eins og krans á blómleggnum. Stundum eru þrjú blóm hvert upp af öðru.

Geislablóm. Svo kallast tungukrýnd jaðarblóm í körfum, sem hafa pípukrýnd blóm að öðru leyti.

Ginleppur, smáhreisturflögur innan í krónublöðunum rjett í blómgininu, líka nefnt hjákróna.

Ginvarta, smábólur á sama stað og ginlepparnir.

Gisstæður, um plöntuhluta, sem standa með alllögum millibilum, standa gisið.

Graskenndur, um jurtir og blöð, sem líkjast grösunum (*Gramineæ*) að byggingu og útliti.

Grein er venjulega haft um stöngulgreinarnar sjerstaklega. Þó er líka talað um rótargreinar.

Greinangi, lítil grein, sem stendur á aðalgreininni.

Greinblað, blað, sem stendur á grein eða greinum, gagnstætt aðalstöngulblöðunum.

Greindur, um stöngul, sem greinist í tvær eða fleiri greinar.

Greinfótur, hið neðsta á greininni, sem tengir hana við stöngulinn, gagnstætt greinenda, efsta enda greinarinnar.

Greinhlíf. Svo kallast ofurlítið, himnukennt slíður, er lykur um greinfótinn á elftingunum.

Greinóttur (*ramosus*), með fleiri eða færri greinum.

Greinslíður, sjá blaðslíður.

Greipfættur (*amplectens*), sjá blað.

Greipóttur, um stilklaus blöð með greipgrunni og greipfættum blaðstilkum.

Gró (*spora*). Svo nefnast hin kynlausu tímgunarfæri blómlausu plantnanna. Gróin eru smásæ og mjög einföld að byggingu, aðeins ein sella eða fáeinar sellur. Þau myndast á þeim blómleysingjum, sem hér er lýst (Byrkningunum) í lokuðum smáhirzlum, gróblöðunum, og standa þær á blöðunum, gróblöðunum. Gróblöðin eru oft frábrugðin hinum öðrum blöðum plöntunnar, en stundum eru líka gróbæru og grólausu blöðin eins.

Gróblað, sjá gró.

Gróblettur (*sorus*). Svo nefnast smápyrpingar af gróhirzlum, er líta út eins og dálitlir, upphleyptir venjulegast móleitir blettir aptan á burkna-blöðunum.

Gróbær, um blöð, sem bera gró.

Grófall eða **gróvarp** kallast það, þegar gróhirzlurnar opnast, og gróin falla fullproska til jarðar.

Gróhirzla, (*sporangium*), sjá gró.

Gróhula (*indusium*), fingerðar, ofurlitlar hreisturhimnur, sem liggja um og yfir gróblettunum á sumum burknum, en falla burt við grófallið.

Grópaður, mest haft um blaðstilkka og mjóstriklaga blöð, sem eru með rás eða grópi eptir efra borðinu endilöngu.

Gróstöngull er sá stöngull kallaður, er ber gróblöðin, gagnstætt þeim stönglum, er bera aðeins grólaus blöð.

Gróstæði (*receptaculum*), ofurlítill upphækkun á sumum burknablöðum, sem gróhirzlurnar í hverjum gróbletti standa á.

Grunnbugaður. Blaðka, sem er með bugskerðing í neðra endann (grunnninn), nefnist grunnbugaður.

Grunnstæður, sjá botnstæður.

Grunnur (*basis*), það neðsta á blöðku, stilk o. fl.

Græna eða **grænuhorn**, hafa í sjer hið græna litarefni, sem gerir blöðin og hina jurtkenndu stöngla græna. Grænuhornin taka kolsýruna úr loptinu, ná úr henni kolaefninu, sem er aðalnæringarefni plantnanna, og vinna svo úr því ýms ný, lífræn efni, sem nauðsynleg eru plöntunni til viðhalds og þroska. Grænu-laugar plöntur eða plöntuhlutar geta ekki tekið kolsýruna úr loptinu, en verða að nærast á lífrænum efnum úr jurta-eða dýraríkinu.

Háblað. Háblöð kallast smá, ófullkomin blöð, sem standa ofanvið laufblöðin á blómskipunarleggjunum eða blómleggjunum. Þau eru nokkurs konar milliliður milli laufblaðanna og blómblaðanna. Háblöðin, sem

standa neðan við blómin eða blómleggina, nefnast blómstoðblöð, en þau, sem standa á blómleggnum sjálfum, nefnast forblöð, og eru jafnan mjög smá. Opt bera háblöðin annan lit en laufblöðin.

Hálffjaðraður. Hálffjaðrað er það blað eða blaðhluti kallað, sem er fjaðrað að nokkru leyti, en að nokkru leyti fjaðurskipt, t. d. neðri hluti blöðkunnar fjaðraður, en framhlutinn fjaðurskiptur.

Hálffkringlóttur, um plöntuhluta, sem er eins og hálffkringla í lögun.

Hálfkvísl = hálfskúfur.

Hálfmánalaga, í lögun eins og máni á fyrsta eða síðasta kvartili.

Hálfskúfur (*cincinnus*), miðfælin blómskipun, í raun rjettri einhliða kvíslskúfur, því blómskipunarleggurinn ber ekki nema eina hliðargrein. Þessi blómskipun líkist opt reglulegum klasa (*myosotis*). Sjá kvíslskúfur.

Hálfspjótлага, sjá spjótлага.

Hálfsveipur (*corymbus*), klasi með hjer um bil jafnháum blómleggjum. Neðstu blómleggirnir eru lengstir, en styttest, eptir því sem ofar dregur, svo þeir efstu eru stytztir. Hálfsveipleit er sú blómskipun kölluð, er líkist hálfsveip.

Hálffýrsætinn, sjá yfirsætinn.

Hálfförlaga, sjá örlaga.

Handskiptur, sjá skertur um blöð, líka haft um ræturnar á Brönugrösunum, af því þær líkjast hendi.

Handtauga (*palminervius*) kallast blað með þrem eða fleirum, nokkurnvegin jafnsterkum taugum, er ganga í ýmsar stefnur út frá stilkendanum, þar sem hann gengur inn í blaðröndina.

Hárdúnn, sjá dúnhærður.

Hárfjaðraður = fjaðurhærður.

Hárkögraður, sjá kögraður.

Hárló, sjá lóhærður.

Heill (*integer v. indivisus*), sem ekki er með djúpum skerðingum, gagnstætt skertur. Heilt blað (*folium integrum*) getur bæði verið heilrent og tennt.

Heilrendur (*integerrimus*), alveg heill með ótenntum, heilum röndum.

Helma er blómskipunarleggurinn í löngum miðleitnum blómskipunum kallaður, einkum á grösunum og hálfgrosunum. Gróblaðaxleggur elftinganna er líka kallaður helma, sá hluti hans, sem gróblöðin standa á.

Himnufaldur = himnujaðar, sjá faldur.

Himnuvængur, sjá vængir og frævængur.

Hjálmur (*galea*) er hin hvelfda efrivör á sumum varakrónum nefnd og hjálmlaga krónuvarir þær, sem líkjast hjálmi að lögun.

Hjárót. Hjárætur kallast allar rætur aðrar en frumrótin og greinar hennar. Sbr. stólpárót. Þær geta vaxið út úr stönglunum og stundum jafnvel út úr blöðunum, en einkum eru þær á jarðstönglunum, og eru þá opt þær einu rætur, sem plantan hefur.

Hjartfættur, um blöð með djúpskertum, hjartлага grunni.

Hjartлага (*cordatus*), líkur hjarta í lögun eða langskurðarfleti af hjarta, breiðastur neðantil, og dreginn fram í sljóvan odd með skerðingu í grunninn, er skiptir honum í tvo bogdregna sepa.

Hjóllaga (*rotatus*), um samblaða króna með flatt útbreiddum kraga og mjög stuttri pípu.

Hjúpur eða **hjúpaldin** heitir hið einkennilega samaldin á kyninu *Rosa*.

Smáaldinin standa innan í krukku- og aldinstæði, sem verður kjötkennt við þroskunina.

Hliðarbleðill eða **hliðbleðill**, bleðill, sem stendur út til hliðanna frá miðtaug blaðsins, gagnstætt endableðli eða oddbleðli fremst á miðtauginni.

Hliðarsmáblað, sbr. hliðarbleðill.

Hliðflatur (*compressus*), um flatvaxinn plöntuhluta með flatkantana til hliðanna.

Hliðflípi, sbr. hliðbleðill.

Hliðsnúinn = hliðundinn.

Hliðstæður, sem stendur til hliðar en ekki á endanum eða í toppnum, líka = einhliðstæður.

Hliðundinn, um plöntuhluta (blöð, rætur, blómleggi), sem vaxa út til ýmsra hliða á stönglinum, en vindast við á þá leið, að þeir snúa allir til sömu hliðar.

Hlíflaðkenndur, líkur blómhlífblöðum að útliti og byggingu.

Hneta eða **hnot** (*nux*), einfræva eða fræfátt, lokað aldin með þuru frælegi. Vængjaaldin eru hnetur með himnukenndum svífvængjum. Grasaldinið eða kornið er hneti, einkennileg að því leyti, að frælegið og fræskurnið eru vaxin saman, svo fræið er fast innan í fræleginu.

Hnoða, sjá blómhnoða.

Hnútur. Hnútar eru smápykkildi kölluð, sem opt eru á stönglinum, einkum við blaðfætturna, og er þá stöngullinn kallaður hnýttur.

Hreistur. Hreisturkenndur er sá plöntuhluti kallaður, sem líkist fiskhreistri, venjulegast haft um smá, himnu- eða skinnkennd lágblöð eða háblöð (hreisturblöð). Flöt og breið hár eru og nefnd hreisturkennd. Hreistraður er plöntuhluti, sem er með blað- eða hárhreistri.

Hringvafinn (*circinatus*), um blöð, blómskipanir o. fl., sem er vafið eða undið upp frá endanum eins og úrfjöður.

Hulstur (*utriculus*) nefnist hið krukku- eða flöskulaga forblað, sem lykur um kvennblómið á störunum.

Hulsturblað (*spatha*). Svo kallast eitt eða fleiri stór háblöð, er lykja um blómskipunina, áður en hún springur út. (*Zostera*).

Hunang (*nectar*) er sætur vökvi, sem myndast í sjerstökum kirtlum í ýmsum blómum. Það getur bæði myndast á blómblöðunum og blómbotninum eða stöngulhluta blómsins, og þessir hunangsberar geta verið mjög mismunandi. Opt safnast hunangið í sjerstök hunangsbúr, sem venjulegast eru smápokar niður úr krónu- eða bikarblöðunum, og nefnast sporar.

Hvirfilkróna eða **hvirfilblóm**, sjá karfa.

Hvirfing eða **hvirfingsblöð**, **hvirfingblaðaxlir**, **hvirfingbær**, **hvirfingstæður**, sjá blaðhvirfing.

Hýði eða **hýðisaldin** (*capsula*), fræmargt aldin með þuru frælegi, sem opnast, þegar það er fullþroska; heitir það ýmsum nöfnum, eptir því, hvernig það opnast. Venjulegt hýði opnast á þann hátt, að efri endinn lýkst upp með fleiri eða færri tönnum, (tannhýði).

Innbeygður, um krónublöð, sem beygjast saman upp á við, inn að blóm-miðjunni.

Jaðarblóm eða jaðarkróna, sjá karfa.

Jafnfjaðraður (*pari-pinnatus*), sjá samsettur.

Jarðlægur (*prostratus, humifusus*), stöngull, sem liggur með jörðunni að meira eða minna leyti án þess að festa rætur; spretti honum rætur, nefnist hann skriðull eða skreiður.

Jarðrengla, rengla á jarðstönglinum, sjá rengla.

Jarðstöngull (*rhizoma*) nefnist sá hluti stöngulsins á fjölærum jurtum, sem felst í moldinni, og lifir ár frá ári. Hann er ýmist lóðrjettur eða lá-rjettur, með mörgum hjárótum. Að haustinu ber hann eitt eða fleiri brum, er spretta upp vorið eptir, og verða að grænum loptstönglum eða ofanjarðarstönglum, er bera blöð og blóm. Þeir deyja að haustinu, en lifið felst í jarðstönglinum, liggur í dvala yfir veturinn, og vaknar svo aptur með vaxanda vori.

Jurt eða **jurtkenndur**, gagnstætt trje og trjekennður, haft um þá plöntu, sem hefur lítt trjenaðan, linan, safamikinn og venjulega grænan loptstöngul, er ekki lifir yfir veturinn, að minnsta kosti ekki nema að nokkru leyti. Jurtkenndur er og haft um einstaka parta af plöntum, sem hafa þessa eiginlegleika.

Kafblað (*folium submersum*), blað á vatnaplöntum, sem alltaf er í kafi niðri í vatninu, kaflægt, gagnstætt flotblaði, sem flýtur á vatninu.

Kamskiptur (*pectinatus*), fjaðurskipt blað með mjóum, nokkurnvegin beinum, þjettstæðum bleðlum, er standa þverbeint út frá miðtaug blaðsins eða því sem nær. Kambtennt kallast blað, sem er með mjóum, þjettum tönnum.

Karfa (*calathium*) er stutt, miðleitin blómskipun með legglausum blómum, þ. e. blómin standa öll jafnhátt á sameiginlegum, ýmislega ummynduðum blómskipunarlegg, er nefnist blómstæði, og utan um það standa himnukennd eða græn háblöð, sem kölluð eru körfureifar. Þær lykja um öll blómin eða blómskipunina, meðan hún er í knappi. Yztu blómin í körfunni, jaðarblómin, springa fyrst út og svo innri blómin, sem nefnd eru hvirfilblóm hvert af öðru, þau innstu síðast.

Karlblóm, sjá blóm.

Keilulaga (*conicus*), sívalur plöntuhluti, sem er gildastur neðst, en dregst upp í odd.

Kímblað (*cotyledon*), blöðin á kímínu eða plöntufóstrinu. Einkímablaðaplönturnar hafa aðeins eitt kímblað, tvíkímablaðaplöntur tvö, og nokkrar plöntur (barrtrje) hafa fleiri en tvö kímblöð. Þegar fræin gróa, vaxa kímblöðin annaðhvort upp úr moldinni, og verða græn og laufblaðkennd, eða þau liggja kyrr innan í fræskurninu. Hinir partar kímsins eru kímrotin, sem vex niður og kímbrumið eða stöngullinn, sem vex upp í loptið og ljósið.

Kirtildepill, kirtill, sem lítur út eins og smádepill á yfirhúð plöntunnar.

Kirtilhár, hár með dálitlum hnúð í broddinn, sem opt smitar úr límkennður vökvi. Kirtilhærður (*glandulosus*), með kirtilhárum eða kirtlóttur.

Kjalaður (*carinatus*). Kjalað er það blað kallað, einkum á grösum og hálfgrösum, þar sem blöðkuhellingarnir mynda horn milli sín eptir endilöngu, og miðtaugin er upphleypt eins og hvöss röð eða kjölur aptan á blaðinu. Tvíkjalað er blað með tveim kjölum eins og efri blómagnir grasanna og fleiri forblöð.

Kjarr nefnist lágur og kræklóttur runnagróður, en opt allþjettur.

Kjöllaga, kjöllaus, kjölur, sjá kjalaður.

Kjötkenndur, um lina og safamikla plöntuhluta.

Klasi (*racemus*), löng, miðleitin blómskipun með leggjuðum blómum.

Klasaleit blómskipun, sem líkist klasa.

Kleyfur, sjá klofaaldin.

Klifrandi planta eða **klifplanta** er sú planta kölluð, sem heldur sjer upp-
rjettri með sjerstökum gripfærum eða kliffærum svo sem vafþráðum o. fl.

Klofaaldin (*schizocarpium*), aldin, sem myndast af einni frævu, og er heilt í fyrstu, en klofnar í sundur, þegar það er fullþroska í jafnmörg (eða helmingi fleiri) deilaldin eða klofninga, og frævan var samsett at mörgum fræblöðum. Eptir því er aldinið kallað svo og svo margkleyft.

Klósagflípóttur, sepóttur eða **skiptur** (*runcinatus*), er haft um fjaðurskert blað, þegar skerðingarnar beinast upp eða fram á við (t. d. á fíflablöðkum).

Knapplega = brumlega. **Knappur** = brum.

Knjebeygður (*geniculatus*) kallast stöngull, sem er beygður, þar sem stöngullidirnir mætast á þá leið, að þeir mynda horn sín á milli, og liðamótin eru meira eða minna uppbólgin. Orðið er og haft um týtur, sem eru eins beyðar.

Knollur (*tuber*), um hnöllótta jarðstöngulhluta með einum eða fleiri knöppum (augum), t. d. kartaflan eða rætur, sem eru útbólgnar af forðanæringu, knollrætur. Knollrenglur nefnast jarðrenglur, sem bera knolla. Sbr. æxliknappur.

Kollur, sjá blómkollur.

Korn = grasaldin, sjá hneta.

Kragi, sjá blóm.

Kransstæður (*verticillatus*), um blöð, greinar, blóm o. fl., er standa jafnhátt stönglinum, en út til ýmsra hliða.

Kringluleitur (*rotundus*), nærri kringlóttur (*orbiculatus*).

Kringsætinn (*perigynus*), um blóm með íhvolfum blómbotni, er vex meira eða minna upp með eggleginu, án þess þó að vaxa saman við það, eins og skál eða krukka, og stendur blómhlífin og fræflarnir á skálar- eða krukkubörmunum.

Króna (*corolla*), **krónublöð** (*petala*), sjá blóm.

Krónu-flípar, separ eða **tennur** nefnast blaðhlutarnir eptir stærð milli skerðinganna á samblaða krónu eða krónukraga.

Krossmótstæður, þegar mótstæð blöð standa svo af sjer, að væru tvö blaðpör færð saman á sömu hæð, þá mynduðu þau rjettan kross.

Krukkulaga (*urceolatus*), samblaða króna með víðri bumbuvaxinni pípu, er dregst saman í opið með litlum kraga; líka um blómbotn eða aldinstæði, sem er líkt að lögun.

Kræklóttur, allavega óreglulega boginn og hlykkjóttur plöntuhluti.

Kvíslgreindur er sá plöntuhluti kallaður, er skiptist eða greinist í tvær (eða fleiri) þvínær jafnlangar greinar (tvíkvíslaður eða tvíkvíslóttur).

Þessar greinarnar svo skiptast aptur á sama hátt og svo hvað af hverju, kallast hann margkvíslóttur.

Kvíslgreip, hornið á milli tveggja kvíslgreina.

Kvíslhár, kvíslskipt hár.

Kvíslskúfur (*cyma*), miðfælin blómskipun, þar sem endablómið eða toppblóm aðalleggsins springur fyrst út. Neðan undir því eru tvær mótstæðar hliðargreinar, sem enda með blómi, og springa þau út næst á eftir aðaltoppblóminu. Fyrstu hliðargreinarnar bera svo aptur tvær samskonar hliðargreinar o. s. frv.

Kvíslvik = kvíslgreip.

Kylfulaga (*clavatus*) kallast sá plöntuhluti, sem er mjóstur neðst, en gildnar upp, og er gildastur efst, eða fremst.

Kynlaus (*neuter*), sjá blóm.

Köflóttur (*interruptus*) er klasi eða ax, þegar blómskipunarleggurinn er ekki allur jafnsettur blómum, heldur með lengri eða styttri blómlausum köflum.

Kögraður (*fimbriatus*) kallast sá plöntuhluti, sem er með löngum og mjóum tönnum á röndunum, sem kögur væri. Hárkögraður, með löngum randhárum.

Kögurskiptur, skiptur í kögurkennda flipa.

Körfureifar (*periclinium*), sjá karfa; stundum kallaðar aðeins reifar til styttingar og reifablöð í körfublómalýsingunum. Sbr. reifar.

Lágblað. Neðstu blöðin á plöntunni eða hverjum einstökum sprota nefnast lágblöð, þegar þau eru frábrugðin laufblöðunum, sem ofar standa og ófullkomnari að byggingu. Þau eru venjulegast himnu- eða skinnkenndar hreisturblöðkur. Hin himnukennda blöð á jarðstönglunum, t. d. litlu himnusneplarnir við kartöfluaugun, eru lágblöð, eins forðablöðin á lauknum. Sbr. brum.

Lang-framan við lýsingarorð táknar annaðhvort, að eitthvað sje í lengra lagi, t. d. langeggлага, eða það sje svo og svo á langvegin, t. d. langgáróttur, gagnstætt þvergáróttur. Langleitur, miklu lengri en breiður.

Langær (*persistens*), um plöntuhluta, sem vara lengi: einkum um blómhlíf, sem vara meðan aldinið er að þroskast, og ummyndast ef til vill, að lokum í sviffæri á aldinu, eins og opt á sjer stað með bikarinn. Sbr. skammær.

Laufblað, sjá blað.

Laufblaðkenndur, líkur laufblaði að byggingu og útliti, t. d. grænn og með reglulegu blaðholdi o. s. frv.

Laufbrum = brum eða blaðknappur.

Laukknappar og **laukkorn**, sjá æxlikorn.

Lausblaða króna og **lauskrýndur** (*eleutheropetalus*), sjá blóm.

Lausmiðstæður, um eggæti eða fræsæti, sjá fræsæti.

Lauspýfinn, sjá þýfinn

Legrými, hólf í egglegi eða frælegi.

Leggur, stöngulhluti, sem ber blómskipun, blóm eða aldin, og nefnist eftir því ýmsum nöfnum, blómleggur, axleggur, körfuleggur o. s. frv.

Lensulaga (*lanceolatus*) er blaðkenndur plöntuhluti eða blað, sem er hjer um bil þrefalt lengra, en það er breitt, með bogadregnum hliðum og oddmjótt í báða enda. Egglensulaga, lensulaga blað, sem er í styttra lagi og lítið eitt breiðast neðan við miðju.

Liðaður er sá plöntuhluti kallaður, sem er með einum eða fleiri liðum eða rjettara liðmótum, þ. e. þverveggjum, sem skipta honum í tvo eða fleiri

liði eða liðhluta. Sbr. knjebeygður. Á stönglunum er liðmót og liður líka haft í nokkuð annari merkingu. Sjá stöngulliður.

Lóhærður (*tomentosus*), með linum, mjúkum, venjulegast alla vega samflæktum hárum, sem hylja yfirborðið alveg, eða því sem nær, eins og ljósleit hárló eða lóflóki. Þegar hárlagið líkist myglu, er plantan eða plöntuhlutinn oft kallaður mygluhærður.

Lokaður, sjá blaðsiður; líka haft um aldin, sem ekki opnast, þegar þau eru fullproska.

Loptstöngull, stöngull, sem vex upp í loptið og ljósið = ofanjarðarstöngull, gagnstætt jarðstöngli.

Lotinn = álútur, um stöngla blómskipanir og blóm.

Marandi (*submersus*), vatnsplanta eða plöntuhluti, sem ekki nær upp á yfirborð vatnsins, en marar í kafi.

Mergjaður, um strá og stöngla, sem eru fylltir merg, gagnstætt holur.

Miðrif = miðtaug, sjá fjaðurtauga.

Misstæður (*sparsus*), helzt um blöð, þegar eitt blað stendur við hvern stöngullið eða með öðrum orðum, hver stöngulliður endar með einu blaði, í stað þess hann endar með tveim blöðum, þegar þau eru mótstæð og fleirum, þegar þau eru kransstæð. Það er og haft um greinar og blóm, sem standa svo, og bleðla og smáblöð á blöðum, er ekki standa hvort á móti öðru, ennfremur fræ á fræsætinu, er þau standa á víxl; ætti fremur að heita víxlstæð.

Mjó- framan við lýsingarorð táknar, að það sje í mjórri lagi, sem um er að ræða, t. d. mjóeggлага, mjólensulaga, mjósporbaugótt o. s. frv.

Mjólkursafi er venjulega mjólkurlitur, beiskur vökvi, sem myndast í sjerstökum pípum í sumum plöntum, og flýtur út úr sárinu, þegar skorið er í plöntuna, t. d. fífil.

Mjúkur viðkomu, gagnstætt snarpur.

Mótstæður (*oppositus*), um blöð, sem standa tvö og tvö, hvort á móti öðru, við hver stöngulliðamót. Sbr. misstæður og kransstæður.

Líka um bleðla, er standa hvor móti öðrum, tveir og tveir.

Mygluhærður, sjá lóhærður.

Nagllangur, eingöngu um krónublöð, sem hafa langa og venjulega mjóa nögl, t. d. krónublöðin á holurt, gagnstætt naglstuttur. Sbr. blóm.

Nakinn (*nudus*), sjá blóm.

Nállaga (*acicularis*), mjó, stinn blöð með venjulega hvössum, stingandi oddi, nálydd (*pungens*).

Nettauga, þegar taugarnar mynda greinilegt tauganet.

Niðurbrotinn, alveg brotinn aptur á bak og niður, helzt um krónuflipa.

Niðurorpin, um blaðrönd, sem er orpin niður á við á þann hátt, að neðra borðið er íhvolft, efra borðið kúpt. Sje varpið svo mikið, að blaðröndin vefjist alveg saman, kallast hún niðurundin.

Niðurteygður, um blöð, þegar blöðkurnar eða blöðkujaðrarnir ganga meira eða minna niður á stilkinn, svo hann verður vængjaður, ofantil að minnsta kosti. Líka haft um körfureifagrunn, þegar hann smámjókkar niður í legginu. Sbr. vængir.

Nýrlaga (*reniformis*) kallast blað eða annar plöntuhluti, sem er breiðari

en hann er langur, bogadreginn fyrir efra endann og með bugskerðing, nýrkrika að neðan.

Næfur, korklagið á birkiberkinum, sem flysjast frá, eptir því sem bolurinn gildnar, en vex jafnharðan aptur.

Næragnir (*lodiculæ*), sjá ættlýsinguna á *Gramineæ*.

Nærbíkar, gagnstætt ytribíkar, sjá það orð.

Nærreifar, innstu körfureifablöðin.

Nöbbóttur (*papillosus*), alsettur örsmáum nöbbum, sem sjást opt ekki nema með sjónauka.

Nögl (*ungvis*), sjá blóm.

Oddbaugóttur (*ellipticus*), blað eða annar plöntuhluti, sem er hjer um bil helmingi lengri en hann er breiður, breiðastur um miðjuna með bogadregnum hliðum, en jafnyddur í báða enda.

Oddbrúskauður, um körfureifablöð með ofurlitlum hárbrúsk í oddinn.

Oddbugaður (*retusus*), með ofurlitilli bugskerðingu í oddinn.

Oddreginn (*acuminatus*) = langyddur eða oddlangur, plöntuhluti, sem er dreginn fram í langan, mjóan odd (odd, sem er takmarkaður af hvössum, langörmuðum þríhyrningi).

Oddnuminn = oddbugaður, en heldur minna, bugurinn enn minni, rjett að hann sjest.

Oddstýfður, sjá þverstýfður.

Ofkrýndur. Svo eru blómin kölluð, þegar krónublöðin eru fleiri, en þau eiga að sjer að vera, en fræflarnir færri. Sum frjóblöðin hafa þá orðið að krónublöðum, en ekki náð rjetttri mynd og lögun. Stundum verða flest æxlunarblöðin krónublaðkennd.

Ófrjór er haft um plöntur, blóm, fræfla og frævur, sem ekki hafa þroskuð kynefni eða æxlunarefni.

Óreglulegur (*irregularis*). Svo eru blómin kölluð, þegar blöðin í hverjum kransi eru mismunandi að stærð og lögun, og blómið verður ekki klofið nema eptir einni línu, svo að helmingarnir verði eins (einsýmmetrisk blóm). Reglulegt kallast það aptur, þegar blöðin í hverjum kransi eru eins, með sömu millibilum, og standa eins út til allra hliða, svo blómið verður klofið á fleiri en einum stað á þann hátt, að klofningarnir sjeu eins (fleirsýmmetrisk blóm).

Ósamsettur, sjá blómskipun og samsettur.

Óskertur, skerðingalaus, heill.

Pensillaga (*penicillatus*), plöntuhluti (helzt fræni) með mörgum hárum, er standa öll út frá einum depli eins og ofurlítill skúfur.

Pikkaður (*punctatus*), með örsmáum, þjettum holum, eins og yfirborðið væri pikkað með finni nál.

Pípulaga króna eða **pípukróna** (*corolla tubulosa*) kallast samblaða króna með langri, hjer um bil eða alveg jafnvíðri pípu og litlum kraga.

Rákóttur (*lineatus*), með langrákum eða línunum, sem bera annan lit.

Randbeygður, um flatan plöntuhluta, sem er boginn á röð, en ekki á flatkantinn.

Randflatur. Svo eru þau blöð kölluð, sem eru svo hliðflöt, að þau virðast standa á röð á stönglinum, en í raun rjetttri svára raðkantarnir á

þeim til efra og neðra borðs á öðrum blöðum og flatkantarnir til raðanna. Opt eru þau dálítið randbeygð ofan til, svo þau verða lík sverði í lögun, sverðlaga.

Randheill = heilrendur.

Randhærður (*ciliatus*), um blöð eða blaðkennda plöntuhluta með útstæðum hárum á röðunum, en að öðru leyti lítið hærðir eða hárlausir.

Randrif, sjá rif.

Reglulegur (*regularis*), sjá óreglulegur.

Reifar (*involutum*) kallast þjettstæð háblöð, sem lykja um þjetta blómskipun, t. d. sveip. Sje skipunin samsett, heita reifablöðin, er standa um stórskipunina stórreifar, en smáreifar þau, sem lykja um smáskipanirnar. Háblöðin, sem lykja um körfuna, hafa sjerstakt nafn, sbr. körfureifar og karfa.

Rengla (*stolo*). Renglur kallast langar og grannar, lárjettar, jarðhuldar eða jarðlæggar greinar eða sprotar, sem spretta annaðhvort út frá jarðstönglinum, jarðrenglur, eða stofninum, ofanjarðarrenglur. Þær eru venjulegast skriðular og með lágbloðum; spretta ræturnar út við blaðfætuna, til þess að veita brumunum, sem standa í blaðöxlunum, næga næringu og jarðfesta þau, svo þau geti síðar meir orðið að sjálfstæðum plöntum, þegar renglurnar slitna í sundur, og þau losna frá móðurplöntunni.

Renglóttur (*stolonifer*), stöngull, planta eða jarðstöngull með renglum.

Rekill (*amentum*), sjá víðisættina bls. 69.

Rennulaga, langt og mjótt blað með langrás eptir endilöngu efra borði, og líkist rennustokk í lögun.

Rif (*costa*) kallast upphleyptar línur eða raðir á yfirborði ýmsra plöntuhluta, t. d. á deilaldinum sveipjurtanna; er þar gjörður greinarmunur á aðalrifjum og aukarifjum, bakrifjum þeim, sem eru á úthlið aldinisins, hliðinni, sem veit frá kloffletinum og randrifjum, sem eru til hliðar, báðum megin við klofflötinn. Aðaltaugarnar í blöðunum, sem mest eru upphleyptar kallast og stundum rif, en eigi er það fyllilega rjett.

Rifgarður = rif.

Rifjaður, með rifjum, gagnstætt rifjalaus.

Rót (*radix*). Fjórir eru aðalhlutar fullkominnar plöntu: rót, stöngull, blöð og hár. Allir hlutar plöntunnar eru eitthvað af þessu fernu, hve breytilegir, sem þeir eru að lögun. Rótin er sá hluti plöntunnar, sem vex niður í jörðina, til þess að ná næringu úr henni, og halda plöntunni fastri. Yngstu og finustu rötargreinarnar eða rötarangarnir eru alsettir örfinum hárum, og það eru þessi rötárhár, sem aðallega ná vatninu og næringarefnunum úr jarðveginum. Þegar stofnrótin (hin þroskaða kímrot) heldur áfram að vaxa, og verður að niðurmjóum rötربول í beinu áframhaldi af stönglinum, með mörgum greinum, sem eru miklu finni en meginrótin, kallast hún stólpárot. En þegar margar rætur, allar hjer um bil jafngildar og greinfáar, vaxa niður úr bolstofni plöntunnar, er rótin kölluð trefjarót.

Rótskeytur er sá plöntuhluti kallaður, er skýtur rótum, eða sem hjárætur spretta út úr.

Rótsproti er grein eða sproti, sem sprettur úr brumi á sjálfri rótinni; má ekki villast á þeim og sprotum, sem standa á jarðstönglinum.

Rúmkleyfur (*loculicidus*). Svo eru þau hýðisaldin kölluð, er opnast á þann hátt, að rúmin eða hýðisrýmin rifna eða klofna sundur eptir endilöngu.

Runnur eða **runni** er trjekennd planta kölluð, sem greinist þegar við rótina í margar stöngulgreinar, sem venjulegast eru meira eða minna kræklióttar á íslenskum runnum og opt jarðlægar. Þjettur gróður af allstórum runnum nefnist kjarr. Hálfrunni er runkennd planta með jurtkenndum ársprotum, t. d. blóðberg, rjúpnalauf o. fl.

Rykkirendur. Svo eru blöðin kölluð, þegar rendurnar eru með smárykkingum eða bárufellum.

Rými (*loculus v. loculamentum*) kallast hólfín í eggleginu og fræleginu eða aldininu; kallast egglegið og aldinið einrýmt, tvírýmt, þrírýmt o. s. frv. eptir því, hve rýmin eru mörg. Skilrúmin eða skilveggirnir (*dissepimenta*) myndast venjulega af fræblaðaröndunum, sem beygjast inn, og mætast í miðju eggleginu. Samskeyti blaðrandanna heita brjóstsaumur, en baksaumur heitir miðtaug blaðsins og vegg-saumur, þar sem hliðar blaðanna mætast, og gróa saman.

Sagtenntur (*serratus*). Svo kallast tennt blað, þegar bæði skerðingarnar og tennurnar eru yddar, og tannoddarnir vita fram. Tvísagtennt er blaðið, þegar aðaltennurnar eru aptur með smátönnum.

Samaldin er aldin, sem myndast í blómum með mörgum frævum, og er þessvegna samsett af mörgum smáaldinum.

Samax, samsett blómskipun, þar sem bæði aðalblómskipunin og smáblómskipunirnar eru ax, t. d. á axgrösunum. Samaxhelma, aðalaxleggurinn.

Samblaða (*gamopetalus*) **króna** eða (*gamosepalus*) **bíkar**, sjá blóm.

Samsettur (*compositus*), um blómskipunir, sjá blómskipun. Blað er kallað samsett (*folium compositum*), þegar blaðkan skiptist í fleiri eða færri hluta, sem eru líkir hver öðrum að stærð og lögun, og líta út eins og sjerstök og sjálfstæð blöð. Blaðhlutarnir kallast þá smáblöð. Þau eru stundum liðfætt og stilkúð, og falla af hvert fyrir sig, þegar þau visna. Samsett fjaðurtauga blað kallast fjaðrað, stakfjaðrað, þegar það endar í einu stöku smáblaði, sem er fremst á miðtaug aðalblaðsins (endasmáblað), en jafnfjaðrað, þegar það endar með tveim mótstæðum smáblöðum. Samsett handtauga blað nefnist fingrað og stjörntauga blað hjóllaga. Þegar smáblöð á samsettu blaði eru samsett, kallast blaðið tvísamsett, t. d. tvífjaðrað.

Samstofna, tveir eða fleiri stönglar, sem ganga út frá sameiginlegum stofni.

Samvafin. Svo kallast blöðin, þegar þau eru vafin saman frá hliðinni eða á langveginn á þann hátt, að annar blaðhelmingurinn er fyrst vafinn saman inn að blaðmiðjunni, og hinn helmingurinn vefst svo þar utanyfir.

Saumur (*sutura*). Svo nefnast langlínur á eggleginu eða aldininu, sem opt eru dálítið upphleyptar, og eru þær annaðhvort miðtaugar fræblaðanna, er nefnast baksaumur (*sutura dorsalis*) eða samskeyti blaðrandanna, er nefnast brjóstsaumur (*sutura ventralis*). En vegg-saumur (*sutura parietalis*) nefnast samskeyti fræblaðanna, þegar þau mynda fleirrymt eggleg, og gróa saman á hliðunum milli baksaumsins og brjóstsaumsins. Hinar samgrónu hliðar verða þá að skilrúmun milli

leggrýmanna, en blaðrendurnar eða brjóstsaumarnir mætast allir í eggleginu miðju, og verða að fastmiðstæðu eggseti. Sbr. rými.

Sella. Sellur nefnast frumpartar plöntunnar og allra lifandi hluta. Aðalpartar fullkominnar sellu eru selluhýðið, er lykur um frumið (*protoplasma*), kvoðukent efni, og í því liggur sellukjarninn (*nucleus*). Svo er og í sellunum meira og minna af vökva, sellusafinn.

Sepóttur (*lobatus*), sjá skertur.

Sigðlaga (*falcatus*), plöntuhluti, sem er beygður á röð í hálfhring, líkt og sigð.

Sígrænn (*sempervirens*), um plöntur eða plöntuhluta, sem eru grænir árið um kring, visna ekki eða falla að haustinu.

Silkihærður (*sericeus*), með mjúkum, stuttum, aðlægum hárum, er gjöra yfirborð plöntunnar eða plöntuhlutans silkigljáandi.

Skakkegglega, egglega blað, sem gengur meira út til annarar hliðarinnar, annar blöðkuhelmingurinn breiðari.

Skakktígullaga (*deltoideus*), sjá tígullaga.

Skálpur (*siliqua*), tvíblaða, tvírýmt hýðisaldin með tveim veggstæðum fræsætum, er opnast með tveim lokum. Þau ljúkast upp neðanfrá og uppeptir, og falla burt, en fræsætin standa eptir á skálpleggnum eins og umgjörð um skilrímið. Það er himnukennt, og lítur út eins og dálítill skjágluggi, þegar lokin eru dottin af. Stíllinn er langær, og verður að skemmri eða lengri trjónu á skálpinum.

Skammær (*deciduus*), plöntuhluti, sem varir skamma stund, eða fellur að minnsta kosti venjulega af plöntunni, jafnskjótt og hlutverki hans er lokið, t. d. blómhlífin eptir blómgunina, brumhlífarnar eptir laufgunina o. s. frv.

Skaraður (*imbricatus*), um þjettstæð blöð, sem liggja hvert utan yfir öðru á þann hátt, að þau ytri hylja rendurnar á þeim, sem innan undir eru, líkt og hreisturflögur á fiski eða hellur á þaki.

Skástæður (*obliquus*), um stöngla, sem ekki standa lóðrjettir, heldur hallast meira eða minna. Líka um greinar, blómleggi o. s. frv., sem ekki standa beint út frá stönglinum, sem þær standa á, heldur beinast meira eða minna upp á við.

Skertur, með allstórum skerðingum. Skert blað (*folium incisum*) kallast blað með nokkuð stórum skerðingum, stærri en svo, að þær verði kallaðar tennur. Eptir dýpt skerðinganna er blaðið kallað sepótt, þegar þær ná þriðjung leiðar og allt að því hálfa leið frá blaðröndinni inn að miðtauginni á fjaðurtauga blaði, eða að blaðgrunninum á handtauga blaði, flipótt, þegar þær ná hálfa leið og allt að tveimur þriðju hlutum leiðar, og skipt, nái skerðingarnar alveg eða því sem nær inn að miðtauginni eða blaðgrunninum, án þess þó að blaðhlutarnir, sem þá kallast bleðlar, liti út sem sjálfstætt blað. Sbr. samsettur. Separnir, fliparnir og bleðlarnir geta aptur verið með skerðingum, og blaðið þá orðið tvísepótt, tvíflipótt eða tvískipt o. s. frv. Lýsingarorðin sepóttur og flipóttur eru og höfð um fleiri skerta plöntuhluta, og partarnir á milli skerðinganna kallaðir separ og flipar eins og á blöðunum, t. d. frænissepar, krónuflipar o. s. frv.

Skinndenndur, um blöð eða blaðkennda plöntuhluta, sem eru seigir og þybbnir í sér líkt og þyrrið skinn eða leður.

Skiptur, skipt blað (*folium sectum*), sjá skertur.

Skipun, opt styttr fyrir blómskipun. Svo er og opt talað um skipun eða niðurskipun blaða, greina og annara plöntuhluta.

Skjaldlaga (*peltatus*), kringlóttir eða kringluleitir, flatir plöntuhlutar á stilk eða fæti, sem eru festir neðan á kringluna miðja eða því sem nær.

Skordýrfrævun, sjá frævun.

Skriðull (*repens*), sjá jarðlægur.

Skrúfæður, um blöð, er standa svo, að lína, sem dregin er um öll blaðstæðin og milli þeirra, liggur eins og skrufgangur um stöngulinn. Svo eru öll misstæð blöð.

Skúfur, **skúfkenndur**, um blómskipun, sem er nokkurs konar skúfur, sbr hálfskúfur og kvíslskúfur.

Skúmhærður (*arachnoideus*), með löngum, finum hárum, sem eru alla vega ofin saman, og liggja eins og ormavefur frá einni ójöfnu á aðra.

Slíðurhimna (*ligula*), ofurlítill himnubleðill, ýmislega lagaður og mismunandi að stærð þvert yfir blaðið innanvert á grösum og hálfgrösum, þar sem slíðrin og blaðkan mætast.

Slíðurtennur eru blaðoddarnir á elftingablaðaslíðrunum kallaðir, af því þeir líta út eins og tennur á slíðurpípuopinu.

Slæðingur. Slæðingar eða slæðingsplöntur nefnast þær plöntur, sem vaxið hafa upp af fræi, er slæðst hefir hingað til lands óvart af mannavöldum, með varningi eða á einhvern annan hátt. Þær eru helzt kringum bæi, í kaupstöðum og fram með vegum, og hafa margar ranglega verið taldar íslenzkar. Flestar hverfa þær skjótt aptur, vaxa aðeins eitt sumar, en sumar ilendast hjer, og verður að telja þær til gróðurríkis landsins.

Smáaldin (*carpidium*), sjá samaldin. Þau eru svo kölluð eptir eðli sínu, smáhnetur, smáhýði o. s. frv.

Smáax (*spicula*), sbr., samax og ættlýsing grasættarinnar.

Smáblað (*foliolum*), sjá samsett blað, stundum líka í merkingunni lítið blað.

Smáblaðpar. Á fjöðruðu blaði standa smáblöðin venjulega tvö og tvö hvort á móti öðru, eða eru með öðrum orðum mótstæð. Tvö slík mótstæð smáblöð kallast smáblaðpar.

Smábleðill. Þegar bleðlarnir á skiptu blaði eru aptur skiptir, kallast stundum bleðlarnir, sem við það myndast smábleðlar; sama er að segja um sepa og flipa, en opt merkir »smá«-framan við þessi orð aðeins lítill í almennri merkingu.

Smáfræva. Svo nefnast hinar einstöku frævur í blómum, sem hafa fleiri en eina frævu.

Smágöddóttur (*echinatus*), með þjettstæðum, oddhvössum, keilulaga smágöddum, er standa í allar áttir (sum fræ og frjókorn).

Smáreifar (*involucellum*), sjá reifar.

Smásveipur (*umbellula*), sjá sveipur.

Snarpur (*asper*), með mörgum smájöfnum á yfirborðinu, svo það verður óþýtt viðkomu, gagnstætt mjúkur. (Randsnörp eða snarprend blöð).

Sniðskorinn eða **sneiddur**, takmarkaður af beinni skálínu en ekki þverlínu sama sem sniðstýfður.

Snubbóttur (*obtusus*). Svo kallast plöntuhluti með stuttum, ávölum eða sljóhyrndum oddi, (þ. e. takmörkuðum af sljóu horni, sem er stærra en rjett horn 90°).

Spaðalaga (*spathulatus*) er blað eða blaðkenndur plöntuhluti, sem er

mjóstur neðst, en breikkar svo smátt og smátt, og er breiðastur fremst og snubbóttur eða hálfkringlóttur fyrir endann.

Spjótlaga (*hastatus*) er blað með tveim allstórum sepum út úr blöðkunni neðst, sínum til hvorrar hliðar, er mynda hér um bil rjett horn við miðlínu blaðsins. Hálfspjótlaga kallast blöð, sem eru eins og helm-ingurinn af spjótlaga blaði (sum axlablöð).

Spólulaga (*fusiformis*), sívalur plöntuhluti, gildastur um miðjuna, og mjókkar til beggja enda, eða með öðrum orðum: þverskurðarflöturinn lensulaga eða oddbaugóttur.

Sporbaugóttur (*ovalis*), blað eða annar plöntuhluti, sem er hjer um bil helmingi lengri en hann er breiður og ummálið reglulegur sporbaugur.

Spori (*calcar*), sjá hunang.

Sproti. Svo nefnist ógreindur stöngull með þeim blöðum, er á honum standa.

Stakfjaðraður (*impari-pinnatus*), sjá samsettur.

Stakstæður, um plöntuhluta, er standa einir sjer, ekki fleiri saman (einkum blóm).

Steinaldin (*drupa*) er venjulegast einfræva, lokað aldin. Frælegið er sam-sett af tveim lögum, ytra lagið kjötkennt og venjulega safamikið, innra lagið stein- eða beinkennt (steinninn). Sjaldan eru steinarnir fleiri en einn, en þó ber það til; er þá eitt sameiginlegt kjötlag um þá alla, og kallast slíkt aldin steinber (*pyrenium*) (krækiberið).

Stílfótur (*stylopodium*) eða **stíflstjett** kallast neðsti hluti stilkins, þegar hann slær sjer út niður við egglegið, og er miklu gildari þar en ofar.

Stilkaður, mest um blöð (*folia petiolata*), gagnstætt stilklaus (*f. sessilia*).

Stilkur (*petiolus*), sjá blað.

Stíll (*stylus*), sjá fræva.

Stílsúla (*gynostemium*), sjá ættlýsing Brönugrasanna bls. 65.

Stjarnflipóttur, um skjaldlaga fræni með djúpum skerðingum, er skipta því í fleiri eða færri flipa.

Stjörnuhár eða **stjarnhár**. Svo nefnast hár, sem greinast neðst í fleiri eða færri greinar, er standa eins og geislar út til allra hliða. Stjarn-hæring, stjarnhærður, með stjarnhárum.

Stjörnulaga (*stellatus*), skjaldlaga plöntuhluti með grynri eða dýpri skerð-ingum í röndina, sbr. stjarnflipóttur.

Stjörnutauga (*stellinervius*) er það blað, þar sem blaðstilkurinn gengur upp í blöðkuna innan við blaðröndina, og taugarnar greinast frá honum út til allra hliða.

Stoðblöð kallast yfirleitt öll blöð, sem styðja brum eða grein, hvort heldur það er blaðgrein eða blóm, og það er sagt, að blaðið styðji þá grein, sem stendur í öxl þess. Blómstoðblað, sjá háblað.

Stofn, sjá stöngulstofn.

Stofnblöð (*folia basilaria*), sjá stöngulblöð.

Stofngreindur kallast stöngullinn, er hann greinist þegar frá stofni í fleiri eða færri stöngla eða greinar.

Stofngreinar, greinar, sem standa á stofninum, eða ganga út frá honum, kallaðar svo til aðgreiningar frá þeim greinum, er standa ofar á stönglinum.

Stofnhvirfing eða **stofnblaðhvirfing**, sjá blaðhvirfing.

Stofnstæður, um blöð eða greinar, sem standa á stöngulstofninum.

Stofnsveigður kallast stöngullinn, þegar hann gengur ekki beint upp frá

rótinni, heldur sveigist til hliðar um stofninn, en rjettir svo úr sjer, og stendur úr því nokkurnveginn upprjettur.

Stólparót (*radix palaris*), sjá rót.

Stórgró (*macrospora*). Sumir byrkningar hafa tvennskona gró, stórgró kvennkyns, og smágró (*microspora*) karlkyns.

Stórreifar og **reifablöð**, sjá reifar.

Stórsveipur, sjá sveipur.

Strá (*culmus*) er stöngull grasanna (*Gramineæ*) kallaður. Það er með löngum, holum stöngulliðum, kjeliðað og með slíðurlöngum blöðum. Stönglarnir á öðrum graskennendum plöntum svo sem hálfgrösum, sefum o. s. frv. eru og opt nefndir strá, þó ekki hafi þeir öll einkenni grasstráanna.

Strendur (*angulatus*), gagnstætt sívalur (*teres*), með köntum eða röðum, þrístrendur, ferstrendur o. s. frv.

Striklaga (*linearis*). mjór og langur plöntuhluti með beinum eða nærri beinum hliðum. Striklensulaga, lensulaga plöntuhluti, sem er svo mjór og langur, að hann er nærri striklagá.

Stýfður = þverstýfður.

Stöngulblöð eru þau blöð kölluð, er standa ofan við stofninn og uppeptir stönglinum til aðgreiningar frá blöðunum, er standa á sjálfum stöngulstofninum, og kallast stofnblöð.

Stöngull (*caulis*) er aðalbolur plöntunnar kallaður, sem vex upp í loptið og ber blöð og blóm. Stundum er sá hluti stöngulsins, sem er ofanjarðar, nefndur loptstöngull til aðgreiningar frá jarðstönglinum, en með orðinu stöngull er jafnan átt við loptstöngulinn, ef ekki er annars getið. Stöngullinn getur verið bæði jurtkennður og trjekennður, og venjulega er hann meira eða minna greindur eða greinóttur.

Stöngulliður (*internodium*) kallast sá hluti stöngulsins, sem er milli tveggja blaða, blaðpara eða blaðkransa eptir því, hvort blöðin eru misstæð mótstæð eða kransstæð; verða því stöngulliðamót við hvert blaðstæði. Þegar liðamótin eru dálítið upphlaupin, nefnast þau knje, sbr. knjebeygður. Þegar stöngulliðirnir eru svo stuttir, að blöðin standa fast hvort við annað, er kallað, að stöngulliðirnir sjeu óþroskaðir, blöðin verða þá hvirfingsstæð, sjeu þau mörg saman. En þegar þeir eru þroskaðir, er stöngullinn kallaður liðalangur og liðastuttur eptir því, hve bilið milli blaðanna er langt eða skammt.

Stöngulsíður, sjá blaðslíður.

Stöngulstofn kallast neðsti hluti stöngulsins næst rótinni eða jarðstönglinum.

Sumargrænn, um plöntur eða plöntuhluta (blöðin), sem aðeins eru græn á sumrin, en visna og falla að haustinu. Veturgrænn er aptur sá plöntuhluti eða planta kölluð, sem er græn. og lifir á veturna. Sbr. sígrænn.

Sveigboginn, boginn plöntuhluti, er myndar reglulegan hringboga eða því sem nær.

Sveipleitur, um blómskipun, er líkist sveip í fljótu álit.

Sveiplægur, um mörg samstofna, jarðlæg strá eða stöngla, er liggja í allar áttir út frá stofninum.

Sveipur (*umbella*), stutt, miðleitin blómskipun með leggjúðum blómum; standa blómleggirnir allir á stöngulendanum skáhallt út til allra hliða, þeir yztu venjulegast lengstir, svo blómin verða öll jafnhá. Sveipurinn getur verið

bæði ósamsettur og samsettur eins og aðrar blómskipanir. Þegar hann er samsettur, bera aðalsveipgreinarnar ekki blóm heldur nýja sveipa, er kallast smásveipar til aðgreiningar frá aðalsveipnum eða stórsveipnum.

Sverðlaga (*ensiformis*), sjá randflatur.

Svif (*pappus*) kallast hár- eða burstkrans sá, eða himnukragi, sem myndast úr bikarnum á efra enda aldinanna (*Compositæ* og *Dipsacæ*). Hin einstöku hár eða burstir í svifkransinum nefnast svifgeislar. Þeir eru stundum fjaðraðir, ok kallast svifið þá fjöðrótt. Svifið gerir að aldinin feykjast fremur og víðar fyrir vindi.

Svifhali er löng, venjulega fjaðurhærð trjóna á sumum aldinum, sem myndast úr stílnum, er hefur sama tilgang og svifið, (t. d. á hármey). Svifhár er og fræullin kölluð á sumum fræjum, til þess að tákna, hver tilgangur hennar sje.

Svimmblöð og **svimmstönglar**. Svo eru kölluð blöð og stönglar vatnajurta, sem fljóta í vatninu, annaðhvort svo, að þau mara í kafi (kafblöð), eða fljóta á yfirborðinu (flotblöð).

Sýldur, með sýling eða oddskerðing.

Sýllaga (*subulatus*), sjá allaga.

Tannarða, örlítil tönn.

Tannflipóttur, með hvassyddum flipum, líkum tönnum í lögun. Tannsepóttur, þegar skerðingarnar eru grynri.

Tannhýði, sjá hýði.

Taugaber, þegar taugarnar sjást greinilega.

Taugagreipar, hornin milli taugagreinanna.

Taugalaus, sem engar taugar eru sjáanlegar í.

Tegund (*species*) er heildartáknun allra þeirra einstaklinga, sem í öllum verulegum atriðum eru eins, hafa öll hin sömu aðaleinkenni, er gengið hafa, og ganga að mestu leyti óbreytt frá kyni til kyns um langan aldur, en eru aðeins frábrugðnir hver öðrum í ýmsum smávægilegum og breytilegum atriðum; er tilbreytnin svo mikil, að því er snertir þessi atriði, að naumast nokkrir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins að öllu leyti, þó sömu tegundar sjeu. Einstaklingarnir af hvaða tegund, sem er, geta lagað sig eptir breytilegum lífskjörum meira eða minna, þó tegundirnar sjeu mjög mismunandi að þessu leyti. Einstaklingar þeir, sem eiga við önnur kjör að búa, en tegundin yfirleitt, verða því að ýmsu leyti frábrugðnir aðaltegundinni, og nefnast þá sameiginlega **tilbrigði** (*forma*) svo framarlega, sem þessi frábrugðnu einkenni þeirra eru óveruleg, og hverfa fljótt, þegar kjörum þeirra er breytt, og þau gjörð líkari þeim lífskjörum, sem tegundin á almennt við að búa. Kveði enn meira að frábrigðunum, og sjeu þau varanlegri, og orsakist ekki beinlínis af ytri áhrifum, er samnefni hinna frábrugðnu einstaklinga **afbrigði** (*varietas*). En **deiltegund** (*subspecies*) nefnist sameiginlega einstaklinga-deild af einhverri tegund, sem að ýmsu leyti er frábrugðin aðaltegundinni, og hin breyttu einkenni ganga nokkurnvegin óbreytt að erfðum frá einum ættlið til annars. Deiltegundin er ennfremur eins og tilbrigðið og afbrigðið tengd aðaltegundinni með fleiri eða færri milliliðum. Hverfi milliliðirnir, er deiltegundin orðin að tegund. Tegundirnar hafa því verið að skapast frá alda öðli, og skapast enn í dag fyrir sífeldar tilbreyt-

ingar, er sumpart orsakast af ytri áhrifum, en sumpart eiga sjálfsagt rót sína í meðfæddri eðliskröfu hvers einstaklings.

Tígullaga eða **tíglóttur** (*rhomboideus*), um blað, sem er í lögun eins og aflangur tígull eða skáferhyrningur eða með öðrum orðum takmarkaður af fjórum, hjer um bil beinum línun, er mynda hvöss horn efst og neðst, en sljó til hliðanna. Tíguloddbaugótt kallast blað, þegar línurnar eru dálítið bognar, svo það verður nærri oddbaugótt. Þegar grunnhornið er sljótt, er blaðið skakktígullaga eða skakktíglótt.

Tilbrigði (*forma*), sjá tegund.

Tímgun og **tímgast**. Með þessum orðum er átt við hina kynlausu æxlun eða fjölgun plantnanna, t. d. með renglusprotum, æxlikornum, laukum, jarðstöngulknollum o. fl., gagnstætt hinni kynjuðu æxlun, þar sem hin nýja planta eða plöntuafkvæmið er framkomið fyrir samverknað tveggja kynja eða samblöndun tveggja kynefna, karllegs og kvennlegs. Sbr. frjóvgun.

Tirjóttur, klofinn í allavega óreglulega smáflipa eða ræmur.

Toppax, **toppblóm**, **topphvirfing**. Ax, blóm eða blaðhvirfing, sem stendur á stöngul- eða greinenda eða toppi, er toppstætt.

Tota eða **totuoddur** er kallaður á blaði, þegar oddurinn herpist saman á þá leið, að það myndast eins og ofurlítil húfa fremst.

Trefjarót (*radix fibrosa*), sjá rót.

Treklaga (*infundibularis*) kallast samblaða króna (eða bikar), þegar pípan er mjóst neðst, en vikkar jafnt uppundir kragann, sem slær sjer út meira eða minna, en skýr takmörk sjást engin milli hans og pípuunnar.

Trje (*arbor*) er trjáplanta með greinalausum bol neðantil, sem greinist í limkrónu hið efra.

Trjekenndur (*arboreus*). Svo eru þær plöntur kallaðar, er hafa harða stöngla, myndaða að mestu af viði, og lifa mörg ár, jafnvel svo hundruðum og þúsundum ára skiptir; eykst viðhluti stöngulsins nokkuð á hverju ári. Trjekenndar plöntur, (trje og runnar) blómgast opt og bera aldin.

Trjenaður er mest haft um jurtkennda plöntuhluta, sem eru harðari og viðmeiri, en þeir eiga að sjer. Margir jurtkenndir stönglar trjenast eða verða trjenaðir, þegar á sumarið líður.

Trjóna (*rostrum*), sjá aldintrjóna.

Trýndur (*rostratus*), með trjónu.

Tungukróna (*corolla lingulata*) er krónan á ýmsum körfublómum kölluð. Kraginn er samvaxinn í eina blöðku, er beinist út til sömu hliðar, og er venjulega nokkurnveginn lárjett.

Tvíbýli (*dioicia*). Tvíbýlisplanta er sú planta eða plöntutegund kölluð, sem hefur einkynja blóm, en karlblómin og kvennblómin eru sitt á hvorum plöntueinstaklingi. Sbr. einbýli.

Tvífjaðraður, sjá samsettur.

Tvíhliða (*distichus*), sjá einhliða.

Tvíhliðhærður, stöngull með hárrákum á tveim hliðum.

Tvíkynja (*hermaphroditus*), blóm, sem hefur bæði fræfla og frævur, eða með öðrum orðum bæði karlleg og kvennleg æxlunarfæri.

Tvífloka, hýði, sem opnast með tveim lokum.

Tvíveldisfræflar (*didynami*) kallast fræflarnir, þegar þeir eru fjórir alls í blóminu, og tveir af þeim eru stuttir, en tveir langir.

Tvíær (*biennis*) er sú planta kölluð, sem lifir eða lýkur lífsskeiði sínu á tveim árum, en blómgast aðeins einu sinni, eins og einæra plantan. Fyrri árið eða sumarið, sem hún sprettur úr fræinu, ber hún venjulega blaðmarga stofnhvirfing. Í rótina safnast venjulega forðanæring, en stöngullinn er óþroskaður. Að haustinu falla blöðin, en rótin lifir allan veturinn. Næsta vor teygir stöngullinn úr sjer, og ber nú blóm. Þegar frævarpinu er lokið, deyr plantan að fullu og öllu.

Týta (*arista*). Svo nefnast mjóir, opt hárfínir eða burstkenndir og stundum nályddir broddar, einkum á háblöðum grasanna, sjerstaklega á ytri blómögnunum; standa þær annaðhvort fram úr oddinum á ögninni eða utan á henni, á agnarbakinu ofarlega, á því miðju eða neðst (bak-týta). Týtubær (*aristatus*), með týtu og týtulaus (*muticus*), um agnir eða öx, sem enga týtu hafa.

Ullhærður (*lanatus*) með löngum, mjúkum, hrokknum og samflæktum hárum.

Undirsætinn (*inferus*). Blómið er kallað undirsætið, þegar blómpartarnir standa eðlilega af sjer á þann hátt, að bikarinn stendur neðst á blómbotninum, þá krónan, fræflarnir og frævan innst og efst. Botninn er, með öðrum orðum, lítið umbreyttur í slíkum blómum, annaðhvort ávalur eða dálítið keilulaga, svo blómblöðin komist fyrir á honum. Í yfirsætnum blómum verður aldinið aptur undirsætið. Sjá yfirsætinn.

Uppblásinn (*inflatus*), um hola plöntuhluta, t. d. samblaða bikar, blaðslíður o. s. frv., sem eru víðir og eins og blásnir út af lopti.

Uppbrettur, helzt um krónublöð, þegar oddurinn eða fremsti hluti blöðkunnar brettist dálítið upp.

Upphleyptur, sem ber hærra á en yfirborðinu umhverfis, t. d. blaðtaug, tauganet o. s. frv.

Upporpinn, um blaðrendur, sem verpast upp á við. Sjeu þær svo mikið opnar, að þær vefjast inn í sjálfa sig eða því sem nær, kallast þær uppvaðar eða uppundnar.

Upprjettur (*erectus*) er stöngullinn kallaður, þegar hann vex beint upp frá rótinni. Uppstæður er stundum haft í líkri merkingu, en einkum er það haft um hliðstæða plöntuhluta, t. d. greinar, blómleggi, blöð o. s. frv., þegar þeir beinast svo upp á við, að þeir standa hjer um bil lóðrjett eða að minnsta kosti nærri í sömu stefnu og stöngullinn, sem þeir standa á (*adrectus*).

Uppsveigður (*adscendens*) kallast stöngullinn, þegar hann er jarðlægur neðantil, en sveigist svo í boga upp á við. Orðið er, ef til vill, stundum haft í sömu merkingu og stofnsveigður. Stundum er það líka haft um greinar og blaðstilka, er sveigjast upp á við.

Útbreiddur (*diffusus*), um punt, blaðkransa eða hvirfingar og blómhlífar, sem breiðast út til allra hliða.

Úthærður er sá plöntuhluti kallaður, sem er klæddur stinum, útstæðum hárum.

Útrjettur (*horizontalis*), um greinar, blómleggi, blöð o. fl., þegar það stendur alveg þverbeint út frá stönglinum, sem þau standa á. Útspertur er líkrar merkingar, en einkum haft um styttri og stinnari plöntuhluta, sem standa þverbeint út.

Útstæður (*patens*), um hliðstæða plöntuhluta, bæði greinar, blöð og hár, sem sveigjast dálítið út á við eða aptur á bak.

Útveggur, veggur í aldinrými, sem út veit, til aðgreiningar frá innveggjunum eða skilveggjunum í aldinu.

Vafstöngull (*caulis volubilis*), stöngull, sem vefur sig utan um það, sem hann nær til í nánd við sig, til þess að halda sjer uppi. Plöntur með slíkum stönglum heita vafplöntur. Sbr. klifplöntur.

Vafþráður (*cirrhus*), þráðmjó blöð eða blaðhlutar eða þá greinar á klifplöntum, er sívefja sig utan um hvað, sem þeir ná í, og geta gripið um, og halda plöntunni uppi á þann hátt.

Varabíkar og varakróna. Svo nefnist óreglulegur, samblaða bíkar og króna, sem er klofin ofan í tvennt á þá leið, að tvö blöð eða blaðflípar verða í öðrum hlutanum og þrjú í hinum; veit annar upp á við, efri vörin, en hinn niður á við, neðri vörin. Efri vörin er venjulega tvískipt á krónunni, en þrískipt á bikarnum, en neðri vörin venjulega þrískipt á krónunni, en tvískipt á bikarnum.

Varanlegur = langær.

Vatnfrævun, sjá frævun.

Vatnsplanta, planta, sem vex í vatni. Vatnsyrtlingur, smájurt, sem vex í vatni.

Veggkleyfur (*septicidus*). Svo kallast sum hýðisaldin, er opnast á þann hátt, að skilveggirnir milli rýmanna, sem framkomnir eru við samvöxt fræblaðanna, klofna aptur sundur eftir miðju, og fræblöðin losna hvert frá öðru.

Veggstæður (*parietalis*), sjá fræsæti.

Veturgrænn, sjá sumargrænn.

Víðskriðull, einkum um skriðula, greinda og greinlanga jarðstöngla, sem grípa yfir stórt svið.

Vindfrævun, sjá frævun.

Víxllagður, um slíðurrendur og fleira, sem leggst á misvíxl eða hvert yfir annað.

Vængaldin (*samara*), sjá hneta.

Vængir (*alæ*). 1. Tvö af krónublöðum ertublómsins, sjá ættlýsing ertublómaættarinnar bls. 138. 2. Þunnar, blaðkenndar eða himnukenndar raðir eða faldar á ýmsum plöntuhlutum, sem þá eru kallaðir vængjaðir (*alati*), t. d. aldin, blaðstíkar og sjerstaklega sumir stönglar. Vængræmurnar utan á stönglunum eru svo til komnar, að blaðrendurnar vaxa, eða eins og teygja sig, niður eptir þeim, og eru blöðin þá kölluð niðurteygð eða legghlaupin (*decurrentes*).

Vængjastíkur, sjá vængir.

Yddur (*acutus*). Blað eða annar plöntuhluti með oddi, sem takmarkaður er af hvössu horni, sem er minna en 90°, minna en rjett horn. Stutt-yddur, langyddur og mjóyddur (*acuminatus*) er haft til at tákna hina mismunandi lögun oddsins.

Yfirsættinn (*epigynus*). Blómið er kallað yfirsætið, þegar blómbotninn lykur utan um egglegið, og vex saman við það, svo blómhlífin og fræflarnir virðast vaxa út úr efra enda egglegsins. Sbr. kringsættinn. Hálfyfirsætið er blómið kallað, þegar blómbotninn vex aðeins nokkuð

upp með eggleginu, en ekki alveg upp yfir það, svo blómhlífin og fræflarnir virðast koma út úr því miðju

Yrtlingur, mjög smávaxin jurt.

Ytribikar (*calyculus*) nefnist háblaðakrans, er stendur rjett neðanundir bikarblöðunum á sumum blómum, svo bikarinn sýnist tvöfaldur. Bikarinn er þá oft kallaður aðalbikar eða nærbikar til aðgreiningar frá ytribikarnum. Stundum er ytribikarinn myndaður af axlablaðkenndum sepum á bikarblöðunum.

Ytireifar eða **ytrikörfureifar** eru ytri eða neðri blaðkransar körfureifanna kallaðir.

Þorn eða **þyrnir** eru mismunandi langir, stinnir, nálhvassir broddar; geta þeir bæði verið hármýndanir, svo kölluð þornhár eða hárbörn (*aculei*) og ummynduð blöð eða blaðhlutar, blaðþorn (*spina*). Blaðtennur og separ verða t. d. stundum þornkennd, þorntennur og þornsepar; er þá blaðið kallað þorntennt og þornsepótt. Stundum eru blöðin þornydd eða með öðrum orðum: oddurinn endar í þorni. Greinar geta og ummyndast í þorn, viðþorn, en ekki er það á neinum íslenskum plöntum.

Þráðлага (*filiformis*) eru þráðmjóir, langir, sívalir eða hjer um bil sívalir plöntuhlutar kallaðir: blöð, stönglar o. fl.

Þríhyrnulaga (*triangularis*), blað, sem er eins og þríhyrna í lögun eða jafnarma þríhyrningur, með beinni eða hjer um bil beinni grunnlínu, og gengur stilkurinn upp í hana miðja.

Þverstýfður (*truncatus*), um blað eða annan plöntuhluta, sem takmarkaður er að framan af þverbeinni línu, þ. e. þverstýfður fyrir oddinn.

Þýfinn (*cæspitosus*) kallast plantan, þegar margir, þjettstæðir stönglar spretta eins og þjettir brúskar eða toppar upp af jarðstönglinum eða rótinni; eru jurtirnar kallaðar þjettþýfnar og lausþýfnar, eptir því hve þúfurnar eru þjettar í sjer (snarrótarpuntur). Stundum er tekið svo til orða, að jarðstöngullinn sje þýfinn, þ. e. skiptist í margar, þjettstæðar greinar, er svo bera ofanjarðarsprotana, bæði blómstöngla og blaðhvirfingssprotana.

Þyrnalaus (*inermis*), sbr. þorn.

Þyrnóttur (*aculeatus* v. *spinosus*), um plöntu eða plöntuhluta með þornum.

Æðar eru fínustu blaðtaugarnar oft kallaðar og æðanet í staðinn fyrir tauganet eru smátaugarnar í blöðunum kallaðar, sem ganga hver í aðra, og mynda eins og smánetmöskva. Fín strik í krónublöðunum, sem bera annan lit en blaðið, eru og kölluð æðar, eins hinar fínu taugar í ýmsum smágerðum háblöðum, t. d. blómögnunum á grösunum.

Æxlikorn eða rjettara **æxliknappar** (*bulbilli*) eru blómknappar eða brum, er safna í sig forðanæringu, falla af plöntunni, og verða að nýrri plöntu. Ýmist safnast forðanæringin í blöðin (laukknappar) eða í stönguhluta knappsins (knollknappsins). Sbr. blaðgróinn.

Öfugeggлага (*obovatus*), **öfughjartлага** (*obcordatus*) og **öfugnýrlaga** (*obreniformis*) eru þau blöð (og aðrir plöntuhlutar) kallaðir, sem það veit niður á, sem upp veit á eggлага, hjartлага og nýrlaga blaði.

Ögn (*palea*). Svo nefnast hreisturkennd háblöð á blómstæðinu á sumum körfublómum o. fl. Sjá ennfreður ættlýsing grasanna bls. 44—45.

Örlaga (*sagittatus*). Svo kallast blað með yddum sepum eða eyrum (örfjöðrum) út úr blöðkunni neðst, er vita¹ niður á við, mynda hvasst horn við blaðstilkinn, en sljótt horn við miðrif blaðsins. Blaðgrunnur, sem er svo lagaður, er kallaður örfjaðraður. Hálförlaga kallast blað, sem er í lögun eins og klofningur af örlaga blaði. Svo eru axla-blöðin á sömum plöntum (*salix, vicia*).

SKÝRINGAR

skammstafana og merkja.

1. Ýmsar skammstafanir og merki.

afbr. = afbrigði (*varietas*).

alg. = algeng. Útbreiðsla plantanna er táknuð svo: Fundin á 1 stað, fundin á 2 stöðum, sjaldgæf, fundin á fáeinum stöðum og lítið í stað, hjer og hvar, víða, algeng alstaðar, þegar plantan vex hvervetna um land allt og í allskonar gróðurlendi.

Au. = Austurland frá Langanesi að Vestara horni.

Blmg. = blómgast.

br. = breidd.

c. = hjer um bil (cirka).

cm. = centimeter, $\frac{1}{100}$ úr meter sbr. meter.

ef. = eptirfarandi.

F. eða f. = fundin t. d. F. á 1st. = fundin á einum stað.

f. = forma, fyrir framan tilbrigðisnafn.

Grl. Isl. Fl. = Chr. Grönlund: Islands Flora, indeholdende en Beskrivelse af Blomsterplanterne og de højere blomsterløse Planter, samt en Fortegnelse over de lavere Planter. — 8vo København 1881.

h. = hæð.

h. og h. = hjer og hvar.

l. = lengd.

l. a. = land allt.

lh. = landshluti; t. d. F. í öllum lh. = fundin í öllum þeim landshlutum, sem hjer eru táknaðir með: Au., S., SV., NV., N. sbr. skýringar þessara stafa.

m. = meter eða metri = $38\frac{2}{8}$ þuml. — Metrinn skiptist í 10 desimetra, 100 sentimetra og 1000 millimetra.

mm. = millimetri.

N. = Norðurland frá Hrútafjarðará að Langanesfjöllum. N. austanvert, frá Vaðlaheiði og austur úr, og N. vestanvert, Norðurland vestan Vaðlaheiðar.

n. = nokkrum, t. d. f. á n. st. = fundin á nokkrum stöðum, en líkindi til að plantan sje víðar.

NV. = Vesturland eða Vestfirðir frá Hrútafjarðará að Gilsfjarðarbotni.

óf. = ófundin (en líklegt að jurtin sje til).

S. = Suðurland frá Markarfljóti að Vesturhorni austan Hornafjarðar.

sjld. = sjaldgæf = óvíða.



st. staður, t. d. f. á 1st. = fundin á 1 stað.

SV. = Suðvesturlandið frá Gilsfirði að Markarfljóti.

subsp. = *subspecies* = deiltegund. Vanalega táknað með * framan við nafnið.

teg. = tegund (*species*) — tegr. = tegundir.

tilbr. = tilbrigði (*forma*) sbr. f.

uf. = undanfarandi, t. d. uf. teg. = undanfarandi tegund.

undt. = undantekning.

var. eða v. = *varietas* (afbrigði).

♂ = karl- — t. d. karlblóm, karlplanta o. s. fr.

♀ = kvenn- — t. d. kvennblóm o. s. fr.

♂ = tvíkynja t. d. tvíkynjablóm.

* framan við plöntunafn merkir deiltegund, sbr. subsp.

? aptan við fundarstað merkir, að óvíst sje, hvort plantan hafi fundizt á þeim stað, þó það standi einhverstaðar í riti.

! aptan við finnanda nafn merkir, að jeg hafi sjeð þau plöntueintök, sem um er að ræða¹⁾.

§ merkir, að plantan sje útlendur slæðingur.

(§) slæðingur, sem hefur ilendzt.

§ merkir, að plantan sje aðeins ræktuð og útlend.

) merkir, að plantan sje bastarður.

2. Nöfn finnenda

og skýrsla um söfn þeirra og ferðir.

Ásgeir Torfason stud. polyt. Sendi mjer nokkrar sjaldgæfar plöntur, er hann hafði safnað á SV. 1894

Babington = Charles C. Babington prófessor, enskur grasafræðingur, er ferðaðist hjer til grasfræðisrannsókna 1846, og safnaði miklu.

Bj. Ól. = Björn Ólafsson augnalæknir. Hefur safnað allmiklu af plöntum á N., Au. og SV. á árunum 1888—98. Á talsvert safn.

Bj. Sæm. = Bjarni Sæmundsson adjunkt. Hefur safnað nokkru af plöntum einkum á SV. og S.

Fb. = P. Feilberg, leutinant, danskur búvísindamaður. Ferðaðist hjer um land 1896, til þess að kynna sjer búnaðarástand landsins, og safnaði þá töluverðu af plöntum einkum nytjurtum.

Fd. = Arthur Feddersen fiskifræðingur danskur. Hann ferðaðist hjer um land til fiskirannsókna 1884 og 86, og safnaði talsverðu af plöntum, einkinn vatnajurtum. Safn hans er í Grasaafninu mikla í Kpmh. (Botanisk Museum).

G. G. eða G. G. B. = Guðmundur G. Bárðarson stud. art., frá Kollafjarðarnesi. Hann hefur safnað allmiklu hin síðari árin á NV. og SV., og sent mjer.

G. Hj. = Guðmundur Hjaltason barnakennari á þórshöfn. Hann hefur farið víða um land, hvervetna litið eptir grösum og safnað allmiklu. En flest af því num glatað. Á seinna árum hefur hann sent mjer allmargar sjaldgæfar plöntur.

¹⁾ Víða hefur þetta merki fallið burtu, þar sem það átti að vera.

- G. M. eða Guðm. Magn. = Guðmundur Magnússon** docent. Hefur safnað allmiklu af plöntum á N. og SV., bæði 1885 og á árunum milli 1890 og 1900. — Á töluvert safn.
- Grl. = Chr. Grönlund** prófessor, danskur grasfræðingur. Ferðaðist hjer 1868 og 1876, um SV. og N. til grasfræðisrannsókna og safnaði miklu. Safn hans er í Grasasafninu í Höfn.
- Guðmundur Guðmundsson** læknir frá Laugardælum. Í safni Strömfelts er 1 planta frá honum.
- H. J. = Helgi Jónsson** cand. mag., grasafræðingur. Ferðaðist um Au. til grasfræðisrannsókna 1893—94 og um Snæfellsnes og Dalasýslu 1897. Safnaði mjög miklu í bæði skiptin. Safn hans er sumpart hjá honum sjálfum, sumpart í Grasasafninu í Höfn og nokkuð í Náttúrugripasafninu í Reykjavík.
- H. Pj. = Helgi Pjetursson** cand. mag. & stud. med., jarðfræðingur.
- Jóh. Sigurjóns. = Jóhann Sigurjónsson** stud. vetr., frá Laxamýri; hefur safnað talsverðu af plöntum einkum kringum Laxamýri N. hin síðustu árin.
- K. Z. = Knútur Zimsen** cand. polyt., safnaði nokkru af plöntum á skóla-árum sínum á SV.
- Lngr. = Lundgreen** dr. phil. safnaði nokkrum plöntum við Mývatn 1871.
- Magnús Helgason** prestur á Torfustöðum hefur sent mjer allmargar sjaldgæfar plöntur úr Biskupstungum.
- Móritz Halldórsson** læknir safnaði allmiklu af plöntum á skóla árum sínum, og fjeck plöntur hjá skólabræðrum sínum. En því miður hefur mjer ekki tekizt að fá safn hans til athugunar, og hefði þó líklega verið ýmislegt á því að græða.
- Ó. D. = Ólafur Davíðsson** cand. phil. Hefur safnað plöntum á N. 1885 og mjög miklu á árunum 1897—1900, einkum á svæðinn milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar og í Grímsey. Á mikið safn.
- Ostf. = C. Ostenfeld** cand. mag., grasavörður við Botanisk Museum í Kpmh. Var í Ingólfsrannsóknarförinni hjer við land og víðar 1895 og 96; gekk hjer þá víða á land til gróðurathugana, og safnaði allmiklu af plöntum. Safn hans er í Grasasafninu í Höfn.
- P. Z. = Pjetur Zofoníasson** realstudent. Hefur safnað talsverðu af plöntum í Skagafirði 1897—98.
- St. = Stefán Stefánsson.** Hefur fengizt meira og minna við gróðurathuganir árlega hin síðustu 13 ár nema 1898, og hefur ferðazt í því skyni nálega um land allt. Safnaði auk þess allmiklu af plöntum á Reykjanesi í för með Dr. Þorv. Thoroddsen 1883 og seinna 1885 í Húnavatnssýslu og Skagafirði vestanverðum. Á mikið safn, mjög mikið sent grasasafninu í Höfn, talsvert til annara útlendra safna og til Náttúrugripasafnsins í Reykjavík.
- Stp. = Japetus Steenstrup** prófessor, frægur danskur náttúrufræðingur. — Ferðaðist hjer um land á árunum 1839—40, og safnaði miklu af plöntum. Það, sem til er af safni hans, er í grasasafninu í Höfn. En sá galli er á, að þess er víða ekki getið, hvar plantan sje tekin.
- Strf. = H. F. G. Strömfelt**, sænskur grasafræðingur. Ferðaðist hjer 1883, og safnaði miklu af plöntum. Safn hans er í Ríkissafninu mikla (Riksmuseum) í Stokkhólmi.
- W. og H. = Eug. Warming** dr. phil. prófessor, frægur, danskur grasafræðingur og Th. Holm cand. phil., sem var aðstoðarmaður hans á

gróðurrannsóknarför til Grænlands með »Fylla« 1884. Komu þeir við í Reykjavík, stóðu stutt við, en söfnuðu talsverðu af plöntum. Þær eru í Grasaafninu í Höfn.

Þóra Friðriksson fröken. Frá henni eru nokkrar plöntur í Grasaafninu í Höfn.

Þ. Th. = Þorvaldur Thoroddsen dr. phil. Á jarðfræðisrannsóknaferðum sínum um land allt á árunum 1881—1898, hefur hann safnað árlega allmiklu af plöntum, einkum fyrstu árin. Seinni árin tók hann einkum plöntur upptil öræfa og heiða. Safn hans er allt í Grasaafninu í Höfn.

Athgs. Hjer eru aðeins taldir þeir finnendur og safnendur, sem getið er hjer í bókinni. Allmargir fleiri hafa safnað hjer plöntum og mun þeirra getið á öðrum stað.

REGISTUR

yfir latínsku plöntunöfnin.

Ættanöfnin eru prentuð með feitu lettri, kynnöfnin með sundurdregnu lettri og tegundanöfnin með meginmálslettri. Samnefni eru prentuð með skálettri. Í svigum eru nöfn þeirra plantna, sem aðeins er getið, en óvíst er að vaxi hjer á landi.

- | | |
|--|--------------------------------------|
| <i>Achillea</i> Vaill ¹). 196. | <i>Alchemilla</i> Tourn. 134. |
| <i>Millefolium</i> L. 196. | <i>alpina</i> L. 134. |
| <i>f. lanata</i> Koch. 196. | <i>færoënsis</i> (Lge) Bus. 135. |
| - <i>magna</i> Sond. 196. | <i>f. denudata</i> Bus. 135. |
| - <i>rubriflora</i> . 196. | <i>filicaulis</i> Bus. 135. |
| <i>Ptarmica</i> L. 196. | <i>var. vestita</i> Bus. 135. |
| <i>Aera</i> L. 58. | — <i>denudata</i> Bus. 135. |
| <i>alpina</i> L. 59. | <i>glomerulans</i> Bus. 135. |
| <i>cæspitosa</i> L. 59. | <i>Wichuræ</i> Bus. 135. |
| <i>var. alpina</i> (L.) 59. | <i>vulgaris</i> L. 134. |
| <i>f. brevifolia</i> Hartm. 59. | <i>Alectorolophus</i> Hall. 167. |
| - <i>pallida</i> Koch. 59. | <i>minor</i> (Ehrh.) Wimm & Gr. 167. |
| <i>flexuosa</i> L. 59. | <i>Alopecurus</i> L. 49. |
| <i>f. montana</i> L. 60. | <i>fulvus</i> Sm. 49. |
| <i>Agropyrum</i> Gärtn. 47. | <i>geniculatus</i> L. 49. |
| <i>caninum</i> (L.) R. S. 48. | <i>pratensis</i> L. 49. |
| <i>repens</i> (L.) Beauv. 47. | Alsínaceæ D. C. 81. |
| <i>violaceum</i> (Horn.) Lge. 47. | <i>Alsine</i> Wg. 86. |
| <i>Agrostemma</i> L. 90. | <i>biflora</i> (L.) Wg. 87. |
| <i>Githago</i> L. 90. | <i>stricta</i> (Sw.) Wg. 88. |
| <i>Agrostis</i> L. 61. | <i>verna</i> (L.) Bartl. 87. |
| <i>alba</i> L. 61. | <i>var. hirta</i> Hartm. 87. |
| <i>f. maritima</i> Lam. 62. | — <i>propinqua</i> Rich. 87. |
| <i>canina</i> L. 61. | — <i>rubella</i> Wg. 87. |
| <i>f. mutica</i> Blytt. 61. | <i>Angelica</i> L. 152. |
| - <i>pallida</i> Rchb. 61. | <i>silvestris</i> L. 152. |
| <i>rubra</i> Wg. 61. | <i>Antennaria</i> Gärtn. 195. |
| <i>vulgaris</i> With. 61. | <i>alpina</i> (L.) Gärtn. 195 |

¹) Upphafsstafir þeir, er standa aptan við nöfnin, eða nafna partar og skammstafanir tákna nöfn þeirra manna, er fyrst hafa nefnt plöntuna því nafni í riti, t. d. L. = Linné, Carl v. Linné sænski náttúrufræðingurinn heimsfrægi, er frumnefnt hefur flestar plöntur, Tourn = J. P. de Tournefort, franskur náttúrufræðingur. — Vaill. = Seb. Vaillant, sömuleiðis.

- Anthemis L. 192.
 arvensis L. 192.
 Anthoxanthum L. 48.
 odoratum L. 48.
 Anthyllis L. 140.
 vulneraria L. 140.
 f. ochroleuca Fr. 140.
 Arabis L. 110.
 alpina L. 110.
 f. glabrata Blytt. 110.
 petræa (L.) Lam. 110.
 f. glabra Blytt. 110.
 - hispida Blytt. 110.
 Aracium Neck. 200.
 paludosum (L.) Monn. 200.
 Archangelica Hoffm. 152.
 officinalis Hoffm. 152.
 Arctostaphylus Adans. 158.
 uva ursi (L.) Spr. 158.
 Arenaria Rupp. 86.
 ciliata L. 86.
 var. humifusa Wg. 86.
 Armeria Willd. 165.
 elongata Boiss. 165.
 maritima Willd. 165.
 Aspidium Sw. 4.
 Dryopteris (L.) Baumg. 5.
 Filix mas (L.) Sw. 4.
 f. subintegrum Döll. 5.
 Lonchitis (L.) Sw. 5.
 Phegopteris (L.) Baumg. 6.
 spinulosum Sw. *dilatatum (Sm.)
 Roeper. 5.
Asplenium Filix femina Bernh. 6.
 Athyrium Rth. 6.
 alpestre (Hoppe) Ryl. 6.
 Filix femina (L.) Rth. 6.
 Atriplex Tourn. 93.
 patula L. 93.
 Avena L. 51.
 sativa L. 51.

 Bartschia L. 168.
 alpina L. 168.
 Batrachium D. C. 97.
 Drouetii Nym. 97.
 paucistamineum (Tausch.) Gelert.
 97.
 var. eradicata Læst. 97.
 Bellis L. 192.
 Bellis perennis L. 192.
 Betula Tourn. 73.
 alpestris Fr. 74.
 intermedia Thom. 74.
 nana L. 74.
 nana L. × odorata Bechst. 74.
 odorata Bechst. 74.
 f. parvifolia Regel. 75.
 - tortuosa (Ledeb.). 75.
 var. *pubescens* Ehrh. 74.
Betulaceæ Rich. 73.
 Blechnum L. 7.
 Spicant (L.) With. 7.
 var. fallax Lge. 7.
 Botrychium Sw. 2.
 lanceolatum (Gmel.) Ångstr. 2.
 Lunaria (L.) Sw. 2.
Boraginaceæ Juss. 175.
 Brassica L. 102.
 campestris L. 103.
 Napus L. 103.
 f. napobrassica L. 103.
 oleraceæ L. 102.
 f. acephala DC. 102.
 - botrytis L. 102.
 - capitata L. 102.
 - gemmifera DC. 102.
 - gongylodes L. 102.
 - Sabauda L. 102.
 rapa L. 103.
 f. campestris (L.) 103.
 Bromus L. 51.
 brizæformis Fisch & Mey. 51.
 racemosus L. 51.
 secalinus L. 51.
 tectorum L. 51.
 Brunella Rivin. 179.
 vulgaris L. 179.
 Bulliarda DC. 121.
 aquatica (L.) DC. 121.

 Cakile Tourn. 111.
 maritima Scop. 111.
 var. *integrifolia*. 111.
 — *latifolia* Desf. 111.
 Calamagrostis Adans. 60.
 neglecta (Ehrh.) Fr. 60.
 stricta Nutt. 60.
Callitrichaceæ Lk. 117.
 Callitriche L. 117.

- Callitriche auctumnalis* L. 118.
 hamulata Kütz. 118.
 stagnalis Scop. 117.
 verna L. 118.
 var. *cæspitosa* (Schultz.) 118.
 f. *minima* (Hoppe.) 118.
Caltha Rupp. L. 98.
 palustris L. 98.
Calluna Salisb. 156.
 vulgaris (L.) Salisb. 156.
Camelina Crtz. 101.
 microcarpa Andrzej. 101.
 silvestris Fr. 101.
Campanula Tourn. 189.
 rotundifolia L. 190.
 f. *arctica* (Lge). 190.
 uniflora L. 190.
Campanulaceæ Juss. 189.
Capsella Med. 107.
 Bursa pastoris (L.) Moench. 107.
 f. *pinnatifida* Schl. 108.
 - *sinuata* Schl. 108.
Cardamine Tourn. L. 108.
 bellidifolia L. 109.
 hirsuta L. var. *intermedia* (Hornem.) 109.
 multicaulis Hoppe. 109.
 pratensis L. 108.
Carex Mich. L. 31.
 alpina Sw. 38.
 ampullacea Good. 41.
 atrata L. 38.
 bicolor All. 44.
 brunnescens (Pers.) Poir. 35.
 canescens L. 35.
 f. *tenuis* Lge. 35.
 canescens L. × *lagopina* Wg. 35.
 capillaris L. 39.
 capillipes Drej. 42.
 capitata Soland. 32.
 chordorrhiza Ehrh. 34.
 cryptocarpa Mey. 42.
 cryptocarpa Mey. × *Goodenoughii* Gay. 44.
 cryptocarpa Mey. × *rigida* Good. 44.
 dioica L. 31.
 echinata Murr. 34.
 festiva Dewey. 35.
 flacca Schreb. 38.
Carex glareosa Wg. 36.
 glauca Scop. 38.
 Goodenoughii Gay. 41.
 Goodenoughii Gay. × *rigida* Good. 43.
 hyperborea Drej. 43.
 incurva Lightf. 34.
 f. *argyrolepis* Ostf. 34.
 lagopina Wg. 36.
 limosa L. 40.
 microglochin Wg. 32.
 nardina Fr. 32.
 norvegica Willd. 36.
 Oederi (Ehrh.) Hoffm. 40.
 panicea L. 39.
 pedata Wg. 39.
 pilulifera L. 38.
 pulla Good. 41.
 rariflora Sm. 40.
 rigida Good. 43.
 f. *Bigelowii* (Tuckerm.) 43.
 rostrata Stokes 41.
 rupestris All. 33.
 salina Wg. 42.
 var. *borealis* Alm. 42.
 — *Kattegatensis* Fr. 42.
 — *subspathacea* (Wormskj.) 42.
 saxatilis L. 41.
 sparsiflora (Wg.) Stend. 40.
 stellulata Good. 34.
 vaginata Tausch 40.
 vulgaris Fr. 41.
Carum L. 153.
 carvi L. 153.
Cassiope Don. 157.
 hypnoides (L.) Don. 157.
Catabrosa Beauv. 55.
 algida Soland. 55.
 aquatica (L.) Beauv. 55.
Centaurea L. 191.
 Cyanus L. 191.
Cerastium Dill. 83.
 alpinum L. 83.
 var. *glabrum* Retz. 84.
 — *lanatum* Lam. 84.
 arcticum Lge. 84.
 Edmondstonii (Watts.) Murb. & Ostf. 84.
 trigynum Vill. 85.

Cerastium vulgare Hartm. 84.
var. *alpestre* Lindb. 85.
vulgatum L. 84.

Chamaenerium Tausch. 144.
angustifolium Scop. 145.
latifolium L. 144.

Chenopodiaceæ Vent. 92.

Chenopodium Tourn. 93.
album L. 93.

Cirsium Tourn. 193.
arvense (L.) Scop. 193.
f. *incanum* Blytt. 193.

Cochlearia Tourn. .
officinalis L. 106.
var. *arctica* (Schlecht.) Gelert.
106.
— *groenlandica* (L.) Gelert.
106.
— *oblongifolia* (D.C.) Gelert.
106.

Coeloglossum viride Hartm. 67.

Colchicaceæ (D.C.) 64.

Comarum L. 133.
palustre L. 133.

Compositæ Adans. 191.

Conringia Lk. 102.
orientalis (L.) Andrzej. 102.

Convallariaceæ Warming. 64.

Corallorhiza Hall. 68.
innata R. Br. 68.

Cornaceæ D.C. 150.

Cornus Tourn. L. 150.
suecica L. 150.

Coronaria L. 92.
flos cuculi (L.) A. Br. 92.

Crassulaceæ D.C. 119.

Cruciferae Juss. 100.

Cyperaceæ Juss. 27.

Cystopteris Bernh. 4.
fragilis (L.) Bernh. 4.

Diapensia L. 160.
lapponica L. 160.

Diapensiaceæ Lindl. 160.

Dipsaceæ D.C. 188.

Draba Dill. 104.
alpina L. 105.
hirta L. 105.
f. *rupestris* (R. Br.) 105.

Draba incana L. 104.
nivalis Liljebl. 105.
verna L. 104.

Drosera L. 112.
rotundifolia L. 112.

Droseraceæ D.C. 112.

Dryas L. 136.
octopetala L. 136.

Elymus L. 46.

arenarius L. 46.

Elyna Schrad. 30.
Bellardi (All.) Koch. 30.

Empetraceæ Nutt. 118.

Empetrum Tourn. 119.
nigrum L. 119.

Epilobium L. 144.
alpinum L. var. *major*. 146.
alsinifolium Vill. 147.
alsinifolium Vill. × *palustre* L.
147.

anagallidifolium Lam. 147.

angustifolium L. 145.

collinum Gmel. 146.

Hornemanni Rchb. 146.

lactiflorum Hausskn. 148.

latifolium L. 144.

montanum L. v. *collinum*. 146.
palustre L. 146.

Equisetaceæ Michx. 8.

Equisetum Tourn. 8.

arvense L. 9.

var. *boreale* Milde. 9.

— *decumbens* Mey. f. *alpestre*
Wg. 9.

— *erectum* Klinge. 9.

— *nanum* A. Br. 9.

— *riparium* Fr. 9.

hiemale L. 11.

var. *Moorei* (Newm.) Aschers. 11.

limosum L. 10.

palustre L. 10.

pratense Ehrh. 9.

umbrosum Willd. 9.

variegatum Schleich. 11.

Ericaceæ Benth. & Hook. 156.

Erigeron L. 197.

alpinus L. 197.

neglectus Kern. 197.

uniflorus L. 198.

- Eriophorum* L. 28.
 angustifolium Roth. 28.
 polystachium L. 28.
 f. *congestum*. 29.
 - *monostachyum*. 29.
 Scheuchzeri Hoppe. 28.
Erophila D.C. 104.
 verna (L.) E. Mey. 104.
Erysimum L. 110.
 hieraciifolium L. 110.
 f. *tenella* 111.
 repandum L. 110.
Euphrasia L. 168.
 latifolia Pursch 168.
 officinalis L. v. *latifolia*. 168.

Festuca L. 56.
 ovina L. 57.
 f. *supina* (Schkur.) Hackel. 57.
 pratensis Huds. 58.
 rubra L. 57.
 var. *arenaria* Osb. 57.
Fragaria Tourn. 131.
 (*collina* Ehrh.) 132.
 vesca L. 131.

Galeopsis L. 179.
 Tetrahit L. 179.
Galium L. 185.
 Aparine L. 185.
 boreale L. 185.
 silvestre Poll. 186.
 f. *asperifolium* 186.
 - *hirtum* Kock. 186.
 - *obovatifolium*. 186.
 var. *supinum* Gaud. 186.
 trifidum L. 186.
 uliginosum L. 187.
 verum L. 186.
 f. *asperum* Lge. 186.
Gentiana L. 181.
 Amarella L. **subarctica* Murb. 182.
 aurea L. 183.
 f. *arenaria*. 183.
 - *umbellata* M. v. Bieb. 183.
 - *uniflora* Lge. 183.
 campestris L. **islandica* Murb. 181.
 f. *Hartmanniana* Baenitz. 182.
 nivalis L. 183.

Gentiana serrata Gunn. 183.
 tenella Rottb. 182.
Gentianaceæ Juss. 180.
Geraniaceæ D.C. 116.
Geranium L. 116.
 silvaticum L. 116.
 f. *albiflorum*. 116.
 - *parviflorum*. 117.
 - *rosiflorum*. 116.
Geum L. 131.
 rivale L. 131.
Glyceria R. Br. 55.
 distans (L.) Wg. 56.
 fluitans (L.) R. Br. 56.
 maritima (Huds.) Wg. 56.
Gnaphalium Tourn. 194.
 norvegicum Gunn. 195.
 silvaticum L. 195.
 supinum L. 194.
 uliginosum L. 194.
Gramineæ Juss. 44.

Habenaria R. Br. 67.
 albida (L.) R. Br. 68.
 hyperborea (L.) R. Br. 67.
 viridis (L.) R. Br. 67.
Halianthus peploides Fr. 85.
Haloragidaceæ R. Br. 148.
Haloscias Fr. 153.
 scoticum (L.) Fr. 153.
Heleocharis acicularis (L.) R. Br. 30.
 palustris (L.) R. Br. 29.
 uniglumis Lk. 29.
Hieracium Tourn. 200.
 alpinum L. (coll.) 204.
 arctocerinthe Dahlst. 204.
 dovrense Fr. (coll.) 206.
 floribundum Wimm. var. *islandica* Lge. 203.
 islandicum (Lge.) Dahlst. 203.
 murorum L. 205.
 var. *cæsium* Fr. 206.
 nigrescens Willd. (coll.) 204.
 preanthoides Lbg. (coll.) 206.
 Schmidtii Tausch. 205.
 var. *microdon* Dahlst. 205.
 silvaticum L. (coll.) 205.
 strictum Fr. 206.
Hierochloa Gmel. 60.

Hierochloa borealis R. & S. 60.

odorata (L.) Wg. 60.

Hippuris L. 150.

vulgaris L. 150.

f. fluviatilis Weber. 150.

- maritima (Hell.) 150.

Holcus L. 52.

lanatus L. 52.

Honckenia Ehrh. 85.

peploides (L.) Ehrh. 85.

Hordeum Tourn. 46.

distichum L. 46.

Hydrocotyle Tourn. 153.

vulgare L. 153.

Isoëtaceæ Trevisan. 14.

Isoëtes L. 14.

echinospora Dur. 14.

Juncaceæ (D.C.) Ag. 20.

Juncaginaceæ Rich. 16.

Juncus Tourn. 21.

alpinus Vill. 24.

var. insignis Fr. 24.

f. prolifera Lge. 24.

- uniceps Læst. 24.

arcticus Willd. 23.

balticus Willd. 22.

balticus Willd. × filiformis L. 23.

biglumis L. 24.

bufonius L. 25.

f. pygmæa 25.

bulbosus L. 24.

f. fluitans Lge. 25.

- pygmæa Moench. 25.

castaneus Sm. 23.

filiformis L. 22.

f. pusilla Fr. 22.

lamprocarpus Dav. 24.

supinus Moench. 24.

trifidus L. 23.

triglumis L. 23.

Juniperaceæ. 15.

Juniperus L. 15.

alpina Clus. 15.

communis L. 15.

var. nana (Willd.) 15.

Knautia L. 189.

arvensis (L.) Coult. 189.

Kobresia scirpina Willd. 30.

Koenigia L. 79.

islandica L. 79.

Labiataë Juss. 178.

Lamium Tourn. 180.

amplexicaule L. 180.

intermedium Fr. 180.

purpureum L. 180.

Lappula Rivin. 176.

Myosotis Moench. 176.

Lastræa Filix mas Presl. 4.

spinulosa Presl. 5.

Lathyrus L. 141.

maritimus (L.) Bigel. 142.

var. acutifolius Bab. 142.

paluster L. 142.

pratensis L. 142.

Leontodon L. 199.

auctumnalis L. 199.

f. Taraxaci (L.) 200.

Lepidium L. 101.

perfoliatum L. 101.

rudérale L. 101.

Limosella Lind. L. 169.

aquatica L. 169.

var. borealis Less. 170.

Linaceæ D.C. 115.

Linum Tourn. 115.

catharticum L. 115.

Listera R. Br. 68.

cordata (L.) R. Br. 68.

Loiseleuria Desv. 159.

procumbens (L.) Desv. 159.

Luzula D.C. 25.

arcuata (Wg.) Sw. 26.

var. confusa (Lindeb.) 26.

campestris D.C. 26.

confusa Lindeb. 26.

multiflora (Hoffm.) Lej. 26.

spicata (L.) D.C. 26.

Lychnis flos cuculi L. 92

Lycopodiaceæ D.C. Mett. 11.

Lycopodium L. 12.

alpinum L. 13.

annotinum L. 12.

var. alpestre Hartm. 12.

— pungens Desv. 12.

Selago L. 12.

f. adpressum Desv. 12.

Malva L. 117.
 borealis Wallman. 117.
Matricaria L. 196.
 Chamomilla L. 196.
 inodora L. var. *phæocephala*
 Rupr 197.
Medicago L. 140.
 lupulina L. 140.
Melampyrum Tourn. 167.
 silvaticum L. 167.
Melilotus Tourn. 139.
 albus Desv. 139.
 arvensis Wallr. 139.
Menyanthes Tourn. 184.
 trifoliata L. 184.
Mertensia Roth. 177.
 maritima (L.) G. Don. 177.
Milium L. 62.
 effusum L. 62.
Montia Mich. 94.
 rivularis Gmel. 94.
Myosotis Dill. 176.
 arenaria Schrad. 177.
 arvensis (L.) All. 176.
 collina Hoffm. 177.
 stricta Lk. 177.
 versicolor (Pers.) Sm. 177.
Myriophyllum Vaill. L. 148.
 alterniflorum D.C. 148.
 f. *terrestre*. 149.
 spicatum L. 149.
 f. *squamosum* Læst. 149.
 (*verticillatum* L.) 149.

Nardus L. 46.
 stricta L. 46.
Nasturtium R. Br. 108.
 palustre (Leyss.) D.C. 108.

Oenotheraceæ. 143.
Ophioglossaceæ R. Br. 1.
Ophioglossum L. 1.
 vulgatum L. var. *polyphyllum* A.
 Br. 1.
Orchidaceæ Juss. 65.
Orchis L. 66.
 latifolius L. 66.
 maculatus L. 66.
Oxyria Hill. 81.
 digyna (L.) Hill. 81.

Papilionaceæ L. 138.
Papaver Tourn.
 nudicaule Auct., non L. 99.
 radicatum Rottb. 99.
 f. *albiflora*. 99.
 - *rubriflora*. 99.
Papaveraceæ D. C. 99.
Paris L. 65.
 quadrifolia L. 65.
Parnassia Tourn. 128.
 palustris L. 128.
 f. *tenuis* Hartm. 128.
Pedicularis Tourn. 169.
 flammea L. 169.
Phalaris L. 48.
 canariensis L. 48.
Phleum, L. 50.
 alpinum L. 50.
 pratense L. 50.
Phyllodoce Salisb. 159.
 coerulea (L.) Bab. 159.
Pingvcula Tourn. 173.
 vulgaris L. 173.
Pirola Tourn. 154.
 minor L. 154.
 rotundifolia L. 155.
 secunda L. 155.
Pirolaceæ Dum. 154.
Pisum Tourn. 139.
 arvense L. 139.
 sativum L. 139.
Plantaginaceæ Juss. 173.
Plantago L. 174.
 borealis Lge. 174.
 lanceolata L. 175.
 f. *minor*. 175.
 major L. 174.
 f. *pygmæa*. 175.
 maritima L. 174.
 var. *borealis* (Lge.) 174.
 f. *pygmæa*. 174.
Platanthera hyperborea Lindl. 67.
Pleurogyne Esch. 184.
 rotata (L.) Grieseb. 184.
 f. *minima*. 184.
Plumbaginaceæ Juss. 164.
Poa L. 52.
 alpina L. 54.
 annua L. 53.
 cæsia Sm. 53.

Poa glauca Vahl. 53.

laxa Hænke. 54.

nemoralis L. 53.

pratensis L. 54.

trivialis L. 55.

f. *pallida*. 55.

Polygonaceæ Juss. 76.

Polygonum L. 79.

amphibium L. 80.

aviculare L. 80.

Convolvulus L. 79.

lapathifolium Ait. 79.

Persicaria L. 80.

viviparum L. 79.

Polipodiaceæ R. Br. 2.

Polypodium L. 7.

Dryopteris L. 5.

Phegopteris L. 6.

rhaticum L. 6.

vulgare L. 7.

(f. *brevis* Lge.) 7.

Pomaceæ L. 138.

Portulacaceæ Juss. 93.

Potamogeton L. 17.

alpinus Balbis. 18.

var. *minor* Hartm. 19.

filiformis Pers. 18.

var. *alpinus* Blytt. 18.

gramineus L. 19.

f. *graminifolius* Fr. 19.

gramineus L. $\times$ *perfoliatus* L. 19.

marinus L. 18.

natans L. f. *prolixus* Koch. 18.

nitens Web. 19.

perfoliatus L. 19.

pusillus L. 18.

rufescens Schrad. 18.

Potamogetonaceæ Aschers. 17.

Potentilla L. 132.

anserina L. 133.

maculata Pourr. 132.

verna L. 132.

Poterium L. 136.

officinale (L.) Benth. & Hook. 136.

Primula L. 163.

stricta Hornem. 163.

Primulaceæ Vent. 163.

Ramischia Opiz. 156.

Ranunculaceæ D. C. 94.

Ranunculus L. 95.

acer L. 95.

glacialis L. 97.

hyperboreus Rottb. 96.

pygmæus Wg. 96.

repens L. 96.

reptans L. 97.

Raphanus L. 103.

raphanistrum L. 103.

sativus L. 103.

Rheum L. 77.

undulatum L. 77.

Rhinanthus minor Ehrh. 167.

Rhodiola L. 121.

rosea L. 121.

Rhodoraceæ 158.

Ribes L. 128.

Grossularia L. 128.

nigrum L. 128.

rubrum L. 128.

Rosa Tourn. 137.

pimpinellifolia L. 137.

Rosaceæ Juss. 129.

Rubiaceæ D. C. 185.

Rubus L. 136.

saxatilis L. 136.

Rumex L. 77.

Acetosa L. 77.

Acetosella L. 78.

domesticus Hartm. 78.

Sagina L. 88.

Linnæi Presl. 89.

nivalis (Lindbl.) Fr. 89.

nodosa (L.) Fenzl. 89.

procumbens L. 88.

subulata (Sw.) Presl. 89.

Salicaceæ Rich. 69.

Salix Tourn. 69.

glauca L. 70.

var. *subarctica* Lundstr. 70.

glauca L. $\times$ *lanata* L. 70.

glauca L. $\times$ *phylicifolia* L. 70.

herbacea L. 71.

var. *fruticosa* Fr. 72.

herbacea L. $\times$ *lanata* L. 72.

lanata L. 70.

lanata L. $\times$ *phylicifolia* L. 71.

ovata Ser. 72.

phylicifolia L. 42.

- Salix phylicifolia* L. f. *angustifolia* And. 73.
sarmentacea Fr. 72.
 var. *rotundifolia* 72.
Wichuræ And. 70.
Sanguisorba officinalis L.
Saxifraga L. 122.
 aizoides L. 126.
Aizoon Jacq. 128.
cernua L. 124.
 f. *racemosa* Hartm. 124.
Cotyledon L. 127.
 var. *multicaulis*. 127.
cæspitosa L. 123.
 var. *palmata* Panz. 123.
 f. *Sternbergii*(Willd)Engl. 123.
 - *uniflora* Rbr. 123.
decipiens Ehrh. 123.
Hirculus L. 125.
 var. *alpina* Engl. 126.
 f. *monstrosa* 126.
 - *pygmæa*. 126.
hypnoides L. 123.
 f. *rosiflora*. 124.
nivalis L. 126.
 var. *tenuis* Wg. 126.
oppositifolia L. 125.
 f. *albiflora*. 125.
rivularis L. 124.
stellaris L. 126.
Saxifragaceæ Vent. 122.
Scirpus L. 29.
 acicularis L. 30.
 cæspitosus L. 30.
 palustris L. 29.
 pauciflorus Lightf. 30.
 uniglumis (Lk.) 29.
Scrophulariaceæ (R. Br.) 166.
Secale Tourn. 46.
 cereale L. 46.
Sedum L. 120.
 acre L. 120.
 annuum L. 120.
 villosum L. 121.
 var. *glabrum* Rostr. 121.
Selaginella Beauv. 13.
 selaginoides (L.) Lk. 13.
 spinulosa Beauv. 13.
Selaginellaceæ Mett. 13.
Senecio L. 198.
 vulgaris L. 198.
Sesleria Scop. 58.
 coerulea (L.) Ard. 58.
Sibbaldia L. 134.
 procumbens L. 134.
Silenaceæ Lindl. 90.
Silene L. 90.
 acaulis L. 91.
 f. *albiflora*. 91.
 inflata Sm. 90.
 maritima With. 91.
Sinapis L. 103.
 alba L. 103.
 arvensis L. 103.
Sisymbrium L. 111.
 sinapistrum Crtz. 111.
 Sophia L. 111.
Solanaceæ Juss. 165.
Solanum L. 165.
 tuberosum L. 165.
Sorbus Tourn. 138.
 Aucuparia L. 138.
Sparganium Tourn. 63.
 affine Schnizl. 64.
 angustifolium Mx. 63.
 minimum Fr. 63.
 submuticum Hartm. 63.
Spergula L. 86.
 arvensis L. 86.
Spiræa L. 130.
 Ulmaria L. 130.
 var. *denudata* Presl. 131.
Stellaria L. 82.
 borealis Bigel. 83.
 crassifolia Ehrh. 83.
 humifusa Rottb. 83.
 media (L.) Cyrill. 82.
Subularia L. 107.
 aquatica L. 107.
Succisa Vaill. 188.
 pratensis Moench. 188.

Taraxacum Hall. 198.
 croceum Dahlst. 199.
 officinale Weber. 198.
 palustre D. C. 199.
 vulgare Lam. 198.
Thalictrum Tourn. 98.
 alpinum L. 98.
Thlaspi Dill. 101.
 arvense L. 101.

- Thymus** L. 178.
 Serpyllum L. var. *prostrata* Hornem. 178.
 f. *albiflora*. 178.
Typhaceæ Juss. 62.
Tofieldia Huds. 64.
 borealis Wg. 64.
 palustris Huds. 64.
Trientalis Rupp. 164.
 europæa L. 164.
Trifolium Tourn. 143.
 pratense L. 143.
 repens L. 143.
Triglochin Rivin. 16.
 maritima L. 16.
 palustris L. 16.
Trisetum Pers. 58.
 subspicatum (L.) Beauv. 58.
 f. *alpestre*. 58.

Umbelliferæ Juss. 151.
Urtica Tourn. 76.
 dioica L. 76.
 urens L. 76.
Urticaceæ Juss. 75.
Utricularia L. 173.
 minor L. 173.
Utriculariaceæ (Endl.) 172.

Vacciniaceæ Lindl. 160.
Vaccinium L. 161.
 Myrtillus L. 161.
 Oxycoccus L. 162.
 f. *microcarpum* Turcz. 163.
 uliginosum L. 161.
 f. *pubescens* Wormskj. 161.
 vitis Idæa L. 162.
Valeriana Tourn. 187.

Valeriana officinalis L. 187.
 sambucifolia Mikan. 187.
Valerianaceæ D. C. 187.
Veronica Tourn. L. 170.
 alpina L. 171.
 f. *albiflora*. 171.
 anagallis L. 172.
 officinalis L. 171.
 f. *glabrata* Frist. 171.
 saxatilis Scop. 170.
 f. *microphylla*. 171.
 scutellata L. 172.
 serpyllifolia L. 170.
Vicia Tourn. 140.
 cracca L. 140.
 hirsuta Gray. 140.
 sativa L. 140.
 sepium L. 141.
Viola Tourn. 113.
 canina L. 114.
 var. *montana* L. 114.
 palustris L. 113.
 tricolor L. 114.
Violaceæ D. C. 113.
Viscaria Roehl. 91.
 alpina (L.) Don. 91.
 f. *albiflora*. 92.
Woodsia Beauv. 4.
 ilvensis (L.) R. Br. 4.
 var. *alpina* (Bolt.) Aschers. 4.
 — *hyperborea* (Sw.) 4.
 — *rufidula* (Mx.) Koch. 4.

Zannichellia Mich. 20.
 palustris L. 20.
Zostera L. 20.
 marina L. var. *Stenophylla* A. & G. 20.

REGISTUR

yfir íslensku plöntunöfnin.

- | | | |
|----------------------------------|-------------------------|------------------------|
| Aðalbláberjalyng. 161. | Bládepla. 170. | Brúsakollur. 63. |
| Alurt. 107. | Blágresi. 116. | Brönugrasættin. 65. |
| álptakólfur ¹⁾ . 184. | Blágresisættin. 116. | Brönugrös. 66. |
| Álptalauksættin. 14. | Bláhveiti. 47. | Bugðupuntur. 59. |
| Alptalaukur. 14. | Bláklukka. 189, 190. | Burkni. 4. |
| Apaldursættin. 138. | Bláklukkulyng. 159. | Burn. 121. |
| Arfakál. 106. | Bláklukkuættin. 189. | burnirót. 121. |
| Arfanóra. 86. | Blákolla. 179. | Bygg. 46. |
| Arfaættin. 81. | Blálilja. 177. | |
| Arfi. 82. | Blástjarna. 184. | Daggblaðka (Alche- |
| Aronsvöndur. 110. | Blástör. 38. | milla). 134. |
| Ástargras. 66. | Blásveifgras. 53. | Dílaburkni. 5. |
| augnarót. | Blátoppa. 58. | Dofrafífill. 206. |
| Augnfró. 168. | Blátoppastör. 35. | Draumsóley. 99. |
| Axhæra. 26. | Bleikja. 42. | Draumsóleyjaættin. 99. |
| | Blóðarfi. 80. | Dúnurt. 144. |
| Baldursbrá. 196, 197. | Blóðberg. 178. | Dvergmunablóm. 177. |
| Barnarót. 64. | Blóðkollur. 136. | Dvergsóley. 96. |
| Baunagras. 142. | Blómkál. 102. | Dvergstör. 39. |
| Beitibuski. 156. | Blómsef. 23. | Dýragras. 183. |
| Beitieski. 11. | Blöðrujurt. 79. | Dökksef. 23. |
| Beitilyng. 156. | Blöðkunykra. 18. | |
| Belgjastör. 39. | Blöðrujurt. 173. | Efjugras. 169. |
| Bergsteinbrjótur. 128. | Blöðrujurtarættin. 172. | Einhneppa. 28. |
| Berjaarfi. 85. | Blöndustrokkur. 77. | einiber. 15. |
| biðukolla eða bifukolla. | Bortfelskar rófur. 103. | Einir. 15. |
| 199. | Brekkufífill. 206. | Einisættin. 15. |
| Bjarnarbroddur. 64. | Brekkusóley. 115. | Elfting. 8. |
| Bjarkættin. 73. | Brenninetla. 76. | Elftingaættin. 8. |
| Bjúgstör. 34. | Brennisóley. 95. | Engjafífill. 199. |
| Bjöllulilja. 155. | Brjóstagras. 98. | Engjarós. 133. |
| Bjöllulyng. 161. | Broddastör. 32. | Engjavöndur. 183. |
| Björk. 73. | Broddkrækill. 89. | Erkihvönn. 152. |
| Bláberjalyng. 161. | brok. 28. | Ertublómaættin. 138. |
| Bláberjaættin. 160. | Brúsakollsættin. 62. | Eski. 11. |

¹⁾ Nöfn á plöntuhlutum og plöntum á vissu þroskastigi eru rituð með litlum staf.

Eskigras. 11.
Eyrarós. 144.
Eyrarósættin. 143.

Fagurblóm. 164.
Fálkapungur. 91.
Fergin. 10.
Fífa. 28.
Fífill. 198.
Finnarófur. 103.
Finnungsstör. 32.
Finnungur. 46.
Fitjafinnungur. 30.
Fjallabláklukka. 190.
Fjallabruða. 160.
Fjallabruðættin. 160.
Fjalladepla. 171.
Fjalladúnurt. 147.
Fjallafífill. 204.
Fjallafoxgras. 50.
Fjallajakobsfífill. 198.
Fjallakál. 81.
Fjallalójurt. 195.
Fjallaná. 87.
Fjallasmári. 134.
Fjallastör. 38.
Fjallasveifgras. 54.
Fjallavorblóm. 105.
Fjalldalafífill. 131.
Fjalldrapi. 74.
Fjallhæra. 26.
Fjallnykra. 18.
Fjandafæla. 194, 195.
Fjóla. 113.
Fjóluættin. 113.
Fjórlaufasmáraættin. 64.
Fjórlaufasmári. 65.
Fjöllaufungur. 6.
Fjöruarfi. 85.
Fjörukál. 111.
Fjörukornpuntur. 56.
Flagasef. 24.
Flóajurt. 80.
Flóastör. 40.
Flækja. 140.
Foxgras. 50.
Friggjargras. 67.
Fræhyrna. 83.
Fuglaertur. 142.

Garðabruða. 187.
Garðabruðættin. 187.
Garðatvítönn. 180.
Geitla. 152.
Geitnahvönn. 152.
Geldingahnappur. 165.
Geldingalauf. 72.
Giljaflækja. 141.
Gráertur. 139.
Grájurt. 195.
Grámulla. 194.
Grámygla. 194.
Grasættin. 44.
Grasnykra. 19.
Grasvíðir. 71.
Grávíðir. 70.
Grávorbóm. 104.
Grímublómaættin. 166.
Grýta. 94.
Grýtuættin. 94.
Græðisúra. 174.
Græðisúruættin. 173.
Grænkál. 102.
Grænlilja. 155.
Grænvöndur. 182.
Gulertur. 139.
Gullbrá. 126.
Gullintoppa. 165.
Gullintoppuættin. 164.
Gullkollur. 140.
Gullmura. 132.
Gullsteinbrjótur. 126.
Gullstör. 40.
Gullvöndur. 183.
Gulmaðra. 186.
Gulrófa. 103.
Gulstör. 42.
Gulvíðir. 72.
gvendarber. 8.
Hafrar. 51.
Hálfgrasættin. 27.
Hálíngresi. 61.
Hálmgresi. 60.
hárbrúða. 137.
Hárdepla. 171.
Hárleggjastör. 39.
hármey. 137.
Hásveifgras. 55.
Haugarfi. 82.

Haustbrúða. 118.
Hávingull. 58.
Heiðadúnurt. 146.
Heiðastör. 43.
Heigulstör. 36.
Heimilisnjóli. 78.
Heimula. 78.
Helluhnoðraættin. 119.
Helluhnoðri. 120.
Hengistör. 40.
Hjálmgras. 179.
Hjartafífill. 200.
Hjartagras. 90, 91.
Hjartagrasættin. 90.
Hjartanykra. 19.
Hjartarfi. 107.
Hjelunjólaættin. 92.
Hjelunjóli. 93.
Hjeluvorbóm. 105.
Hjónagras. 68.
Hjónagrös. 67.
Hlaðarfi. 80.
Hleypisgras. 173.
Hlíðafífill. 205.
Hnappstör. 32.
Hnoðamariustakkur. 135.
Hnoðastör. 38.
Hnotsörfi. 20.
Hnúðkál. 102.
Hnúskakrækil. 89.
hófblaðka. 98.
Hófsóley. 98.
hófur. 98.
holtarót. 91.
Holtasóley. 136.
Holurt. 91.
Horblaðka. 184.
hrafnaþlöðkur. 198.
Hrafnaþífa. 28.
Hrafnaklukka. 108.
Hrafnaþör. 41.
Hraunfífill. 204.
Hreðka. 103.
Hrímblaðka. 93.
hringabrok. 29.
Hrís. 74.
Hrossanál. 22.
hrútaber. 136.
Hrútaberjalyng. 136.

Hundasúra. 78.
Húsapuntur. 47.
hvannnjólar. 153.
hvannstrokkar. 153.
Hvítkál. 102.
Hvítmaðra. 186.
Hvítsmári. 143.
Hvítstör. 44.
Hvönn. 152.
Hæra. 25.

Ígulstör. 34.
Ílmbjörk. 74.
Ílmreyr. 48.
Íslandsfífill. 203.

Jafnabróðir. 12.
Jafnaættin. 11.
Jafni. 13.
Jakobsfífill. 197.
Jarðarber. 131.
Jarðepli. 165.
Jöklaklukka. 109.
Jöklasóley. 97.

Kál. 102.
Kartafla. 165.
Kartöfluættin. 165.
Kattarauga. 176.
Kattarjurt. 108.
Kattartunga. 174.
Kirtilfræhyrna. 84.
Kisugras. 177.
Kjarrhveiti. 48.
Klappadúnurt. 146.
Klettafrú. 127.
Klóelfting. 9.
Klófífa. 28.
Klukkublóm. 154.
Klungur. 136.
Knjáliðagras. 49.
Knollsef. 24.
Kollstör. 35.
Kornpuntur. 55.
Kornsúra. 79.
kotún. 69.
Krókarfi. 88.
Krossblómaættin. 100.
Krossgras. 198.
Krossjurt. 167.

Krossmaðra. 185.
Krækiber. 119.
Krækiberjalyng. 119.
Krækill. 88.
Krækilyng. 119.
Krækilyngsættin. 118.
Kræklurót. 68.
Kúmen. 153.
Köldugras. 7.
Körfublómaættin. 191.

Lágarfi. 83.
Lambablóm. 125.
Lambagras. 91.
Lambaklukka. 109.
Langkrækill. 89.
Laugabruða. 117.
Laugadepla. 172.
Laugamaðra. 187.
Laugasef. 24.
Laukasteinbrjótur. 124.
Lensutungljurt. 2.
Liðagras. 49.
Liðasóley. 97.
Liðfætla. 4.
Limsættin. 158.
Limur. 159.
Lín. 115.
Línarfi. 83.
Lindadúnurt. 147.
Lindasef. 25.
Língresi. 61.
Línstör. 35.
Línættin. 115.
Litunargras. 116.
Litunarjafni. 13.
Ljónslappi. 134.
Ljósadúnurt. 148.
Ljósalykkja. 41.
Ljósastör. 41.
Ljósberi. 91.
Loðgresi. 52.
Loðvíðir. 70.
Lófótsættin. 148.
Lófótur. 150.
Lógresi. 58.
Lójurt. 195.
Lokasjóðsbróðir. 168.
Lokasjóður. 167.
Lónasóley. 97.

Lotsveifgras. 54.
Lúsajurt. 169.
Lyfjagras. 173.
Lyngjafni. 12.
Lyngættin. 156.
Lækjadepla. 170.
Lækjafræhyrna. 85.
Lækjasóley. 98.
Lækjasteinbrjótur. 124.

Maðra. 185.
Marghneppa. 28.
Marhálmur. 20.
Mari. 148.
Maríulykill. 163.
Maríulykilsættin. 163.
Maríustakkur. 135.
Maríuvandarættin. 180.
Maríuvendli. 182.
Maríuvöndu. 81.
Maríuvöttur. 135.
Marstör. 42.
Matbaunir. 139.
Melanóra. 87.
Melapungur. 91.
Melasól. 99.
Melgras. 46.
meljur. 46.
Melskriðnablóm. 110.
Melur. 46.
Meyjarauga. 121.
Mjaðurt. 138.
Móanóra. 88.
Móasef. 23.
Móastör. 33.
Móeski. 11.
Mógrafabrusi. 63.
Mosajafnaættin. 13.
Mosajafni. 13.
Mosalyng. 157.
Mosasteinbrjótur. 123.
Munablóm. 176.
Munablómsættin. 175.
Munkahetta. 92.
munlingur. 158.
Mura. 132.
murutágar. 133.
Músareyra. 83.
Mustardur. 103.
Myraberjalyng. 162.

Mýradúnurt. 146.
Mýraertur. 142.
Mýrafinnungur. 30.
mýrakólfur. 184.
Mýrasauðlaukur. 13.
Mýrasef. 24.
Mýrasóley. 128.
Mýrastör. 41.
Mýrelfting. 10.
Mýrfjóla. 113.
Möðruættin. 185.

Naðurtunga. 1.
Naðurtunguættin. 1.
Naflagras. 79.
Narvagrass. 55.
nautatág. 184.
Netla. 75.
Netluætt. 75.
Nykra. 17.
Nykrættin. 17.
Næpur. 103.

Ólafssúra. 81.

Peningagrass. 167.
Puntur. 58.

Rabarbari. 77.
Rauðber. 128.
Rauðbergjalyng. 162.
rauðbreiskingur. 29.
Rauðkál. 102.
Rauðkollur. 189.
Rauðsmári. 143.
Rauðvíðir. 72.
Reiðingsgrass. 184.
Reynir. 138.
Reyniviður. 138.
Reyr. 48.
Reyrgresi. 60.
Ríbs. 128.
Rjúpnalauf. 136.
Rjúpstör. 36.
Rós. 137.
Rósakál. 102.
Rósættin. 129.
rótarblöðkur. 198.
Rúgur. 46.

Runnasveifgrass. 53.
Ræfla. 103.

Sandi. 86.
Sandmunablóm. 177.
Sauðamergur. 159.
Sauðkvistur. 72.
Sauðlauksættin. 16.
Sauðlaukur. 16.
Sauðvingull. 57.
Savoykál. 102.
Sef. 21.
Sefættin. 20.
Selgresi. 175.
Sigurskúfur. 145.
Silfurmaríustakkur. 135.
Síkjabrúða. 118.
Síkjakornpuntur. 56.
Síkjamari. 148.
Sjöstjarna. 164.
Skammkrækil. 88.
Skarfakál. 106.
Skariffill. 199.
Skeggsandi. 86.
Skjaldburkni. 5.
Skógafill. 205.
Skógviðarbróðir. 74.
Skógviður. 74.
Skollaber. 150.
Skollabersættin. 150.
Skollafingur. 12.
skollafætur. 8.
Skollakambur. 7.
Skollareipi. 136.
Skrautfill. 206.
Skrautpuntur. 62.
Skriðdepla. 172.
Skriðlingresi. 61.
Skriðnablóm. 110.
Skriðsóley. 96.
Skriðstör. 36.
Skúfgrass. 29.
Skurfa. 86.
slavak. 53.
Slíðrastör. 40.
Smánykra. 18.
Smári. 143.
Smeðjukál. 85.
Smittsfill. 205.

Smjörgrass. 168.
Smjörlauf. 71.
smætur. 143.
Snarrótarpuntur. 59.
snarrætur. 59.
Snjónál. 34.
Snækrækil. 89.
Snænarvagrass. 55.
Snæsteinbrjótur. 126.
Sólber. 128.
Sóldaggarættin. 112.
Söldögg. 112.
Sóley. 95.
Sóleyjaættin. 94.
Sortulyng. 158.
starungur. 42.
Steinajurt. 120.
Steinbrjótstættin. 122.
Steinbrjótur. 122.
Steindepla. 170.
Stikkilsber. 128.
Stjúpublóm. 115.
Stjörnuarfi. 83.
Stjörnusteinbrjótur. 126.
Stórnetla. 76.
Stórburkni. 4.
Storkablágresi. 116.
Strandkál. 111.
Strandsauðlaukur. 16.
Stúfa. 188.
Stúfuættin. 188.
Stör. 31.
sultarepli. 8.
Sumarræfla. 103.
sumtag. 46.
Súra. 77.
surtarepli. 8.
Súruættin. 76.
Svarthöfðastör. 38.
Sveifgrass. 52.
Sveipjurtaættin. 151.
Sýkisgrass. 64.
Sýkisgrassættin. 64.
Sæhvönn. 153.
sætukoppar. 161.
Sæturót. 7.

Taðarfi. 82.
Tágamura. 133.

Tígulfiðill, 204.
 tini. 47.
 Tjarnablaðka. 80.
 Tjarnabrúsi. 63.
 Tjarnelfting. 10.
 Tjarnastör. 41.
 Tóugras. 4.
 Tóugrasættin. 2.
 Trefjasóley. 96.
 Trjónubrúsi. 64.
 Tryppanál. 23.
 tröllareipi. 136.
 Tröllastakkur. 169.
 Túnblaðka. 79.
 Túnfiðill. 198.
 Tungljurt. 2.
 Túnsura. 77.
 Túnvingull. 57.
 Túnvorblóm. 105.
 Tvíblaðka. 68.
 Tvíbýlisnetla. 76.
 Tvíbýlisstör. 31.
 Tvítönn. 180.
 Týsfjóla. 114.
 Týtulíngresi. 61.
 Umfeðmingsgras. 140.
 Undafífiðill. 200.
 Uxatunga. 5.

Vallarfoxgras. 50.
 vallarkorn. 80.
 vallarrót. 198.
 Vallarsveifgras. 54.
 Vallelfting. 9.
 Vallhumall. 196.
 Vallhæra. 26.
 Varablómaættin. 178.
 Vargslappi. 12.
 Varpakornpuntur. 56.
 Varpasveifgras. 53.
 Vatnamari. 149.
 Vatnsbrúða. 117.
 Vatnsbrúðuættin. 117.
 Vatnsliðagras. 49.
 Vatnsnafl. 153.
 Vatnsnavagras. 55.
 Vatnsnál. 29.
 Vatnsnæli. 30.
 Vatnsögn. 121.
 Vegarfi. 84.
 Vetrarblóm. 125.
 Vetrarkvíðastör. 34.
 vetrarkvíði. 34.
 Vetrarlaufkur. 155.
 Vetrarlilja. 154.
 Vetrarliljuættin. 154.
 Vetrarræfla. 103.
 víðikettlingar¹⁾. 69.
 Víðir. 69.

Víðisættin. 69.
 Villiertur. 141.
 Villihveiti. 47.
 Villihör. 115.
 Villilín. 115.
 Vingull. 56.
 Vogsúra. 174.
 Vorblóm. 104.
 Vorbrúða. 118.
 Vorperla. 104.
 Þefjurt. 111.
 Þistill. 193.
 Þráðnykra. 18.
 Þráðsef. 22.
 Þrenningargras. 114.
 Þrenningarmaðra. 186.
 Þríhyrnuburkni. 6.
 Þrílaufungur. 5.
 Þúfusteinbrjótur. 123.
 Þursaskegg. 30.
 Þursi. 30.
 Þúsundblaðarós. 6.
 Þúsunddyggðajurt. 127.
 Þyrnir. 137.
 Þyrnirós. 137.
 Ætifífiðill. 198.
 Ætihvönn. 152.

¹⁾ Kallaðir humlar á Austurlandi og víðar.



LEIÐRJETTINGAR OG VIÐAUKAR.

- Bls. 2. línu 3. a. n. uppvafrinn les hringvafrinn.
- 9. - 9. a. n. NAu. les N., Au.
- 13. - 11. a. o. einstæð, les venjulega einstæð.
- 25. - 5. a. n. uppsveigðum les upporpnum.
- 41. - 17. a. n. uppvafrin, les upporpin.
- 53. - 10. a. o. kallast þá einu nafni les kallast það þá allt einu nafni.
- 64. - 6. a. n. Mjög alg. Of. á S. — les Mjög alg. um l. a.
- 79. - 7. a. n. spjótlaga les örlaga.
- 108. - 15. a. o. sem er örstuttur og hjer um bil jafnlangur les sem er örstuttur, og hjer um bil jafnlangir.
- 112. - 6. a. n. uppvafrinn les hringvafrinn.
- 123. - 8. a. o. smáblöðum les smáháblöðum.
- 131. - 15. a. n. gilhömrur les gilhvömmur.
- 134. - 18. a. o. 100 **Alchemilla** les 100 **Alchemilla**. Daggblaðka
- 136. - 6. a. n. Blöðin stilkud, les Blöðin (rjúpnalaufin) stilkud,.
- 140. - 5. a. o. uppvafrid les undid upp.
- 176. - 17. a. n. P. arvensis les M. arvensis.
-

LIST OF CONTENTS

1. Introduction	1
2. The History of the Church	2
3. The Doctrine of the Church	3
4. The Ministry of the Church	4
5. The Sacraments of the Church	5
6. The Moral Teaching of the Church	6
7. The Social Teaching of the Church	7
8. The Church and the State	8
9. The Church and the World	9
10. The Church and the Future	10

